



This book is provided in digital form with the permission of the rightsholder as part of a Google project to make the world's books discoverable online.

The rightsholder has graciously given you the freedom to download all pages of this book. No additional commercial or other uses have been granted.

Please note that all copyrights remain reserved.

### **About Google Books**

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Books helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at <http://books.google.com/>

Jón Sigurðsson

# Bifrastarævintýrið og Jónasarskólinn

Skerfur og saga  
Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans

frá upphafi til 1998

Samvinnuháskólinn  
á Bifröst

This One



7E3R-13W-E3F0

Digitized by Google

© 1999 Jón Sigurðsson.

Rit þetta er tekið saman með  
stuðningi Samvinnuháskólans  
á Bifröst. Menningarsjóður og  
Samvinnusjóður Íslands veittu  
styrk til útgáfunnar.

Öll réttindi áskilin.

Kápu mynd: Jón Karl Snorrason.

Prentvinnsla: Grafík hf. – 1999.

ISBN 9979-60-482-4

# Efnisyfirlit

I. hluti	Í stórum dráttum . . . . .	7
	Skerfur til þjóðlífsins . . . . .	7
	Forystustofnun . . . . .	12
	Til framtíðar . . . . .	25
II. hluti	Líðandi stund . . . . .	29
	Veganesti . . . . .	29
	Gæði og þróun . . . . .	48
	Námsbrautin . . . . .	69
	Horfur . . . . .	78
III. hluti	Litið um öxl . . . . .	85
	Samvinnufræðsla . . . . .	85
	Samvinnuskólamenn og Samvinnuháskólamenn .	96
	Kennsla og boðun . . . . .	101
	Samhengi . . . . .	110
	Annáll Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans .	116
IV. hluti	Viðaukar, heimildir og manntöl . . . . .	311
	Tildrög og stofnsaga Samvinnuskólans . . . . .	311
	Aðdragandi flutnings að Bifröst . . . . .	314
	Upphaf háskólastarfs . . . . .	316
	Ákvarðanaferill í undirbúningi B.S.-gráðu . . . . .	321
	Fjárveitingar úr ríkissjóði . . . . .	325
	Heimildir . . . . .	327
	Manntöl . . . . .	368
	Nemendafjöldi . . . . .	380
	Persónulegur eftirmáli . . . . .	391



## I. hluti

# Í stórum dráttum

### Skerfur til þjóðlífsins

Þessu riti er meðal annars ætlað að sýna fram á þann skerf sem Samvinnuskólinn, síðar Samvinnuháskólinn, hefur lagt og leggur til samfélags og þjóðlífs Íslendinga.

Titill ritsins á sér augljósar skýringar. Séra Guðmundur Sveinsson skólastjóri kallaði sjálfur feril Samvinnuskólans á Bifröst „Bif-



rastarævintýri“<sup>1</sup> og mjög margir aðrir hafa talið það réttnefni, ekki síst um árabilið sem þau hjónin frú Guðlaug Einarsdóttir og séra Guðmundur settu mestan svip á stofnunina. Það má einnig heita

*Frá Bifröst.*

<sup>1</sup> Sjá ávarp sr. Guðmundar Sveinssonar við skólaslit á Bifröst 1. maí 1984 en þau hjónin voru viðstödd athöfnina að því tilefni að áratugur var liðinn frá því að þau hurfu frá forstöðu á Bifröst. Ávarpið er birt í *Starfsskýrslu Samvinnuskólans 1983–1984* (bls. 59–61).

sannkallað „Bifrastarævintýri“ sem getur að lesa um Samvinnuháskólann í niðurstöðum úttektar Menntamálaráðuneytisins á gæðum viðskipta- og rekstrarfræðimenntunar á Íslandi 1997.<sup>2</sup> Á hinn bóginn var skólinn í Reykjavík áður löngum kenndur við fyrsta skólastjórnann, Jónas Jónsson frá Hriflu, og þá kallaður „Jónasarskólinn“ tæpitungulaust og alls ekki endilega í niðrunarskyni þótt deilur stæðu einatt um athafnir Jónasar á öðrum vettvangi. Í þessu riti fer „Bifrastarævintýrið“ á undan „Jónasarskólanum“ í titlinum m.a. vegna þess að áherslur í ritinu eru þyngrri á líðandi stund og á nærlíðnum tíma heldur en á því sem fyrir hafði gerst.


Þetta rit miðast að verulegum hluta við þá staðreynd að þegar eru fyrir hendi nokkur mjög rækileg og myndarleg rit um fyrri tímasteið í sögu Samvinnuskólans. Árið 1951 var gefin út bókinn *Samvinnuskólinn 30 ára minning 1918–1948*. Árin 1968 og 1978 gáfu nemendur út sérstök afmælishefti tímaritsins *Vefarans*. Á árunum 1972 til 1992 gaf Nemendasamband Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans út mjög veglegar *Árbækur* í þrettán bindum með óhemjumiklum upplýsingum um Samvinnuskólamenn, nemendur, stjórnun og starfsemi, og um skólann og sögu hans yfirleitt. Og árið 1988 gaf Nemendasambandið út sérstakt afmælishefti af tímaritinu *Hermesi* með efnismiklum greinum og viðtölum um sögu stofnunarinnar. Það verk sem hér liggur fyrir byggist meðal annars á þessum eldri ritum og miðast efnisröðun og áherslur að nokkru leyti við það.<sup>3</sup>

Þetta rit er aðeins að hluta til eiginleg saga Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans. Ekki er síður reynt að grafast fyrir um ein-kenni og sérstöðu, skipulagsþróun og markmið stofnunarinnar, og um það hvernig henni hefur gengið í rás tímans að sækja eftir markmiðum sínum. Leitast er við að lýsa stofnuninni sem skipulagsheild og að vega og meta hana á grundvelli þeirra markmiða sem henni hafa verið sett, þeirrar stöðu sem hún hefur haft í fræðslukerfi landsmanna, þeirra hagsmuna sem henni hefur verið skapað að verja og bæta og þeirra hugsjóna sem hafa átt að veita birtu yfir leiðina sem fara skyldi. Hafa verður í huga að Samvinnu-

---

<sup>2</sup> Sjá: *Skýrsla stýrihóps: Úttekt á viðskipta- og rekstrarfræðimenntun í Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Samvinnuháskólanum á Bifröst og Tækniskóla Íslands*. Reykjavík, apríl 1997, Menntamálaráðuneytið. Enn fremur: *Skýrsla ytri matshóps*: (sami titill sem ofar). Reykjavík, janúar 1997, Menntamálaráðuneytið.

<sup>3</sup> Um þau rit sem hér eru nefnd er vísað til heimildaskrár síðar í þessu riti.



*Bifröst fyrr á tíð.*

skólinn var og Samvinnuháskólinn er algerlega háður þeim fræðslumarkaði sem hann þjónar og því er stjórnun skólans að mörgu leyti líkari aðstæðum í atvinnulífinu frekar en skólastofnunum ríkis og sveitarfélaga. Í þessu riti er fremur fjallað um þróun en um sögu eða atburðarás í hefðbundinni merkingu orðanna. Í þessu ljósi ber og að meta kaflaskiptingu verksins.

Efni þessa rits er þannig raðað að fremst er yfirlitskafla um feril, sögu og skerf stofnunarinnar frá upphafi. Síðan er fjallað um Samvinnuháskólann eins og hann starfar um þessar mundir, skipulag hans, sérstöðu, einkenni og framtíðarhorfur. Í þriðja hluta verksins er vikið að nokkrum mikilsverðum þáttum í sögu stofnunarinnar, og einnig er rakinn annáll frá fyrstu tíð fram til nútíðar. Í fjórða hluta eru ýmsir viðaukar, heimildaskrár, manntöl, sérstakar upplýsingar og loks eftirmáli. Fremst í ritinu er því það efni sem ætla má að mestu skipti fyrir nútíð og framtíð en aftar er skipað öðru efni, og aftast töflum, skrár og öðru því sem óvíst er að lesendur almennt muni skeyta mjög um.

Samvinnuskólinn er talinn stofnaður árið 1918. Í þessu riti er grafist fyrir um tildrög skólans aftur til 1912. Síðan er lopinn spunninn fram til sumars 1998, en þannig spannar ritið 86 ár.

Samvinnuskólinn og Samvinnuháskólinn er ein og sama stofnunin. Fram til 1990 var skólinn deild innan Sambands íslenskra samvinnufélaga og í eigu þess, en að vísu a.m.k. frá 1978 að mestu fjármagnaður með ríkisfé. Frá 1990 hefur skólinn verið sjálfseign-






*Sambandshúsið.*

arstofnun og jafnframt var nafninu lítillega breytt til þess að fela í sér þá umbreytingu sem orðið hafði er skólinn tók að starfa á háskólastigi. Á það er að líta í því efni að löngum hafði Samvinnuskólinn verið lokastig á námsferli þroskaðra einstaklinga sem gengu frá prófborðinu beint til stjórnunar- og trúnaðarstarfa í atvinnu- og félagslífi landsmanna. Miðað við mjög ólíkt fræðsluumhverfi fyrri árána verður að telja að háskólastig nú sé fyllilega sambærilegt skólastig við það sem Samvinnuskólinn tilheyrði lengst af sögu sinni forðum. Í rauninni verður að segja að fyrst breyttist umhverfi skólans og síðan var starfsemi skólans breytt til samræmis við breyttar aðstæður. Upphaflegt inntak, staða og markmið Samvinnuskólans þurftu ekki að taka algerum stakkaskiptum þegar stofnuninni var breytt í fagháskóla.<sup>4</sup>

Það er á vitorði flestra eða allra landsmanna sem til vits og ára eru komnir hversu drjúgan skerf Samvinnuskólinn lagði og Sam-

<sup>4</sup> Sjá umfjöllun um þetta efni síðar í þessu riti. Sjá einnig: Jón Sigurðsson. 1986. „Staða Samvinnuskólans“. *Árbók NSS* XI. bindi. Reykjavík, NSS. – og: Jón Sigurðsson. 1991. „Samvinnuskólinn verður Samvinnuháskólinn“. *Árbók NSS* XII. bindi. Reykjavík, NSS.



*Þrír rektorar í maí  
1995: f.v. Vésteinn  
Benediktsson, Jónas  
Guðmundsson og  
Jón Sigurðsson.  
(Mynd: Olgeir H.  
Ragnarsson.)*

vinnuháskólinn leggur til íslensks samfélags og þjóðlífs. Forðum léku stundum stormar um stofnunina og hún mætti nokkrum forðómum, framan af vegna samkeppnisstöðu samvinnuhreyfingarinnar og af stjórnmálaástæðum tengdum henni, og síðar vegna þess að skólinn hefur verið í fylkingarbrjósti nýrrar hreyfingar í fræðslu- og menntamálum þjóðarinnar þegar ný viðhorf í háskólamálum ruddu sér til rúms í landinu. Við bættist einnig að kennsluskipan og vinnubrögð í Samvinnuháskólanum voru og eru um sumt með nýstárlegum hætti. Þurfti þá enn nokkur tími að líða til þess að menn gætu skilið og metið að til nokkurs hafði verið unnið sem þjóðinni gæti komið vel.

Jafnan hafa námsmenn Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans verið eftirsóttir á vinnumarkaði og afar margir þeirra hafa náð góðum frama í lífi og störfum. Slíkt getur að sönnu engin skólastofnun þakkað sér, en víst er um það að margir nemendur skólans fyrr og síðar hafa viljað þakka veganesti Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans talsvert og jafnvel mikið af velgengni sinni. Um langt árabíl hefur þessi stofnun lagt drjúgan skerf til atvinnulífs landsmanna, til fyrirtækja, stofnana og almennasamtaka, til byggða og sveitarfélaga, til félagslífs, menningarlífs og þjóðlífsins yfirleitt og til þeirra einstaklinga sem notið hafa þess sem hún hefur haft að bjóða og hafa getað notfært það sjálfum sér og öðrum til framfara og mannbóta. Og þessari sögu er hreint ekki lokið þegar þetta rit er skráð. Samvinnuháskólinn er í sókn og hraðfara framför og gengur mót framtíðinni af fullum metnaði.

## Forystustofnun

Frá upphafi hefur Samvinnuskólinn og síðar Samvinnuháskólinn gætt tveggja sjónarmiða sérstaklega: Annars vegar að vera jafnan í fylkingarbrjósti þróunar og nýsköpunar í fræðslustarfi og hins vegar að halda þétt í upphafleg markmið, sígildan kjarna sem vakti fyrir stofnendum og fyrstu forráðamönnum stofnunarinnar.<sup>5</sup> Aðstæður hafa gerbreyst, ytri ásýnd er orðin öll önnur en áður var, en leiðirnar sem farnar eru að settu marki eru svipaðar sem fyrr og markmiðin sem stefnt er að eru hin sömu sem í öndverðu. Þrátt fyrir alla röskun og breytingar er þetta enn sama stofnunin sem tók á sig formlegt mót á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar.

Og enn er enginn ellihrumleiki yfir þessari stofnun: Í byrjun maímánaðar 1994 hlaut Samvinnuháskólinn viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins til að brautskrá námsmenn með alþjóðlegri háskólagráðu í rekstrarfræðum, og 20. maí 1995 hlaut fyrsti hópurinn bakkaláreatgráðu, öðru nafni B.S.-gráðu, frá Samvinnuháskólanum á Bifröst. Samanburður sem gerður hefur verið við fjölþjóðlega reynslu og viðhorf bendir til þess að Samvinnuháskólinn starfi nú þegar í samræmi við flest þau sjónarmið sem um þessar mundir þykja eftirsóknarverð keppikefli erlendis í þróunarstjórnun og gæðastjórnun í fræðslustarfi á háskólastigi.<sup>6</sup>


Athugun heimilda hefur leitt í ljós að 1.154 nemendur luku náminu fyllilega frá Samvinnuskólanum í Reykjavík frá byrjun og fram til vors 1955 er skólinn var fluttur að Bifröst, en alls eru að minnsta kosti 1.263 taldir Samvinnuskólamenn á því árabili.<sup>7</sup> Alls luku 1.147 nemendur Samvinnuskólaprófi frá Bifröst frá fyrstu brautskráningu þar 1957 og fram til vors 1987 er það var síðast þreytt. Stúdentsprófi frá Framhaldsdeild Samvinnuskólans í Reykjavík luku 225 nemendur en með tveimur undantekningum eru þeir einnig taldir í hópi Samvinnuskólamanna frá Bifröst, og

---

<sup>5</sup> Þessi yfirlitskafli er að miklu leyti byggður á erindi sem höfundur flutti á hátíðarsamkomu í tilefni 75 ára afmælis skólans við „Opíð hús“ á Bifröst 30. apríl 1994, en erindið birtist skömmu síðar á prenti lítt breytt: Jón Sigurðsson. 1994. „Forystustofnun föst í sessi“. *Tíminn*, 19. maí. Reykjavík.

<sup>6</sup> Sjá um þetta t.d. *Financial Times Survey. Management Education & Training*. 22. mars 1994. London, Financial Times.

<sup>7</sup> Stuðst er við árlegar *Starfskýrslur skólans, Ársskýrslur Sambands ísl. samvinnufélaga, Árbækur NSS I–XIII*, svo og við ritið: Þorkell Jóhannesson (ritstj.) (1951?, ártal vantar). *Samvinnuskólinn. 30 ára minning 1918–1948*. Reykjavík, Bókaútgáfan Norðri.



*Afmælisháttíð á Bifröst  
1998: Rektorar og  
skólastjórar á  
háskólastigi.*

Samvinnuskóla-stúdentsprófi frá Bifröst, sem þeytt var 1988 og 1989, luku 59 manns. Alls höfðu 13.060 þátttakendur tekið þátt í starfsfræðslu- og félagsmálanámskeiðum skólans frá upphafi skipulegrar starfsfræðslu á vegum hans 1977 til sumars 1998. Er það að líkindum umfangsmesta starfsemi af slíku tagi í landinu. Meðal umsvifamestu þátta starfsfræðslunnar hafa verið námskeið um almenn verslunar- og afgreiðslustörf, um samskipti á vinnustað, um tölvustörf og um verslunarstjórn. Við lok starfsárs 31. júlí 1998 höfðu 289 námsmenn lokið Samvinnuháskólaprófi í rekstrarfræðum frá fyrstu brautskráningu 1990 og 139 höfðu lokið prófum frá Frumgreinadeild, en flestir þeirra eru einnig taldir í hópi rekstrarfræðinganna. Vorið 1995 var sem fyrr segir fyrsta sinni veitt B.S.-gráða í rekstrarfræðum frá Samvinnuháskólanum og við lok starfsárs 1998 höfðu 49 námsmenn hlotið hana, allir að vonum einnig taldir í hópi rekstrarfræðinganna.

Meðalaldur nemenda í Samvinnuskólanum var lengi fram eftir árum 20 til 22ja ára. Síðar lækkaði meðalaldur nokkuð, mest þó er leið á Bifrastartímann og almennri skólagöngu landsmanna fleygði fram, einkum á áttunda og fram á níunda áratug 20. aldar. Segir það þó sína sögu að meðalaldur nemenda breyttist lítt þótt áföngum og stigi á framhaldsskólastigi væri breytt á síðara hluta níunda áratugarins. Meðalaldur námsmanna í skólanum hefur hins vegar hækkað talsvert nú síðustu árin eftir að störf hófust á háskólastigi



*Vigdís Finnbogadóttir  
forseti Íslands á Bifröst.*

enda sem fyrir lögð áhersla á starfsreynslu og aldursþroska umsækjenda við inntökur í Samvinnuháskólann. Hefur meðalaldur síðustu árin verið um 28 til 30 ár.<sup>8</sup>

Nemendatölur frá fyrri árum eru dálítið ónákvæmar og kemur það líklega einkum til af því að Jónas Jónsson skólastjóri taldi það ekki skipta mestu máli að nemandi stundaði fullt og reglulegt nám og „skilaði því“ til formlegra námsloka með prófum. Þvert á móti áleit Jónas langmestu máli skipta að nemandi væri áhugasamur um námið og stundaði það sem mest á eigin spýtur; væri nemandi þannig með öðrum orðum sem allra mest í frjálsu sjálfsnámi og líklegur til að halda því áfram alla ævi. Að hætti lýðháskólamanna og í anda Grundtvigs mun Jónas hafa haft a.m.k. hálfgerðan ímugust á prófum. Ekki leikur vafi á því að þjóðin hefur ríkulega notið ávaxta m.a. af þessari afstöðu Jónasar Jónssonar í lífsstarfi fjölda- margra nemenda hans.

Geta má þess að brottfall nemenda frá óloknu námi hefur jafnan

<sup>8</sup> Sjá um þetta nemendaskrár og *Starfskýrslur* ár frá ári.

verið mjög lítið í Samvinnuskólanum og Samvinnuháskólanum. Hvort tveggja er að vandað hefur verið til inntöku í skólann og áhersla lögð á það frá fyrstu tíð og jafnan síðan við breytilegar aðstæður tímanna að koma öllum eða langflestum til nokkurs þroska og hafa starfsmenn skólans yfirleitt ekki sparað sér ómak námsmönnum til aðstoðar og örvunar.

## Yfirlit

Örskotsyfirlit yfir feril þessarar stofnunar sýnir meðal annars það sem nú skal greina:<sup>9</sup>

- \* 1912 hefjast fyrirlestraferðir og námskeið Sigurðar Jónssonar í Ystafelli, síðar ráðherra, fyrir samvinnufélögin víðs vegar um landið. Alls 4.924 nutu námskeiðanna áður en Samvinnuskólinn hóf formlega starfsemi.
- \* 12. ágúst 1918 samþykkir stjórn Sambands íslenskra samvinnufélaga að halda skóla „fyrir samvinnumenn“. Jónas Jónsson sem áður hafði tekið að sér umsjón með fræðslustarfi á vegum Sambandsins verður skólastjóri.
- \* 3. desember 1918 hefjast dagleg störf Samvinnuskólans.
- \* Sumarið eftir, 29. júní 1919, samþykkir stjórn Sambandsins á að-

---

<sup>9</sup> Sjá m.a. annál Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans aftar í þessu riti.



*Jóhanna Sigurðardóttir  
ráðherra á Bifröst.*

alfundi þess að starfrækja skóla með tveggja ára námsbraut og ákveður fjáröflun til hans og annað sem máli skiptir.

- \* 1937 er skólanum sett formleg reglugerð með námsvísi og fleiri skipulagsákvæðum.
- \* 1950 tekur Framhaldsdeild til starfa við skólann fyrir lítinn og sérstaklega útvalinn nemendahóp hverju sinni í sérhæfðu námi og starfsþjálfun hjá Sambandinu og aðildarfélögum þess.
- \* Vorið 1955 lætur Jónas Jónsson af starfi fyrir aldurs sakir, en séra Guðmundur Sveinsson tekur við.
- \* Sumarið 1955 er skólinn fluttur að Bifröst í Norðurárdal í Borgarfirði og er endurmótaður og endurskipulagður alveg frá grunni sem heimavistarskóli. Í stað „Jónasarskólans“ eins og hann hafði oft verið kallaður hefst nú „Bifrastarævintýri“ sem séra Guðmundur kallaði svo þegar hann leit um öxl löngu síðar. Reyndar var fyrst farið að tala um „Bifrastarævintýri“ sem háð um flutning skólans en séra Guðmundur henti lagið á lofti og sneri því skólanum til álitsauka.
- \* Um 1966 hafði séra Guðmundur komið samskiptum á við erlenda fagháskóla á sviðum viðskipta og félagsmála, einkum í Danmörku og á Bretlandi, og veittu þeir nemendum frá Bifröst viðtöku til náms á háskólastigi. Um sömu mundir er komið á föstu samstarfi við Verzlunarskóla Íslands og sameiginlega hafin barátta fyrir umbótum, endurmótun og vexti viðskiptafræðslu á framhaldsskólastigi á Íslandi.
- \* 1973 tekur Framhaldsdeild til starfa í Reykjavík en hún tryggði nemendum skólans námsbraut áfram til stúdentsprófs í samræmi við almenna framvindu íslenskra skólamála á þessum tíma og samkvæmt þróun viðskiptafræðslu á framhaldsskólastigi sérstaklega.
- \* Í fyrstu var samstarf haft við Menntaskólann við Hamrahlíð um brautskráningu stúdenta en 1977 og síðan annaðist skólinn algerlega og ábyrgðist stúdentspróf á sínum vegum.
- \* 1977 var skólanefnd skipuð og fjárveitingar stórhækkuðu úr ríkissjóði samkvæmt nýjum lögum um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.
- \* Á sama ári, 1977, samþykkir aðalfundur Sambandsins að fela skólanum að annast umsjón starfsfræðslunámskeiða á vegum samvinnuhreyfingarinnar. Á næstu árum var þessi starfsemi byggð upp og eflað mjög uns hún varð öflugasta og vídtækasta starfsfræðsluáttak þjóðarinnar.



*Björn Bjarnason  
ráðherra og frú  
á Bifröst.*

- \* Á síðara hluta áttunda áratugarins hefst myndbandavæðing og tölvuvæðing í fræðslustarfinu ásamt öðrum nýjungum varðandi kennsluáhöld og vinnubrögð.
- \* 1986 er skólastigi breytt undir áhrifum framhaldsskólabyltingarinnar í landinu og ný skólaskipan tekur gildi miðuð við tiltekin samræmd kennslufræðileg viðhorf. Samvinnuskólaprófið verður stúdentspróf og tveggja vetra námsbraut skólans miðuð við tvö síðari ár framhaldsskólastigsins, í stað tveggja byrjunarára þess áður.
- \* 1987 er sett sérstök ný Reglugerð fyrir Samvinnuskólann.<sup>10</sup>
- \* 1988 verður skólinn sérskóli á háskólastigi og enn tekur algerlega ný skólaskipan gildi með samræmdri hnitmiðaðri kennslufræði miðaðri við háskólastigið. Á næstu misserum þróast skólinn sem fagháskóli í anda nýrra viðhorfa um langskóla- og framhaldsmenntun landsmanna. Samvinnuháskólapróf í rekstrarfræðum að loknu tveggja ára námi nýtur formlegrar viðurkenningar Menntamálaráðuneytisins og er sambærilegt við þekktar námsgráður háskóla, fagháskóla og héraðsháskóla í nágrannalöndunum.
- \* Í ársbyrjun 1990 verður skólinn sjálfseignarstofnun undir nafninu „Samvinnuháskólinn“ en þá þótti sýnt orðið að skólinn gæti ekki lengur átt samleið með Sambandi íslenskra samvinnufélaga

<sup>10</sup> Fyrrir reglugerð frá 1937 virðist hafa haldið gildi u.þ.b. áratug. Hún virðist hins vegar ekki formlega hafa verið numin úr gildi eða henni breytt sérstaklega.



*Unnið við gæðamat  
1997: Stýrihópur ásamt  
bandarískum sér-  
fræðingi og aðstoðar-  
rektor og rektor.*



eins og áður hafði verið. Skólanum er sett sérstök Skipulagsskrá í samræmi við landslög og ný reglugerð sett á þeim grundvelli.

- \* Vorið 1990 eru fyrstu rekstrarfræðingarnir brautskráðir eftir tveggja vetra nám á háskólastigi.
- \* Um þessar sömu mundir er skólinn að yfirtaka eignarhald að meirihluta og alla umsjón yfir fasteignum á Bifröst sem áður voru í sameiginlegri eigu Sambandsins, Olíustöðvarinnar í Hvalfirði og Samvinnutrygginga og höfðu til þessa verið undir yfirumsjón Sambandsins.
- \* 1991 hefst hitaveituframkvæmdir á skólalóðinni á Bifröst og heitt vatn er leitt í hús á skólasetrinu.
- \* 1992 hefst bygging fyrstu Nemendagarða á Bifröst.
- \* Haustið 1994 hefst starfsemi nýrrar framhaldsdeildar, sem nefnd er Rekstrarfræðadeild II og veitir bakkaláreatpróf, B.S.-gráðu, í rekstrarfræðum með fullri alþjóðlegri samsvörun og formlegri viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins.
- \* 1994 hefst framkvæmdir við nýjan áfanga Nemendagarða, með átta íbúðum.
- \* Síðla árs 1994 fer rektorsráðning fram samkvæmt nýjum reglum er gera m.a. ráð fyrir dómnefnd og skoðanakönnunum meðal starfsmanna, námsmanna og meðal brautskráðra fyrri námsmanna.

- \* Fyrstu námsmenn með B.S.-gráðu frá Samvinnuháskólanum eru brautskráðir 20. maí 1995.
- \* Á sama tíma er unnið að endurskoðun og fullmótun reglna um rannsóknar- og ráðgjafarverkefni og að framgangskerfi fyrir kennara Samvinnuháskólans.
- \* 1997 eru hafin erlend samskipti með nemenda- og kennaraskiptum, við háskólastofnanir bæði austan hafs og vestan.
- \* 1997 lýkur úttekt Menntamálaráðuneytisins á gæðum viðskipta- og rekstrarfræðimenntunar á Íslandi, með mjög lofsamlegri umsögn um Samvinnuháskólann.
- \* Um sömu mundir standa miklar húsbyggingar nýrra áfanga Nemendagarða yfir. Miklar breytingar eru gerðar á kennsluástöðu, m.a. í húsi sem áður hafði verið íprótta- og íbúðarhús, og unnið að undirbúningi nýrra Starfsmannagarða á Bifröst.

### Skýr, vel afmörkuð og trúverðug


Úttekt Menntamálaráðuneytisins á einkennum, gæðum og stöðu viðskipta- og rekstrarmenntunar á Íslandi lauk í apríl 1997. Hafði úttektarstarfið þá staðið yfir um tæplega tveggja ára skeið, undir yfirumsjón stýrihóps en svo nefndur ytri matshópur annaðist heimsóknir, viðtöl og athuganir á þeim fjórum stofnunum sem kannaðar voru: Viðskiptaskor Viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands, Rekstrardeild Tækniskóla Íslands, Rekstrardeild Háskólans á Akureyri, og Rekstrarfræðadeild Samvinnuháskólans á Bifröst.<sup>11</sup> Við úttektina var þess m.a. gætt að alþjóðlegar samsvaranir væru hafðar í huga og tók bandarískur sérfræðingur þátt í starfinu.

Meginniðurstöður úttektarinnar varðandi Samvinnuháskólann á Bifröst eru sem hér segir, samkvæmt skýrslu ytra matshóps:

- \* Sérstaða skólans „felst í samþjöppuðu og hagnýtu rekstrarfræðinámi sem byggir á nútímalegum kennsluháttum og vel útfærðu skipulagi“. Sérstaða er einnig að skólinn er „sjálfstæð sjálfseignarstofnun“ með því sem slíku fylgir.

<sup>11</sup> Sjá: *Samvinnuháskólinn: Sjálfsmatsskýrsla*. 1996, maí. Bifröst, Samvinnuháskólinn. – *Skýrsla ytri matshóps: Úttekt á viðskipta- og rekstrarfræðimenntun í Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Samvinnuháskólanum á Bifröst og Tækniskóla Íslands*. 1997, janúar. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið. – *Skýrsla stýrihóps: Úttekt á viðskipta- og rekstrarfræðimenntun í Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Samvinnuháskólanum á Bifröst og Tækniskóla Íslands*. 1997, apríl. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið. – Sjá einnig sérstakan kafla um gæði og þróun aftur í þessu riti.

- \* „Skólinn setur sér skýra, vel afmarkaða og trúverðuga stefnu.“
- \* Helstu vandamál skólans tengjast „gömlum og mjög þröngum húsakosti og fjarlægð frá þéttbýli. Einkunnakerfið þyrfti að samræma því sem gerist í öðrum háskólum“.
- \* „Sjálfsmatsskýrslan var sérstaklega vel unnin og gagnleg.“
- \* „Inntak námsins uppfyllir þau markmið sem að er stefnt. Gott jafnvægi er milli fræðilegrar umfjöllunar og hagnýtra verkefna. Áherslan er á almennan undirbúning fyrir störf í viðskiptalífinu en ekki á sérhæfingu.“
- \* „Námsefnið er í stöðugri endurnýjun og í takt við nýja strauma og áhersla lögð á að kynna hagnýta notkun í upplýsingatækni.“
- \* „Kennslufræðileg uppbygging“ er „mjög til fyrirmyndar . . . Mikil áhersla er lögð á hópstarf og virka þátttöku nemenda . . . Nemendur á fyrsta og öðru ári . . . leysa verkefni í sameiningu.“
- \* „Mikið er lagt upp úr traustum undirbúningi kennara.“
- \* „Spyrja má hvort ekki eigi að samræma . . . rannsóknir . . . og setja þeim skýrari markmið.“
- \* Námsmenn „höfðu gert ýtarlegan samanburð á skólum og voru ánægðir með sitt val. Flestir töldu að væntingar þeirra til námsins hefðu verið uppfylltar . . . Nemendur voru öruggir um atvinnumöguleika sína.“
- \* „Stefna skólans er símat og stöðug endurgjöf . . . Einkunnagjöf er nokkuð óvenjuleg . . . ágallar að einkunnakerfi skólans er ekki samræmt kerfum annarra skóla.“
- \* „Fulltrúar nemenda sjá um kannanir á frammistöðu kennara og inntaki námskeiða. Niðurstöður eru opinberar öllum . . . Dæmi um að niðurstöður . . . hefðu leitt til breytinga.“
- \* „Tölvuaðstaða er mjög góð. Bókasafnið er vel búíð bókum og tímaritum . . . aðgangur að gagnabönkum og millisafnalánnum. Nemendur hafa aðgang að tölvum og bókasafni allan sólarhringinn.“
- \* „Húsnæðið er gamalt og óhentugt. Umhverfis er risið lítið skólaþorp . . . Skólinn er fjarri helstu atvinnusvæðum sem torveldar nánin tengsl . . . Töluvert er þó lagt upp úr þessum þætti með vinnslu verkefna í fyrirtækjum.“
- \* „Alþjóðleg samskipti eru lítil en vilji til að efla þau . . . Skólinn er í samstarfi við háskóladeildina á Hvanneyri og Viðskiptaskor Viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands.“  
Samkvæmt skýrslu stýrihópsins má bæta þessum atriðum við:
- \* „Markvisst hefur verið unnið að kennslufræðilegri uppbyggingu



*Merki skólans: Lífsorka  
Ásmundar Sveinssonar.*

námsins, og eftirlit, miðlun athugasemda og upplýsinga til kennara þótti til fyrirmyndar.“

- \* Skólinn getur „fjölgað nemendum og aukið þannig hagkvæmni í rekstri“; sagt er að námið í skólanum sé hlutfallslega dýrt vegna þess hve fáir námsmennirnir eru, en bent á að umsóknafjöldi gefi vissulega tækifæri til fjölgunar.
- \* Skólinn hefur „viðhaldið tengslum“ við atvinnulífið „með gesta- fyrirlesurum og verkefnum nemenda og kennara“.
- \* „Rannsóknir kennara“ eru „skilgreindar vítt og metur skólinn


ráðgjafarstörf og þátttöku í nefndum og stjórnnum . . . að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.“

- \* „Meðalaldur“ er „hæstur í Samvinnuháskólanum“, og hann „er eini skólinn þar sem hlutfall kvenna meðal nýnema er hærra en karla.“
- \* Skólinn „hefur ekki boðið valsvið og er það talið styrkur hans miðað við þá sérstöðu sem hann hefur mótað sér. Hins vegar kann skortur á vali að há skólanum í framtíðinni.“
- \* „Virðist húsnæði bjóða upp á þann sveigjanleika sem nauðsynlegur er til að brjóta upp hefðbundið kennsluform . . .“
- \* „Markvisst hefur verið unnið að kennslufræðilegri uppbyggingu námsins og eftirlit, miðlun athugasemda og upplýsinga til kennara er tryggð. Við skólann er mikil áhersla lögð á hópstarf og nemendur á fyrsta og öðru ári eru t.d. látnir leysa verkefni í sameiningu. Kennarar fá sérstaka þjálfun í kennslu áður en þeir taka til starfa með námskeiðum í kennslufræði, tölvunotkun og upplýsingatækni.“
- \* „Fyrirkomulag kennslumats“ er „til fyrirmyndar . . . Niðurstöður kennslumats opinberar og eru ræddar á kennarafundum og viðkomandi kennurum veitt aðstoð við úrbætur.“

### Á sama grunni

Samvinnuskólinn og Samvinnuháskólinn á Íslandi er elsti samvinnuskóli heims. Í flestum eða öllum nágrannalöndum beggja vegna hafsins hafa starfað samvinnuskólar og starfa víða enn. Sem skipuleg stofnun með reglulegri starfsemi og heildstæðri námsbraut er íslenski skólinn elstur þeirra enda þótt fræðslustarf samvinnumanna eigi sér vitanlega lengri sögu t.d. meðal Breta, Frakka, Þjóðverja og Dana.

Langt mál mætti hafa um þær hugsjónir og þær fyrirmyndir sem lágu til grundvallar stofnun skólans og þeim breytingum sem hann hefur tekið síðan. Jónas Jónsson frá Hriflu tengdi menntahugsjón lýðháskólahreyfingarinnar og Grundtvigs, áhrif frá Ruskin College í Oxford og breskum sérskólum saman við þarfir Íslendinga fyrir verslunar- og félagsmálafræðslu í samvinnuanda. Þennan sama þráð tók séra Guðmundur Sveinsson upp við nýjar aðstæður. Hann bætti við nýjum viðhorfum í skólamálum og verslunarmálum og nýtti áhrif frá dönskum verslunarskólum og einnig frá norrænum heimavistar skólum sem lögðu áherslu á félagsmálaþjálfun og per-



*Nýtt merki skólans:  
Kristján J. Eysteinnsson  
form. skólanefndar og  
Guðmundur Bogason  
hönnuður.*

sónuleikamótun. Er ekki ofmælt að séra Guðmundur skóp algerlega einstæða menningarmiðstöð sem enn gætir um samfélagið allt í lífi og störfum Bifrastarmanna.

Þegar hugmyndir um nýjar umbyltingar skólans komust á dagskrá á níunda áratug 20. aldar var enn leitað til upprunans, ásamt virku tilliti til nýrra aðstæðna í skólamálu og atvinnulífi. Leitað var hugmynda meðal annars til héraðsháskólanna í Noregi, til sérskóla á háskólastigi vestan hafs og fagháskóla í Þýskalandi og til danskra verslunarháskóla en ný áhrif frá lýðháskólahreyfingunni og frá Ruskin College í Oxford skiptu sköpum. Á þessum grunni var stofnunin endurskipulögð með sérstöku og nánu tilliti til kennslufræðilegra sjónarmiða. Mun Samvinnuskólinn og Samvinnuháskólinn eini skólinn á Íslandi sem á því líkan hátt er skipulagður á samfelldum og hnitmiðuðum kennslufræðilegum grundvelli.

Þegar þetta rit er skrifað velkjast menn ekki í vafa um það lengur að án umbyltinganna hefði Samvinnuskólanum á Bifröst einfaldlega verið lokað og hann lagður niður þegar mest gaf inn á fley samvinnumanna í landinu undir lok níunda áratugar 20. aldarinnar. Ef svo hefði farið væri enginn Samvinnuháskóli starfandi hérlandis nú. Gamalgrónir og úreltir fordómar í menntamálu ollu því að margir áttu um tíma örðugt með að sjá og viðurkenna að Samvinnuháskólinn veitti fræðslu og þjálfun á háskólastigi því að menn sáu háskóla í hillungum eða í fjarlægum stjörnumerkjum. Síðar urðu þessir sömu fordómar, sem skólanum var þó í og með

ætlað að vinna gegn, skólanum til stuðnings er hann fékk heimild og viðurkenningu til að brautskrá námsmenn með alþjóðlegu B.S.-námsgráðunni. Þá náði Samvinnuháskólinn stöðu sem allir vildu kannast við.

Samvinnuskólinn var frá fyrstu tíð skilgreindur sem viðskiptaskóli og þó ekki síður jafnframt sem félagsmálaskóli. Með öllum þeim breytingum sem orðnar eru á þetta þó enn við um Samvinnuháskólann. Námsbraut skólans miðast við störf að rekstri, viðskiptum og stjórnun. Í náminu er mikil áhersla lögð á félagsleg vinnubrögð og félagslega þjálfun. Námsmenn eru eldri nú við námið og mótaðari og þroskaðari en þeir unglingar flestir sem áður sátu á bekkjum á Bifröst. Hitt hefur ekki breyst að félagsleg þjálfun og framkoma, hópvinna, ræðumennska og önnur fundarstörf skipta afskaplega miklu máli í því námi sem þar er stundað. Vikulegir sameiginlegir fundir stjórnenda skólans, kennara og námsmanna á sal og einnig sérstakar fundaræfingar og viðamiklar málsvarnir eru og til vitnis um þetta ásamt eiginlegu félagslífi.

Samvinnuháskólinn er líklega, þegar þetta rit er skráð, einu leifararnar af deildum Sambands íslenskra samvinnufélaga sem enn starfa í eiginlegum samvinnuanda. Í skólanum er umfjöllun um samvinnustarf ekki einskorðuð við íslenskan samvinnurekstur, heldur er samvinna ástunduð í daglegu námi og störfum, hliðstæður skoðaðar af miklu víðara vettvangi en stundum var áður og reynt að tengja samvinnu og samvinnuaðferðir á viðtækari hátt en áður var við námið og markmið þess og við framaleiðir námsmannanna. Þannig hyggst þessi stofnun áfram standa fyllilega og á viðtækan hátt undir nafni sínu í framtíðinni ekki síður en hingað til.

Samvinnuskólanum var í upphafi ætlað að vera lokastig skólagöngu áður en starfsferill námsmanna í atvinnulífinu hæfist. Skólanum var ætlað að veita fræðslu og þjálfun fyrir atvinnulífið í landinu. Honum var ætlað frá upphafi að mennta og þjálfna námsmenn sína til starfa við rekstur, viðskipti og stjórnun og til þátttöku og forystu í félagsstarfi og til samvinnu við aðra yfirleitt. Fyrsti áfangi þeirra miklu breytinga sem urðu á skólanum á níunda áratug 20. aldar var nákvæm athugun upphaflegra markmiða stofnunarinnar og upphaflegrar stöðu hennar jafnt í menntakerfi þjóðarinnar sem á lífsferli námsmannanna. Að þessari athugun var unnið mánuðum saman áður en lengra var haldið í mótun tillagna um breytta skóla-skipan. Niðurstaðan varð sú að upphafleg markmið héldu gildi

sínu svo sem sjá má í markmiðs- og stefnuyfirlýsingu sem birtist m.a. í 2. grein skipulagsskrár fyrir Samvinnuháskólann 1990.<sup>12</sup>



Merki Skólafélagsins.

## Til framtíðar

Eftir skoðun upphaflegra og sígilda markmiða varð niðurstaðan sú að þessi stofnun hefði enn mikilvægum hlutverkum að gegna og ætti því fullan rétt á sér til framtíðar við gerbreyttar aðstæður að öllu leyti. Hluti þessara hlutverka á síðustu árum fólst í því að taka frumkvæði og sækja fram í fylkingarbrjósti þeirrar umbyltingar í háskólamálum Íslendinga sem hófst á síðara hluta níunda áratugar 20. aldarinnar og enn stendur þegar þetta rit er skráð. Það er einnig til marks um þetta starf og þessi sjónarmið að Samvinnuháskólinn stendur framarlega meðal íslenskra fræðslustofnana í eigin þróunarstjórnun og gæðastjórnun og þar hefur flest það þegar verið framkvæmt sem um þessar mundir er helst nefnt til nýmæla og framfara við sambærilegar evrópskar menntastofnanir.<sup>13</sup> Kemur þetta m.a. fram í miklu almennara og nánara samstarfi innbyrðis meðal allra kennaranna um kennslumál, vinnuaðferðir, námsefni og námsmat en yfirleitt hefur þekkt við íslenska háskóla og einnig í miklu virkara aðhaldi námsmanna og stofnunarinnar að kennurum og vinnubrögðum þeirra en ella hefur viðgengist hérlandis.

Um þessar mundir starfar Samvinnuháskólinn í þessum deildum:

- \* Rekstrarfræðadeild veitir tveggja ára menntun á háskólastigi og lýkur með Samvinnuháskólaprófi í rekstrarfræðum.
- \* Frumgreinadeild veitir eins árs undirbúningsnám fyrir nám í rekstrarfræðum og er m.a. miðuð við námsmenn sem koma úr störfum í atvinnulífinu, hafa framhaldsskólamenntun en vantar upp á til að fullnægja inntökuskilyrðum Rekstrarfræðadeildar. Samhliða Frumgreinadeild veitir skólinn hliðstætt Undirbúningsnám þeim sem hafa stúdentspróf en vantar undirbúning í viðskiptagreinum.
- \* Rekstrarfræðadeild II. veitir eins árs viðbótarmenntun að loknu

<sup>12</sup> Skipulagsskrá fyrir Samvinnuháskólann, nr. 73 frá 30. janúar 1990. *Stjórnartíðindi* 1990 B-deild.

<sup>13</sup> Vísað er sem áður til t.d. *Financial Times Survey. Management Education & Training*. 22. mars 1994. London, Financial Times.





Merki Nemenda-  
sambandsins.

Samvinnuáskólaprófi í rekstrarfræðum og lýkur með bakkaláreat-prófi, B.S.-gráðu, í rekstrarfræðum.

- \* Símenntunardeild annast starfsfræðslunámskeið í samstarfi við atvinnufyrirtæki og stofnanir.
- \* Rannsóknar- og ráðgjafarstöð vinnur að margvíslegum fræðilegum og hagnýtum verkefnum háskólastofnunar. Á vegum hennar starfa kennarar Samvinnuáskólans að fræðilegum verkefnum, ritstörfum og ráðgjöf. Árið 1998 var gerð sérstök skipulagsskrá fyrir Stofnun Jónasar Jónssonar frá Hriflu<sup>14</sup> sem ráðgjafar- og rannsóknastofnun í tengslum við Samvinnuáskólann, og var henni m.a. ætlað að starfa með Rannsóknar- og ráðgjafarstöðinni.
- \* Upplýsingamiðstöð Samvinnuáskólans hefur tekið við þeim hlutverkum sem Bókasafn Samvinnuáskólans gegndi áður, auk nýrra verkefna við upplýsingamiðlun, fjartengingar, tölvutæk gögn og umsjón tölvubúnaðar.
- \* Auk þessara deilda starfrækir skólinn Nemendagarða, og samtök námsmanna sjá m.a. um Kaupfélag, Mötuneyti, blaðaútgáfu og önnur félagsleg viðfangsefni. Enn fremur á Samvinnuáskólinn aðild að rekstri hitaveitu og leikskóla.

Stjórnkerfi Samvinnuáskólans ber flest einkenni háskólastofnunar. Stjórnun háskólastofnunar miðast ekki síst við svo nefnt „akademískt jafningjalyðræði“ meðal fastráðinna kennara, sérfræðinga og stjórnenda, en stjórnkerfi Samvinnuáskólans miðast einnig við mikla og virka aðild námsmanna að stjórnuninni, svo og við yfirumsjón og aðhald óháðrar skólanefndar og sérstakra óháðra dómnefnda. Slíkt stjórnkerfi getur að sönnu reynst seinvirkt og reikult, en í Samvinnuáskólanum er reynt að koma í veg fyrir slíkt með ýmsum skipulagsákvæðum, m.a. með frumkvæði rektors og með tíðum reglulegum samráðsfundum.<sup>15</sup> Háskólastofnun er í eðli sínu tiltölulega frjálst samfélag sérfræðinga sem hver um sig verður að fá að njóta frjálsræðis og svigrúms innan takmarka sem aðhald

<sup>14</sup> Sjá: Skipulagsskrá fyrir Stofnun Jónasar Jónssonar frá Hriflu, 5. desember 1997 (staðfest árið 1998).

<sup>15</sup> Alkunna er að háskólar í veröldinni lúta misjafnlega virkri forystu. Ralf Dahrendorf fv. rektor London School of Economics heldur því t.d. fram að „A university neither wants nor needs to be run“ í nýlegu riti um sögu þess skóla (Dahrendorf, R. 1995. *LSE: A History of The London School of Economics and Political Science, 1895–1995*. Oxford University Press). Samvinnuáskólinn hefur ekki valið þann kost sem tilvitnuð fullyrðing lýsir.

og ábyrgð setja. Varðandi Samvinnuháskólinn er þess sérstaklega að geta í þessu efni að skólinn og starfsmenn hans njóta ekki þess öryggis eða þeirrar verndar sem stofnanir í ríkiseigu njóta enda er skólinn alveg háður fræðslumarkaði sínum, þeim fjölda einstaklinga sem til hans leitar ár hvert eftir því sem hann hefur að bjóða. Þessi staða setur einnig mark sitt á stjórnun Samvinnuháskólans og þar er árlega unnið sameiginlega að gæðastjórnun og þróunarverkefnum m.a. til þess að mæta óskum þessa markaðar sem best.

Fjölbjóðlegur samanburður leiðir í ljós að skólasetrið á Bifröst í Norðurárdal í Borgarfirði er í sambærilegri fjarlægð frá höfuðborginni við það sem best þykir nú um stundir um slíka fagháskóla víða erlendis. Skólasetrið setur mjög mót sitt og mynd á allt skólalífið og veitir einnig æskilega aðstöðu til einbeitingar og aleflingar í námi og þjálfun. Með tilliti til framfara í samgöngumálum, sem jafngilda hreinni byltingu t.d. á síðasta áratug, er full ástæða til að minna á þá staðreynd að aðrir staðir í landinu eru ekki betur til slíkrar starfsemi fallnir en Bifröst. Auk annars skal minnt á að auðvelt er að notfæra sér frá Bifröst öll helstu rannsóknabókasöfn landsins í Reykjavík og einnig hefur reynsla sýnt að auðvelt er að heimsækja fyrirtæki og stofnanir þangað og fá fyrirlesara og aðra gesti þaðan. Framvinda í fjartengingum og gagnasendingum hefur og gerbreytt öllum fjarlægðum. Úreltir fordómar eru enn fyrir hendi á Íslandi í þessu efni og er ástæða til að kveða þá niður.

Aðsókn að Samvinnuskólanum forðum var jafnan mjög mikil og miklu meiri en unnt var að verða við vegna húsnæðis og annarra aðstæðna. Hið sama á enn við um Samvinnuháskólann á Bifröst. Aðsókn er reyndar ekki óbrigðull mælikvarði en ásamt öðru hnígur hún að ótvíræðri ályktun. Allt bendir til þess að í Samvinnuháskólanum eigi að halda áfram að stefna að sama marki sem unnið hefur verið að um margra áratuga skeið.

Að sömu niðurstöðu hníga upplýsingar um árangur og farsæld margra brautskráðra námsmanna Samvinnuháskólans. Og vitanlega er frami, velgengni og framlag námsmannanna á ferli sínum að námi loknu sú kynning eða auglýsing sem langmestu máli skiptir fyrir fræðslustofnun í bráð og lengd.

Það getur verið erfitt að halda sjálfstæði og sérstöðu stofnunar af því tagi sem Samvinnuháskólinn er. Hún er alveg háð þeim markaði sem hún þjónar, þ.e. aðsókn hæfra námsmanna sem síðar láta gott af sér leiða í þjóðfélaginu. Starfsmenn, stjórnendur og námsmenn þurfa oft að minna sjálfa sig á markmiðin og reglurnar, sér-

stöðuna og kröfurnar sem uppfylla ber. Sérstaða og sjálfstæði út-heimtir enn fremur mikla sérstaka skipulagsvinnu og rækilegar eigin reglugerðir. En þessi forystustofnun um mótun og þróun nýrrar gerðar háskólafræðslu fyrir atvinnulífið við íslenskar aðstæður er orðin föst í sessi og á tvímælalaust að halda áfram að gera námsfólki sínu og þjóðinni allri mikið gagn um langa framtíð.

## II. hluti

# Líðandi stund

### Veganesti

Allri fræðslustarfsemi er ætlað að verða einhvers konar veganesti sem fræðsluþegi getur einhvern tíma síðar nýtt sér.

Mjög aukin almenn skólaganga er mikilvægur þáttur samfélagsþróunarinnar á Íslandi síðustu þrjá áratugi 20. aldarinnar.<sup>16</sup> Skólum hefur fjölgað verulega, fjölbreytni námsframboðs hefur margfaldast og almenn formleg skólaganga er orðin miklu lengri en áður hafði tíðkast. Alveg sérstaklega á þetta við um framhaldsskólastigið og háskólastigið í landinu.<sup>17</sup> Upplýsingar, þekking og þjálfun eru orðnar einhverjar mikilvægustu auðlindir samfélagsins og hagkerfisins, og að sama skapi er fræðslustarfsemin orðin að undirstöðuáttvinnuvegi. Til þessa hefur verið litið á fræðslustarfsemina sem nokkurs konar aukagetu í atvinnulífinu, en á næstunni verður það álit að breytast og fræðslumálefni verða að hljóta sams konar forgang og t.d. fiskveiðarnar hafa notið hingað til. Hlutverk og staða fræðslunnar hefur og gerbreyst. Í næstu framtíð verða t.d. rannsókn- og tilraunastofnanir í fræðslumálum jafnmikilvægar sem sams konar stofnanir í fiskvinnslu, byggingariðnaði eða öðrum atvinnugreinum fyrir lífsafkomu og möguleika þjóðarinnar.

Allt þetta hefur haft byltingarkennd áhrif á fræðslustarfsemi landsmanna nú þegar enda þótt margt sé enn ógert og mörgu ábótavant. Vitanlega hlaut þessi framþróun að snerta þá skóla sem

---

<sup>16</sup> Þessi kafli styðst að hluta við ritgerð höfundar: Jón Sigurðsson. 1996. „Stórt orð Há-kot. Framlag til umræðu um háskólamála“. *Skrtnir*, hausthefti. Rvík.

<sup>17</sup> Sjá um þetta t.d.: Jón Sigurðsson. 1988. *Expansion and Diversification. An Outline of the Development of Secondary Education in Iceland 1966–1986*. San Rafael, Columbia Pacific University (Ritgerð þessi er m.a. til á Þjóðarþékkhlöðu og Bókasafni Kennaraháskóla Íslands).



*Fyrsta setning á háskólastigi á Bifröst.*

fyrir voru. Á viðskiptasviði störfuðu hér lengst af aðeins tveir framhaldsskólar, Samvinnuskólinn og Verzlunarskóli Íslands. Nú voru viðskiptabrautir opnaðar um land allt við framhaldsskólana og urðu brátt ein fjölmennasta námsbraut skólakerfisins. Samvinnuskólinn á Bifröst varð að mæta þessum umskiptum. Við þetta bættist síðan sú staðreynd að héraðsskólunum hnignaði mjög um þessar mundir og flestir þeirra heltust með árunum úr lestinni. Athyglin beindist að nýjum og vaxandi skólum í þéttbýlisstöðunum og aðrir kostir virtust yfirleitt áhugaverðari en heimavistarnám í dreifbýli.

Einmitt á þessu sama skeiði voru áherslur í samvinnustarfinu og samvinnuhreyfingunni á Íslandi að breytast. Í sem allra skemmstu máli má orða það svo að áhugi manna, einnig í þeim röðum, á Samvinnuskólanum minnkaði mjög og sú virðing sem stofnunin hafði notið hjaðnaði og gleymdist jafnvel að nokkru leyti. Þegar á níunda áratuginn leið varð það smám saman æ ljósara að samvinnuhreyfingin hafði hvort eð er ekkert bolmagn til að standa að skólanum af neinum myndarskap. Dró og að því að starfsemi Sambands íslenskra samvinnufélaga lyki.

Kostir Samvinnuskólans um miðjan níunda áratug 20. aldarinnar virtust einkum þeir sem nú skal greina:

- \* Fyrir augum var hljóðlát hægfara hnignun að hætti margra héraðsskólanna og samvinnuhreyfingarinnar.
- \* Öðrum kosti var um það talað að breyta skólanum í undirdeild í Fræðsludeild Sambandsins í Reykjavík, flytja leifar skólans þangað og fela þeim aðeins umsjá starfsfræðslunámskeiðanna fyrir



*Fyrsta skólahátíð á háskólastigi á Bifröst.*

samvinnufélögin en leggja reglulegt skólahald alveg niður. Í reynd hefði af þessu leitt að skrifborð eitt á skrifstofu Sambandsins hefði borið nafn skólans.

- \* Þriðji kosturinn var sá að skilgreina skólann að nýju á grundvelli markmiða hans og breyta starfseminni til samræmis við breyttar ytri samfélagsaðstæður.

Þessi þriðji kostur var valinn. Í forystu samvinnuhreyfingarinnar hölluðust flestir helst að öðrum valkostinum og þriðji kosturinn þótti ýmsum þar og annars staðar ganga órum næst. Meðal annars af þeirri ástæðu varð að vinna að framgangi málsins í tveimur skýrt afmörkuðum áföngum. Fyrst var skólastigi breytt 1986 innan ramma framhaldsskólastigsins og Samvinnuskólaprófið varð jafnframt stúdentspróf frá Bifröst. Síðan var stökkið tekið 1988 inn á háskólastigið í sömu svifum og Háskólinn á Akureyri, Tölvuháskóli Verzlunarskóla Íslands og háskóladeildir Tækniskóla Íslands voru að taka til starfa.<sup>18</sup> Hugmyndum um Samvinnuskólann sem sérskóla á háskólastigi var tekið af algeru skilningsleysi þegar þeim var fyrst hreyft.<sup>19</sup> Í umræðum innan forystu samvinnuhreyfingarinnar

<sup>18</sup> Sjá m.a. sérstaka yfirlitskafla um þessar breytingar á starfsemi skólans aftar í þessu riti.

<sup>19</sup> Bandarískur fræðimaður (Fox, G.Th. 1990. *Cocoon or Butterfly? A study of schools that have transformed themselves to university level education*. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið) sem ritaði um íslensk háskólamál fyrir Menntamálaráðuneytið telur að Samvinnuskólinn hafi komist hjá opinberum andmælum vegna þess hve hljóðlega umbreyting skólans var framkvæmd: „The Samvinnuhaskoli (svo) has gone about the

var m.a. minnst á „algert brjálæði að halda að hægt sé að reka háskóla þarna uppi í hrauni“.<sup>20</sup> Rétt er að hafa í huga að þessar umræður áttu sér stað áður en vitneskja var orðin almenn t.d. um árangur af starfsemi Háskólans á Akureyri og Tölvuháskóla Verzlunarskólans eða um ýmsar sérstakar hagnýtar námsbrautir við Háskóla Íslands og Tækniskólann sem þá höfðu nýlega tekið til starfa. Það er einnig að hinu leyttinu ljóst að aðeins mjög skömmum tíma eftir að þetta stökk upp á háskólastig var tekið hafði Menntamálaráðuneytið ákveðið að ekki skyldi fjölga sérstökum háskólum frekar í landinu.<sup>21</sup>

Eins og áður hefur verið vikið að var það úrræði sem Samvinnuskólanum var kosið eðlilegasti kosturinn þegar á allt er litið. Vitanlega var í mikið ráðist og leiðin sást ekki gjörlla framundan fremur en endranær. En mælistikurnar sáust: Upphafleg og varanleg markmið skólans virtust enn halda fullu gildi sínu. Staða og markmið skólans hæfðu ágætlega víðtækri skilgreiningu háskólastigsins sem var að nema land hérlandis. Háskólastigið var einfaldlega, að breyttu breytanda, sambærilegt við upphaflegt skólastig Samvinnuskólans. Þarfir samfélagsins fyrir fræðslu og menntun á því sviði sem skólinn hugðist bjóða voru ótvíræðar og vaxandi. Fjölþjóðlegur samburður hneig mjög eindregið að því að styrkja þessar ályktanir, og hið sama hefur reynslan síðan gert.

Rétt er að taka fram að aðstæður skólans voru á marga lund erfiðar í þessum breytingum. Ekkert fjármagn var fyrir hendi til að ráðstafa sérstaklega til undirbúnings eða þróunarstarfa. Engin uppstytta mátti verða í reglulegu starfi enda lá fyrir að stöðvun eða tafir á reglulegu starfi hefðu riðið stofnuninni að fullu þegar í stað. Enginn aðili var til þess reiðubúinn að kosta neinu til þessa verkefnis umfram venjubundnar reglulegar fjárveitingar úr ríkissjóði. Og enginn aðili var tilbúinn til þess að standa fyrir því að störf yrðu hafin á ný ef stöðvun hefði orðið t.d. vegna undirbúnings, þjálfun-

---

change to haskolstig (svo) so quietly that no university voice was publicly raised“ (bls. 30). Um þetta orðu hins vegar talsverðar deilur innan skólans þar sem m.a. forystumenn námsmanna töldu mikið auglýsingaátak nauðsynlegt strax.

<sup>20</sup> Vitnað er til ummæla í umræðum á fundi í stjórn Sambandsins 9. febrúar 1988.

<sup>21</sup> Sjá t.d. *Til nýrrar aldar. Framkvæmdaáætlun Menntamálaráðuneytisins í skólamálum til ársins 2000*. 1991. Reykjavík. Viða er stuðst við þetta yfirlitsrit í þessum kafla. Þar er á bls. 135 m.a. vikið að því atriði sem hér er nefnt. Reyndar lá þessi afstaða til hugsanlegrar frekari fjölgunar skóla á háskólastigi fyrir þegar við árslok 1989.

ar starfsmanna eða annarra ástæðna.<sup>22</sup> Af sjálfu leiðir að engar nefndir voru settar til að fjalla um málið. Og vitaskuld tókst þetta ekki án árekstra og átaka innan skólans sem umhverfis.

### Háskólastigið

Þróun og efling háskólastigsins hófst seint hér á landi ef miðað er við framvinduna í nágrannalöndunum beggja vegna hafsins. Gamlir fordómar urðu hér mjög lífseigir og hafa enn ekki horfið með öllu. Ef til vill má segja að landlægur misskilningur á þessu sviði stafi meðal annars af orðalagi. Hér á landi varð það að ráði á sínum tíma að „þjóðskólahugmynd“ Jóns Sigurðssonar forseta, í breyttri mynd reyndar, var nefnd „Háskóli Íslands“. Almennt virðast hugmyndir manna hérlendis síðan hafa miðast við að orðin „háskóli“ og „háskólastig“ séu í raun samheiti og að slíkar stofnanir hafi allar sömu meginþekkingu, markmið og samfélagsstöðu, og að allt þetta sjáist og hljóti að miðast við það sem tíðkast í Háskóla Íslands í Reykjavík. Jafnframt hefur falist í þessum misskilningi sú afstaða að eina alþjóðlega fyrirbærið sem máli skiptir í þessu efni sé „Universitas“, „universitet“, „Universität“, „university“, „université“ o.s.frv., enda þótt alkunna sé að stofnanir á háskólastigi erlendis eru af ýmsu öðru tagi, svo sem „universitetscenter“, „college“, „polytechnic“, „højskole“, „högskola“, „Hochschule“, „Fachhochschule“, „Gesamthochschule“, „Berufsakademie“, „Beamtenhochschule“, „community college“, „distriktshøjskole“, „business college“, „handelskøjskole“, „teknikum“, svo og margs konar „institutes“ eða „schools“ „for higher studies“ eða „for further studies“, og enn má nefna „école normale supérieure“, „école des hautes études“, „institute of technology“, „Technische hochschule“, „Collège“, og mörg önnur afbrigði og heiti eru þekkt víða.

Þegar hugmyndir komu fram hér á landi um aðrar tegundir „háskóla“ sem ekki virtust alveg sambærilegar við Háskóla Íslands, meðal annars miðaðar við áður nefndar alþekktar fyrirmyndir og hliðstæður í mörgum nágrannalöndum, fannst ýmsum hérlendis

---

<sup>22</sup> Gerð er grein fyrir breytingum og þróun í hverri árlegri *Starfsskýrslu* skólans. Einnig skal aftur minnt á greinar Jóns Sigurðssonar í *Árbókum NSS* XI. og XII. bindi, svo og: Jón Sigurðsson. 1988. „Sjötugur Samvinnuskóli og síngur þó“. *Hermes*, afmælisrit NSS.



að í þessu væri eitthvað nýstárlegt og grunsamlegt á seyði og eiginlega væru menn að veifa fölsku flaggi, líklega helst til upphefðar sjálfum sér. Yfirvöldin voru í nokkrum vafa um hvað nefna skyldi þetta framtak í fyrstunni. Um nokkurt skeið var af opinberri hálfu notað orðalagið „sérskóli“ og „sérskóli á háskólastigi“ til að tákna þessi nýmæli hérlendis og mun vera þýðing á breska heitinu „college of higher education“ eða „H. E. college“. Einnig var um skeið talað nokkuð um sérstakt „sérskólastig“.<sup>23</sup> Upp á síðkastið virðist þróunin hafa orðið sú að merking íslensku orðanna „háskóli“ og „háskólastig“ hafi breyst og víkkað enda heyrir sjaldnar talað um „sérskólastig“ nú.

Samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum skilgreiningum merkir „háskóli“ og „háskólastig“ umfram annað menntastofnun sem m.a. veitir sérhæfða fræðslu námsmönnum sem áður hafa lokið formlegri skólagöngu um 12 til 13 skólaára skeið.<sup>24</sup> Að öðru leyti er fjölbreytni með ólíkindum í þeim stofnunum sem um ræðir.

Örstutt yfirlit um helstu sameiginleg einkenni háskólastigsins eins og það er skilgreint nú á dögum á Vesturlöndum er sem hér segir:<sup>25</sup>

- \* Grundvallaratriði er staða stofnunar innan fræðsluferfisins og tengsl við önnur stig eða áfanga þess. Þá er gert ráð fyrir að 1. stig kerfisins sé grunnstig, grunnskóli og jafnvel einnig forskóli eða leikskóli; 2. stig sé miðstig, framhaldsskóli og sérskólar, en á 3.

---

<sup>23</sup> Að því er Jónas Pálsson fv. rektor Kennaraháskóla Íslands hefur tjáð höfundi voru menn á báðum áttum um breytingu á nafni Kennaraskólans á sínum tíma. Einnig hefur Þorvarður Elíasson skólastjóri Verzlunarskóla Íslands tjáð höfundi að nafn skólastigs hafi þótt miklu skipta er Tölvuháskóli Verzlunarskólans hóf starfsemi og með því nafni. – Um breytingu skólastigs nokkurrar sérskóla sjá: Fox, G.Th. 1990. *Cocoon or Butterfly? A study of schools that have transformed themselves to university level education*. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

<sup>24</sup> Sjá um þetta m.a.: *World Guide to Higher Education*. 2nd Ed. 1982. Paris, Unesco. Sjá einnig: Clark, B.R.(ritstj.) *The School and the University*. 1988. Berkeley, University of California. Sjá enn fremur: Jón Sigurðsson. 1989. *Keeping Abreast of the Times. A Report of a Transformation of an Icelandic College in the Context of Educational Administration and of Instructional Methodology*. San Rafael, Columbia Pacific University (Ritgerð þessi er m.a. til á Þjóðarbókhöfðu og á Bókasafni Kennaraháskóla Íslands).

<sup>25</sup> Hér er að nokkru leyti fylgt framsetningu í: Jón Sigurðsson. 1989. *Keeping Abreast of the Times*. (bls. 40–43). – Upptalning sú sem hér fer á eftir, svo og aðrar slíkar í þessu riti, er ekki tæmandi og atriðum ekki raðað eftir mikilvægi o.þ.h., því verður hér ekki notuð tölusetning liða.

stigi taki háskólar við. Á ýmsum tungumálum eru samsvarandi heiti notuð: fyrsta stig eða grunnstig, annað stig, þriðja stig.<sup>26</sup>

- \* Miklu máli skiptir lengd formlegrar skólagöngu sem námsmaður hefur áður lokið, yfirleitt 12 eða 13 skólaár sem áður segir. Hér á landi er nú miðað við 10 ár grunnskóla, áður 9 ár, og 4 ár framhaldsskóla, að vísu með skólaári sem teljast verður stytta eða skert miðað við fjölbjóðlegan samanburð.
- \* Lífaldur námsmanns tengist fyrrnefndum atriðum. Á Íslandi eru námsmenn yfirleitt orðnir 19 eða 20 ára þegar háskólanám hefst. Að sjálfu leiðir að kröfur um t.d. starfsreynslu tilheyra aðallega háskólastiginu eða síðari áföngum framhaldsskólastigs.
- \* Samsetning fræðslubátta er mikilvægt einkenni sem aðgreinir skólastig. Í upphafi skólagöngu vega uppeldislegir þættir mest og stig af stigi eykst umfang annarrar þekkingarmiðlunar og þjálfunar. Á háskólastigi eru uppeldislegir þættir í venjulegri merkingu horfnir, a.m.k. að langmestu leyti.
- \* Sérhæfing í náminu vex stig af stigi eftir því sem lengra líður á skólagönguna. Almenn er ráð fyrir því gert að nám á háskólastigi sé býsna sérhæft þótt ekki séu allar námsbrautir skilgreindar á sama hátt hvað þetta varðar, a.m.k. ekki á fyrstu áföngum háskólanámsbrautar.
- \* Skólastig greinast einnig af því hve mikið af frumkvæði, ábyrgð og ákvörðunum hvílir á námsmanninum og hve mikið á kennurum eða öðrum starfsmönnum skóla. Að sama skapi skiptir vægi margs konar sjálfstæðra eða hálf sjálfstæðra verkefna námsmanna miklu máli. Á háskólastigi á námsmaður að mestu að sjá um sig sjálfur, einn eða í hópi annarra námsmanna.
- \* Skipting námstíma er tengd þessu, þ.e. hve mikill hluti námstíma á sér stað undir beinni leiðsögn eða umsjón kennara, í kennslustundum o.þ.h., og hve mikill hluti í sjálfsnámi námsmanns eða í eigin frjálsum tíma hans. Í grófum dráttum má segja að á framhaldsskólastigi á Íslandi séu u.þ.b. tveir þriðjungar vikulegs námstíma undir umsjón kennara, en varðandi háskólastigið má varpa fram þeirri almennu en að vísu ónákvæmu lýsingu að hlutföllin snúist við og aðeins nálægt þriðjungi reglulegs vikulegs námstíma eigi sér stað undir beinni leiðsögn eða umsjón kennara; frá þessu eru þó margvísleg frávik á háskólastiginu.

---

<sup>26</sup> Á ensku t.d.: „primary“ eða „elementary“, „secondary“, „tertiary“.

- \* Sambærileg mælistika greinir hve mikill hluti námsefnis er tekinn beint úr kennslubókum o.þ.h. og hve mikill hluti þess á hinn bóginn er ávöxtur sjálfstæðrar fræðilegrar könnunar, sannleiksleitar eða fræðilegrar túlkunar sem fer fram í eða með náminu af hálfu kennara með eða án beinnar aðildar eða aðstoðar námsmanns. Í þessu skiptir einnig máli hve mikið vægi fyrri niðurstöður rannsókna og sammæli um þær hafa í námsefni – andspænis fræðilegum vangaveltum, efasemdum, röksemdafærslum án endanlega viðurkenndrar niðurstöðu og andspænis nýrri þekkingarleit eða þjálfun í samstarfi kennara og námsmanna. Hið síðast nefnda tilheyrir háskólastiginu umfram allt.
- \* Þá er það skýrt einkenni hve miklu máli önnur starfsviðfangsefni skipta í rekstri fræðslustofnunar, auk eiginlegrar fræðslu námsmanna. Er þá einkum átt við rannsóknastörf, en einnig önnur skilgreind skyldustörf svo sem síðar greinir.
- \* Loks skiptir það verulegu máli í greiningu skólastigs hve mikilvæg er alþjóðleg tilvísun í viðfangsefnum, vinnubrögðum og mælistikum í starfseminni, hve almennt er vísað til eða höfðað til alþjóðlegra viðhorfa, þekkingar, samsvörunar, samanburðar eða krafna. Á háskólastigi er að því stefnt og ráð fyrir því gert að starfið fullnægi mælistikum og kröfum sem margar þjóðir virða sameiginlega, og þar er notuð alþjóðleg reynsla og námsefni og niðurstöður rannsókna af alþjóðlegum vettvangi. Á háskólastigi er enn fremur miðað við það og á það lögð sérstök áhersla að prófgráður standist alþjóðlegan samanburð og kröfur.

Þær mælistikur sem hér hafa verið nefndar gefa augljóslega færi á mikilli fjölbreytni og innbyrðis mun enda þótt um viðurkennt háskólastig sé að ræða. En fjölbreytnin eykst enn þegar litið er til annarra þátta sem einkenna háskólastofnanir. Skulu nokkrir meginþættir nefndir til glöggvunar en aðeins lauslega með efnið farið:

- \* Mjög fjölbreytilegt er hvernig háttað er skilum stofnunarinnar andspænis fyrra skólastigi, þ.e. hver er í einstökum atriðum túlkun sumra þeirra atriða sem hér voru nefnd næst á undan, inn-gönguskilyrði o.s.frv. Kunn eru dæmi um mjög nán tengsl við fyrra skólastig og „auðvelt flæði“ námsmanna á milli, en einnig eru kunnar stofnanir sem leggja aðaláherslu á eigin skilyrði og inntökuprófanir án formlegs tillits til fyrri skólagöngu eða fræðslukerfis.

- \* Enn fremur er það með ýmsum hætti hve mikil áhersla er lögð í starfseminni á rannsóknir og hve mikil á fræðslu námsmanna, leiðsögn við þá o.s.frv. Miklu getur varðað hvort stofnun er fyrst og fremst eða einvörðungu rannsóknastofnun eða t.d. aðallega eða eingöngu kennslustofnun á háskólastigi. Þegar nánara er að gætt kemur í ljós að mjög margvíslegur stigsmunur er á einstökum háskólum, háskólastofnunum og háskóladeildum að þessu leyti.
- \* Þá má enn vega og meta hve mikil áhersla er lögð á svo nefndar „hreinari“, „hrein-fræðilegar“, „kennilegar“ eða „grundvallarlegar“ vísindarannsóknir og hve mikil á hagnýtingu, beitingu eða túlkun niðurstaðna úr rannsóknum. Í sumum stofnunum eru sérfræðistörf, ráðgjöf o.fl. viðurkennd að einhverju marki eða jafnvel til jafns við rannsóknir.
- \* Stofnanir skiptast innbyrðis eftir því hve mikil áhersla er lögð í fræðslustarfinu á undirbúning til vísindalegra starfa, rannsókna o.s.frv. og hve mikil á undirbúning til annarra starfa, annars vegar þá til stjórnáráða- og embættisstarfa af einhverju tagi eða hins vegar til starfa á öðrum sviðum samfélagsins, svo sem á sviði heilsugæslu, í menningarlífi, við verklegar og tæknilegar framkvæmdir eða í öðrum greinum atvinnulífsins.
- \* Innbyrðis eru háskólastofnanir mjög ólíkar eftir því hve mörg svið viðfangsefna eða fræða sama stofnun annast, og þá t.d. með sjálfstæðum deildum eða sérskólum, eða hvort stofnunin einbeitir sér að einu sviði, einni grein, eða aðeins fáum saman.
- \* Það hefur og sitt að segja hvort stofnunin er sjálfstæður aðili eða hluti stærri heildar, svo sem t.d. ríkisvaldsins, almennasamtaka eða fyrirtækjasamtaka o.s.frv., og hvort hún leikur einhver tiltekinn stjórnunar-, þjálfunar- eða ráðgjafarhlutverk í slíkri heild.
- \* Svipuðu máli gegnir um það hver tengsl stofnunarinnar eru að öðru leyti við fræðilegt umhverfi sitt, eða við samfélagslegt eða stjórnunarmálalegt umhverfi, við hagrænt eða viðskiptalegt umhverfi sitt, eða við nágrenni sitt eða landshluta.
- \* Lengd námsbrautar eða námsbrauta stofnunar setur mark á stofnunina. Margar háskólastofnanir starfa við fyrstu áfanga háskólastigs en aðrar við framhaldsnámsbrautir háskólastigsins, og mjög margar við hvort tveggja. Í mörgum löndum, t.d. þar sem breskar hefðir ráða, er gerður svo skýr munur á almennum grunnáföngum háskólastigs annars vegar og hins vegar áföngum

framhaldsnáms, stjórnsýslunáms og rannsóknánáms að réttmætt er að tala fullum fetum um tvö aðgreind skólastig fremur en að eins eitt háskólastig eins og gert er t.d. hér á landi.

- \* Innra stjórnkerfi stofnunarinnar setur auðvitað mjög mark á hana. Mjög mörgum háskólastofnunum er stýrt með „akademísku jafningjalýðræði“ meðal kennara, rannsóknamanna og annarra sérfræðinga, jafnvel með aðild námsmanna, með umsjón og aðhaldi óháðra nefnda o.s.frv., eða með einhverjum öðrum líkum hætti. Mörg mismunandi stig eru kunn í því að hve miklu leyti vísindamenn, kennarar og rannsóknamenn, taka þátt í stjórnun háskólastofnunar.
- \* Mjög tengdir þessu eru starfshættir ýmsir, svo sem hvernig starfsmenn, rannsóknamenn, sérfræðingar og kennarar eru valdir til starfa. Margvíða koma óháðar dómnefndir við sögu, jafnvel skipaðar með fjölþjóðlegri aðild. Víða um lönd mynda starfsmenn háskóla einhvers konar hefðhelgaða virðingarstiga með gamalgrónum alþjóðlegum starfstitlum, svo sem „aðjúntk“, „lektor“, „dósent“ og „prófessor“, eða „lecturer“, „reader“, „assistant professor“, „associate professor“ og jafnvel einnig „senior professor“ o.s.frv. Þá skiptir það og máli hvað er um innri skiptingu starfshlutfalla hvers og eins að segja, svo sem milli þátta fræðslu, rannsókna, stjórnunar, ráðgjafar, útgáfustarfa o.þ.h. og loks hvernig háttað er frjálsræði kennara og rannsóknamanna og hvernig hag- að er því aðhaldi sem þeir sæta.

Á grundvelli þeirra atriða sem nefnd hafa verið hér framar – og annarra sem ekki eru nefnd hér – er stofnunum á háskólastigi skipt í afar marga flokka og tegundir. Einkenni, flokkun og skilgreiningar fara einnig talsvert eftir löndum og ríkjum og eiga sér sögulegar forsendur. Í mjög grófum dráttum má segja að þessar tegundir háskólastofnana séu nú um stundir einna algengastar í nágrannalöndum Íslendinga:

- \* Fyrst skal nefna „fræða- og vísindasetur“, „fjölfræðasetur“ eða „fjölvísindasetur“, „margfræðasetur“ eða jafnvel „alfræðasetur“. Þessi orð eru tilraun til að þýða nokkuð af andanum sem þykir varðveittur í latneska orðinu „Universitas“, en orð af þessum stofni eru notuð í flestum Vesturlandamálum um þessa sögufrægu og algengu tegund rannsókna-, fræðslu- og vísindastofnana.<sup>27</sup> Slík stofnun er oftast í reynd þyrping mismargra allsjálfstæðra stofnana, eða „skóla“, þar sem veruleg áhersla er lögð á

rannsóknir auk fræðslu og annarra starfa. Í mörgum slíkum „setrum“ er reyndar meiri áhersla lögð á rannsóknir en fræðslu, en dæmi eru einnig um hið gagnstæða. Mörg fræða- og vísindasetur spanna fjölbreytilegustu fræðigreinar og ólíkustu viðfangsefna- og vísindasvið en önnur sinna tilteknu úrvali fræðigreina.<sup>28</sup>

- \* Næst skal nefna „rannsóknastofnanir“ sem margar eru alveg sérhæfðar á tilteknu sviði. Sumar stunda fræðslu og þjálfun að einhverju marki með öðrum störfum sínum en aðrar ekki.
- \* „Stjórnsýsluskólar“ starfa gjarnan í tengslum við ríkisvaldið og stofnanir þess. Margir slíkir skólar starfa að ráðgjöf í stað eiginlegra rannsókna, og fræðsla þeirra miðast við undirbúning undir sérstök embættisstörf eða tilteknar starfsbrautir.
- \* „Fagháskóli“ eða „sérháskóli“ er stofnun sem einbeitir sér að einu eða mjög fáum tengdum sviðum. Reyndar eru viðfangsefni fagháskóla mjög misviðtæk eða misþröng svið eða greinar. Sumir fagháskólar eru einvörðungu kennslustofnanir á fyrstu áföngum háskólastigs og margir þeirra leggja miklu meiri áherslu á fræðslu en rannsóknir og er þetta þó með ýmsu móti. Sérstakir lagaskólar, læknaskólar, prestaskólar o.þ.h. geta talist blanda af fag- eða sérháskóla og stjórnsýsluskóla. Allmargir fagháskólar einbeita sér að verklegum og tæknilegum efnum, verkfræðigreinum, tæknifræði og framhaldsnámi eða meistaranámi iðnaðarmanna.
- \* „Svæðismiðstöð“ og „héraðsháskóli“ er blanda „fræða- og vísindaseturs“ og „fagháskóla“ miðuð einkum við svæðisbundnar þarfir. Sums staðar mynda héraðsháskólar sérstakt kerfi og veita eingöngu fræðslu sem tengist aðgengilegum atvinnutækifærum,

---

<sup>27</sup> Hér er í tilraun til þýðingar m.a. gengið í spor Sveinbjarnar Björnssonar f.v. rektors Háskóla Íslands. – Líklega hafa Færeyingar hitt naglann snilldarlega á höfuðið: „Føroya Fróðskaparsetur“. – Í Þýskalandi eru dæmi þess að háskóli hlaut nafnið „Hochschule“ þrátt fyrir vilja til að „fá“ nafnið „Universität“ vegna þess eins að innan hans væri ekki sérstök guðfræðideild. – Í Bretlandi varð áratugalangt karp um það hvort stofnun skyldi heita „university“ eða „polytechnic“ enda þótt enginn eiginlegur munur væri á starfsháttum, fræðilegri breidd, markmiðum eða stöðu að öðru leyti. Átökum þessum lauk með því að stofnanir fengu að ráða þessu sjálfar að uppfylltum skilyrðum hver á sínum vettvangi. – Reyndar er orðanotkun í ensku máli og fleiri tungum um háskólastofnanir mjög á reiki, m.a. af sögulegum og staðbundnum ástæðum.

<sup>28</sup> Auk „-seturs“ hafa menn notað um þetta sama orðin: „-stöð“, „-miðstöð“, „-stofnun“, „-ver“ o.s.frv. – Í svipaðri merkingu tala menn um „rannsóknaháskóla“ til aðgreiningar frá t.d. „kennsluháskóla“.

svo kallaðar stuttar starfstengdar námsbrautir, eitt eða tvö náms-  
ár hverja; slíkar stofnanir má flokka sem fagháskóla einnig.

- \* Fjarnámsstofnanir og „fræðilegar vottunarstofnanir“ hafa þá sér-  
stöðu að námsmenn sækja ekki nám eða fræðaaðstöðu með eig-  
inlegri heimsókn eða nærveru, heldur stunda fræði sín úr fjar-  
lægð tengdir með síma, bréfaskiptum og póstsendingum, eða  
með tölvusamskiptum. Þessum stofnunum hefur mjög fjölgað  
upp á síðkastið og einnig fjölgar þeim háskólum af öðrum gerð-  
um sem veita þjónustu af slíku tagi víða um lönd auk annarrar  
reglulegrar starfsemi, í nokkurs konar útideildum.<sup>29</sup> Frægasta  
stofnunin af þessu tagi er að líkindum breska „Open University“  
sem reyndar veitir einnig sjónvarpsfræðslu.<sup>30</sup>

Segja má að Háskóli Íslands sé blanda fjölfræða- og fjölvísinda-  
seturs og stjórnsýsluskóla og að innan hans séu einnig nokkrar  
námsbrautir sem hafa einkenni fagháskóla. Kennaraháskóla Íslands  
svipar um margt til fagháskóla en í honum eru jafnframt sterk ein-  
kenni fjölfræðaseturs og staða íslenska fræðslukerfisins innan ríkis-  
valdsins setur honum að sumu leyti skilyrði stjórnsýsluskóla. Há-  
skólinn á Akureyri er hins vegar fyrst og fremst svæðismiðstöð.  
Tækniskóli Íslands er fagháskóli að því leyti sem hann starfar á há-  
skólastiginu. Ípróttakennaraskóli Íslands, Samvinnuháskólinn á  
Bifröst, Búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri, Tölvuháskóli  
Verzlunarskóla Íslands og Proskapjálfráskólinn eru ótvírætt sér-  
hæfðir fagháskólar. Sama máli gegnir um efstu stig listaskólanna,  
Stýrimannaskóla, Vélskóla og Fósturskóla. Erlendis er nú almennt  
farið að skipa meistaranámi iðnaðarmanna á sama bekk enda þótt  
slíkt sé ekki gert formlega hér á landi.

Háskólastigið á Íslandi hefur mjög þróast og eflst á síðustu árum.  
Var það varla seinna vænna í metnaðarfullu nútímasamfélagi sem  
vill bjóða þegnum bætilega kosti. Að sumu leyti er íslenska há-  
skólastigið þó enn ófullburða þegar þetta er ritað. Má í því efni  
nefna sem dæmi endurmótun listfræðslunnar í Listaháskóla sem  
unnið hefur verið að um skeið. Enn fremur má benda á mjög mikla  
þörf þjóðarinnar fyrir eflingu iðnfræðslu og tækni- og verkmennt-

<sup>29</sup> Á ensku: „extension service“.

<sup>30</sup> Mjög þykir misjafn sauður meðal þessara stofnana, sjá t.d. Ebbs, W. 1986. *How to Earn A University Degree Without Ever Leaving Home*. London, Chartsearch. – Höfundur þessa rits stundaði m.a. nám við bandaríska vottunar- og fjarnámsstofnun af þessu tagi: Columbia Pacific University, sem hefur aðalaðsetur í San Rafael í Kaliforníu.

unar sem gæti þurft nýjan vettvang í myndarlegum deildaskiptum fagháskóla, á grundvelli Tækniskóla Íslands. Þá væri jafnvel við það miðað að iðnfræðsla færðist að verulegu leyti inn á háskólastigið, en líklega er slíkt skilyrði þess að unnt verði að veita iðn- og verkmenntun þá áherslu og þá raunhlítu viðurkenningu sem skort hefur.<sup>31</sup> Slík efling mætti mjög gjarna ná til fræðslu um málefni sem flestra atvinnuvega, þ. á m. matvælaframleiðslu og þjónustugreina. Enn fremur má minna á hugmyndir um héraðsháskóla á Íslandi eftir skandinavískum og bandarískum fyrirmyndum.

Langt mál mætti hafa um prófgráður og um fjölþjóðlegan sam-  
anburð í því efni, en slíkt er ekki viðfangsefni þessa rits umfram það sem beinlínis tengist Samvinnuskólanum og Samvinnuháskólanum. Nefna má þó að eitt af því sem virðist hafa ruglað ýmsa Íslendinga í ríminu á síðustu árum er að nú orðið tíðkast hér á landi blanda – að því er virðist tilviljanakennd – af skandinavísk-þýskum hefðum annars vegar og hins vegar bresk-bandarískum hefðum í háskólanámsbrautum og prófgráðum. Tilraunir íslenskra stjórnvalda til að efla hér stuttar starfstengdar námsbrautir á háskólastigi hafa og verið mikilvægur þáttur framvindunnar á síðustu árum og er Samvinnuháskólinn reyndar hluti þeirrar þróunar. Þegar þetta rit er skráð er enn ekki ljóst hvort bakkaláreatgráður, þ.e. „baccalaureorum“ próf, B.A.-, B.S.-gráður og aðrar slíkar eftir þriggja til fjögurra ára háskólanám, munu annars vegar ryðja styttri námsbrautum úr vegi að miklu leyti eða hins vegar taka í reynd sæti kandidatesprófanna sem taka fjögurra til fimm ára nám að jafnaði. Ef til vill verður engri fullnaðarsamræmingu við komið í þessu efni héraðs og ef til vill er hennar ekki þörf.

Í örstuttu máli skal rakið að Samvinnuháskólapróf í rekstrarfræðum að loknu tveggja vetra námi á háskólastigi samsvarar í aðalatriðum norsku námsgráðunni „højskolekandidat“, að miklu leyti dönsku gráðunni „almen erhvervsøkonomisk uddannelse“ eða „handelsvidenskabelig afgangseksamen“, „HA“, og bresku gráðunni „Higher National Diploma“ eða „HND“, svo að nefnd séu alþekkt dæmi úr næstu nágrannalöndum.<sup>32</sup> Bakkaláreatgráðan, „baccalaureorum scientiarum“ prófið eða „B.S.-gráðan“, í rekstrarfræðum frá

<sup>31</sup> Sjá t.d. Jón Sigurðsson. 1986. „Sverrir má ekki bila“. *Morgunblaðið*, 14. nóvember. Rvk.

<sup>32</sup> Í þessu er einnig tekið nokkurt tillit til lengdar framhaldsskólanáms. Sjá: *Att studera i Norden*. 1992 (Nord 1992: 27). København, Nordisk Råd.



Samvinnuháskólanum að loknu þriggja vetra námi á háskólastigi samsvarar aftur á móti bresk-bandarískum hefðum sem mjög hafa verið að ryðja sér til rúms víða um lönd, m.a. á Norðurlöndum, á umliðnum árum. Má hiklaust fullyrða að bakkaláreatgráðan sé orðin alkunn og viðurkennd um allan heim.

### Mælistikur

Miklu máli skiptir í öllu starfi að markmið, mælistikur og leiðir séu stjórnendum, starfsmönnum og námsmönnum sæmilega ljós. Í þessu efni skiptir miklu í háskólastarfi hvert það fræðasvið er sem við er fengist því að þau eru næsta ólík innbyrðis.

Samvinnuháskólinn á Bifröst miðast við skilgreiningu fagháskóla sem leggur megináherslu á fræðslustörf og kennslu. Í starfi kennara við Samvinnuháskólann vegur fræðsla og leiðsögn við námsmenn yfirleitt þyngra en tíðkast við flestar aðrar íslenskar háskólastofnanir, en reyndar er skipting starfsskyldna sveigjanleg. Á rannsóknasviði leggur Samvinnuháskólinn áherslu m.a. á hagnýt efni og hagnýtingu þekkingar og leggur með tilteknum skilmálum ráðgjafarstörf og önnur sérfræðistörf á vettvangi atvinnulífsins að jöfnu við rannsóknir almennt.<sup>33</sup> Í starfi fastráðinna kennara og sérfræðinga er og gert ráð fyrir virkri þátttöku hvers og eins í stjórnun stofnunarinnar.

Í annan stað miðar Samvinnuháskólinn starfsemi sína alveg við eitt tiltekið svið: undirbúning námsmanna til starfa við rekstur, viðskipti og stjórnun í atvinnulífinu ásamt þátttöku og forystu í félagsstarfi. Önnur fræðasvið munu vafalaust krefjast annarra lausna hvert fyrir sig. Nauðsynlegt er að nefna það hér að talsverður munur er á hagfræði og rekstrarhagfræði annars vegar og stjórnunar- og rekstrarfræðum hins vegar þar eð hagfræðinni má sinna sem mjög hrein-fræðilegu eða kennilegu viðfangsefni en við t.d. Samvinnuháskólann er litið á stjórnunar- og rekstrarfræði sem viðfangsefni að verulegu leyti tengd framkvæmdum, athöfnum og ákvörðunum í

---

<sup>33</sup> Í fyrstu var öll áhersla í Samvinnuháskólanum lögð á fræðslustarfið en ákveðið að síðar skyldi hugað betur að rannsókn- og ráðgjafarmálum (sjá t.d. Fox, G.Th. *Cocoon or Butterfly?* bls. 42). Á starfsárunum 1993 og síðan hefur afar mikið verið unnið að þessum þætti, í samræmi við upphaflega áætlun um þróunaráfanga stofnunarinnar.

atvinnulífinu, sem „hagnýt“ og „hagnýtt“, „verkleg“ og „verklæg“ viðfangsefni.

Um háskóla á sviði rekstrarfræða, viðskipta og stjórnunar í atvinnulífi, í þeirri merkingu sem hér er lýst, má meðal annars nefna þessi sérstöku skilgreiningaratriði:<sup>34</sup>

- \* Í stað fræðilegs friðar og næðis<sup>35</sup> sem er mikilvægt einkenni hefðbundinna fræða- og vísindasetra hlýtur rekstrarfræðaháskóli að bera svip atvinnulífsins. Atvinnulífið lýtur m.a. því járnharða lögmáli að ákvörðun verður að taka á tilsettum tíma við skilyrði óvissu og áhættu. Þetta sjónarmið gerbreytir allri fræðilegri afstöðu í fræðslustarfinu, enda þótt sérfræðingar stofnunarinnar geti að einhverju marki komist undan því í rannsóknastarfi sínu. Best hæfir að rekstrarfræðaháskóli sé sjálfur sjálfstætt „fræðafyrirtæki á markaði“ sem á a.m.k. einhvern hluta tekjuöflunar sinnar og einnig frama starfsmannanna undir hagnýtum árangri rannsókn- og ráðgjafarstarfa, auk þess sem fræðslustarfsemin hlýtur að sjálfsögðu að taka mót sitt af árangri stofnunarinnar í aðsókn hæfra umsækjenda og velgengni og frama brautskráðra námsmanna. En miklu máli skiptir að námsmenn geti þegar í skólanum tileinkað sér viðhorf ákvörðunar á tilsettum tíma við skilyrði áhættu og óvissu og að andrúmslofts atvinnulífsins gæti í háskólanum.
- \* Rekstrarfræðaháskóli hefur ekki aðeins tilteknum fræðilegum sviðum og viðfangsefnum að sinna. Samkvæmt því sem áður er komið fram m.a. verður stofnunin jafnframt að tileinka sér og tíðka vinnubrögð, kennslu- og námsaðferðir sem hæfa sérstöku eðli og markmiðum starfsins. Menn læra ekki aðeins af orðum eða sambærilegum táknum, umfram allt læra menn af athöfn-um. Þetta á alveg sérstaklega við um allt er lýtur að atvinnulífinu. Fræðslustarf rekstrarfræðaháskólans verður því að vera þjálfunarstarf ekki síður en eiginleg miðlun þekkingaratriða. Námið verður að felast að miklu leyti í margs konar verkefnavinnu námsmanna. Háskóli sem hyggst búa námsmenn sína undir ævilöng kyrrlát störf að rannsóknum í grundvallar-vísindum í næði starfar vitanlega allt öðruvísi en rekstrarfræðaháskólinn sem undirbýr fólk undir athöfn, stjórnun, ákvörðun, tímaspennu, óvissu, átök og áhættu.

<sup>34</sup> Sjá t.d. Jón Sigurðsson. 1989. *Keeping Abreast of the Times* (bls. 43–47).

<sup>35</sup> Sjá til gamans upphaflega merkingu gríska orðsins sem er rót íslenska orðsins „skóli“.

- \* Námið verður af þessum ástæðum einnig að fela í sér þjálfun námsmanna í eigin tímastjórnun og sjálfstæðri vinnuskipulagningu og í því að reiða sig á og beita eigin frumkvæði.
- \* Í atvinnulífinu starfa menn yfirleitt alltaf í einhvers konar hópum eða sambærilegum mannlegum samskiptum. Þar er í senn unnið í samvinnu og samkeppni. Þessi viðhorf verður rekstrarfræðaháskólinn að bera í sér og námið sjálft verður að skipuleggja í þessum anda. Þar verða að leikast á hópvinna og einstaklingsverkefni, samvinna og samkeppni.
- \* Í atvinnulífinu eru menn stöðugt að fjalla um efni sem eru fræðilega „óhrein“, eru meira eða minna óformleg eða atviksbundin blanda eða samþætting ólíkra fræðasviða eða tengjast framkvæmdum, hagnýtingu og beitingu þekkingar eða leikni frekar en eiginlegum fræðum, vísindum eða kenningum. Námsmanna-verkefni rekstrarfræðaháskólans verða að bera svip af þessu.
- \* Það leiðir af eðli atvinnustarfseminnar að utanbókarlærdómur á skólaárum hefur takmarkað gildi. Mestu varðar þjálfun og leikni í æskilegum athöfnum og ákvörðunum. Meira máli skiptir að námsmenn læri að leita upplýsinga í bókum og öðrum gagnasöfnum heldur en að þeir verji tíma sínum í að læra staðreyndir liðinnar tíðar eða liðandi stundar á námstíma utan að. Framsýni, tillit til framtíðar og framtíðarsýn verða ein mælistikan á sögulega þekkingu. Einkenni og samsetning prófa og allt námsmat í rekstrarfræðaháskóla verða m.a. að bera svip af þessu.
- \* Enn má nefna að stjórnun og forystu í atvinnulífi fylgir bæði almenn og sérstök samfélagsleg og siðferðileg ábyrgð. Skarpri vitund um þessa ábyrgð, sérstök atriði og álitamál hana varðandi, verður rekstrarfræðaháskólinn að miðla öllum námsmönnum sínum. Þessi ábyrgð er að ýmsu leyti mjög frábrugðin fræðilegri ábyrgð könnuðarins eða ábyrgð hans gagnvart vísindunum.
- \* Ef allt er með felldu er atvinnulífið stöðugt að breytast, þarfir þess, kröfur og hagsmunir. Fræðslustarf rekstrarfræðaháskólans má þar af leiðandi ekki miðast við einhver óbreytanleg sigild þekkingaratriði eða heilög sannindi. Þvert á móti er stöðug verðandi, stöðugar tilraunir og óaflatanleg nýbreytni óhjákvæmilegur hluti námsbrautar rekstrarfræðaháskólans. Námsmenn verða að finna fyrir þessari viðleitni stöðugar nýsköpunar og hugmyndavinnu og skynja sjálfa sig einnig sem hluta hennar og sem þátttakendur í henni.
- \* Í starfseminni verður rekstrarfræðaháskólinn jafnan að miða við

tímanlega þarfagreiningu og skilgreiningu á einkennum þeirra starfa, þess starfsferils og þeirra vinnustaða sem stofnunin hefur sett sér og námsfólki sínu sem framtíðaráfanga, markmið og mælistikur. Þessi þarfagreining og þessar skilgreiningar verða að vera stöðugt viðfangsefni stjórnenda, starfsmanna og námsmanna sameiginlega. Stöðug og virk gæðastjórnun í allri starfseminni tengist þessu beint.

- \* Sérhver rekstrarfræðaháskóli hefur einhver sérkenni og sérstöðu fyrir sig. Sumir tengjast tilteknu landi eða landshluta, tilteknum atvinnuvegi, fyrirtækjasamsteypu o.s.frv. Sérstaða Samvinnuháskólans á Bifröst er m.a. áhersla á vinnubrögð samvinnu í náminu og áhersla á félagsmálþjálfun.
- \* Steypa má einkennum og markmiðum rekstrarfræðaháskóla, eins og hér hefur verið skilgreint, í stutta fullyrðingu með þessum orðum: Rekstrarfræðaháskólinn selur námsmönnum tækifæri til þess að komast vel áfram af heilbrigðum og ábyrgum metnaði í atvinnulífinu og ná þannig góðum lífskjörum, tekjumöguleikum og annarri velgengni sem starfsframa þar fylgja. Atvinnulífinu og samfélaginu í heild selur rekstrarfræðaháskólinn tækifæri til að kaupa þessa eiginleika og nýta þessa námsmenn til ábyrgðar, trúnaðar og forystu þeim sjálfum og helst öllum öðrum til góðs.

Þetta er það góða og trausta veganesti sem Samvinnuháskólinn á Bifröst er og vill vera. Markmið hans og starfshættir helgast af þessu. Ekki þarf að orðlengja hve margt í þessu er frábrugðið mörgum hefðbundnum háskólasjónarmiðum sem miðast við önnur og ólík verkefni og fræðasvið.

### Fram á leið

Breytingu Samvinnuskólans í Samvinnuháskólann fylgdu að sjálf-sögðu margvísleg álitamál og átök.<sup>36</sup> Mikil og endurtekin umskipti urðu á kennaraliði og öðru starfsliði sem að sjálf-sögðu höfðu viðkvæmar hliðar. Breytingunum fylgdu mikil frumvinna kennara, verulega auknar starfskröfur, eftirlit og aðhald. Á köflum voru ekki

---

<sup>36</sup> G.Th. Fox dregur ályktanir af almennri reynslu þetta varðandi í skýrslu sinni sem áður er nefnd (Fox, G.Th. 1990. *Cocoon or Butterfly?* t.d. á bls. 19).

einu sinni aðstæður til að tala frjálsglega um næstu áfangana framundan vegna þess að heimildir stjórnvalda eða skilning forráðaaðilja skorti í svipinn. Var þá stundum torskilið tal um að söðla ekki um í miðri ánni. Breytingarnar snertu marga námsmenn illa á líðandi stund og virtust ekki stuðla að hagsmunum þeirra sem því sinninu sóttu skólann. Mörgum áður brautskráðum nemendum þótti og sem menntun þeirra væri með þessu opinberlega vanmetin af hálfu skólans sjálfs. Sumir nýir námsmenn tóku því illa að námskröfur og vinnubrögð þróuðust áfram við fengna reynslu. Nýsköpun, gæðakröfur og þróunarstjórnun hljóta ævinlega að koma einhvers staðar niður. Sumum nágrönnum skólans þótti óeðlilegt að þurfa að bregðast sérstaklega við nýjum þörfum úr þessari átt, varðandi grunnskóla og leikskóla vegna barna á vegum námsfólksins. Forráðamenn samvinnuhreyfingarinnar höfðu öðru að sinna en langlokum um skólamála. Og stjórnvöldin töldu sér ekki skylt að bera neina ábyrgð á nýmælum sem ekki helguðust frá upphafi af ákvörðunum í ráðuneytinu.

Á hinn bóginn mætti þessi breytingaviðleitni líka örvun og hvatningu. Árið 1976 hafði Nemendasamband Samvinnuskólans haldið ráðstefnu um stöðu og framtíð skólans og þar var ályktað að réttmætt væri að breyta skólastigi Samvinnuskólans. Þegar leitað var til séra Guðmundar Sveinssonar fyrrum skólastjóra hvatti hann mjög eindregið til umbreytingar á skólanum og taldi „alveg einsýnt að Samvinnuskólinn á auðvitað að starfa sem college“.<sup>37</sup> Margir samstarfsmenn við skólann gengu áhugasamir og ósérhlífir að þessum leik. Hugmyndir skólans mættu skilningi margra embættismanna Menntamálaráðuneytisins sem m.a. höfðu haft tækifæri til að fylgjast með framvindu háskólamála á Norðurlöndum. Ýmsir forystumenn Háskóla Íslands skildu þegar í stað inntak og nauðsyn þessarar viðleitni, og má þar sérstaklega nefna þáverandi rektor, próf. Sigmund Guðbjarnason, og þáverandi talsmenn Viðskipta- og hagfræðideildar, prófessorana Árna Vilhjálmsson og Guðmund Magnússon. Meðal stjórnmalamanna ber að nefna röskeika og frumkvæði Sverris Hermannssonar menntamálaráðherra. Og í forystu samvinnuhreyfingarinnar má nefna Val Arnþórsson.

Nú er þessari frumbaráttu lokið og metnaðarfull framþróun stofnunarinnar heldur áfram. Fræðslustörf og skólastarfsemi eru

---

<sup>37</sup> Séra Guðmundur Sveinsson í einkaviðtali við höfund þessa rits undir árslok 1984.

orðin undirstöðuáttvinnuvegur í samfélaginu, undirstaða sem aðrir atvinnuvegir og önnur starfsemi hvílir á. Þannig ber að meta störf skólanna í landinu og þá ekki síður sérhæfðan og sérstakan skerf háskólastigsins. Auk annars er staða Samvinnuháskólans innan íslenska háskólastigsins sú að sem sjálfstætt fræðslufyrirtæki á markaði er þessi rekstrarfræðaháskóli mjög vel til þess fallinn að leita nýrra leiða, gera frjálsar og djarfar tilraunir, ryðja brautina fyrir aðra í anda nýsköpunar og með þeirri áhættu sem slíku fylgir.

Það er hverju nútímasamfélagi mikil nauðsyn að á háskólastiginu sé nokkur fjölbreytni og eggjunum dreift á nægilega margar körfur, æskileg keppni sköpuð milli stofnana og hæfilegt frjálsræði tryggt til örvunar, frumkvæðis og framþróunar.<sup>38</sup> Stöðugt eru vaxandi kröfur og þarfir um öflun og mótun þekkingar með rannsóknum og um úrvinnslu hennar, um túlkun niðurstaðna úr hvers konar rannsóknum, um rækilegan undirbúning athafna og framkvæmda og um þjálfun og fræðslu og miðlun þekkingar og leikni í því sambandi. Þessi viðleitni er í raun grundvallaratriði sjálfstæðs menningar- og atvinnulífs og nútímasamfélags sem hyggst halda í við nágrannaþjóðirnar í framför, menningu og velmegun. Meðal annars af þessum ástæðum er sérstaklega mikilvægt að skólar, ekki síst háskólastofnanir, séu ekki allir skipulagðir og starfræktir á sama hátt. Fjölbreytni, lipurð, sveigjanleiki, mismunandi skólagerðir og ólíkar aðferðir og leiðir eru m.a. forsendur þess að árangur verði sem mestur og bestur þegar á heildina er litið. Hafa verður í huga sem fyrr að fræðslustarfsemin er undirstöðuáttvinnuvegur tækni- og upplýsingaþjóðfélagsins. Viðleitnin til að móta og framfylgja heildarskipulagi og rammaáætlunum o.s.frv. er mikilvæg og sjálfsögð, en hún verður að markast af þörfinni á því að ná sem mestum og bestum árangri þegar á allt er litið. Yfirleitt er vægast sagt torvelt að sjá fyrir um eða reglubinda sköpunargleði, frjómátt og árangur tilrauna. Í öllu þessu geta litlu bátarnir í flotanum nefnilega reynst happadrjúgir og fengsælir ekki síður en stórskipin.

Í þessu efni ber sérstaklega að fagna þeirri keppni og jafnvel streitu sem vart hefur orðið í samskiptum íslenskra háskóla, eink-

---

<sup>38</sup> Það er lærdómsríkt að framhaldsskólabyltingin hér á landi gerðist án þess að fyrir hendi væru almenn lög um framhaldsskólastigið og jafnvel nutu menn einmitt frjálsræðisins og svigrúmsins sem af þessu hlaut. Hið sama á við um háskólastigið. – Ný lög um háskóla, nr. 136 frá 23. desember 1997, bera greinilega með sér viljann til að halda sem flestum skynsamlegum leiðum opnum til fjölbreytni, tilrauna og nýsköpunar í störfum æðri menntastofnana.

um Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. En rækt verður að leggja við að þessi keppni – og jafnvel streita – sé og verði frjó og uppbyggileg en ekki neikvætt niðurrif. Reyndar er ástæða til að ætla að vel hafi tekist til um mismun og mismunandi áherslur íslenskra háskólastofnana. Hvað rekstrarfræði snertir t.d. er alveg ótvíráður munur og heppileg fjölbreytni fyrir hendi.

## Gæði og þróun

Umræður hófust að verulegu marki undir lok níunda áratugar 20. aldar um gæðastjórnun í fræðslustarfi og um gæðakröfur til skólafstofnana og skólakerfisins, og þá jafnframt um vísivitaða þróunarstjórnun í skólamálu.<sup>39</sup> Eins og iðulega hefur orðið, var þetta endurómur þróunar í nágrannalöndunum. Í raun og veru eru slík umræðuefni ekki aðeins vitnisburður um áhyggjur af gangi mála heldur eru þær alls ekki síður styrkleikamerki. Þær sýna það m.a. að fræðslukerfið telur sig geta mætt og staðist kröfur sem til þess eru gerðar. En síðast en ekki síst sýna þessar umræður að almennt er viðurkennt að fræðslustarfið verður að lúta tilteknum skýrt mótuðum markmiðum, verður stöðugt að þróast og breytast, stöðugt að laga sjálft sig að breytilegu umhverfi og breytilegum og nýjum þörfum menningar, þjóðlífs, atvinnulífs og samfélags.<sup>40</sup>

Enda þótt fræðslustarfsemin hafi vissulega áhrif á framvindu samfélagsins er hún þó í grundvallaratriðum þjónustustarfsemi við samfélagið utan dyra skólanna sjálfra. Af sjálfu leiðir að aukning, framþróun og vöxtur háskólastigs og háskólafræðslu er liður viðtækrar atburðarásar og afleiðing margra þátta og alls ekki endilega sama sem „aukinn lærdómur“, hvað þá „aukin viska“ eða „mennska“ eða vöxtur í margrómuðum „frjálsum manngæðum“

<sup>39</sup> Þessi kafli er að nokkru leyti byggður á efnisatriðum úr greinum höfundar: Jón Sigurðsson. 1990. „Háskóli á Bifröst“. *Ný Menntamál*, 8. árg. 1. tbl. Reykjavík. – Jón Sigurðsson. 1994. „Gæðastjórnun í fræðslustarfi. Reynslan frá Bifröst“. *Viðskiptablaðið*, 2.–8.11.1994. Reykjavík. – Jón Sigurðsson. 1996. „Gæðamat í háskólastarfi. Umhugsunarefni varðandi háskólamál“. *Uppeldi og menntun*. Rvík.

<sup>40</sup> Meðal fjöldamargra heimilda um áherslur og áhuga á gæðamati og gæðastjórnun í fræðslustörfum nú upp á síðkastið má nefna t.d.: *Nefnd um mótun menntastefnu. Skýrsla*. Júní 1994. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið (bls. 91 og áfram). – Samþykkt aðalfundar Vinnuveitendasambands Íslands 16. maí 1995 um stefnu og markmið á sviði menntamála (*Af vettvangi*, 2. tbl. 8. árg. júní 1995, bls. 5–6).



*Gjöf NSS til Harðar Haraldssonar 1989.*

enda liggur það ekki fyrir af sjálfu sér að öll framvinda samfélagsins stefni upp og fram. Slíkum siðferðilegum og menningarsögulegum spurningum verður ekki reynt að svara að sinni, sjálfsagt verður þeim aldrei svarað, a.m.k. ekki svo að mörgum líki sama svarið í senn. Röksemdafærslur þessa rits hvíla á þeim almennu forsendum sem liggja til grundvallar samfélags- og efnahagsþróuninni almennt á Vesturlöndum nú um stundir, og hafa þær vitaskuld sams konar vankanta eða veikleika og þær forsendur bera í sér.

### Skilgreiningar

Samvinnuháskólinn á Bifröst er lifandi tákn þeirrar stefnu, sem að mestu er nýmæli á Íslandi, að fræðslustofnanir eigi að vera sjálfstæðar innan hæfilegs ramma og móta sér eigin markmið og reglur; þær eigi að bera ábyrgð á sjálfum sér, fjárhag sínum og starfsemi, og eigi að lúta með viðskiptalegum hætti þeim fræðslumarkaði, einstaklingum og samfélagi sem þær þjóna; og þær eigi að leitast við að taka stöðugri þróun og framförum samkvæmt þessum sjónarmiðum sem fræðslufyrirtæki á markaði.

Eins og áður segir selur Samvinnuháskólinn námsfólki tækifæri



til að láta gott af sér leiða í atvinnulífi og þjóðlífi og ná þar frama og góðum tekjum. Til þess að ná markmiðum sínum hefur sjálfs-eignarstofnunin Samvinnuháskólinn sett sér eigin reglugerð og starfsreglur. Meðal annars eru skólanum sett skýr markmið í Skipulagsskrá og með tilteknum millibilum, árlega að jafnaði, setur stofnunin sér tímabundin framkvæmda- og þróunarmarkmið.

Fræðslustofnun mætir alveg sérstökum vandamálum við stefnu-mótun sína og á það ekki síst við ef hún er markaðinum háð í rekstrarákvörðunum sem fræðslufyrirtæki. Á síðari árum hafa komið fram ný viðhorf og rannsóknaniðurstöður sem varpa ljósi á margvíslega þætti í slíkri starfsemi. Menn eru farnir að meta hana með mælistikum sem einatt var áður aðeins beitt á almenn atvinnufyrirtæki. Svonefnd gæðaviðhorf hafa mjög rutt sér til rúms á sviði fræðslumála á síðustu árum. Gæðaviðhorfunum fylgir nýr hugsunarháttur og nýtt mat á eigin störf og hlutverk fræðslustofnana, fyrirtækja, stjórnenda og starfsmanna. Að hugsunarhætti gæðastjórnunar kemur gagnrýni og sjálfsgagnrýni, nýbreytni og tilraunaviðleitni í stað fyrra virðuleika og stöðugleika, fyrirskipana og valdboðs. Gæðaviðhorfum fylgir jafnan sú vitund að nota beri og viðurkenna gagnrýni, umsögn og álit óháðra utanaðkomandi aðilja. Með gæðaviðhorfunum hættum „ég“ eða „við“ að ákveða „sjálfur“ eða „sjálf“ hvaðeina sem starfið snertir en tókum þess í stað á móti óskum og kröfum, væntingum og mati annarra óháðra aðilja sem úrslitavaldi um starf og stefnu. Þessir óháðu aðiljar eru viðtökuaðiljar þjónustunnar, „þegararnir“ eða í þessu atviki „fræðslumarkaðurinn“. Fræðslustofnanir verða þannig að vega og meta allt starf sitt eftir stöðugri þarfagreiningu með tilliti til markaðarins.

Ástæða er til að vekja athygli á nokkrum helstu vandamálum og skilgreiningarefnum sem fræðslustofnanir mæta þegar gæðamat stendur fyrir dyrum.<sup>41</sup>

\* Fyrst skal nefnt að til þess að gæðamat geti átt sér stað verður að svara spurningunni um það hverju eða hverjum fræðslustofnunin á að þjóna. Á hún í reynd, þegar öllu er á botninn hvolft, aðal-

---

<sup>41</sup> Sjá t.d.: Hunger, J.D., Wheelen, Th.L. 1993. *Strategic Management*. 4th Ed. Reading, Mass., Addison Wesley (13. kafli, „Strategic Issues in Not-for-Profit Organizations“, bls. 386–398). – Petersen, H.C., Lewis, W.C. 1986. *Managerial Economics*. New York, Macmillan (20. kafli, „Management of the Nonprofit Enterprise“, bls. 594–617). – Sharp, A.M. o.fl. 1990. *Economics of Social Issues*. 9th Ed. Homewood, BPU Irwin (3. kafli, „Economics of Higher Education“, bls. 74–101).



*Laufblaðsskjöldur á hraundranga á Bifröst.*

lega að þjóna eigin stjórnendum eða starfsmönnum, eða ríkinu eða þjóðfélaginu, eða menningunni, háleitum hugsjónum og jafnvel Guði, eða lítilmagnanum eða afburðamönnunum, eða ef til vill skólanefndinni, vinnuveitendum eða námsfólkinu? Þekkt markmið í þessum skilningi eru t.d. „vísindaleg þekking“, „vísindalegur sannleikur“, „óendanleg sannleiksleit“, „miðlun fagþekkingar“, „ad maiorem Dei gloriam“.

- \* Skilgreina verður hver markaður slíkrar stofnunar er, í merkingunni: mælistika árangurs og brennidepill athygli og eftirsóknar í starfseminni. Er hann einstaklingarnir í námsmannahópnum, eða fjölskyldur og forráðamenn þeirra, eða væntanlegir vinnuveitendur, eða samfélagið í heild, eða jafnvel eigin starfsmenn stofnunarinnar sjálfrar, kennararnir og rannsóknamennirnir? Þessi mælistika getur einnig verið samsett af öðrum þáttum og aðiljum.
- \* Þessu viðfangsefni tengist skilgreining á markhópi eða markhópnum stofnunarinnar. Hverjir eru þeir eiginleikar væntanlegra námsmanna sem einkum er leitað að og sótt eftir, aldur, fyrri skólaganga eða lífsreynsla eða önnur einkenni? Og við hvað er miðað fram undan, þ.e. áætlaður eða fyrirhugaður starfs- og lífs-

ferill námsmanna í framtíðinni? Í þessu efni skiptir máli t.d. hvers konar vinnustaði, starfsferil, skyldustörf o.þ.h. í framtíð menn hafa í huga í fræðslustarfinu. Sé tekið dæmi af rekstrarfræðum má spyrja hvort miðað er við almenn eða sérhæfð stjórnunarstörf o.þ.h.

- \* Spurt verður hver greiðir kostnað stofnunar. Er það ríkisvaldið eða samfélagið í einhverri annarri mynd, eða námsmennirnir sjálfir, eða einhver eða einhverjir aðrir? Áfram verður spurt hver ákveður hvað greiða skuli og hvaða kostnað skuli viðurkenna og hvern ekki. Ákveður greiðandinn þetta, eða einhver allt annar aðili?
- \* Og enn verður spurt í svipuðum anda hvernig verðleggja eigi þjónustu stofnunarinnar. Vitað er til dæmis að svo nefndur „eingarkostnaður“ og „jaðarkostnaður“ skiptir oftlega takmörkuðu máli þegar verið er að meta fræðslukostnað eins einstaklings til viðbótar á starfandi námsbraut fræðslustofnunar. Og hvernig á að tryggja að allt verði raunverulega greitt þegar um það sem hagfræðingar kalla „samgæði“ er að ræða að einhverju eða jafnvel miklu leyti og ekki er unnt að hindra tiltölulega frjálsan aðgang að „gæðunum“, eða skipta slíkar greiðslur ef til vill ekki máli? Hingað til hafa menn jafnvel ekki talið sig þurfa að vita neitt um þetta.
- \* Í matsgerðum verða menn að fjalla um það hve mikla þjónustu stofnunin á að veita, hve mörgum, hve lengi og að hve miklu marki. Þá verður spurt hvað sé nægileg þjónusta, námsaðstoð, ráðgjöf, leiðsögn og kennsla, og hvað er þá ófullnægjandi þjónusta, og hvað er prýðileg eða frábær þjónusta? Hver þekkir mörkin milli „hæfilegrar“ leiðsagnar og þeirrar nauðsynjar námsmannsins að „læra af mistökum“ og „hafa eitthvað fyrir þessu sjálfur“?
- \* Atriði sem þessu tengist er spurningin hvernig greina skuli sér-tækan kostnað stofnunarinnar frá almennum og sérstökum kostnaði samfélagsins, og hvernig greina skuli sértækar tekjur stofnunarinnar frá tekjum samfélagsins. Hvers konar kostnaðar- og nytjagreiðing getur upplýst framlag og skerf stofnunarinnar til þeirra sem hún á að þjóna, og öfugt? Þegar fjallað er um áhrif út fyrir stofnunina sjálfa og nánasta umhverfi og markhópa hennar beinist athyglin að svo nefndum úthrifum, og ef litið er til framtíðar má nota hugtakið langtíma-úthrif. Hver eru eða verða úthrifin af starfsemi? Hver verða langtíma-úthrifin að

líkindum, og hver skuldar hverjum eða á inni hjá hverjum þegar allt kemur til alls? Til skamms tíma hafa spurningar af þessu tagi ekki þótt skipta sérstöku máli, a.m.k. ekki fram settar á þennan hátt, en nú orðið er óhjákvæmilegt að fjallað sé um þær.

- \* Í tengslum við þau atriði sem nefnd hafa verið hljóta menn að skilgreina hver sá er sem mótar stefnu og stjórnar rekstri fræðslustofnunar. Eru einhver tengsl milli stjórnanda og markaðar og greiðanda? Ef einhver bein tengsl eru þarna á milli verður að skýra hvers eðlis þau eru nákvæmlega. Ef engin bein eða ótvíræð eða ábendanleg tengsl eru þarna á milli verður að gaumgæfa hvernig valdinu er þá háttað og hvers konar aðhaldi eða eftirliti stjórnandinn sætir. Hefur stofnunin sjálfðæmi? Ráða samtök starfsmanna ef til vill mestu þegar allt kemur til alls, eða ákvæði kjarasamninga, eða hefðhelgaðar starfsreglur, jafnvel óskráðar?
- \* Þetta vekur spurningar um það hver eða hverjir eru taldir eiga mest í húfi við, vegna eða varðandi tilveru stofnunarinnar. Ráða þeir einhverju um stofnunina?
- \* Í beinum tengslum við þessi atriði verður þá að skilgreina hvernig stjórnandi og stjórnendur eru valdir til forystustarfa við stofnunina, og jafnframt hver eða hverjir velja þá. Hvaða eiginleikar eru taldir mestu skipta við val stjórnanda? Er miðað við starfsaldur, lærdómstitla, einhverja virðingarröð, ef til vill miðað við virðulegt fas og roskinn aldur, eða við þjónustulipurð, fræðilega yfirburði, frægð eða fjárhagstengsl, ábyrgðartilfinningu, nýsköpunargleði – eða er jafnvel miðað við stjórnunarhæfileika? Minna má á að alkunna er að háskólamenn hafa lengi talið við hæfi að fyrirhlíta almenn stjórnunarsjónarmið viðskiptalífsins og hefur þessa mjög gætt í hefðbundnu háskólastarfi víða.<sup>42</sup>
- \* Mjög mikilvægt atriði við gæðamat í fræðslustarfi er að skilgreina og ná samstöðu um aðferð til að meta hvernig árangur

---

<sup>42</sup> Alþekkt er það sjónarmið að háskóli sé hafinn yfir öll lögmál rekstrar og venjulegrar stjórnunar enda val stjórnenda iðulega samkvæmt því. Ralf Dahrendorf fv. rektor London School of Economics kemst þannig að orði í bók um sögu þess skóla: „A university neither wants nor needs to be run“ (Sjá: Dahrendorf, R. 1995. *LSE: A History of The London School of Economics and Political Science 1895–1995*. Oxford University Press). – Og Peter F. Drucker segir: „There is nothing more reactionary than a liberal faculty in a university. It is the ultimate in reaction“ (Sjá: Drucker, P.F. 1993. *Managing for the Future: The 1990s and Beyond*. New York, Truman Talley).

fræðslustarfsins birtist. Hvar og í hverju birtist hann? Birtist árangur t.d. í siðferðilegum þroska námsmanna, eða í verklagi þeirra, dugnaði eða þrautseigju í störfum, skipulegum vinnubrögðum og skilvirku starfi eða í valdi þeirra yfir tilteknum þekkingaratriðum, eða jafnvel í auðæfum þeirra? Sést árangurinn í „auknu manngildi“, „menningarlegri“ ráðstöfun tómtunda, „skýrri“ hugsun, „gagnrýnni“ hugsun, eða jafnvel í þátttöku brautskráðra námsmanna í listum og „hámenningarlífi“? Þekktar mælistikur eru t.d. að árangur sjáist í vaxandi hagnaði fyrirtækja sem fyrrverandi námsmenn starfa við, eða í auknum bóklestri eða aðsókn að leiksýningum, eða í „hærra menningargstigi þjóðarinnar“ yfirleitt. Og þá spyrja menn einnig hvað í ósköpunum slíkt merki og hvernig það skuli þá metið. Stundum hefur jafnvel verið spurt hvort árangurinn birtist ef til vill í hjálpssemi brautskráðra námsmanna við lítilmagna, eða í harðvítugri lífsgæðasókn og eiginhagsmunapoti.

- \* Í beinu framhaldi þessa verður spurt hvenær árangur fræðslustarfsins birtist. Kemur hann í ljós einu ári eftir að námi lýkur, eða innan fimm ára, eða hálfum eða heilum mannsaldri síðar? Hvað í þessum síðbúna árangri er þá beinlínis afleiðing fræðslustarfsins, og hvað er að einhverjum hluta árangur fræðslustarfsins? Og hver á að meta slíkt og hvernig? Löngum hafa menn viljað lifa eftir þeirri kenningu að ef til vill sé best að leiða þetta alveg hjá sér, þetta sé of háspekilegt. Þeir sem hneigjast að mælistikum atvinnulífsins hafa aftur á móti spurt hvað um fræðslustarfsemina verði ef hún sætir almennum fyrningarreglum.
- \* Og áfram verður spurt: Þegar nú árangurinn loksins birtist, hvað sannast þá að nýtast af fræðslustarfinu, og hvað hefur gagnast meira eða betur en eitthvað annað af því sem kennt hafði verið?
- \* Við þessi nýju skilyrði og viðhorf í rekstri fræðslustofnana verður um það spurt hver sé raunveruleg áhætta stofnunarinnar. Verða menn nokkru sinni í raun dregnir til ábyrgðar? Þá spyrja menn og hvernig unnt sé að afhjúpa mistök. Og þó enn frekar: Hvernig er unnt að komast hjá því að alvarleg mistök eigi sér stað? Hvernig og í hvaða skyni á að leysa úr ágreiningi í störfum, eða er það frjótt og skapandi að hafa stöðugan ágreining og átök? Er ekki beinlínis hættulegt að hafa of góðan frið í slíkri stofnun? Þetta skiptir miklu varðandi stefnumótun og þróunarstjórnun.
- \* Í ljósi allra þessara skilgreiningarefna verður að meta hvaða

mælistikur á að nota við stjórnun og ákvarðanir. Nýju ljósi verður þannig brugðið á það hvernig meta skal námsárangur, semja verkefni og próf, eða vega og meta frammistöðu kennara og rannsóknamanna. Og hver á að meta hvern? Hvaða mælistikum á að beita til að greina það hvort námsmaður stendur sig vel eða illa, eða hvort kennari vinnur fyrir kaupinu sínu eða ekki? Og hvaða máli skiptir slíkt mat?

- \* Og enn í þessu samhengi verður að sjá hvernig teknar verða ákvarðanir um breytingar og framþróun í starfseminni.
- \* Mikilvægt er að kannað verði hvernig haga má málum stofnunarinnar þannig að sérfræðingar, kennarar og rannsóknamenn njóti sín sem best og fái sem mestu og bestu áorkað. Hvernig er í verki unnt að örva þá og hvetja en setja þeim um leið hæfilegt aðhald og ábyrgð? Í árangursríku starfi sérfræðingsins og vísindakönnuðarins þarf svigrúm, frjálsræði, tilraunagleði, nýjungagirni og leitaráhuga. Í starfi kennarans, fyrirlesarans, leiðbeinandans og verkefnisstjórans þarf vinnugleði, áhuga á námsfólkinu og aðstöðu þess, tilfinningu og hlýju. Þar sem stöðugt á að sækja fram þarf að viðurkenna viljann fyrir verkið þegar eitt-hvað tekst ekki fyllilega en einlæglega hafði verið reynt. Hér þarf því augljóslega alveg sérstaka gerð stjórnunar, alveg sérstaka stjórnunarháttu, sem sameina frelsi og ábyrgð með árangursríkum og markvísum hætti.<sup>43</sup> Sérstaðan skýrist enn við það að háskólastofnunum er flestum stjórnað meira eða minna með svo kölluðu akademísku jafningjalyðræði á t.d. deildarfundum eða í öðrum sambærilegum ráðum þar sem kennarar og rannsóknamenn koma saman.
- \* Margar þessara spurninga lúta beint að kjarna málsins: Hvað er eiginlega verið að bjóða: Mannauð, menntun, menningu, siðferði, þroska, þekkingu, vitneskju, skilning, leikni, þjálfun, vinnulag, verksvit, handtök, viðhorf, dugnað, stundvísi, nýjungagirni, staðfestu, samviskusemi, skyldurækni, sýndarmennsku, mont? Er í reynd verið að styrkja yfirstéttarstöðu námsmannanna? Hvað merkja þessi orð? – Eða hvað merkir það sem áður segir varðandi Samvinnuháskólann: „Tækifæri til að láta gott af sér leiða í atvinnulífinu og komast þar til frama og velgengi“? –

---

<sup>43</sup> Þessi atriði snerta sjálfan innsta kjarna þessa fræðslustarfs. Sjá t.d.: Katz, R. (ritstj.) 1988. *Managing Professionals in Innovative Organizations. A Collection of Readings*. Cambridge, Mass., Ballinger Publishing Co.

Af þessum orðum má ýmislegt ráða um markað Samvinnuháskólans og um það tímamið sem tekið er, en hvernig má umfram það íklæða þessi fallegu orð raunverulegu innihaldi og framkvæmd í verki?

- \* Með öll þessi fallegu orð og háleitu hugtök í huga má enn spyrja: Hvernig á eiginlega að meta hagkvæmni, nýtni, gjörnýtingu, skilvirkni og háþörfun árangurs úr þessu starfi öllu? Eða þarf ekki að mæla neitt af þessu? Margir hafa haldið því fram að þessar mælistikur séu fræðslustarfinu eiginlega óviðkomandi, en framvinda samfélagsmálanna knýr skólamaður til að endurskoða þá afstöðu.
- \* Æskilegt væri að nefna nokkur ljós og jarðbundin einstök dæmi til skýringar þeim málflutningi sem hér er haldið uppi. Hér verður aðeins þrennt nefnt: Ýmislegt bendir til að úrslitum ráði á ferli ábyrgðaraðilja í atvinnulífinu að hann eða hún geti sagt „Nei“ og staðið við það þrátt fyrir óvinsældir, þrýsting, erfiðleika og annað. Hvernig verður slíkt kennt? Í öðru lagi bendir margt til þess að úrslitum ráði á ferli ábyrgðaraðilja í atvinnulífinu að hann eða hún geti komist á fætur fátækur eða fátæk eldsnemma að morgni í manndrapsbyl með allt í kaldakoli heima fyrir, farið í vinnuna og skilað brýnu verkefni með skynsamlegri og hófsamlegri ákvörðun á tilsettum tíma. Hvernig verður slíkt undirbúið, kennt eða þjálfað? Enn skal nefnt að í blaðaviðtali segir kunnur forystumaður í dönsku viðskiptalífi að „almenn skynsemi og orðheldni eru mikilvægustu eiginleikar forystumanns“.<sup>44</sup> Hvernig á að kenna slíkt?
- \* Margar þeirra spurninga sem hér hafa verið lagðar fram víkja beint eða óbeint að þeirri staðreynd að langflestar menntastofnanir voru stofnsettar og hafa verið starfræktar vegna áhuga, metnaðar eða stefnuskrár stjórnvalda, aðals- eða auðmanna, eða tiltekinna samtaka. Þær hafa því að upphafi mótast fyrst og fremst af frumkvæðisvilja stofnenda og eigenda en ekki af því að einhverjir viðtökuaðiljar eða „þegar“ kölluðu eftir þjónustunni í einmitt þeirri mynd sem hverri stofnun var gefin. Í þessum stofnunum kemur stjórnun, stefnumótun og fjármagn einatt „að ofan“ og án beins tillits til eða umhugsunar um „markað“ eða óskir á „markaði“. Þessar stofnanir komast því í nokkurn vanda

---

<sup>44</sup> Gerhard Albrechtsen forstjóri NKT í viðtali við danska dagblaðið *Børsen* 1. september 1995: „Sund fornuft og ordholdenhed er de vigtigste egenskaber hos en leder.“

þegar þær standa allt í einu frammi fyrir þeirri kröfu að finna og skilgreina „markað sinn“ og að þjóna honum umfram allt. Þær voru stofnsettar í þeim anda sem lengst af hefur verið kenndur við rómverskan höfðingja og auðmann sem hét Gaius Maecenas.<sup>45</sup> – Mjög eðlilegt er að menn vilji athuga á gagnrýninn hátt hvernig þessi „mesenat“-hefð stenst kröfur samfélagsins á dögum okkar, og hvort hún sé jafnvel orðin alveg fráleit.

## Órofa heild

Í framkvæmd eru gæðastjórnun og þróunarstjórnun samofnar í Samvinnuháskólanum. Stjórnkerfi skólans byggist á því að fundir kennara og sérfræðinga í Fræðslu- og rannsóknaráði, sem forðum var kallað kennarafundur, ráða á mörgum en afmörkuðum sviðum; Framkvæmdaráð með fulltrúum starfsmanna og námsmanna á öðrum sviðum, rektor fer með tiltekin mál, en Skólanefnd hefur yfirumsjón, fjárhagslega yfirstjórn og ákvarðar um reglugerð og ráðningu starfsmanna. Skólanefnd er þannig mynduð að Framkvæmdaráð skipar einn fulltrúa, Nemendasamband Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans skipar einn, Menntamálaráðherra skipar einn og Vinnumálasambandið skipar tvo.<sup>46</sup> Skólanefnd ræður rektor Samvinnuháskólans til fjögurra ára í senn, að undangengnum úrskurði dómnefndar og skoðanakönnunum meðal kennara, annarra starfsmanna, námsmanna og áður brautskráðra námsmanna innan Nemendasambandsins. Óháðar dómnefndir eru einnig til kvaddar við ráðningu í lektorsstöður og stöður með æðri akademískum starfstítlum, svo og til að meta rannsóknar- og ráðgjafarverkefni kennara og sérfræðinga á hverju starfsári. Að líkindum er Samvinnuháskólinn á Bifröst fyrsti háskólinn á Íslandi sem

---

<sup>45</sup> Gaius Maecenas var á dögum um það bil árin 70–8 fyrir Krists burð, góðvinur Ágústusar keisara og hollvinur skáldanna Virgiliusar, Própertíusar og Hóratíusar. Hóratíus getur hans með hlyhug og þakklæti. – Orðið „mesenat“ er til í ýmsum myndum á helstu Vesturlandatungum.

<sup>46</sup> Þannig er skipun Skólanefndar samkvæmt breytingum á Skipulagsskrá sem Dómsmálaráðuneytið staðfesti í september 1995, en áður tilnefndu sömu aðiljar en ráðherra skipaði. Varamenn eru skipaðir á sama hátt af sömu aðiljum. Vinnumálasambandið hefur í fulltrúum sínum erft hluta af fyrri tengslum Sambands ísl. samvinnufélaga við skólann, en áður en skólinn varð sjálfseignarstofnun skipaði stjórn Sambandsins fjóra og ráðherra einn í skólanefndina.



veitir brautskráðum námsmönnum fulltrúa í stjórnarnefnd og sérstakan rétt til íhlutunar um rektorsráðningu.

Stjórnerfi Samvinnuháskólans er þannig blanda af akademísku jafningjalýðræði, aðild námsmanna og starfsmanna, starfi rektors, yfirumsjón óháðrar stjórnarnefndar og íhlutun óháðra dómnefnda. Rektor er ráðinn til fjögurra ára í senn. Hann er fremstur meðal jafningja en hefur einnig vald framkvæmdastjóra á tilteknum sviðum og með formlega afmörkuðum hætti. Stjórnskipan Samvinnuháskólans á Bifröst er mótuð með það fyrir augum að ná bestu eiginindum háskólastjórnskipunar á Vesturlöndum án þess að þær verstu fylgi með. Að sönnu veldur ævinlega hver á heldur en ráð er gert fyrir því að slakni einn þáttur muni annar taka meira á. Enn og aftur er hér leikið saman á strengi frjálsræðis og ábyrgðar. Stjórnskipanin miðar beinlínis að því að svara framar skráðum spurningum á jákvæðan, kröfuharðan og metnaðargjarnan hátt með árangur og velgengni námsmanna og önnur markmið skólans að leiðarljósi.

Með ýmsum formlegum ákvæðum reglugerðar er ákvarðað að gæðastjórnun og þróunarstjórnun skuli jafnan í hávegum hafðar í Samvinnuháskólanum. Í ljósi markmiða og sérstöðu Samvinnuháskólans má segja að gæðastjórnun hans miði að því að afla jafnt og þétt og meta jafnharðan upplýsingar um fræðslu- og þjálfunarþarfir atvinnulífsins, einkum að því er snertir forystulið og sérmenntaða millistjórnendur. Samkvæmt þessu stöðuga mati og endurmati setur stofnunin sér síðan með almennri þátttöku kennara, sérfræðinga og annarra starfsmanna framkvæmanleg og raunhæf framkvæmdamarkmið frá ári til árs en á grundvelli þeirra er einstökum verkefnum síðan úthlutað og þau unnin. Auk kennara og annarra starfsmanna koma námsmenn mjög að þessari vinnu, bæði með sérstökum matsgerðum og með aðild fulltrúa í Framkvæmdaráði.

Árlega fjalla kennarar sameiginlega í Fræðslu- og rannsóknaráði um námsvísi og námsáætlanir komandi skólaárs og afgreiða sameiginlega fyrir alla fræðslu skólans. Skipting viðfangsefna í tilgreind afmörkuð námssvið og námskeið er einnig ákveðin sameiginlega á þessum fundum árlega. Í upphafi hvers misseris leggur hver kennari fram ýtarlega kennsluáætlun sína og í misserislok er hún endurskoðuð. Á sama hátt leggja kennarar fram áætlanir um rannsóknaverkefni sín sem eru kynntar á fundi í Fræðslu- og rannsóknaráði og að tímabili loknu er á sama hátt fjallað um skýrslur um rannsóknir, ritstörf og ráðgjafarstörf sem unnin hafa verið.

Námsmenn leggja á hverju misseri dóm á fræðslustörf hvers kennara, og er fjallað sameiginlega um álitserðir þeirra í Fræðslu- og rannsóknaráði eftir hvert misseri. Þetta nemendamat hefur skipt verulegu máli í þróun Samvinnuháskólans. Einnig leika óháðar dómnefndir, sem utanaðkomandi aðilar skipa að mestu leyti, mikilvægt hlutverk, t.d. um umsóknir um störf, um mat á rannsókn- og ráðgjafarverkefnum og um starfsframa. Þessar dómnefndir eru þannig myndaðar að Fræðslu- og rannsóknaráð skipar einn fulltrúa, Skólanefnd Samvinnuháskólans einn og Menntamálaráðuneytið skipar einn.

Talsverð áhersla hefur verið lögð á að veita kennurum tækifæri til að sækja námskeið og ráðstefnur innan lands og erlendis og jafnvel hafa verið fengnir sérfræðingar, m.a. á sviði kennslufræði og fræðslustjórnunar, til að halda sérstök námskeið fyrir kennarana. Kennarar hafa einnig fengið tækifæri til að halda starfsfræðslunámskeið í tengslum við fyrirtæki í atvinnulífinu og öðlast þannig aukin tengsl, þekkingu og reynslu af vettvangi. En starfsfræðslunámskeið hafa lengi verið gildir þáttur í starfi skólans eins og áður hefur komið fram.

Kennarar við Samvinnuháskólann eru ekki ráðnir til að sinna um tiltekið fræðasvið eða deild heldur eru þeir ráðnir til stofnunarinnar í heild. Þannig „á“ enginn kennari „sitt eigið“ einkasvið í starfi enda þótt vitanlega sé verkefnum skipt í samræmi við menntunar- og reynsluforsendur hvers og eins. Enginn er æviráðinn eða með fasta opinbera skipun í starf enda njóta starfsmenn Samvinnuháskólans ekki starfsöryggis embættismanna ríkisins. Allar starfsreglur, kennslufræðilegar reglur o.s.frv. eru sérstaklega samdar í skólanum sjálfum, m.a. með hliðsjón af opinberum reglum og fjölþjóðlegri reynslu og af sérstöðu og sérstökum markmiðum skólans.

Í starfi sínu eru kennarar og stjórnendur Samvinnuháskólans í talsverðum tengslum við atvinnulífið og einnig við brautskráða námsmenn og vinnuveitendur þeirra, en þessi tengsl hafa mjög verið notuð til þess að afla upplýsinga um þarfir og óskir atvinnulífsins, um gæði og virkni þeirrar fræðslu og þjálfunar sem skólinn veitir og um ábendingar og tillögur til úrbóta og framþróunar. Þetta hefur verið gert bæði formlega og óformlega og jafnt af hálfu stjórnenda skólans sem kennara og samtaka námsmannanna. Vitað er að mikil tengsl og fylgni eru milli starfsframa og atvinnutækifæra brautskráðra námsmanna annars vegar og hins vegar aðsóknar góðra umsækjenda að skólanum. Einnig þess vegna hefur verið og

er lögð sérstök rækt við tengsl og upplýsingaöflun á þessum vettvangi.

Til marks um þessa sérstöku áherslu má nefna á ný fulltrúa brautskráðra námsmanna í Skólanefnd Samvinnuháskólans. Enn fremur ber að geta þess að við undirbúning nýrrar Rekstrarfræðadeildar II. sem veitir B.S.-gráðu var sérstaklega leitað til fjölmenns hóps óháðra ráðgjafa til umsagnar, athugasemda og ábendinga. Voru þeir valdir meðal stjórnenda, sérfræðinga og menntaðra starfsmanna í öðrum trúnaðarstörfum við atvinnufyrirtæki og stofnanir atvinnulífsins víðs vegar um landið.

Mikilvægur þáttur í gæða- og þróunarstjórnun Samvinnuháskólans er sérstök fundalota stjórnenda og kennara á hverju ári. Er þá einkum fjallað um gæði og árangur, tiltekin tímabundin stefnuverkefni og um þróunaráætlun nokkurra næstu missera eða ára hverju sinni. Á þessum fundum er unnið úr margs konar upplýsingum og gögnum til að gagnrýna og endurmeta þann árangur sem náðst hefur, þau vandamál sem risið hafa og til að ná enn betur gæðamarkmiðum, endurskoða þau og móta Samvinnuháskólanum markvissa stefnu við breytilegar aðstæður. Þannig er stöðug þarfa greining og eigin skilgreiningar- og hugmyndavinna í gangi við Samvinnuháskólann. Sem dæmi um slík þróunarmarkmið og -verkefni má á ný nefna undirbúninginn að námsbraut til B.S.-prófs og einnig sjónarmið og leiðir til að tryggja sem best æskilega alþjóðavæðingu og Evrópuvæðingu í fræðslustörfum, námsefni og vinnubrögðum.

Í háskóla sem leggur þyngstu áherslu á fræðslustörfin skiptir stöðug nýsköpun og framþróun í námsefni og einstökum námssviðum og námskeiðum skólans mestu máli. Jafnt og þétt vinna kennarar og stjórnendur Samvinnuháskólans að þessum efnum, að því að kynna sér ný rit, bækur og tímarit og tölvutækt efni, nýjar kenningar og hugmyndir og nýjar rekstrar- og viðskiptalegar, efnahagslegar og samfélagslegar aðstæður. Á hverju ári verða meiri eða minni breytingar á öllu námsefni og skiptingu námssviða. Samtímis er unnið úr upplýsingum um kennsluáðferðir og árangur starfsins, m.a. upplýsingum úr matsgerðum námsmanna á hverju misseri, en fulltrúar námsmanna í Framkvæmdaráði Samvinnuháskólans taka einnig þátt í þessu starfi. Í kennslustofunni, fyrirlestrasalnum, verkefnastofunni og lesstofu námsmannsins slær hjarta fræðslustarfsins og megináhersla er lögð á æskilegan framgang þess.

Þau atriði sem hér hafa verið nefnd í andráníni má taka saman í stutt yfirlit þannig:

- \* Stofnunin gerir sér formlega og skráða stefnuyfirlýsingu og yfirlit um öll helstu starfsmarkmið, bæði um næstu áfanga og misseri og einnig til lengri framtíðar. Í þessari stefnulýsingu og framtíðarsýn eru jafnframt ákvæði um helstu leiðir að markmiðunum. Stöðugt og með föstu millibili er þannig gerð sjálfsmýnd stofnunarinnar og mælistikur fyrir alla starfsemina, með virkri aðild stjórnenda, starfsmanna og fulltrúa námsmanna.
- \* Á grundvelli þessara formlegu skjala eru gerðar lýsingar námsbrauta og námskeiða, námsvísar og námslýsingar og endurskoðaðar reglulega.
- \* Fræðslan fylgir rækilegum kennsluáætlunum með nákvæmum efnisatriðum, mælistikum, rökstuðningi, námsmati, tilvísunum til rita og gagna o.s.frv., sem sett eru á blað fyrirfram og námsmenn hafa í höndum frá byrjun. Kennarar vinna þessar áætlanir og hafa fengið þær ræddar og staðfestar fyrirfram og eru bundnir af þeim. Eftir á er gert sams konar kennsluyfirlit um hvert námskeið.
- \* Í þessum formlegu skilmálum hafa námsmat og próf eðlilegan sess og sæta stöðugri athugun og samanburði samhliða öðrum þáttum. Í því efni skiptir t.d. máli á háskólastigi að lagt sé mat á upphafsstöðu námsmanna og árangur starfs og náms metinn að loknum hverjum áfanga í slíku ljósi. Allt námsmat og próf verða að standast eigið innra mat og röksemdir og lúta markmiðum starfsins, jafnt um efni, form, umfang, tíðni, mælistikur og annað.
- \* Viðurkennt er að fræðsla er annars vegar afhending og miðlun og hins vegar viðtaka eða móttaka í stöðugri þróun þar sem ævinlega má gera betur og ber að gera betur og að jafnan verður að fylgjast með framvindunni utan dyra skólans. Leitast er við að tryggja að tekið verði tillit til sjónarmiða „markaðarins“, þeirra sem eiga að njóta þeirrar þekkingar og eiginleika sem brautskráðir námsmenn bera með sér að loknu námi.
- \* Enginn kennari „á sitt eigið“ svið heldur er áhersla lögð á sam-eiginlegar ákvarðanir, undirbúning, framkvæmd og frágang. Allir sæta aðhaldi og meðdómendum í starfinu, og fyrir hendi eru einhver skýr takmörk á atvinnuöryggi kennara, rannsóknamanns og stjórnanda. Staða háskólakennara er mjög sérstæð þar sem

hann er fullgildur meðstjórnandi og að sumu leyti sjálfstæður sérfræðingur, eiginlega verktaki á eigin ábyrgð, og að öðru leyti jafnframt sjálfstæður deildar- eða verkefnisstjóri. Hér er því um að ræða mjög viðkvæmt atriði sem snertir grundvallarþætti í stöðu háskólakennara.

- \* Áhersla er á það lögð að viðfangsefnin eru meira og minna sameiginleg, og t.d. fjalla jafningar saman um flest það sem lýtur að fræðslustarfinu, kennararnir í sameiginlegum hópi fleiri eða færri. Meðal slíkra sameiginlegra verkefna er skipulag og skipting námsbrautar í einstök námsvið og námskeið svo að dæmi sé nefnt. Afskiptasemi allra áhugasamra starfsmanna og námsmanna, og jafnvel annarra, er vel þegin og viðurkennd.
- \* Nemendur gefa kennara álit sitt á kennslunni, þ.á m. á fyrirlestrum, leiðbeiningum, athugasemdum, leiðsögn, gögnum o.fl. Þetta álit er gert fyrir hvert einasta námskeið og námsvið á eyðublöðum sem sameiginlega hafa verið undirbúin með aðild kennara, námsmanna og stjórnenda stofnunarinnar. Niðurstöður matsins eru síðan lagðar fram þannig að ekkert verði rakið til einstaklinga í hópi námsmanna. Útfyllt eyðublöð eru ekki einkamál hvers kennara heldur þvert á móti lögð fram öllum öðrum kennurum og stjórnendum til vitundar og umræðu, að loknu hverju misseri fyrir sig.
- \* Stöðugt eiga sér stað sameiginlegar umræður og tilraunastarfsemi um kennsluhætti, sókn að markmiðum, um kennslufræði og kennslufrákvæmd, um fræðsluefni, kennslugögn og -áhöld, námsefni og námsbækur o.s.frv. Viðhorf og aðferðir gæðastjórnunar, og altækrar gæðastjórnunar eða algæðastjórnunar, eru þekkt, viðurkennd og skipulega hagnýtt í starfinu – ekki sem tímabundið verkefni eða átak heldur sem stöðugur starfsþáttur í grunnskipulagi stofnunarinnar.
- \* Óháðar dómnefndir sem utanaðkomandi aðilar skipa að mestu eða öllu leyti eru fastur þáttur í starfi og ákvörðunum, t.d. um umsækjendur um störf, um rannsóknir og önnur sambærileg verkefni starfsmanna, um framgang og starfsframa o.s.frv. Í starfi þessara dómnefnda þarf vitanlega að taka tillit til stefnulýsingar og annarra skipulagsheimilda, m.a. til að tryggja frjó og árangursrík tengsl rannsókna og fræðslu um leið og vísindalegt frelsi háskólakennara og rannsóknamanna er virt.
- \* Með ákveðnu millibili, einu sinni eða tvisvar á ári, er efnt til fundalotu starfsmanna og stjórnenda, gjarnan með völdum gest-

um, um framvindu, framþróun, sjálfsgagnrýni og umbætur í starfinu. Til þessara funda er einnig boðið einhverjum fulltrúum eða talsmönnum þess umhverfis sem stofnunin þjónar eða a.m.k. sérstaklega fjallað um aðstæður, óskir og framvindu þessa umhverfis stofnunarinnar. Það er jafnan viðurkennt að stofnunin hlýtur að taka staðfestingu sína, „afsökun fyrir tilveru sinni“, utan frá, frá þeim aðiljum sem starfið miðast við og á að þjóna. Þessi þjónustuvitund við aðra aðilja er undirstaða gæðaviðhorfanna, vitundin um „markað“ sem verður að rækja og þjóna í stöðugri þróun og verðandi.

Það skiptir ákaflega miklu máli að í framkvæmd og útfærslu takist að rökstyðja alla þætti í starfsemi fræðslustofnunarinnar með tililiti til þeirra heildarmarkmiða og sérstöku hlutamarkmiða sem um er að ræða. Því verður m.a. að tengja allt starfið við þau skilgreiningarefni sem hér hafa verið nefnd.

## Matsferlið

Um þessar mundir eru miklar umræður í nágrannalöndunum um gæðastjórnun í fræðslustarfi, mótun akademískra gæðakrafna, matsgerðir og úttektir á háskólastofnunum. Vinnubrögð í þessu efni eru fyrir löngu komin í nokkuð fastar skorður vestan hafs og þar er mjög mikil reynsla fyrir hendi á þessu sviði. Nú þegar hafa einnig mótast venjur og viðmiðanir í þessu efni í mörgum Evrópulöndum og liggur fyrir að héraðs verður við þær miðað að miklu eða jafnvel mestu leyti, trúlega ekki síst vegna þess að Norðurlöndin koma þar við sögu.<sup>47</sup> Þegar þetta rit var skráð var slík akademísk úttekt og gæðamat á starfsemi Samvinnuháskólans í undirbúningi enda hafði skólinn óskað eftir því við Menntamálaráðuneytið og ráðuneytið ákvarðað um málið 1994 sem þátt í viðurkenningu námsbrautar til B.S.-gráðu við skólann. Þessari úttekt lauk í ársbyrjun 1997, og er hennar getið nánar á öðrum stað í þessu riti.<sup>48</sup>

<sup>47</sup> Akademísk úttekt á Verkfræðideild Háskóla Íslands 1993 var að vísu unnin af bandarískri stofnun, ABET (þ.e.a.s. Accreditation Board for Engineering and Technology).

<sup>48</sup> Sjá: *Skýrsla stýrihóps: Úttekt á viðskipta- og rekstrarfræðimenntun í Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Samvinnuháskólanum á Bifröst og Tækniskóla Íslands*. Reykjavík, apríl 1997, Menntamálaráðuneytið. Enn fremur: *Skýrsla ytri matshóps*: (sami titill sem ofar). Reykjavík, janúar 1997, Menntamálaráðuneytið.

Í sem allra stystu máli er ráð fyrir því gert um þessar mundir að akademískt gæðamat og úttekt á starfsemi fræðslustofnunar feli þessa þætti í sér:<sup>49</sup>

- \* Verkefnið hefst með formlegum samningi um málið milli stofnunarinnar og þess eða þeirra aðilja sem annast matsgerðina.
- \* Fyrstu áfangar verkefnisins felast í því að stofnunin sjálf gerir mjög rækilega lýsingu á eigin starfsemi í öllum einstökum atriðum, svo og yfirlit um eigin markmið og mælistikur. Í þessari lýsingu gerir stofnunin jafnframt eigin úttekt og leggur eigið gæðamat á sjálfa sig og rekur auk þess helstu þróunarverkefni og fyrirætlanir til framfara og úrbóta sem þegar eru fyrir hendi innan stofnunarinnar sjálfar. Þetta sjálfsmat og sjálfsúttekt er býsna viðamikil verkefni sem liggur öllum síðari áföngum og aðgerðum til grundvallar.
- \* Matsaðili eða matsaðiljar skipa sérfræðinganefnd sem tekur verkefnið að sér.
- \* Eftir að matsaðiljar hafa haft tækifæri til þess að kynna sér sjálfsmatið og meðfylgjandi greinargerð stofnunarinnar og önnur gögn heimsækir sérfræðinganefndin stofnunina og á viðtöl við starfsmenn, stjórnendur, námsmenn og aðra þá sem máli eru taldir skipta. Heimsóknin tekur 2-4 daga eða svo. Á undan heimsókninni fer sérstakur undirbúningur og viðræður, t.d. stutt undirbúningsheimsókn fulltrúa nefndarinnar, til að tryggja að allt sé til reiðu og tími nefndarinnar nýtist sem best.
- \* Í lok heimsóknarinnar er ráð fyrir því gert að talsmaður sérfræðinganefndarinnar geri stofnuninni, stjórnendum og starfsmönnum, á sameiginlegum fundi almenna grein fyrir helstu niðurstöðum nefndarinnar a.m.k. í stórum dráttum. Þannig er að því stefnt að óvissu sé eytt þegar í stað.
- \* Nefndin leitar frekari upplýsinga eftir þörfum.
- \* Nokkru eftir heimsókn sérfræðinganefndarinnar er skýrsla

---

<sup>49</sup> Hér er aðallega fylgt evrópskum fyrirmyndum. Sjá t.d. *European Pilot Projects for Evaluating Quality in Higher Education*. Guidelines for Participating Institutions. November 1994. Gefið út á vegum stjórnar Evrópusambandsins (Um er að ræða tvær skýrslur með sama titli og frá sama aðilja). Sjá einnig: Acherman, H.A. 1988. *Quality Assessment by Peer Review. A new area for university cooperation* (Skýrslur þessar hefur höfundur fengið hjá Menntamálaráðuneytinu). – Fägerlind, I. 1992. *Evaluation of Education. Examples from an International and Comparative Perspective*. Dijon, CESE. – *Quality management and quality assurance in European higher education. Methods and mechanisms*. 1993. Luxembourg, Commission of the European Communities.

hennar afhent, bæði stofnuninni og því ráðuneyti, háskólaráði eða öðrum þeim yfirvöldum sem málið varðar.

- \* Stofnunin fær tækifæri til andsvara, skýringa, athugasemda og leiðréttinga.
- \* Málið fer síðan til frekari úrvinnslu eða ákvarðana stofnunarinnar eða yfirvaldanna. Í þessum áfanga er einkum gert ráð fyrir því að rætt sé og ákvarðað um sérstakar athafnir og aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar á grundvelli úttektarinnar, og í annan stað er ákvarðað um endurtekið mat og þann tíma sem líða skal áður en að því kemur.
- \* Í sjálfu sér er ekki ráð fyrir því gert að gripið verði til neinna sérstakra aðgerða í beinu eða fyrirskipuðu framhaldi þessa akademíska gæðamats. Áhersla er á það lögð að fá jákvæða þátttöku stofnana og starfsmanna og því hefur umræðum um „frekari aðgerðir“ eiginlega verið frestað til framtíðarinnar, og alls ekki er minnst á „viðurlög“. Meginverkefnið á þessu stigi er að fá fram rækilegt og ýtarlegt sjálfsmat og sjálfsúttekt stofnana og að fjalla um þann grundvöll á vandaðan fræðilegan og umbótahvetjandi hátt.
- \* „Gæði“ í þessu verkefni eru skilgreind sem uppfylling eigin sjónarmiða, væntinga og stefnumiða, eigin óska og krafna stofnunarinnar sem í hlut á. Lögð er áhersla á að stofnunin leggi skipulagsheimildir, reglugerðir o.þ.h. fram sem kveða á um þessi markmið og þau sjónarmið sem mestu eru talin skipta. Alveg sérstök áhersla er á það lögð í heimildum um slík verkefni að matsaðili leggur ekki upp með fyrir fram ákveðin sjónarmið um „gæði“ eða mælistikur sem ákveðnar hafa verið fjarri stofnuninni sem í hlut á. Að sama skapi er til þess ætlast að stjórnendur og starfsmenn stofnunarinnar vandi vel og rækilega skýrslu sína og greinargerðir enda er þar að finna grundvöll verkefnisins.
- \* Akademískt gæðamat og úttekt á starfsemi fræðslustofnunar felur m.a. í sér mat á kennslunni og á rannsóknarverkefnum, svo og á stjórnsýslu og stjórnskipulagi stofnunarinnar og skilvirkni þess. Fjallað er um skipulagsheimildir, starfsreglur, og um forsendur kennara og námsmanna eins og þær birtast í menntun, starfsreynslu o.fl. Þá er reynt að grafast fyrir um innbyrðis tengsl allra þessara þátta. Raktar eru námslýsingar, kennsluáðferðir, námsgögn, gerð verkefna og prófa og námsmat. Tengsl og staða stofnunarinnar eru könnuð. Lagt er mat á ákvarðanaferli og verklagsreglur.



- \* Fleiri atriði koma til álita og er þá gerð grein fyrir hverju um sig í upphaflegum samningi um verkefnið. Þess eru dæmi t.d. að hver kennari og rannsóknamaður þurfi að gera eigin skýrslu fyrir sig sjálfan, verkefni sín og markmið, úrbætur og þróunarstefnu sína, auk sameiginlegrar skýrslugerðar á vegum stofnunarinnar. Enn fremur eru þess dæmi að stofnun þurfi sérstaklega að taka fram hvað hún sjálf telur „best“ hjá sér og „verst“ og hvað hún telur „betra en hjá öðrum“ og þá hverjum og hvað „verra en hjá öðrum“ að eigin mati.
- \* Ekki er ætlunin á þessu stigi eða því tímabili sem nú liður að fjalla um opinbera viðurkenningu eða vottun til eða frá heldur umfram allt annað að hvetja og örva til umbóta og framfara. Á sama hátt er ekki ráð fyrir því gert að gæðamat leiði til breytinga á opinberri fyrirgreiðslu, fjárveitingum eða öðru slíku.
- \* Ýmist er stofnun metin ein sér eða í tengslum við mat á öðrum sambærilegum stofnunum. Af hálfu Evrópusambandsins er alveg ljóst að stefnt verður einnig að því að nota akademískt gæðamat og úttektir sem verkfæri við almenna samræmingu og gagnkvæmar vottanir skólagöngu og prófgráðna. Á undanföllum árum hefur einmitt mikið verið unnið á vettvangi Evrópusambandsins að undirbúningi samræmdra reglna um vottun náms og prófa í ólíkum skólakerfum aðildarlanda.
- \* Ekki leikur vafi á að stefnt er að því að gæðamat og þróunarstjórnun verði virkur og fastur liður í menntakerfi Evrópumanna í náninni framtíð, jafnvel talsvert umfram það sem Bandaríkjamenn hafa tíðkað um langt skeið.<sup>50</sup>

### Til athugunar

Í þessu stutta ágripi um feril akademísku gæðamats um þessar mundir koma nokkur atriði fram sem ástæða er til að rekja nánara. Tvö atriði skulu nefnd að þessu sinni.

Fyrra atriðið er sú staðreynd að ráð er fyrir því gert að sérfræðinganefndin sem framkvæmir gæðamatið sé skipuð jafningjum

---

<sup>50</sup> Sem kunnugt er hafa Bandaríkjamenn lengi notað sérstakar vottunar- eða staðfestingarnefndir til að ákvarða um viðurkenningu háskólastofnana („accreditation process“), en í Evrópu hefur viðurkenning ráðuneytis lengst af verið talin nægja.

þeirra sem starfa við stofnunina sem meta skal, þ.e. einstaklingum sem hafa sams konar menntunar- og starfsreynsluforsendur og reyndar beinlínis mjög gjarnan einstaklingum sem gegna sams konar störfum við aðrar sams konar stofnanir. Í grundvallaratriðum er við það miðað að akademískt gæðamat sé mat jafningja sem starfs- eða stéttarfélagar taka að sér um kollega sína. Í þessu felst annars vegar að gerðar skulu fyllstu kröfur til sérfræðipækkingar og sérstakrar reynslu matsmanna, en hins vegar verður að viðurkenna að í þessu felast einnig margs konar takmarkanir. Einfalt er að benda á hugsanleg hagsmunatengsl innan sérfræðihópa og sérfræðingastétta, eða á hinn bóginn á streitu eða árekstra innan slíkra hópa sem áhrif geti haft á matið.

Síðara atriðið snertir þá skilgreiningu „gæða“ sem lögð er til grundvallar. Í umræðum um gæðamál er yfirleitt við það miðað að markaðurinn, kaupandinn, neytandinn, viðtökuaðili eða þegi í einhverri mynd, ákvarði gæðin. Þá er sú skilgreining sem reynsla úr viðskipta- og atvinnulífi hefur mótað lögð til grundvallar að gæði verði metin eftir því hvort, að hve miklu leyti og hvernig væntingar eða óskir viðtökuaðilja eru uppfylltar með þeirri vöru eða þjónustu sem boðin er. Matið og ákvörðunin kemur með öðrum orðum utan frá, frá „þeganum“, „markaðinum“. Framleiðandi eða þjónustuaðili er háður þessu mati og þessari ákvörðun og getur ekki annað en lotið því valdi. Hugtakið „gæði“ felur þannig í sér hugsunarhátt „þjónustu við markað“ og þær aðstæður sem þar geta skapast. Eins og staðið er að akademísku gæðamati um þessar mundir, sem lýst hefur verið hér framar, verður að viðurkenna að skilgreining „gæða“ er ekki í fullu samræmi við það sem ella hefur tíðkast í gæðastjórnun og -viðleitni á þessu sviði. Skilgreining „gæðanna“ í fræðslustarfinu ber enn talsverðan svip fornra viðhorfa um yfirvöld „frjálsra“ háskóla sem geta ráðið málum sínum með boðum og bönnum óhrædd við viðbrögð þeirra sem njóta skulu eða þola verða. Þegar þetta er sagt er skylt að minna aftur á þá röksemdafærslu sem birtist framar í þessu riti og sýnir m.a. hversu erfitt er að henda reiður á markmiðum og mælistikum í fræðslustarfseminni. Það getur verið auðvelt að rífa niður og gera tortryggilegt en líta fram hjá því sem þrátt fyrir allar takmarkanir horfir ótvírætt til framfara, skilvirkni og ábyrgðar.

Gæðastjórnun í fræðslustarfi er vafalaust einn mikilvægasti þáttur í framvindu fræðslumála á Íslandi um þessar mundir. Menntamálaráðuneytið hefur ítrekað vilja sinn til þess að slík viðhorf verði

mjög mótandi um stefnu og aðgerðir í framtíðinni. Gæðastjórnun hefur víða reynst auðveldari um að tala en í að komast. Jafnan vekja aðgerðir og breytingar einhver óvænt viðbrögð og allt kemur þetta einhvers staðar við og niður á einhverju sem einhvern varðar. Í fræðslustarfi er gæðamat og gæðastjórnun þannig að mikilvægu leyti vefinging á hefðbundinni stöðu, valdsumboði og „réttindum“ kennara. Það sem hentar á einum stað og tíma er ekki heldur algilt. Samvinnuháskólinn hefur viljað leggja alveg sérstaka áherslu á þessa viðleitni um langt árabil. Þær aðgerðir, umræður og annað sem hér hefur verið nefnt er til marks um þetta. Meðal annars í þeim anda fór skólinn þess á leit við Rannsóknasvið Háskóla Íslands haustið 1994 að þar yrðu tilnefndir sérfræðingar til að gefa álit um rannsókn- og ráðgjafarverkefni kennara við Samvinnuháskólann á starfsárinu 1993–1994. Enn fremur var liður í þessari viðleitni stöðugar gæða- og þróunarstjórnunar að þess var óskað að Menntamálaráðuneytið léti almenna akademíska úttekt og gæðamat fara fram á starfsemi Samvinnuháskólans jafnhliða mótun og staðfestingu B.S.-gráðu frá skólanum. Þegar þetta rit var undirbúið og unnið stóð þetta mikilvæga verkefni yfir svo sem áður segir.

Sjálfstæð vinna við rannsóknir er vitanlega þáttur í gæða- og þróunarstarfi háskólastofnunar. Við Samvinnuháskólann á Bifröst er starfrækt sérstök Rannsókn- og ráðgjafarstöð sem annast þau viðfangsefni. Eftir að fræðslustarfið hefur tekið á sig fast mót með nokkra eigin reynslu til grundvallar hefur vaxandi áhersla verið lögð á það í skólanum að auka vægi rannsókna, ritstarfa og ráðgjafar í störfum kennaranna. Enda þótt Samvinnuháskólinn sé fyrst og fremst fræðslustofnun, eins og margsinnis hefur komið fram, eru rannsóknir og ráðgjafarstörf mjög mikilvægur þáttur. Mjög mikið starf hefur verið lagt í mótunarvinnu varðandi svo kallaðar „áréttingar“, ýtarlegar starfsreglur og nákvæmar matsreglur, á þessum sviðum.

Haustið 1995 var enn fengin ný reynsla á sviði gæðamats og gæðaþróunar í fræðslustarfi héraendis, með skýrslum sem birtar voru um úttektir á Bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands annars vegar og á Byggingatæknifræði við Tækniskóla Íslands hins vegar.<sup>51</sup> Undir árslok 1995 var hafinn undirbúningur að úttekt

<sup>51</sup> Sjá um þetta: *Evrópskt tilraunaverkefni um mat á háskólamenntun. Landsskýrsla* (Skýrsla Landsnefndar). Sept. 1995. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið. – *European*

á viðskipta- og rekstrarfræðamenntun við Viðskiptaskor Viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands, Rekstrardeild Háskólans á Akureyri, Rekstrardeild Tækniskóla Íslands og Rekstrarfræðadeild Samvinnuháskólans á Bifröst. Í fyrstu óformlegum undirbúningsdrögum að þessu verkefni, sem dagsett eru í desember 1995, er meðal annars vikið að þeim markmiðum að greina styrkleika og veikleika í starfi þessara stofnana, gera tillögur um úrbætur, afla kerfisbundinna upplýsinga og þróa matsaðferðir. Þar er enn fremur ráð fyrir því gert að ráðuneytið skipi stýrihóp til að hafa yfirumsjón með verkefninu og til að velja sérfræðinga í úttektarhóp eða ytri matshóp. Hver stofnun myndar síðan sinn sjálfsmatshóp, og er einnig að öðru leyti gert ráð fyrir að unnið verði að verkefninu nokkurn veginn í samræmi við það sem framar er greint. Lokaskýrslur stýrihópsins og ytri matshóps, sem gerðar voru snemmárs 1997 og gerð er grein fyrir framar í þessu riti, lýsa ferlinu nánara.<sup>52</sup>

## Námsbrautin

Hér framar hefur m.a. nokkur grein verið gerð fyrir forsendum þeirrar fræðslustarfsemi sem Samvinnuháskólanum á Bifröst er ætlað að annast. Á þeim grundvelli er um allnokkra kosti að velja þegar kemur að því að móta námsbraut og vinnubrögð. Varðandi Samvinnuháskólann má þegar taka fram að þar varð að ráði við mótun starfsins að fylgja nokkurs konar millileið eða málamiðlun um kennsluháttu og vinnubrögð til þess að leitast við að tryggja sem flestum starfsmönnum og námsmönnum tækifæri til árangurs,

---

*Pilot Projects for Evaluating Quality in Higher Education. The Library and Information Science Programme at the Faculty of Social Science, University of Iceland. Report of the External Review Team. June 1995. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið. – European Pilot Projects for Evaluating Quality in Higher Education. Civil Engineering Programme at the Icelandic College for Engineering and Technology. Peer Review Report. June 1995. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.*

<sup>52</sup> Sjá um þetta: Stýrihópur Menntamálaráðuneytis um úttekt á viðskipta- og rekstrarfræðimenntun. 1. mars 1996. *Leiðbeiningar fyrir sjálfsmat deilda*. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið. Sjá einnig: Skýrsla stýrihóps: *Úttekt á viðskipta- og rekstrarfræðimenntun í Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Samvinnuháskólanum á Bifröst og Tækniskóla Íslands*. Reykjavík, apríl 1997, Menntamálaráðuneytið. Enn fremur: Skýrsla ytri matshóps: (sami titill sem ofar). Reykjavík, janúar 1997, Menntamálaráðuneytið.



Nemendagarðar.

enda ljóst að ekkert eitt hæfir öllum best.<sup>53</sup> Nokkur atriði til skýringar fylgja hér á eftir:

- \* Megináhersla er lögð á verklegt og hagnýtt nám og þjálfun, með virkri aðild og framlagi námsmanna sjálfra í stöðugri verkefnavinnu, með talsverðri hópvinnu, með stöðugu námsmati nokkuð jafnt og þétt og einnig með mati námsmanna á fræðslunni, og með talsverðri nýtingu kennslutækja og áhaldna.
- \* Gera verður ráð fyrir að námið feli talsverða fyrirhöfn í sér og að krafist verði framlags og úrlausna námsmanna á tilsettum tímum enda þótt af því geti leitt spennu og streitu á stundum.
- \* Fræðsluaðferð og mannfjöldi verða að hæfa hvort öðru. Við einstefnumiðlun í fyrirlestri eða á sýningu getur mikill fjöldi nýtt sér fræðslu samtímis en við gagnvirk tjáskipti í viðræðum eða æfingu verður að miða við fámenni. En sérstaka áherslu ber að leggja á að fyrirfram verður að skipta öllu námsefni, viðfangsefnum og verkefnum á markvissan hátt samkvæmt þessu. Á slíkt einnig við um einstaka hluta eða kafla sama námskeiðs.
- \* Þegar mestur fjöldi er saman verður kennari að hafa frumkvæði og stjórnun. Í smáhópum fer vel á almennri aðild og gagnvirkni. Að auki er æskilegt að einstakir námsmenn fái tækifæri til viðtalstíma við kennara þar sem námsmaður getur tekið eigin

---

<sup>53</sup> Hér verður að nokkru fylgt framsetningu í: Jón Sigurðsson. 1989. *Keeping Abreast of the Times*. bls. 115–123. – Sjá einnig um sum atriði: Jón Sigurðsson. 1990. „Háskóli á Bifröst“. *Ný Menntamál*, 8. árg. 1. tbl. Reykjavík.



*Rektorshús, gömul mynd.*

vandamál til umræðu og leitað leiðsagnar án návistar eða áheyrnar margra annarra.

- \* Stærð smáhópa, fyrir verkefnavinnu og hópvinna o.fl., er flókið ákvörðunaratriði háð mörgum áhrifabáttum, sálfræðilegum, félagslegum og einnig fjárhagslegum. Við Samvinnuháskólann varð sú niðurstaðan að miða við átta manns í hópi að jafnaði. Við frávik frá þeim fjölda verður að tryggja að námsmaður fái eftir sem áður sambærilegt aðgengi að leiðsögn kennara, þ.e. verði námsmenn 16 þá tvöfaldist tímalengd, en ef fjórir þá helmingist hún o.s.frv.
- \* Verkefnavinna námsmanna er þungamiðjan í öllu náminu. Á vikulegri stundatöflu verða verkefnatímar í smáhópum því miklu umsvifameiri en t.d. fyrirlestrar. Umfram slíka almenna skiptingu er ekki æskilegt að einhver ein aðferð hafi algeran forgang fram yfir allar aðrar.
- \* Gerð stundatöflu verður að mótast af mismunandi aðferðum, viðfangsefnum og hópastærð, auk stundar, staðar, námssviðs, námsmanna og kennara.
- \* Heppilegt er að skipta skólaári og misserum upp í áfanga eða stig, brjóta þá upp stundatöfluna og nálgast markmið með fjölbreytilegum hætti. Slík skipting misseris hefur víða reynst árangursrík.
- \* Óhjákvæmilegt er af öllum þessum ástæðum að allir kennarar saman verði að skipuleggja starfið mjög nákvæmlega fyrir fram, og að hver verði að taka tillit til annarra ef út af reglulegri stundatöflu o.þ.h. þarf að víkja í dagsins önn. Hér skipta hags-

munir námsmanna einnig máli, svo og húsnæðisaðstaða og fjárhagur skólans.

- \* Vegna verkefnavinnu, hópinnu, skilaboða kennara o.s.frv. verður ekki hjá því komist að stundasókn verði skylda að einhverju marki. Að auki ber að taka yfirvegað tillit til aðstæðna í atvinnulífinu, þ.e. skyldu starfsmanna til að rækja vinnu sína þar á tilsettum tímum.
- \* Miðað við aðstæður í íslensku atvinnulífi o.fl. er ekki stefnt að sérstakri sérhæfingu á námsbraut skólans innan sviðs rekstrarfræðanna. Aftur á móti er ráð fyrir því gert að hver námsmaður hafi nokkur tækifæri til einherrar eigin sérhæfingar í vali viðfangsefna sinna í námsverkefnum.
- \* Rétt er að nefna atriði sem snerta sérstöðu skólans, á sviði félagsmála og samvinnu. Og enn fremur ber að geta um prófareglur, vægi prófa andspænis verkefnum, einkunnastiga, sérstök samþætt verkefni og misserisverkefni o.fl. sem nánar verður komið að síðar.

### Starfshættir

Samvinnuháskólinn er sem sé verkefnavinnustaður en ekki fyrst og fremst fyrirlestraskóli. Fræðslustarf skólans miðast við tiltekna samræmda kennslufræði er lýtur því markmiði að þjóna þörfum atvinnulífsins. Áhersla hvílir á hagnýtri verkefnavinnu. Daglega í hverri viku framan af misseri koma námsmenn saman, yfirleitt 7–9 manns í senn, í verkefnatíma til kennara, bæði til að ræða um verkefnið sem síðast var skilað og rökræða athugasemdir og leiðréttingar kennarans og einnig til að undirbúa eða beinlínis vinna og ljúka næsta verkefni, en í hverri viku vinnur námsmaðurinn að jafnaði fimm verkefni, eitt á hverju námssviði sem er til umfjöllunar á því misseri. Verkefni eru ýmist unnin í skipulögðum tíma á stundatöflu eða í frjálsum tíma námsmanns, á lesstofu eða í tölvustofu eða annars staðar þar sem námsmaður hefur aðstöðu og er gert ráð fyrir að verkefni geti verið skrifleg, munnleg eða unnin verklega með ýmsu öðru móti. Fyrirlestrar eru fremur fáir miðað við háskólavenjur og gegna ekki síst yfirlits- og stoðhlutverki, en stöðug umfjöllun verkefna og námsmat eru meginþáttur í starfi kennara.

Talsverð hópvinna námsmanna er áskilin. Þetta styðst ekki aðeins við einkenni og sérstöðu skólans sem samvinnustofnunar



*Rektorshús sem leikskólinn Hraunborg.*

heldur einnig við þá staðreynd að í atvinnulífinu eru störf yfirleitt einhvers konar hópvinna svo sem áður var nefnt. Ráð er fyrir því gert að u.þ.b. þriðja hvert námsmannaverkefni sé hópvinna. Augljóslega útheimtir hópvinna í slíku magni mjög mikla samræmingu og samstarf milli kennaranna ekki síður en meðal námsmanna. Stundatöflugerð verður að sjálfsögðu með allt öðrum hætti en gerist í hefðbundnum skóla þar eð í Samvinnuháskólanum þarf, sem fyrr segir, auk annars að skipta stundum eftir kennslu- og námsaðferð og námsmannafjölda: margir saman í fyrirlestri, fáir saman í verkefnastund en einn og einn í sérstökum viðtalstímum. Með tilliti til aðstæðna í atvinnulífinu hefur það og orðið niðurstaða í Samvinnuháskólanum að stundasókn er að nokkru leyti skylda sem áður greinir.

Prófareglur gera ráð fyrir notkun og úrvinnslu heimilda og gagna en ekki utanbókarlærdómi. Námsmenn hafa með öðrum orðum heimildir með sér í próf, þ.e. eins og hver og einn hefur undirbúið þær og valið fyrir fram, og vinna þeir að prófinu sem umsvifamiklu og margþættu verkefni hliðstæðu öðrum námsverkefnum. Námsmat miðast aðallega við námsvinnu að vikulegum verkefnum, um 70% á móti 30% fyrir misserispróf á hverju námsviði. Einkunnastigi Samvinnuháskólans var framan af sérstæður enda þótt samsvaranir þekktist erlendis: Lágmark var 60% þess sem



krafist var hverju sinni. Næðist það mark ekki fékk námsmaður einkunnina „Ekki lokið“ („E“) og fékk stuttan frest til að bæta úr með úrbótaverkefni eða úrbótaprófi en fékk þá ekki hærra en einkunnina „Nægilegt“ („N“). Sú einkunn var einnig veitt ef námsmaður gerði ekki betur ella en að „skríða“. Úrlausn sem uppfyllti kröfur vel fékk einkunnina „Gott“ („G“), en úrlausn sem var frábær að öllu leyti og skaraði enn fremur fram úr öllum þorra úrlausna hlaut einkunnina „Frábært“ („F“). Ekki voru reiknaðar heildareinkunnir að meðaltali heldur stóð hvert námssvið á skírteini og varð námsmaður að standast lágmark í öllum námssviðum og einkunnum til að teljast hafa lokið námsbraut Samvinnuháskólans.

Þessum einkunnareglum var breytt nokkuð, til samræmis við óskir þær sem fram komu í niðurstöðum úttektar Menntamálaráðuneytisins á gæðum rekstrarfræðamenntunar snemmárs 1997, en þeirra er getið framar í þessu riti. Er einkum um þá breytingu að ræða að í stað bókstafaekunnna eru nú veittar tölustafaekunnir með sama hætti og tíðkast í öðrum íslenskum skólum. Að öðru leyti eru reglurnar, um lágmark, um endurtöku, um frábæran árangur o.s.frv., óbreyttar. Tillögur þær sem birtast í niðurstöðum úttektar Menntamálaráðuneytisins um einkunnastigann eru hins vegar alls ekki miðaðar við nein kennslufræðileg sjónarmið eða fræðslumarkmið, svo sem var um einkunnastigann á fyrstu árum Samvinnuháskólans. Tillögurnar miðast einfaldlega við það sem almennast er kunnugt í landinu. Á sömu forsendu hefði þá mátt breyta Samvinnuháskólanum í heild sinni, því að matsnefndirnar hrósa honum mjög fyrir að skara að flestu leyti fram úr því sem almennast er kunnugt um háskólamenntun í rekstrarfræðum í landinu.

Hvert misseri er sjálfstæð eining og metið sérstaklega. Bæði af fjárhagslegum og öðrum ástæðum eru námsmenn beggja ára í Rekstrarfræðadeild saman í náminu og því skipt alveg um kennslu-efni ár frá ári. Misserum er þá ekki heldur raðað efnislega hverju á eftir öðru í röð heldur er þeim efnislega hliðskipað. Á hverju misseri er þá einkum fjallað um nokkur efnislega skyld námssvið saman og síðan skipt efnislega þegar næsta misseri hefst. Hvert misseri er fimmtán vikur og er skipulagt í afmörkuðum þrepum. Fyrst eru tíu vikur fyrirlestra og verkefnavinnu og síðan ein vika misserisprófa. Málstofur með gestafyrirlesurum eru einnig fastur liður fyrstu vikunnar. Að loknum misserisprófum er vikulangt samþætt hópverkefni unnið undir forystu námsmanna, og hefur fengist

mjög mikil og markverð reynsla undir umsjá og frumkvæði námsmannanna sjálfra í slíkum sambættingum. Þær fjalla einatt um einhver efni sem eru ofarlega á baugi hverju sinni í náminu, svo sem stofnun nýsköpunarfyrirtækja, stjórnunarkeppni, sérstök tölvuvinnsla, endurhöggun fyrirtækja o.s.frv.

Mikil áhersla er yfirleitt í Samvinnuháskólanum lögð á sjálfstæð hópverkefni sem unnin eru í tengslum við fyrirtæki og aðilja í atvinnulífinu. Undir lok hvers misseris er þriggja vikna langt hópverkefni sem unnið er í fyrirtækjum og stofnunum í atvinnulífinu. Námsmenn verða sjálfir að mynda hópana á eigin ábyrgð. Hver námsmannahópur, oftast 5–7 manns, verður við misserisverkefni sjálfur að hafa alla umsjá og ábyrgð, leggja fram rannsóknáætlun og fá hana samþykkt fyrirfram, vinna greinargerð og vinnudagbók samkvæmt tilsettum reglum og kröfum. Verkefninu lýkur með skriflegri greinargerð hópsins sem varin er við sérstaka málsvörn í skólanum í síðustu viku misserisins. Að henni lokinni þarf hópurn inn loks að gera ýmsar endanlegar lagfæringar að boði kennara. Málsvarnir lúta sérstökum fundarsköpum og fjalla þeir kennarar saman um hverja greinargerð, leggja fyrirspurnir fyrir hópinn og ræða málin við hann á málsvörninni. Hver námsmannahópur verður, auk sinnar eigin málsvarnar, að sækja eina aðra málsvörn og taka þar þátt í umræðum, gera athugasemdir og fyrirspurnir. Námsmenn leggja mjög mikla vinnu og metnað í þessi viðamiklu misserisverkefni, málsvarnirnar eru næsta líflegar og fróðlegar oft, og verulega mikið og athyglisvert efni hefur verið skrifað í greinargerðum sem varðveittar eru að sjálfsögðu í skólanum og einnig nýttar sem lesefni.<sup>54</sup>

Við mótun námsbrautarinnar þótti eðlilegt að námseiningar á hverju misseri í Rekstrarfræðadeild yrðu 20 en ekki 15 svo sem ella tíðkast yfirleitt í íslenskum skólum og miðast við viknafjölda. Ástæður þessa voru annars vegar óvenjulega mikill fjöldi verkefna og þungi stöðugrar verkefnavinnu auk annarra námsbyrða í Rekstrarfræðadeild Samvinnuháskólans, en það er þekkt úr öðrum og eldri skólum að veita námsmönnum slíka viðurkenningu fyrir aukið magn verkefnavinnu á námskeiði. Hins vegar var með þessu

---

<sup>54</sup> G.Thomas Fox, sem áður hefur verið vitnað til á þessum blöðum, kannaði nokkur slík misserisverkefni. Hann segir í skýrslu sinni: „The reports I saw from these inquiries were impressive ... for the quality of the insights produced“ (Fox, G.Th. 1990. *Cocoon or Butterfly?* bls. 40).

viðurkennd sú alveg sérstaka vinna undir mjög ströngum fræðilegum kröfum sem námsmenn urðu að leggja fram við málsvarnir og endurvinnslu greinargerða um misserisverkefni við lok hvers misseris.

Auk Rekstrarfræðadeildar starfar Frumgreinadeild við Samvinnuháskólann sem nokkurs konar undirbúningsdeild undir námið í Rekstrarfræðadeildinni. Við Frumgreinadeild er að ýmsu leyti fylgt svipuðum reglum sem í Rekstrarfræðadeildinni en þó eru þar t.d. ekki þessi viðamiklu misserisverkefni og málsvarnir.

Svipað má segja um Rekstrarfræðadeild II. sem veitir bakkaláreatgráðu, en í stað misserisverkefna vinnur hver námsmaður þar sérstakt viðamikið lokaverkefni til B.S.-prófsins undir sérstakri handleiðslu kennara. Fékkst þegar á fyrstu árum bakkaláreatnámsins við Samvinnuháskólann mikilsverð reynsla varðandi lokaverkefni, handleiðslu í viðtalstímum og mælistikur umsjónarkennara.<sup>55</sup> Náminu í Rekstrarfræðadeild II. er reyndar ekki skipt í misseri heldur fjórðunga sem hver um sig jafngildir hálfu misseri. Miðað við aðstæður og einkenni íslensks atvinnulífs hefur ekki verið gert ráð fyrir sérstakri sérhæfingu á námssviðum Rekstrarfræðadeildar II., en á móti kemur að námsmenn geta sem fyrir nýtt sér tækifæri til nokkurrar sérhæfingar í vali viðfangsefna fyrir verkefni sín og þá auðvitað alveg sérstaklega við lokaverkefni sitt sem að sjálfsögðu miðast við býsna sérhæft val. Þetta mat á aðstæðum í atvinnulífinu byggist einkum á þeirri staðreynd að langflest fyrirtæki á Íslandi eru smá og hafa aðeins fáa einstaklinga í vinnu hvert. Þar er stjórnun því í flestum atvikum ekki mjög sérhæft starf og stjórnandi þarf að fjalla um flest svið stjórnunar og rekstrarfræða í dagsins önn.

Námið í Samvinnuháskólanum á Bifröst er býsna strangt eins og ljóst verður af því einu að námsmanni ber daglega að skila námsverkefni sem hann hefur unnið á eigin spýtur eða í hópi og hefur jafnvel sjálfur þurft að eiga hlut að því að ákveða umfjöllunarefnið. Þetta gerir mjög miklar kröfur til námsmanna um stöðugt nám enda eru mönnum ekki þöluð frávik að neinu ráði. Það er eitt megininkenni þessa skóla að framlag námsmanna mótast störfum miklu meira en t.d. kenningar lærimeistara í fyrirlesturum. Andrúmsloftið

---

<sup>55</sup> Að sjálfsögðu voru miklar umræður um þessi efni meðal kennara og stjórnenda allt fyrsta starfsár Rekstrarfræðadeildar II. og héldu þær áfram á næstu árum á eftir. Mótáðar voru margvíslegar starfsreglur og viðmiðanir um námskröfur, starfsháttu, tilhögun og frágang lokaverkefna o.s.frv.

er því gjarnan ólíkt því „rólega og afslappaða“ háskólaumhverfi sem margir þekkja. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að samskipti kennara og námsmanna verða auðvitað mjög persónuleg í svo fámennum skóla er starfar jafnframt öðrum þræði sem skólaheimili. Vitaskuld er þetta mikilvægur kostur og Samvinnuháskólinn býður námsmönnum sínum mjög mikla aðstoð og leiðsögn kennara langt umfram það sem unnt er í fjölmennari stofnunum.<sup>56</sup>

Við lok hvers misseris leggja námsmenn förmlegt mat á kennslu hvers kennara og á hvert námssvið með sérstöku nemendamati svo sem þegar hefur verið nefnt áður. Það er unnið á eyðublöðum sem eru sameiginlega undirbúin í Framkvæmdaráði, en Skólafélag námsmanna annast framkvæmdina með þeim hætti að ekkert verði rakið til einstaklinga. Í þessu mati er bæði leitað upplýsinga um vinnuframlag og starfsháttu kennarans og einnig um námsefni, kröfur og önnur efnisleg atriði. Niðurstöðum um alla kennara og öll námssvið er dreift til allra kennara og þær eru einnig kynntar og ræddar á sérstökum fundum í Fræðslu- og rannsóknaráði.<sup>57</sup> Auk þessa er ráð fyrir því gert að hver kennari hafi óformlegari könnun meðal nemenda við lok hvers námskeiðs, til að fá upplýsingar um viðbrögð og mat námsmannanna á ýmsu því sem fram hefur komið, kennarinn hefur verið að gera tilraunir með o.s.frv.

## Námssvið

Í Samvinnuháskólanum er námsefni ekki skipað fyrst og fremst eftir kenningabundinni skiptingu fræðigreina í hefðbundinni merkingu, heldur miklu fremur til samræmis við beitingu þeirra og hagnýtingu í atvinnulífinu. Þannig hefur þar ekki verið í Rekstrarfræðadeild nein sérstök námsgrein undir nafninu t.d. „Rekstrarhagfræði“ heldur námssvið undir titlunum t.d. „Arðsemigreining“, „Kostnaðarbókhalð“, „Kynningarmál og þjónustustjórnun“,

---

<sup>56</sup> G. Thomas Fox fer mjög lofsamlegum orðum um fræðsluskipan Samvinnuháskólans: „In the Samvinnuhaskoli (svo) major efforts have been taken to install an innovative approach to business administration education at the university level. One theme they have been designing into their program is to integrate learning into life ... It is impressive to hear the students, many of whom have had 10 or more years of business experience before returning to school, express their own analyses of this program, and how it is educating them to the demands of business administration.“ (Fox, G.Th. 1990. *Cocoon or Butterfly?* bls. 46–47).


<sup>57</sup> Um förmlegt nemendamati er fjallað nánar síðar í þessu riti.

„Stjórnun starfsmannamála“, „Stjórnun og vinnusálarfræði“, o.s.frv. Reyndar verða árlega meiri eða minni breytingar á námssviðum við umræður og reynslu; tvö eru sameinuð, einu skipt í tvö, eitt fellt niður að miklu leyti og annað samið upp á nýtt í staðinn o.s.frv. vegna breyttra aðstæðna og þróunar í áherslum. Sama viðhorf ræður vali námsefnis og viðfangsefna. Í grófum dráttum má segja að reynt sé að sinna á sama misseri um mál sem tengjast t.d. markaðarstörfum, á einu misseri saman um mál sem tengjast fjármála- stjórn, einu misseri um skipulagsmál, um utanríkisviðskipti o.s.frv. Auk þess er fjallað um sérstök námssvið sem Samvinnuháskólinn telur mikilvæg, svo sem félagsmáláþjálfun, samfélagsábyrgð atvinnufyrirtækja, mismunandi réttarform fyrirtækja, stjórnunaraðild starfsmanna og samvinnu.

Svo sem þegar hefur komið fram gerir Samvinnuháskólinn alls ekki þá kröfu að námsmenn hafi lokið stúdentsprófi við inngöngu í skólann. Krafist er fyrri skólagöngu sambærilegrar við stúdentspróf af viðskipta- og hagfræðibrautum en gefinn kostur á sérstakri Frumgreinadeild og undirbúningsnámi ella ef á skortir samkvæmt mati á fyrri skólagöngu umsækjanda. Það hefur einnig komið fram frammar í þessu riti að námsbraut Samvinnuháskólans er þannig skipt að fyrst eru tvö námsár til Samvinnuháskólaprófs og síðan, að ósk námsmanns, eitt námsár til bakkaláreatgráðu. Með þessu hyggst skólinn koma til móts við óskir sem flestra enda liggur það fyrir að sumir hafa ekki í hyggju lengra en tveggja vetra nám eða, með öðrum orðum, tveggja vetra fjarveru frá öðrum störfum sínum. Aðrir vilja hins vegar halda lengra og jafnvel búa sig til framhaldsnáms. Jafnframt hefur Samvinnuháskólinn viljað bjóða námsbraut til bakkaláreatgráðu sem væri ekki of sérhæfð miðað við aðstæður í íslenskum atvinnufyrirtækjum, stærð þeirra og stjórnunarháttu. Því er miðað við fjögur til fimm meginsvið stjórnunar- og rekstrarfræða á allri námsbrautinni en námsmönnum gefinn kostur á nokkurri eigin sérhæfingu í verkefnum og vali þeirra.

## Horfur

Þegar þetta rit er skráð hafði Samvinnuháskólinn lokið tæpum áratug frá upphafi háskólastarfs á Bifröst, níu árgangar rekstrarfræðinga höfðu brautskráðst og fjórir hópar með bakkaláreatgráðu. Stofnunin hafði tekið ýmsum breytingum á þessum tíma eins og



*Starfsmannahús á  
Bifröst í byggingu.*

vera ber enda hafði hún verið í vexti og framþróun svo sem lýst er á öðrum stöðum í þessu riti.

Meðal helstu þróunarverkefna sem unnið var að innan Samvinnuháskólans á árunum 1995–1998 má nefna:

- \* Rekstrarfræðadeild II. og bakkaláreatgráðan voru að festast í sessi.
- \* Unnið var að framþróun og eflingu rannsókna- og ráðgjafarstarfa, og að ýtarlegum reglum um mælistikur og kröfur, dómnefndarmat sérfræðiverkefna, útgáfumál o.s.frv.
- \* Akademískt gæðamat og úttekt á stofnuninni fór fram í samstarfi við Menntamálaráðuneytið og var því lokið með mjög góðri umsógn snemmárs 1997.
- \* Á grundvelli þarfagreiningar varðandi húsnæðismál og byggingar var unnið að miklum byggingaframkvæmdum. M.a. var athugað hvort viðráðanlegar breytingar á húsnæði og aðstöðu gætu leyft nokkra fjölgun námsmanna enda aðsókn langt umfram þá aðstöðu sem stofnunin hafði yfir að ráða.
- \* Hafin voru aukin alþjóðasamskipti, kennara- og nemendaskipti, t.d. á vettvangi tengsla Íslands við Norðurlöndin, Evrópusambandið og við stofnanir í Bandaríkjunum N-Ameríku.
- \* Settar voru framgangsreglur kennara, og reglur um akademíska starfstitla, svo sem dósent og prófessor, við Samvinnuháskólann. Skólanefnd afgreiddi framgangsreglur með formlegri staðfestingu síðvetrar 1996.
- \* Námsbraut og námsefni voru stöðugt í endurskoðun, svo og einingamat o.þ.h., á hverju misseri.
- \* Sett var ný rammalöggjöf um háskólastigið og háskólastarfsemi

á Íslandi. Framgangur þessa máls skiptir mjög miklu. Samvinnuháskólinn verður að sjálfsögðu að bregðast við ákvæðum nýrra laga og skilyrðum þeim sem í lögum kunna að verða sett. Fram til þessa hafði starfsemi stofnunarinnar haft aðra lagastoð, fyrst í lögum um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi og síðar í lögum um framhaldsskóla.<sup>58</sup> Með almennri löggjöf um háskólastigið breytist lagaleg staða Samvinnuháskólans og styrkist.<sup>59</sup>

- \* Unnið hefur verið að langtímaáætlunum fyrir Samvinnuháskólann er taka til allra þátta, svo sem deildaskiptingar, námsbrauta, fjárhags, bygginga o.s.frv. Í þessum áætlunum er m.a. tekið á leiðum til hagræðingar, aukinnar nýtingar og skilvirkni.
- \* Til framtíðar verður og að taka á atriðum eins og hugsanlegu samstarfi við aðra háskóla á einhverjum sviðum, eða þátttöku Samvinnuháskólans í einhvers konar samræmingu ef til slíks kynni að koma.
- \* Farið hafði verið fram á það við Menntamálaráðuneytið að tekinn yrði til endurskoðunar samningur sá sem í gildi var um fjárhagsleg tengsl, uppgjör rekstrarkostnaðar og fjárveitingar til Samvinnuháskólans. Samningur sá sem var í gildi er frá desember 1990 en aðstæður höfðu þróast og breyst síðan þá sem augljóst var orðið. Í samstarfinu við ríkisvaldið er Samvinnuháskólinn nokkurs konar sérhæft verktakafyrirtæki sem sérfræðingarfyrirgjafar stjórna sameiginlega samkvæmt föstum verktaka-samningi við aðalverkkaupann, ríkisvaldið, en á sína eigin ábyrgð. Þessa stöðu stofnunarinnar þarf að staðfesta við breyttar aðstæður og móta hana áfram til framtíðarinnar.

## Samfylgd

Í umræðum um framtíðarstefnu Samvinnuháskólans er vitanlega m.a. fjallað um sjálfstæði og sérstöðu stofnunarinnar. Í umræðum

---

<sup>58</sup> Í 9. gr. laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi nr. 51 frá 25. maí 1976 og í 37. og 38. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57 frá 19. maí 1988 eru m.a. ákvæði sem heimila „Samvinnuskólanum“ og Verzlunarskóla Íslands að þróa áfram fræðsluframboð sitt eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa á hverjum tíma, en á grundvelli þessara heimildarákvæða hefur frekari þróun skólans átt sér stað. – Í nýjum lögum um framhaldsskóla, nr. 80 frá 11. júní 1996 er nafn „Samvinnuskólans“ loks fellt niður, en almennt heimildarákvæði sett inn varðandi skóla sem ekki eru í eigu ríkisins; en reyndar fellur Samvinnuháskólinn undir ákvæði laga um háskólastigið sem sett voru 1997.

<sup>59</sup> Lög um háskóla nr. 136 23. desember 1997.



Sumarhús nærri  
Bifröst.

um háskólastigið almennt verða menn að rökstyðja tilveru svo lítils og fámenns skóla sérstaklega. Hagkvæmni og skilvirkni verða t.d. að standast skynsamlegar kröfur samfélagsins. Þegar rætt er um þessi efni nefna menn gjarnan þessi atriði sem mælistikur sérstakrar rekstrareiningar í samanburði við sameiningu í stærri heild:

- \* Fjármögnun er yfirleitt talin vera auðveldari í stærri heildum. Varðandi Samvinnuháskólann virðist þetta ekki eins mikilvægt og ætla mætti þar eð reglulegar tekjur koma aðeins úr tveimur áttum, frá ríkissjóði og námsmönnum sjálfum. Mat á „einingarkostnaði“ og „jaðarkostnaði“, þ.e.a.s. varðandi hvern námsmann fyrir sig, getur t.d. verið misvísandi þegar um er að ræða einn námsmann eða svo til viðbótar við hópinn á mótaðri starfandi námsbraut. Önnur fjármögnun lýtur eigin lögmálum og aðstæðum hverju sinni, t.d. ákvæðum skattalaga um fjárfestingar eða framlög til menningarstofnana o.s.frv., eða er beinlínis greiðsla fyrir veitta sérstaka þjónustu, t.d. starfsfræðslunámskeið. Loks eru sérstök lög um fjárframlög til nemendabústaða o.þ.h. Í raun og veru má segja að fjármögnun sé nú þegar samræmd fyrir allar háskólastofnanir í landinu og fari fram við vinnslu fjárlaga á hverju ári, á vegum Fjármálaráðuneytis, Menntamálaráðuneytis og Alþingis. Trautt er að sjá hver frekari samræming eða sameining á þessu sviði ætti að vera.
- \* Stærri heildir eiga léttara með að kosta sérfræðistörf, hafa aukið



úrval starfsmanna og sérfræðinga og geta betur veitt námsfólki valgreinar o.þ.h. Vissulega er þetta rétt en þörfina verður að veða og meta og fer hún eftir atvikum og markmiðum. Varðandi Samvinnuháskólann hafa ákvarðanir verið teknar um stig sérhæfingar, námsbraut án valgreina og önnur atriði, m.a. miðað við þarfir íslensks atvinnulífs svo sem þegar hefur verið getið. Samvinnuháskólinn hefur einnig haft aðstöðu til að leita sérfræðinga, stundakennara o.s.frv. út fyrir næsta nágrenni á Vesturlandi, m.a. í samstarfi við fyrirtæki og stjórnvaldsstofnanir í Borgarnesi og við Bændaskólann á Hvanneyri. Í Borgarfjarðar- og Mýrahéraði er rekstur háskóla og sérskóla orðinn að undirstöðuatvinnuvegi og Samvinnuháskólinn leikur mikilvægt hlutverk í samfélagi skólanna á svæðinu enda þótt starfsvettvangur og markmið skólans miðist við landið allt.

- \* Í stærri heild er unnt að ákvarða á árangursríkan hátt um verkskiptingu deilda og starfsmanna og um samstarfssvið innbyrðis. Þetta er rétt, en sömu markmiðum má vitanlega eins vel ná með skilgreindu samstarfi sjálfstæðra stofnana og aðilja. Nú um stundir er því þannig háttað að Menntamálaráðuneytið fjallar sameiginlega um allar háskólastofnanir í landinu, hvort sem þær eru beinlínis í eigu ríkisins eða ekki. Enn fremur hefur ráðuneytið umsjón með og forgöngu um svo nefnda „Samstarfsnefnd um háskólastigið“ undir forsæti rektors Háskóla Íslands en hún fjallar um flest sameiginleg málefni háskólastigsins. Hér er því nú þegar fyrir hendi vettvangur til sameiginlegra ákvarðana.
- \* Sumir telja stjórnun og stefnumótun greiðari í stærri heildum en slíkt er umdeilt og umdeilanlegt því að stærð kemur iðulega niður á lipurð og sveigjanleika, tilraunagleði og frumkvæði. Stærðinni getur einnig fylgt aukin yfirbygging og sérhæfing í yfirstjórn sem kann að fela í sér aukinn hlutfallslegan kostnað, a.m.k. á tilteknum bilum og þrepum stærðar. Þá er þess og að geta að stjórnun og stefnumótun eru vitanlega ekki sjálfstæð fyrirbæri heldur hljóta markmiðin sjálf að skipta meginmáli og ákvarða aðra þætti. Það er því til lítills að ætla að viðhafa prýðilegustu stjórnun og stefnumótun ef markmiðin eru óljós eða sundurleit innbyrðis. Óramörg dæmi eru um misheppnaða sameiningu vegna þess að þessa sameiginlegu órofa undirstöðu skorti. Trúlegt má telja að samstarfið í „Samstarfsnefnd um háskólastigið“ fullnægi þessari mælistiku eða gæti a.m.k. greiðlega gert það.

- \* Stærri heildir eiga léttara um að kosta bóka- og gagnasöfn og nauðsynleg tæki og áhöld. Þetta er rétt en öll helstu bóka- og gagnasöfn Íslendinga eru öllum aðgengileg nú þegar og kostnaður við kennslutæki og námsáhöld fylgir að verulegu leyti fjölda kennara og námsmanna beint, hvort sem þeir að öðru leyti skiptast á fleiri eða færri stofnanir. Óvíst er að magnafslættir o.þ.h. aukist verulega við mismun eða breytingu á fjölda kennara og námsmanna á bilinu 100 til 150 manns samtals svo að dæmi sé tekið, en í þessu efni verður yfirleitt að miða beinlínis við námsbraut, deild eða námsmannahóp án tillits til stærðar stofnunar að öðru leyti. Um margvíslega skrifstofuþjónustu o.þ.h. má aftur á móti segja að stærri heildir geta veitt sér meiri sérhæfingu, fjölbreytni og daglega þjónustu á slíku sviði. Reyndar ber að hafa í huga að Samvinnuháskólinn hefur nú þegar fullan og greiðan aðgang að ýmsum sameiginlegum þjónustustofnunum háskólastigsins, svo sem Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins o.s.frv.
- \* Samkeppnisstaða stærri heildar er álitin sterkari en minni einingar. Þetta hefur alls ekki verið reynsla Samvinnuháskólans eða Samvinnuskólans áður, hvorki varðandi aðsókn hæfra umsækjenda um nám né um störf á eftir og ekki heldur varðandi framaleiðir brautskráðra námsmanna. Mælistikur „hræfnis“ og „markaðar“ benda þannig hreint ekki til þess að þörf sé breytinga að þessu leyti. Þvert á móti er ástæða til að ætla að „sérstaða“ og „gæði“ komi hér alveg á móti kostum „magns“.
- \* Meginatriði er að meta fræðslustörf eftir gæðum þeirra og rannsókn- og ráðgjafarstarf eftir gæðum og árangri þess sem unnið er og fram verður lagt. Þessi atriði eru einfaldlega óháð fjölmenni eða stærð stofnunar að langsamlega mestu leyti, enda ráð fyrir því gert að sérhver stofnun sé í virkum og frjóum tengslum við alþjóðlegt fræðslu- og rannsóknnaumhverfi. Ef eitthvað er, virðist geta slaknað á þessum þáttum með aukinni stærð, en sem jafnan fyrr veldur hver á heldur. – Það má fyrir enga muni gleymast að í stjórnun og starfi háskóla, og í öllu fræðslustarfi yfirleitt, er það kennarinn og námshópurinn saman sem öllu máli skipta; fræðsla er ekkert annað en sá verknaður að einn reynir með samtali og athöfn að hafa áhrif á annan eða aðra og leiða þá áfram að sameiginlegu verkefni; allt annað sem verður umfram þetta í stjórnarsýslu og skipulagi skóla getur boðið heim hættu á skriffinnsku og óþarfa bákni. Mannleg samskipti eru og með þeim

hætti að lítil tók eru á eflingu eða umbót með auknum fjölda í senn; stærðarhagkvæmni er mjög óveruleg á því sviði, ef ekki beinlínis fráleit mælistika.

- \* Þau atriði sem hér hafa verið nefnd virðast ekki hniga að þeirri ályktun að nálgast megi markmið Samvinnuháskólans með sameiningu stofnunarinnar við aðra eða aðrar stofnanir að svo stöddu. Flest bendir til þess að aðstæður og vettvangur til árangursríks sameiginlegs starfs séu nú þegar fyrir hendi, í ráðuneytum, ýmsum þjónustustofnunum háskólastigsins og í „Samstarfsnefnd um háskólastigið“. Reyndar getur umræða um „sjálfstæði“ háskólastofnunar valdið misskilningi þar eð sérhver slík stofnun er hluti alþjóðlegrar akademískrar heildar. Hér verður því sú niðurstaða að skipulagslegir þættir séu nú þegar fyrir hendi og viðfangsefnið sé því helst það að nýta þessa aðstöðu sem allra best.

### Ályktanir

Mörg önnur atriði munu að sjálfsögðu koma til álita. Það er yfirvegað álit forráðamanna Samvinnuháskólans og höfundar þessa rits að:

- \* Samvinnuháskólinn hafi brýnum verkefnum og vaxandi að sinna fyrir íslenskt atvinnulíf, einstaklinga og þjóðlíf;
- \* skipulag og sérkenni Samvinnuháskólans hafi reynst árangursrík og samkvæm markmiðum starfsins;
- \* aðsókn sé mikil að Samvinnuháskólanum og æskilegt að geta veitt fleiri umsækjendum en verið hefur kost á þjónustu skólans;
- \* háskólasetrið á Bifröst sé heppilegt, hæfilega í sveit sett og í hæfilegri nálægð eða fjarlægð frá höfuðborginni;
- \* æskilegast sé til árangurs að stofnun af þessu tagi haldi sjálfstæði sínu, sérkennum og sérstöðu, t.d. sem óháð sjálfseignarstofnun líkt og nú er, í samstarfi og samráðum við aðra aðilja og stofnanir;
- \* stofnunin sé sérstæður og fullgildur þáttur í fræðslustarfsemi landsmanna á sviði viðskipta- og rekstrarfræða og stuðli að aukinni fjölbreytni í fræðsluframboði þannig að sem flestum þörfum atvinnulífs og einstaklinga verði sinnt;
- \* stofnunin geti áfram lagt mikilsverðan skerf af mörkum um fyrirsjáanlega framtíð til íslensks atvinnulífs, samfélags og menningar.

### III. hluti

## Litið um öxl

### Samvinnufræðsla

Samvinnustarf má skilgreina sem lýðræði í atvinnulífi og viðskiptum þar sem arði er skipt eftir þátttöku hvers og eins í viðskiptum og rekstri fremur en eftir eignarhlut. Viðmiðun samvinnustarfs er



*Skólastjórahjónin  
Guðrún Stefánsdóttir  
og Jónas Jónsson  
frá Hriflu.*

félagsmaðurinn sem viðskiptavinur fremur en fjárfestir og þess vegna fellur samvinnustarf ekki fyllilega að persónulegri ágóðavon af fjárfestingu. Samvinnustarf nútímans í Evrópu hófst á 18. öld sem andsvar alþýðufólks við þeirri röskun og kjaraskerðingu sem iðnbyltingunni fylgdu framan af. Samvinnumenn verður að telja upphafsmenn m.a. að atvinnulýðræði, gæðaeftirliti og verðlagseftirliti og að staðgreiðsluviðskiptum sem meginreglu andstætt skuldabasli alþýðu. Samvinnuhreyfingin var hluti þeirra margþattu

félagshyggjustrauma sem léku um Vesturlönd og tengdust ýmist verkalýðshreyfingu eða samtökum smáframleiðenda. Þessi viðleitni var jafnframt þáttur þeirra menningarstrauma sem Fræðslustefna og Upplýsing ýttu undir. Alveg frá upphafi var í samvinnustarfi sérstök áhersla lögð á fræðslumál og er almennt sammæli að telja samvinnumenn upphafsmenn þeirra hugmynda sem síðar urðu almenn fræðsluskylda og skólaskylda.

Samvinnustarf í nútímaskilningi er eldra en frumkvæði það sem kennt hefur verið við breska iðnrekandann og hugsuðinn Robert Owen og það er líka eldra en „Sannvirðisfélag brautryðjendanna í Rochdale“<sup>60</sup> undir árslok 1844; íslensku verslunarsamtökin í Háls- og Ljósavatnshreppum voru nokkru eldri, svo að aðeins eitt dæmi sé nefnt. Iðjuhöldurinn Robert Owen hafði hins vegar afskaplega mikil áhrif með starfi sínu og atvinnurekstri, ekki síst í Lanark í Suður-Skotlandi. Líklega skiptir frumkvæði hans á sviði almannafræðslu ekki minnstu máli, en hann sýndi í orði og verki fram á einkenni og möguleika almennrar fræðslustarfsemi með rekstri raunverulegrar fyrirmyndar. Robert Owen má telja frumkvöðul hugmyndanna um fræðsluskyldu og almennt fræðslukerfi. Reyndar má einnig halda því fram fullum fetum að félags-, líknar-, fræðslu- og atvinnumálakerfi hans í Lanark hafi verið fyrirboði velferðarsamfélagsins sem síðar varð.

Margir aðrir frumkvöðlar samvinnu- og félagshyggju á 19. öld lögðu ekki síður mikla áherslu á fræðslumál, uppeldi og kennslu. Í þessum hópi má nefna hvern sem er: H. Saint Simon, P.J. Proudhon og Ch. Fourier í Frakklandi, F.H. Schulze-Delitzsch og F.W. Raiffeisen í Þýskalandi, E.W.V. Neale og J.M. Ludlow í Bretlandi; eru þá aðeins nokkur frægustu nöfnin nefnd.

Danska lýðháskólahreyfingin, sem mótaðist af hugmyndum og frumkvæði skáldsins og hugsuðarins Nikolai F.S. Grundtvig og skólamannsins Chr. Kold, var í mjög nánnum tengslum við samvinnustarfið í Danmörku, einkum úti á landsbyggðinni. Má hikaust segja að lýðháskólarnir, þessi stórkostlega danska uppgötun, hafi orðið uppsprettulindir samvinnuframtaks í Danmörku. Danska samvinnuhreyfingin og lýðháskólahreyfingin hafði úrslitaáhrif á Íslendinga og viðleitni þeirra í félagslegri, viðskiptalegri og menningarlegri vakningu þjóðarinnar, ásamt áhrifum frá norskum

---

<sup>60</sup> Rochdale Society of Equitable Pioneers.



*Skólustjórahjónin  
sr. Guðmundur  
Sveinsson og Guðlaug  
Einarsdóttir.*

lærisveinum danskra samvinnu- og lýðháskólanna. Þessi danska hreyfing var allt í senn verslunarhreyfing og búnaðarhreyfing, ungmennahreyfing og þjóðfrelshreyfing, lýðháskólahreyfing og trúmálhreyfing, og almenn menningar- og fræðsluhreyfing.

Upphaf samvinnustarfs á Íslandi verður að meta sem hluta þjóðlegrar endurreisnar og sjálfstæðisbaráttu enda litu þátttakendur starfsins svo á alveg frá byrjun. Samvinnuhreyfingin var gildur þáttur þjóðernisvakningar aldamótakynslóðarinnar á Íslandi. Viða í landinu var enn þá selstöðuverslun og fjármagnsskortur meðal almennings tilfinnanlegur, en af þessum sökum varð samvinnufélagsskapurinn eðlilegt úrræði og hóf fjölþættan rekstur jafnt í afurðastöðvum sem verslun. Á Suðvesturlandi var þegar sprottin upp íslensk verslunarstétt og mun það hafa miklu ráðið um að samvinnustarf þar náði í fyrstu aðallega árangri í afurðafélögum.

Að vonum mætti margt telja sem fyrirmyndir og hliðstæður að því starfi sem varð Samvinnuskólinn á Íslandi. Samband íslenskra samvinnufélaga var í upphafi 1902 stofnað aðallega til að sinna upplýsingamiðlun, félagslegum boðskap og samskiptum, og uppfræðslu; þessi verkefni voru einu nafni nefnd „fræðslumál“ á þessum tíma og lengi síðan. Í annál þeim sem birtur er í þessu riti kemur fram mikilvægt frumkvöðulsstarf Sigurðar Jónssonar í Ystafelli í Köldukinn við fyrirlestra og námskeið víða um landið. Hvarvetna erlendis stóðu samvinnumenn fyrir sams konar starfi og gátu Íslendingarnir víða leitað fyrirmynda að þessu. Lýðháskólahreyfingin

hafði þegar fest rætur hér á landi og Verzlunarskóli Íslands hafði hafið starfsemi sína. Ekki leikur vafi á því að Kennaraskóli Íslands hafði mikil áhrif á þessa viðleitni þótt óbein væru. Og auk danskra og norskra fyrirmynda verður enn að geta áhrifanna frá breskum félagsmálaskólum og breskum viðhorfum í fræðslumálum yfirleitt sem fyrst munu hér á landi hafa borist til Möðruvallaskóla.

Allar heimildir greina að mótun Samvinnuskólans varð að öllu leyti undir persónulegum áhrifum Jónasar Jónssonar frá Hriflu og nánustu samverkamanna hans. Jónas var Möðruvallamaður, lýðháskólamaður, menntaður einkum í Danmörku, Frakklandi og Bretlandi og síðast en ekki síst nemandi Ruskin College í Oxford, þess einstæða félagsmálaháskóla breskrar samvinnu- og verkalýðshreyfingar, og hann hafði starfað við Kennaraskólann. Með Jónasi stóð í upphafi að þessu einkum Hallgrímur Kristinsson forstjóri Sambandsins sem hafði leitt breskar samvinnureglur um staðgreiðsluverslun og fleira til öndvegis í Kaupfélagi Eyfirðinga og hafði einnig sjálfur nán kynni af dönskum samvinnu- og fræðslumálum. Meðal annarra samverkamanna í Samvinnuskólanum fyrsta kastið má einkum nefna guðfræðingana Tryggva Þórhallsson síðar forsætisráðherra og Ásgeir Ásgeirsson síðar forseta Íslands; báðir vildu þeir taka þátt í almennri lýðhreyfingu með ný menningar-, trúmála- og félagsmálaviðhorf. Enn ber að nefna Héðin Valdimarsson hagfræðing og síðar alþingismann sem mótaði hagfræðikennslu Samvinnuskólans fyrstu árin í ákveðnum samvinnu- og félagshyggjuanda.

Vitanlega var Samvinnuskólinn hluti Sambandsins og rekinn sem deild innan þess. Óhjákvæmilega hlaut skólinn að blandast þegar í upphafi inn í samkeppnis- og verslunardeilur. Í sögulegri framvindu hagaði því svo að Landsverslunin, sem stofnuð var af opinberri hálfu til að annast lífsnauðsynlega þjónustu í heimsstyrjöldinni fyrri, beindi miklum viðskiptum til samvinnufélaga og ýtti undir stofnun fleiri slíkra víða um land. Reyndar verður að telja þetta skiljanlegt þar eð þjónustustarfsemi var víðast lítil sem engin utan hálfgerðra eða algerðra selstöðuverzlana, fjármagn hvergi á lausu fyrir almennung, samvinnufélagsskapur eina opna og almenna félagsformið til rekstrar, og heimsófriðurinn hindraði öll venjuleg viðskipti. Ekki gat hjá því farið að skólastarfið fengi einhverjar slettur af þeim deilum sem um þetta allt urðu enda sjálfur skólastjórinn framarlega í stjórnmalafylkingu.

Einkafyrirtækin í landinu reyndu að andæfa gegn þessari framvindu, meðal annars með stofnun Verslunarráðs Íslands. Eftir á að

hyggja verður líklega að telja að allir aðilar hafi haft nokkuð til síns máls enda ekkert eitt sem öllum hæfir í senn í heilu samfélagi. Hitt virðist enn fremur ljóst að full þörf hlaut að teljast á nýjum félagsmála- og verslunarskóla við þær aðstæður sem upp voru komnar. Og það stóð heldur ekki á neikvæðum viðbrögðum Verslunarráðsins og Verzlunarskólans við stofnun Samvinnuskólans.<sup>61</sup> Mennt geta, svona eftir á, sjálfsgat fundið að allir höfðu rétt fyrir sér,



Hallgrímur Kristinsson  
forstjóri.


hver á sinn hátt. Milli samvinnumanna og einkarekstrarmanna var alger trúnaðarbrestur og hörð keppni. Einkarekstrarmenn vildu auðvitað að Landsverslunin hjálpaði einkarekstri fremur en opnum félögum, helst vildu þeir alveg losna við hana. Landsverslunin mun hins vegar ekki síður hafa litið á þá staðreynd að samvinnufélögin voru eina opna og almenna úrræðið sem m.a. yrði ekki rakið til persónulegra vona um hagnað. Mennt verða einnig að hafa í huga þá staðreynd að einkarekstur á þessum tíma veitti einfaldlega engar upplýsingar um eigin rekstur, fjárhag eða ákvarðanir; slíkt var heilagt einkamál og ekki að furða að ríkisrekin stofnun leitaði a.m.k. ekki síður til samtaka sem voru opin og almenn.

Samvinnustarf var mjög almennt skilgreint og kallað félagsmála starf. Andstæð sjónarmið í verslunarmálum tengdust mjög almennum þjóðfélags- og stjórnnumálum í allra hugum. Hjá því varð alls ekki komist að þetta allt hrærðist meira eða minna saman. Í þessum skilningi m.a. var Samvinnuskólinn félagsmálaskóli og Verzlunarskóli Íslands líka. Samvinnumenn kusu að skýra opinskátt frá þessu, en Verzlunarskólamenn töldu sinn skóla almennari eða jafnvel hlutlausari. Upphafleg stefna Samvinnuskólans var aftur á móti næsta almenn og lítt afmörkuð í þeim samþykktum sem fyrir liggja frá aðalfundum og stjórn Sambandsins. Leikur ekki vafi á því að menn hafa talið þessi efni liggja nokkuð ljóst fyrir og því óþarft að orðlengja í fundarsamþykktum. Að minnsta kosti gagnrýnendur og

<sup>61</sup> Ofurlítið sýnishorn blaðskrifna um stofnun skólans má líta í afmælisriti *Vefarans*, Samvinnuskólinn 1918–1968.



Sigurður Jónsson bóndi  
og ráðherra.



andmælendur þóttust vita hvað klukkan sló er Jónasi, Tryggva, Ásgeiri og Héðni var falið að móta fræðslustarfið; voru þeir samverkamennirnir þó engan veginn allir á einu máli um alla hluti svo sem síðar sannaðist. Hvað sem öðru líður verður að minnst þess að þetta voru áttatímar í atvinnu- og verslunarmálum og miklar deilur með Íslendingum á opinberum vettvangi. Samvinnuskólinn var hluti umsvifamikillar og umdeildrar hreyfingar

og hlaut að dragast inn í almennar umræður.

Vitalega má alls ekki gleyma því að ævinlega hefur talsvert samvinnustarf átt sér stað án formlegra tengsla við íslensku samvinnuhreyfinguna sem átti sér sameiningarafl í Sambandinu. Utan þess hafa starfað mörg samvinnufélög og starfa enn og einnig fyrirtækjasamtök sem starfrækt hafa verið fram á þennan dag í samræmi við reglur og einkenni samvinnustarfs enda þótt sum þeirra hafi haft lögform sameignarfélags, innkaupa- eða sölusamlags eða jafnvel hlutafélags.

Nauðsynlegt er í þessu efni að víkja nánara að hugtakinu „samvinnustefna“, „samvinnuhugsjónir“. Áður var í stuttu máli grein gerð fyrir megineinkennum og upptökum samvinnuhreyfingar nútímans, bæði í iðnbyltingunni erlendis og í þjóðarvakningu Íslendinga. Hins vegar er mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að „samvinnustefna“ er ekki að merkingu til einhlítt eða þröngt hugtak. Frá fyrstu tíð hefur borið á tilbrigðum eða afbrigðum þessara sjónarmiða. Verður hér dregið á þau allra helstu í örstuttu máli. Í Danmörku var meginþungi samvinnustarfsins framan af meðal smáframleiðenda í landbúnaðinum og beindist einkum að sameiginlegum rekstri afurðastöðva. Meginás þýska samvinnustarfsins í fyrstu var sparisjóðahreyfingin, sem barst til Norðurlandanna og hingað. Franskir samvinnumenn lögðu aftur á móti mesta áherslu á samrekstur iðnaðarmanna. Í Bretlandi voru þjóðfélagsaðstæðurnar með þeim hætti að samvinnustarfið þar varð umfram allt neytendaverslanir í tengslum við verkalýðshreyfinguna. Þar og vestan hafs voru gagnkvæm tryggingafélög reyndar einnig upphaflegur þáttur samvinnustarfsins. Vestan hafs þróuðust þessi helstu afbrigði



*Starfsfræðsla.*

snemma og þar urðu afurðafélög og sparisjóðir snemma mikilvægir þættir samvinnustarfsins en síðar bættust rafveitur og búsetafélög við, en mikil sérhæfing einkenndi samvinnufélögin þar frá fyrstu tíð og algengt að sami maður tæki þátt í mörgum þeirra í senn. Á Íslandi voru aðstæður enn á aðra lund. Hér var þessi viðleitni meðfram hluti þjóðlegrar og þjóðernislegrar vakningar í atvinnu-, viðskipta- og stjórnámálum. Hér var að flestu leyti víðast næsta frumstætt atvinnulíf með mjög ófullburða viðskiptum eða jafnvel sjálfsnægtabúskap aðallega; hér var því um jaðarsvæði að ræða að verulegu leyti. Hér á landi urðu því fjölpætt og svo kölluð blönduð samvinnufélög algengust, störfuðu jöfnum höndum að afurðameðferð, vöruútvægum og verslun, og síðar meir að iðnaði, útgerð og fiskvinnslu og reyndar að öllu því sem mönnum gat til hugar komið að þörf væri fyrir. Löngu síðar, á 20. öldinni, urðu enn fleiri afbrigði samvinnustarfsins umsvifamikil. Samvinnuútgætur er algeng meðal Japana, víða starfa samvinnuþvottahús, byggingarsamvinnufélög og búsetahreyfing, barnagæsla og mótuneyti eru margvíða með samvinnuformi og alhliða samyrkjubú Ísraelsmanna eru fræg. Á vegum ríkisvaldsins hefur og víða verið staðið að samvinnurekstri, einkum í þriðja heiminum og sums staðar með nokkrum árangri, einkum þó er ríkið slakaði á ráðsmennsku sinni svo sem á Indlandi og í Kenya. Loks ber að nefna fyrirskipað þvingunar-samvinnustarf það sem þröngvað var upp á alþýðuna í Austur-Evrópu og Ráðstjórnarríkjunum á alræðistímanum þar.

Svipuðu máli gegnir um skoðanir og viðhorf sem um mismunandi afbrigði og svið í starfseminni. Nokkrir þjóðkunnir Íslendingar verða hér nefndir sem fulltrúar ólíkra sjónarmiða sem þó verða



*Verslunarstjóra-  
námskeið og kennarar.*

öll talin „samvinnustefna“ og „samvinnuhugsjónir“ og eiga sér öll samsvaranir meðal forvígismanna í nágrennalöndum. Benedikt Jónsson frá Auðnum í Laxárdal var einhver merkilegasti menningarfrömuður Þingeyinga. Hann taldi helst að gervallt samfélagið, atvinnu- og menningarlíf, ætti að endurskipuleggja í samvinnuanda og með samvinnureglum; róttækir námsmenn um 1970 hefðu átt samleið með honum. Jakob Hálfðanarson frá Grímsstöðum við Mývatn var fyrsti kaupfélagsstjórinn á Húsavík. Jakob var á allt öðru máli en Benedikt. Jakob taldi samvinnustarfið einfaldlega hentugt tæki, heppilega leið, við tiltekna aðstæður; það væri „lífs-hvötin“ sem kæmi mönnum til að starfa saman þegar á þyrfti að halda. Á þessum tíma var Kaupfélag Þingeyinga pöntunarfélag, og rak Jakob þá einkaverslun sína meðfram kaupfélagsstjórarstarfinu til þess að mæta þörfum fólks. Þetta taldi hann mjög eðlilegt og sjálf-sagt. Forystumenn Sunnlendinga, Bogi Th. Melsteð, Sigurður Sigurðsson frá Langholti í Flóa og Ágúst Helgasøn í Birtingaholti í Hrunamannahreppi, munu flestir hafa verið svipaðrar skoðunar sem Jakob, að menn ættu að velja það skipulag sem best hentaði við hverjar aðstæður og að vel færi á því að til margra og ólíkra ráða væri gripið. Þeir áttu reyndar einnig kost á viðskiptum við innlend-ar verslanir og styttra að fara en Norðlendingar til að nýta sér þjón-ustu og verkaskiptingu í vaxandi höfuðstað. Hallgrímur Kristinsson var vitanlega fyrst og fremst ötull athafnamaður sem vildi efla sam-vinnufélögin og Sambandið. Hann og ekki síður Vilhjálmur Þór, síðar forstjóri Sambandsins, munu báðir hafa talið það eðlilegt að samvinnureksturinn yrði fylkingarbrjóst eða burðarás í atvinnulíf-inu við hlið annarra fyrirtækjaforma, stórveldi sem mikið kvæði að

og gæti haft úrslitaáhrif á framvindu samfélagsins. Loks skal hér nefndur Héðinn Valdimarsson sem fulltrúi þeirra samvinnumanna sem einkum vildu tengja starfið við verkalýðshreyfinguna og hagsmuni launamanna í þéttbýlinu. Héðinn taldi samvinnustarfið hluta af baráttuhreyfingu fyrir jafnaðarstefnunni og frjóanga þess frjálsa sósíalíska samfélags sem framtíðarinnar biði.

Líta má á Jónas Jónsson frá Hriflu einna helst sem samherja þeirra Hallgríms og Vilhjálms í viðhorfum sínum. Jónas taldi einkareksturinn eiga margvíslegum og gildum hlutverkum að gegna á öllum sviðum og ekki aðeins í rekstri bændanna, og hann studdi einnig rekstur ríkis og sveitarfélaga á tilteknum sviðum. Hann taldi hins vegar að samvinnurekstur svaraði þörfum fólksins mjög vel víðast hvar að minnsta kosti, og að samvinnureksturinn sameinaði viðskiptalega, félags- og menningarlega og siðferðilega kosti með ágætum; þetta síðast nefnda hefði samvinnan ótvírætt fram yfir einkareksturinn á flestum sviðum. Því væri eðlilegt að samvinnunnar gætti verulega um allt samfélagið og að hún yrði mjög leiðandi og ráðandi samfélags- og stjórn málafl. Séra Guðmundur Sveinsson skólastjóri á Bifröst hefði trúlega getað tekið undir með Jónasi í þessum efnum. Í því sem Guðmundur hefur skrifað um þessi efni beint ber þó miklu meira á menningarsögu- legum og félagsfræðilegum efnisatriðum en í ritum Jónasar sem vék meira að sögulegri framvindu og stjórn málu- num beinlínis. Hvorugur þessara tveggja skólastjóra og frumkvöðla Samvinnu- skólans hefur hins vegar fjallað mikið um viðskiptaleg eða rekstrar- leg málefni varðandi samvinnustarfið.

Það fer ekki á milli mála að samvinnustefnan er hluti þeirra sam- félagsviðhorfa sem kennd eru við félagshyggju, samhyggju, eða sósí- alisma. Ýmist á samvinnustefnan þá rætur í félagshyggju, sósíal- isma, launamanna og verkalýðshreyfingar eða, og ekki síður, í sam- tökum og stefnumiðum dreifðra smáframleiðenda til sveita, sjávar og borga eða í óskum margs konar millistétta um bættu þjónustu. Þessi svo kölluðu „sveitalegu“ og „smáborgaralegu“ sjónarmið urðu að vonum ráðandi í íslensku samvinnustarfi; slíkt hæfði einfaldlega þjóðinni og samfélagsaðstæðum hennar. Samvinnustefnan er aug- ljóslega náskyld öðrum hugmyndum um lýðræðislega þátttöku al- mennings í atvinnufyrirtækjum og stjórnun þeirra, hvort sem er svo kallað atvinnulýðræði, stjórnaraðild launþega í fyrirtækjum, opin almenningshlutafélög, blönduð hlutafélög með aðild sveitarfé- laga, launþegafélaga og kaupfélaga o.s.frv., eða tillögur um úthlut-

un arðs til starfsmanna eða um hlutaskipti í fiskveiðum eða öðrum rekstri.

Á síðustu árum hefur mjög dregið úr afli og velgengi samvinnufélaga víða á Vesturlöndum og ekki síst þar sem umsvif samvinnumannanna höfðu verið mest löngum, einkum á sviði neytendaverslana og í tengslum við verkálýðshreyfinguna. Margt kemur hér til álita og tvímælalaust hafa samvinnumenn sjálfir ekki vakað á verðinum og ekki fylgst með. Á Íslandi er ljóst að mörg samvinnufélög voru of lengi háð óraunhæfum fjármagnskostnaði og mikilli ríkisfyrirgreiðslu. Samvinnufélögin voru rekin sem atvinnubóta- og félagsmálastofnanir án tillits til arðsemi. Íslensk samvinnuhreyfing var og er mjög tengd landbúnaðinum og dreifbýlinu en hvort tveggja hefur verið í kreppu og á undanhaldi áratugum saman. Íslenskir samvinnumenn virtust ekki taka eftir því að skipting landsins í atvinnu- og þjónustusvæði hafði gerbreyst með nýjum samgöngu- og atvinnuháttum og hlutur höfuðborgarsvæðisins hafði þar að auki margfaldast í öllum umsvifum, þjónustu og atvinnustarfsemi. Það var og látið viðgangast að eigið fjármagn samvinnufélaganna yrði að langmestu leyti óskiptilegir sameignarsjóðir sem engir félagsmenn gátu talist eiga eða voru tengdir stofnsjóðseign félagsmanna. Þannig virtist enginn eiga þessi fyrirtæki og menn hegðuðu sér samkvæmt því í ákvörðunum; á fundum samvinnumannanna heyrðist og stundum talað opinskátt um félögin sem sjálfs-eignarstofnanir byggðanna. Svo mætti kveða að orði að langflest samvinnufélögin hafi vantað þá sérgreiningu sem efnahagslífið krafðist í vaxandi mæli. Þau fengust við ólík og lítt tengd atvinnusvið, skiptu sér af flestöllu og ginu víða yfir uns hvert athafnasviðið íþyngdi öðru í stað þess að efla hvert annað; þau héldu dvínandi eigin fé í óskiptilegum sjóði í stað þess að sérgreina það hverjum félagsmanni og höfða til félagsmannanna í krafti greinilegra hagsmuna hvers og eins; og þau reyndu að þjóna öllum hvort sem voru virkir félagsmenn eða ekki og þannig útvatnaðist hlutverk þeirra uns þau voru orðin marklitlar atvinnubóta- og félagsmálastofnanir meðan hagrænn grundvöllur skreið undan byggingunni. Hreyfingin reyndist íhaldssöm, mjög svifasein, og samstaða virtist takmörkuð meðal forystumanna um skilning á breyttum aðstæðum og þróun samfélagsins. Því fór sem farið hefur, og er þess þá jafnframt að geta að enn starfa í landinu mörg samvinnufélög, bæði kaupfélög og önnur, af talsverðum myndarskap og eru sum í sókn heldur en hitt þegar þetta er ritað.

Úrelt löggjöf um samvinnufélög hafði sitt að segja um erfiðleikana hér á landi þegar fram liðu stundir, meðal annars á þann hátt að samvinnufélögum reyndist ókleift að afla áhættufjármagns og eigið fé brann upp í eldum verðbólgunnar. Hins vegar er rétt að taka skýrt fram, þótt slíkt hafi ekki verið mjög tíðkað á Íslandi um langt skeið, að samvinnustarf rúmast ágætlega í réttarformum hvort sem er hlutafélags eða sameignarfélags; nægir að hafa almenn inngönguskilyrði án þvingunar, lýðræðislegan atkvæðisrétt og útlutun arðs í aðalatriðum eftir veltu á viðskiptamannareikningi hvers um sig; þetta síðast nefnda er sannvirðisreglan með jarðbundnu orðalagi.

Meginkjarni samvinnustarfs og samvinnustefnu verður að teljast sá að nýta samhjálpi til sjálfsbjargar. Þetta er mikilvægt að hafa í huga: Samhjálpin vísar til samhyggju og félagshyggju en sjálfsbjörgin vísar til frjálsræðisstefnu og hneigist í svipaða átt og einstaklingshyggjan; þetta síðast nefnda skýrir t.d. áhuga bænda á samvinnustarfinu. Allt bendir til þess að full þörf verði fyrir samvinnustarf um ókomna tíð. Ævinlega verður það svo í frjálsu og fjölþættu samfélagi að einhverjir hópar standi höllum fæti og þurfi á samstöðu að halda og vilji gera það með þeim hætti að lögð verði áhersla á félagsmanninn, eða rekstrareiningu með félagsaðild, sem notanda og þátttakanda fremur en sem fjárfesti eða eignaraðilja. Menn munu jafnan þurfa á því að halda í einhverjum mæli að leggja margir eða nokkrir saman fé í sjóð til að rétta hlut sinn eða uppfylla þarfir fremur en til þess að græða beinlínis eða safna auði. Einkenni samvinnustarfsins tryggja því framtíð og takmarka notagildi þess í senn, því að ljóst er að jafnan verða þeir og margir sem ekki munu telja sig hafa neina þörf fyrir úrræði af þessu tagi, einfaldlega vegna þess að þeir sjá sjálfa sig engan veginn standa höllum fæti. Og slíkt er líka vel.

Til viðbótar við þessi meginhlutverk er þess einnig að geta að samvinnurekstur hentar mjög vel rekstrareiningum, einstaklingum og fyrirtækjum, sem vilja standa saman að einhverri sameiginlegri en sértækri þjónustu, t.d. útvegun rekstrarvöru, sölu afurða, rekstri fasteigna, endurskoðunarþjónustu, barnagæslu, þvottaþjónustu o.s.frv., með þeim hætti að ekki verði um „sjálfstætt“ fyrirtæki eða samningsaðilja að ræða heldur aðeins „áhalð“ eða tæki í höndum samstarfsaðiljanna; við þessar aðstæður hentar samvinnureksturinn mætavel hvort sem er samvinnufélag fullum fetum, eða samlagsfélag sem t.d. er gert upp að fullu árlega, eða í lögformi sam-

eignarfélags eða hlutafélags. Aðalatriði samvinnustarfsins eru í raun og veru óháð lögformum. Meginatriðin eru í stuttu máli að samþærilegir aðilar hafi tiltölulega opinn aðgang að þessu sameiginlega tæki; ekki sé krafist mikilla fjárframlaga eða áhættu hvers og eins; sameiginlegar ákvarðanir séu teknar með lýðræðislegum hætti en ekki eftir misstórum eignarhlutum; og kostnaði sé skipt og arði að verulegu eða jafnvel að mestu leyti úthlutað í samræmi við veltu á viðskiptareikningi hvers samstarfsaðilja fyrir sig. Ekki leikur vafi á að samvinnurekstur í þessari mynd getur átt mikla framtíð fyrir sér í flóknu viðskiptalífi og samspili ólíkra og samstæðra fyrirtækja og einstaklinga í nútíð og framtíð.

## Samvinnuskólamenn og Samvinnuháskólamenn

Í þeim anda sem hér hefur verið reynt að lýsa var stofnað til Samvinnuskólans. Og í þessum sama anda var honum gerbreytt, fyrst er stofnunin var flutt að Bifröst í Norðurárdal og gerð að heimavistar-skóla og aftur er skólinn varð að Samvinnuháskólanum. Almenn fræðslumálasjónarmið samvinnumanna ásamt þjóðlegum og kristnum hugsjónum lýðháskólamanna mótuðu starfið, en jafnframt var að sjálfsögðu sinnt um þær grundvallarnámsgreinar sem nauðsynlegar þóttu. Lögð var áhersla á mannlega og félagslega þroskun námsmanna ásamt sérhæfðu og almennu námi þeirra og þjálfun til starfa. Á síðustu árum hefur verið leitast við að víkka þennan hugmyndalega og fræðilega grunn og er það í samræmi við almenna þjóðfélagsþróun; formleg tengsl við samvinnufélögin hafa að mestu rofnað en áhersla er lögð á samvinnu og samstarf í námsmannahópum og meðal kennara við hvers konar þjálfun og námsverkefni.

Spurt kann að verða: Hvað er skóli? Hvar og hver er þessi tiltekni skóli? Rétt svar verður eitthvað á þá lund að skólinn er námsfólkið sem í honum starfar og frá honum hefur gengið eftir að hafa til-einkað sér það sem stofnunin hafði fram að færa. Nemendurnir eru jafnan sýnilegt tákni skólans og þeir eru sá mælikvarði sem á skólann verður lagður, að svo miklu leyti sem menn vilja samþykkja að skólinn hafi einhver áhrif á einkenni, æviferil og framlag námsmannanna til samfélagsins. Námsmennirnir eru skólinn sjálfur í þessum skilningi; án þeirra er hann ekkert sem kennslustofnun. Vitanlega eru til skólar sem einbeita sér alveg að rannsóknum eða



*Haukur Ingibergsson  
skólastjóri.*



*Jóhanna Margrét Guðjónsdóttir  
kennari.*

öðru og er það annað mál. Í þessum sama skilningi eru námsmennirnir þá „fræðslumarkaðurinn“ sem áður hefur verið fjallað nokkuð um í þessu riti. Framtíð og væntanlegur ferill og vinnustaðir námsmannanna eru þá viðmiðunin sem stefnumótun og eftirsókn stofnunarinnar beinist að.

Þegar litið er yfir feril Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans, sem gert er nánara í öðrum köflum þessa rits, kemur í ljós að námsmenn hafa jafnan komið hvarvetna að úr öllum landshlutum og má segja að öll árin hafi verið talsverð dreifing heimilisfanga námsmanna um land allt. Þetta hefur að hluta til ráðist af umsvifum samvinnufélaganna um landið, en einnig og ekki síður þó af aðstæðum í íslenskum skólamálum en svo hagaði til lengi fram eftir öldinni að áhugasamt fólk varð að hleypa heimdraganum til þess að komast á skólabekk yfirleitt; átti það við um mörg tiltölulega fjölmenn héruð. Lengi fram eftir öldinni var aðgangur mjög takmarkaður að bóklegu framhaldsnámi í menntaskólum og héldu áhugasamir menn af alþýðustétt þá fremur til náms í Kennaraskólanum, Bændaskólum, Stýrimannaskólum, Iðnskólum, Verzlunarskóla Íslands, Húsmæðraskólum og öðrum sérskólum, þar á meðal kvöldskólum ýmsum og námsflokkum; og meðal þessara skóla þótti Samvinnuskólinn ákaflega álitlegur og eftirsóknarverður kostur enda var aðsókn að skólanum jafnan miklu meiri en unnt var að mæta.

Lausleg athugun sem höfundur þessa rits hefur gert leiðir í ljós að nýnemar í Samvinnuskólanum voru að jafnaði komnir langt á



tvítugsaldur og ævinlega verulegur hluti kominn um tvítugt. Mjög margir þeirra höfðu einhverja meiri eða minni starfsreynslu áður en í Samvinnuskólann var gengið og þegar leið á öldina fjölgaði þeim sem áður höfðu stundað nám í héraðsskólum eða öðrum miðskólum og framhaldsskólum. Karlar voru jafnan í meirihluta í skólanum. Um tíma ráku námsmenn sérstakt mötuneyti eða matarfélag í Reykjavík og yfirleitt höfðu einhverjir hópar námsmanna með sér herbergjaleigu og matarfélag hvort sem eiginlegt mötuneyti var starfrækt eða ekki. Eftir að skólinn fluttist til Bifrastar tók Mötuneyti Samvinnuskólans og heimavist skólaheimilisins við öllum slíkum hlutverkum.

Ekki verður að sinni gerð tilraun til að rekja starfsbrautir Samvinnuskólamanna eða þann frama sem ýmsir þeirra hafa náð á æviferli sínum. Hér verður látið við það sitja að minna á að fjöldamargir þeirra hafa mjög sett svip á allt félagslíf í flestum eða öllum byggðarlögum landsins. Þeir hafa staðið í fremstu röð í hvers konar áhugamannasamtökum, ungmenna-, íþrótt- og menningarfélagsskap, hagsmuna- og launþegafélögum, auk samvinnufélaganna sjálfra og samstarfsfyrirtækja þeirra en á þeim vettvangi voru Samvinnuskólamenn löngum yfirgnæfandi. Þá hafa Samvinnuskólamenn margir orðið forvígismenn í öðrum atvinnufyrirtækjum, margir þeirra framkvæmdastjórar, og allnokkrir umsvifamiklir frumkvöðlar og auðmenn. Enn er að nefna að allmargir Samvinnuskólamenn urðu ríkisstarfsmenn og sumir háttsettir embættismenn íslenska ríkisins og nokkrir gátu sér orð á sviði íþróttar, lista og fræða. Sérstaklega ber að nefna störf að sveitarstjórnarmálum í byggð og borg og að stjórnámálum, oftast í langflestum eða bókstaflega öllum stjórnámálaflokkum þjóðarinnar, á alþingi og í ríkisstjórnnum.

Það leiðir af sjálfu sér að námsráðgjöf og starfsútvægur varð fastur og fyrirferðarmikill liður í starfi stjórnenda Samvinnuskólans frá fyrstu tíð og æ síðan. Nemendurnir komu víða að og höfðu misjafnar forsendur og þurftu því mjög á ráðum að halda margir hverjir. Þá var ævinlega og fram á þennan dag mikið sótt til skólans af hálfu fyrirtækja og stofnana um efnilega námsmenn til vinnu, langt út fyrir eiginleg samvinnufélög eða samstarfsfyrirtæki þeirra. Þrátt fyrir minnkandi gengi samvinnuhreyfingarinnar og þrátt fyrir mjög mikla röskun á öllum högum skólans á árunum eftir 1986 hefur ekki til langframa dregið úr aðsókn að skólanum og enn sem fyrr eru námsmenn úr Samvinnuháskólanum mjög eftirsóttir til



*Jón Sigurðsson*  
skólastjóri og rektor.



*Sigrún Jóhannesdóttir*  
kennari og aðstoðarrektor.

starfa og ábyrgðar í atvinnulífinu. Að sönnu hefur nú orðið sú breyting að einstaklingarnir sem til skólans sækja eru fullvaxnir og þroskaðir og taka því ekki þá æskumótun sem áður var á Bifröst. Nú er meðalaldur kominn langt að þrítugu og allnokkrir jafnan um fertugt í Samvinnuháskólanum, en þrátt fyrir þetta hafa nemendakannanir á síðustu árum sýnt að menn telja sig enn hljóta mikilvæga félagsmálþjálfun og samskiptamótun í skólanum ekki síður en áður þótt með öðrum hætti sé nú.

Áherslur breyttust nokkuð í starfi Samvinnuskólans þegar leið á áttunda áratug 20. aldarinnar. Undir forystu Hauks Ingibergssonar skólastjóra voru margvíslegar nýjungar teknar upp í starfinu og meðal annars fól aðalfundur Sambandsins skólanum að hefja almenna starfsfræðslu og þjálfunarnámskeið fyrir samvinnustarfsmenn og félagsmenn samvinnufélaganna í landinu öllu. Svo sem rakið er á öðrum stöðum í þessu riti varð starfsfræðsla Samvinnuskólans eitthvert allra umsvifamesta átak af sínu tagi á Íslandi fyrr og síðar. Haldin voru margvísleg námskeið; almenn verslunar- og skrifstofustarfanámskeið, sérhæfð námskeið og stjórnunarnámskeið, svo og félagsmála- og samvinnumálanámskeið, að ógleymdum sérstökum flokki félagsmálanámskeiða fyrir konur, þeim til hvatningar og eflingar.

Félagsmálþjálfun Samvinnuskólans jókst um allan helming þegar stofnunin fluttist að Bifröst í Norðurárdal, en lengst af starfaði skólinn þar næsta einangraður og var því góð aðstaða til einbeitingar og eflingar í félagslífi. Séra Guðmundi Sveinssyni tókst ásamt

samverkamönnum sínum að skapa algerlega einstæða menningar- og uppeldismiðstöð á Bifröst. Á skólaheimilinu, sem að hluta var mótað eftir norrænum fyrirmyndum lýðháskólanna og samvinnuskóla eins og í Sänga Säby og Saltsjöbaden í Svíþjóð og víðar, fór fram menningarstarf og manngerðarmótun sem á varla sinn líka á Íslandi. Þegar þetta er orðað á svo hástemmdan hátt er einnig haft í huga að þessi starfsemi hélst fram á 9. áratug 20. aldarinnar. Höfundur þessa rits er minnisstætt hversu fastar skorður og mikil fyrirmyndarregla ríkti á öllum hlutum, litlum sem stórum, á Bifröst fram yfir 1980 og hversu mörgu þurfti að raska – og hve ótrúlega mörgu þurfti að ýta við – þegar breytingar skólans hófust nokkrum árum síðar. Voru þá margir nærstaddir og nákomnir sem rifjuðu liðna tíð upp með söknuði.

Saga íslensku lýðháskólanna hefur legið í þagnargildi óþarflega lengi. Saga íslensku heimavistarskólanna og héraðsskólanna hefur ekki heldur notið verðskuldaðrar athygli og skerfur þeirra til þjóðmenningarinnar hefur ekki hlotið alla þá viðurkenningu sem verðugt er. Þessar stofnanir léku mjög mikilvægt hlutverk í því að gera Íslendinga að nútímapjóð sem gengur upprétt í landi sínu. Þeir gegndu ómetanlegu hlutverki í því að breyta Íslendingum í upplitsdjarfar félagsverur og metnaðarfulla nútímamenn, að því leyti sem því uppeldisstarfi er yfirleitt lokið. Starf þeirra var alls ekki og engan veginn unnið fyrir gýg. Hins vegar breytast aðstæðurnar og þarfirnar og að því kom að hlutverki þeirra var að miklu leyti lokið. Skólar voru stofnaðir miklu víðar en áður og samgöngum fleygði svo fram að ekki var lengur þörf fyrir þessa einangruðu heimavistarskóla. En margir sakna þeirra, sjálfrá sín vegna og barna sinna. Störf kennara og annarra í þessum skólum voru ótrúlega margþætt og tímafrek. Enn minnast þúsundir Íslendinga þessara starfsmanna og stjórnenda með tilfinningum sem einna helst verður líkt við andlegt samband barns við foreldri; má víst segja að slíkt sé ærinn kaupauki þótt seint heimtist. Um þessi efni má margt rita en verður ekki hér, en íslenskri menningarsögu verður ekki lýst nema heimavistirnar fái þar rúm.

Á 9. áratug 20. aldarinnar og fram á lokaáratuginn gerbreyttist Samvinnuskólinn og varð að Samvinnuháskólanum, svo sem lýst er í þessu riti. Skólinn breyttist á ótrúlega og óþægilega stuttum tíma úr íhaldssömum, hefðbundnum og virðulegum heimavistarskóla í nýtiskulegan, tilraunafúsan og framgjarnan fagháskóla. Trúlega hefðu Samvinnuskólans beðið sömu örlög og annarra heimavistar-



*Vésteinn Benediktsson*  
rektor.



*Edda Simonardóttir*  
lektor.

og héraðsskóla á unglíngastigi, ef hrun Sambandsins hefði þá ekki klippt á þráðinn í skyndi. En engin örlög eru vituð fyrir fram og því má jafnan freista þess að hafa áhrif á það sem fram undan kann að vera; og eigi dugir ófreistað. Þetta var ekki gert í Sambandi íslenskra samvinnufélaga og ekki í mörgum samvinnufélögum. Á þetta ráð var hins vegar brugðið á Bifröst og þegar þetta rit er skráð hefur árangurinn orðið nokkur.<sup>62</sup>

## Kennsla og boðun

Í annál þeim sem fylgir á eftir í þessu riti er á nokkrum stöðum vikið að þróun og breytingum námsgreina í Samvinnuskólanum á liðnum tíma; um Samvinnuháskólann í þessu efni verður að vísa til *Námsvísis* sem gerður er sérstaklega á hverju ári. Ljóst er af heimildum að í Samvinnuskólanum skiptust námsgreinar þannig: a) Almennar kjarnagreinar fræðslukerfis þjóðarinnar, svo sem íslenska, stærðfræði, saga, danska, enska; sérstöðu hefur sænska sem kennd var um árabil í Samvinnuskólanum, sennilega eina reglulega dag-skólanum sem bauð þá námsgrein fyrir miðja öldina. b) Viðskiptagreinar, svo sem bókfærsla, hagfræði, verslunarreikningur, reikningshald, stjórnun, áætlanagerð, sölufraði. c) Félagsmálagreinar,

---

<sup>62</sup> Sjá fyrri kafla um einkenni starfsins og annál í þessu riti um breytingarnar.

svo sem samvinnusaga og síðar samvinnufræði, þjóðfélagsfræði, félagsmálafræði, fundaræfingar; flestar þessar greinar áttu sér ekki hliðstæður í öðrum skólum. d) Ýmsar aðrar námsgreinar og valgreinar.

Framan af sögu skólans er ekki mikið um beinar skriflegar heimildir fyrir hendi um val og ákvörðun námsgreina, en í Reglugerð fyrir Samvinnuskólann frá 1937 er ákaflega merkilegur námsvísir með lýsingum kennslu- og námsmarkmiða fyrir hverja námsgrein skólans. Kemur þar skýrt fram hvers verður krafist af námsmanni á lokaprófi, og má vera að Samvinnuskólinn sé meðal fyrstu íslenskra fræðslustofnana með svo skýrar upplýsingar til umsækjenda, nýnema, kennara og alls almennings.

Ástæða er til að nefna að kennsla í samvinnusögu var lengi fram-  
an af alveg á vegum Jónasar Jónssonar, en hann kenndi jafnframt félagsfræði og hefur þess oft verið getið að hann blandaði þessum greinum saman eftir því sem honum þótti henta. Jónas lagði mesta áherslu á sögulegan fróðleik, eftirminnilega persónusögu og siðferðilegar dæmisögur úr samfélagi og sögu nemendum til uppbyggingar og lærdóms. Eftir að Jónasar naut ekki lengur við þróaðist samvinnusagan að hluta í þá átt að verða einkum yfirlit yfir starfsemi og einkenni íslenskrar samvinnuhreyfingar, Sambandsins og samstarfsfyrirtækjanna, jafnvel svo mjög á tímabili að taldir væru upp kaupfélagsstjórar og útibú um landið. Þetta varð þó aldrei alveg einhliða eða einhlítt og á 9. áratugnum breyttist greinin í eiginlega samvinnufræði og var henni smám saman á nokkrum árum breytt þannig að áherslan á Sambandið og kaupfélögin minnkaði að mun en í staðinn var meira fjallað um félagsleg og viðskiptaleg einkenni samvinnustarfs yfirleitt, stjórnkerfi, skattamál og samkeppnisstöðu ásamt yfirliti um hugmyndir um atvinnulýðræði og aukna þátttöku starfsmanna í stjórnun og arði. Í Samvinnuháskólanum hélt þessi þróun áfram og um nokkurt skeið var samvinnueinkennum lýst á sérstöku námskeiði sem fjallaði að öðru leyti um hlutverk og eigindir atvinnustarfsemi yfirleitt, um mismunandi rekstrarform atvinnufyrirtækja og um viðskiptasiðferði.

Önnur grein sem veitt hefur Samvinnuskólanum og Samvinnuháskólanum sérstöðu er félagsmálafræði og fundaræfingar. Skólinn hefur um langt árabil hrósað sér af því að halda uppi einhverri metnaðarfyllstu félagsmála-, fundarstarfa- og ræðumennskupjálfun sem boðin er í landinu. Þetta hefur í sjálfu sér ekki breyst í umbreytingum skólans en efnistöð, umræðuefni o.s.frv. hafa að sönnu

breyst verulega þar eð námsmennirnir eru ekki lengur unglingar heldur þroskað fólk.

Kennslufræði skólans hefur frá fyrstu tíð verið býsna sérstæð. Jónas Jónsson lagði ofurþunga áherslu á að kennslan bæri svip af hugsjónum lýðháskólamanna. Hann ritaði einhverju sinni: „Leiðinlegur kennslutími ætti að varða við lög“;<sup>63</sup> vitað er að hann braut þau lög aldrei sjálfur. Að öðru leyti má telja að kennsla hafi verið með hefðbundnu sniði að mestu leyti í Samvinnuskólanum í Reykjavík. Þess gætti þó vitanlega hversu nemendur voru fáir að öll samskipti urðu nán og persónuleg en skólinn var lengi eiginlega inni á heimili Jónasar og Guðrúnar Stefánsdóttur í Sambandshúsinu. Séra Guðmundur Sveinsson hóf margs konar nýbreytni í kennsluaðferðum þegar í byrjun starfs á Bifröst. Opnuð var sérstök þjálfunaraðstaða í kennsluverslun þar, erlendir gistikennarar komu til að aðstoða við tungumálakennslu og talæfingar; áður er getið um það hvernig aðstaðan var nýtt til félagsmálaþjálfunar og fundaræfinga, og smám saman eignaðist skólinn ritvélar, bókhaldsvélar og fleiri slík áhöld. Bókasafni var komið upp og mikil áhersla lögð á hvers konar kynningu bókmennta, lista og menningarsögu meðfram annarri fræðslu.

Mikil áhersla var jafnan lögð á að útvega skólanum sem allra best mannval í kennurum, og nægir að vísa til annálsins í þessu riti en þar er kennara víða getið þegar hann eða hún kemur fyrst til starfa. Eru í þessum hópi margir þjóðkunnir menn og konur sem komið hafa við sögu Samvinnuskólans fyrr og síðar, sumir sem voru eða urðu síðar viðurkenndir fyrir framlag og árangur á sviði fræðslu- og menningarmála.

Sem lýðháskólamaður lagði Jónas Jónsson ekki úrslitaáherslu á kennsluáhöld eða notkun þeirra, fyrir utan eiginlega viðskiptalega starfsþjálfun. Eins og fram hefur komið lagði séra Guðmundur talsvert þyngri áherslu á þennan þátt. Veruleg umskipti urðu á árum Hauks Ingibergssonar skólastjóra en þá var að hefjast í landinu mikil aukning í notkun hvers konar tækni og áhalda við kennslu. Fyrstu tölvurnar voru gefnar skólanum á þessum árum og upp úr því urðu árlega aldamót á því sviði um langt árabil. Ritvélum, reiknivélum og bókhaldsvélum fjölgaði og þær urðu æ fullkomnari uns tölvurnar leystu þær allar af hólmi. Framvinda tölvunnar ein

---

<sup>63</sup> Jónas Jónsson. 1958. *Vinland hið góða*. Bls.136.



*Jónas Guðmundsson*  
rektor.



*Anh-Dao Tran*  
kennari.

sér á 9. áratugnum er mjög lærdómsrík en allan áratuginn og síðan hefur Samvinnuskólinn og Samvinnuháskólinn verið í fremstu röð íslenskra skólastofnana á þessu sviði. Á árum Hauks Ingibergssonar eignaðist skólinn einnig sín fyrstu myndbandstæki og tóku þau hraðfleygum framförum og notkun þeirra jókst mjög um nokkurra ára skeið. Um sama leyti varð notkun myndvarpa almenn, en segulbönd o.p.h. höfðu áður verið notuð um árabíl. Allan þennan tíma var reynt að efla bókasafn skólans sem mest mátti. Lengst framan af var það almennt heimilis- og heimavistarbókasafn, en sérstöðu í safninu höfðu ljóðabækur sem keyptar voru úr einkasafni Jóns Emils Guðjónssonar, forstjóra Ríkisútgáfu námsbóka, og félagsmálarit sem Jónas Jónsson hafði fært skólanum að gjöf. Eftir að Samvinnuháskólinn var kominn til sögunnar var bókasafninu smám saman breytt í fagbókasafn og síðan í Upplýsingamiðstöð Samvinnuháskólans og tengt tölvubúnaði og margmiðlunartækjum skólans, svo og fjartengingum og millisafnalánum.

Á fyrra hluta 9. áratugarins breyttist mjög tilhögun við skipulega og samfellda þróun námsefnis og kennslufræði í Samvinnuskólanum og því starfi hefur verið haldið áfram síðan í Samvinnuháskólanum. Fyrstu skrefin í þessari viðleitni voru árlegir sameiginlegir fundir kennara á Bifröst með kennurum úr Framhaldsdeild Samvinnuskólans í Reykjavík og útgáfa sameiginlegs Námsvísis í framhaldi af því starfi. Þegar hefur verið gerð grein fyrir flestum meginatriðum þeirrar kennslufræði og þróunarstjórnunar sem fram fer í Samvinnuháskólanum. Nokkur atriði skulu þó nefnd til frekari

áréttingar því sem þegar hefur komið fram í þessu riti, til þess að ítreka nokkuð af því sem veitir Samvinnuháskólanum sérstöðu.

Námsmat og prófareglur Samvinnuháskólans eru mjög frábrugðin því sem almennt tíðkast í skólum hérlendis og hafa reyndar nokkrum sinnum mætt fordómum, einkum að misserispróf ráða aðeins 30% einkunnar og að ráð er fyrir því gert að námsmenn hafi allar heimildir og gögn með sér í próf og prófið sé þá að efni til fyrst og fremst hagnýt æfing í vinnubrögðum, leikni og valdi yfir beitingu efnisins á stundinni. Mjög mikil reynsla hefur skapast í Samvinnuháskólanum í þessum efnum, svo og í hvers konar verk-efnavinnu, hópstarfi og löngum og rækilegum samþættum verkefnum. Málsvarnir um misserisverkefni veita Samvinnuháskólanum einnig algera sérstöðu, enda þótt þær séu alkunnar víða um lönd. Tilhögun málsvarna hefur þróast við reynsluna í skólanum. Fundarsköp eru næsta nákvæm og formföst og fylgt nákvæmum forskriftum. Málsvarnir eiga sér reyndar langa og mjög merkilega sögu í evrópsku háskólastarfi en tilheyra víðast aðallega lokaáföngum framhaldsnáms til meistara- eða doktorsgráðu. Þær eru mjög merkileg sérstaða í starfsháttum Samvinnuháskólans miðað við það sem tíðkast hefur í íslenskum háskólum á sama stigi og hafa brautskráðir námsmenn talið þær m.a. afskaplega mikilvægan undirbúning undir stjórnunarstörf í atvinnulífinu þar sem menn verða að geta staðið fyrir máli sínu og sótt og varist með rökvislegum hætti og starfað ábyrgt og málefnalega með öðrum. Síðasta atriðið sem verður minnst sérstaklega á hér er formlegt nemendamat sem gert er á vegum Framkvæmdaráðs og Skólafélags námsmanna á hverju misseri. Það snertir kennslu og störf kennara, námsefni, skipulagshætti og námsaðstöðu alla. Á síðasta áratug Samvinnuskólans, allt frá árum Hauks Ingibergssonar, héldu nemendur sérstaka endurbótafundi að vori þar sem þeir ræddu óskir sínar varðandi nám og kennslu, aðstöðu, húsnæði o.s.frv., en frá 1985 hefur þetta mat farið fram með sérhönnuðum eyðublöðum sem m.a. miðast við alþjóðlega reynslu og í fyrstu einkum við bandarískar fyrirmyndir. Þessi eyðublöð hafa síðan verið endurskoðuð meira eða minna árlega með aðild bæði kennara og námsmanna.

Lengi lék það orð á að í Samvinnuskólanum væri rekinn mikill og harðvítugur áróður fyrir tilteknum félagslegum og stjórnmalalegum sjónarmiðum og ekki síður hatramur áróður gegn tilteknum öðrum sjónarmiðum. Hér hefur framar verið vikið að deilum og keppni samvinnumanna og einkarekstrarmanna á liðinni tíð á Ís-



landi. Ekki dró úr þessum illindum þegar leið á 3. áratuginn og síðan meðan haftakerfi ríkti og hvers konar stjórnmalafyrirgreiðsla þótti við hæfi í viðskiptum og atvinnulífi. Var það þá látið heita svo fullum fetum að þessi skóli væri bannsett „Framsóknarfjós“ og væru þar bolakálfar og kvígur af versta tagi í stuggvænlegu uppeldi. Víst er um það, svo sem áður hefur komið fram, að áhersla var lögð á jákvæða kynningu samvinnustarfs og samvinnustefnu; ekki var vikist undan að halda uppi öflugri málsvörn í þeim efnum sem samvinnuhreyfinguna snertu beinlínis. Láir það enginn maður starfsmönnum Samvinnuskólans. Hæpið verður aftur á móti að telja að t.d. kennararnir Héðinn Valdimarsson eða Sigfús Sigurhjärtarson, síðar alþingismenn, hafi tekið mikinn þátt í því að boða námsmönnum fagnaðarerindi á vegum Framsóknarflokksins á fyrri árum skólans. Vitað er að Jónas Jónsson gat átt það til að snúa ; skrápnum að þeim nemendum sem orðaðir voru við Kommúnistaflokk Íslands eða Sósíalístaflokkinn síðar, en mörg dæmi eru kunn af nemendum sem voru stuðningsmenn Sjálfstæðisflokks og þó einkum Alþýðuflokks sem Jónas átti góð skipti við og studdi á alla lund. Þá verður og að telja afskaplega ótrúlegt að Jónas hafi mikið gert að því að hrósa forystumönnum Framsóknarflokksins á lýðveldisárrunum. Þvert á móti greina heimildir að köldu hafi andað til þeirra í ýmsum orðum hans á þeim tíma; satt mun vera að Jónas hafi tekið afstöðu til manna persónulega miklu fremur en eftir stjórnmalalit. Höfundur þessa rits er ekki kunnugt að séra Guðmundur Sveinsson hafi nokkru sinni verið orðaður við pólitískan áróður í kennslu sinni fyrr eða síðar og sparaði hann þó alls ekki að tjá skoðanir sínar á flestum þeim málum sem hann taldi ástæðu til.

Allar þessar sögur um áróður og fagnaðarboðskap tengdan stjórnmalum og stjórnmalaflokkum beint eða óbeint verður að taka með fyrirvara, margt af því er hnútukast andstæðinga sem leita sérhvers færís. Beinlínis er vitað að margir kennarar við skólann forðuðust þetta allt eins og heitan eldinn, m.a. einmitt vegna þess umtals sem um skólann var dreift. Sannleikurinn er og sá að óheflaður áróður kennara hefur venjulega þveröfug áhrif við það sem til er ætlast. Um hitt verður ekki deilt að mennirnir Jónas Jónsson frá Hriflu og séra Guðmundur Sveinsson – þó að aðrir verði ekki nefndir í andráníni – höfðu ómælanleg og ómetanleg áhrif á námsmenn sína, áhrif sem námsfólkinu entust í mörgum tilfellum alla ævi og menn segjast aldrei munu geta ofþakkað eða ofmetið.

Lesendur þessa rits munu skilja það að ekki verður á neina aðra hallað þótt þeir tveir verði hér gerðir að umræðuefni sérstaklega. Hlutur þeirra Jónasar og séra Guðmundar er slíkur í sögu Samvinnuskólans að sjálfsagt er að þeirra sé getið um fram alla aðra. Skal þess nú freistað í stuttu máli.

Jónas Jónsson var ákaflega umdeildur maður á sínum tíma enda sótti hann í orrahríðirnar. Eftirmæli hans eru orðin miklu betri en samtímaumsagnir ýmissa voru. Jónas kom afar víða við en hér verður því haldið fram að langmikilvægasti skerfur hans hafi verið það stórkostlega hlutverk sem hann lék í því að gera Íslendinga að skólagenginni þjóð, að leysa uppvaðandi kynslóðir af fjötri menntunarleysis og opna þeim þannig leiðir til frama og frelsis, framfara og farsældar. Með þessu er ekki gert lítið úr framlagi annarra manna á þessu sviði, en aðeins tekið fram það sem almennt sam-mæli hefur þegar orðið um. Frumkvæði og forysta Jónasar á þessu sviði er ómetanlegur skerfur til þjóðarsögunnar.

Í störfum sínum og afskiptum af málefnum þjóðarinnar var Jónas um fram allt boðberi, hvatamaður og kennimaður. Meginhlutverk hans varð að veita öðrum innblástur og vekja öðrum hungur eftir nýrri vitneskju og nýstárlegum athöfnum. Allt fram á síðustu ár sín var hann brennandi í andanum og aldrei alveg sáttur við umhverfi sitt. Jónas settist aldrei í helgan stein; hann fann jafnan til í þeim stormum sem um Ísland léku. Boðberinn og hvatamaðurinn var óhjákvæmilega sálnaverðari, uppalandi og hjálparhella ungum mönnum, jafnt í stjórnámálum sem í atvinnulífi, á menntabraut sem í heimi listanna. En hann var aldrei hlutlaus aðstoðarmaður heldur sannfærður baráttumaður; að því kom að hann varð viðskila við nýja kynslóð. Þá fór hann enn mikinn og hlaut af því last margra, ekki síst vegna afstöðu til ungra listamanna. Ástæður Jónasar voru einkum þær að samkvæmt hugarfari hans áttu menn að starfa og skapa með það í huga að efla og auðga líf alls almennings. Frjó sköpunarleit ungra manna stefndi frá þessu marki að hans mati og þá varð Jónas viðskila og skap hans leyfði ekkert hlutleysi.

Jónas Jónsson var ævinlega róttækur maður, eða sem kallað var þá „radikal“ og miðað að jöfnu við danskar og ekki síður franskar fyrirmyndir. Sem róttækur hvatamaður hlaut hann lengst af að taka sér stöðu fremst og yst í þeim stjórnámálflokki sem hann átti meginþátt í að móta. En ef frá er talið ótrúlega stutt virkt forystuskeið

Jónasar var hann eiginlega alltaf róttækur minnihlutamaður í Framsóknarflokki; aðeins um 3–4 ára skeið í upphafi 4. áratugarins verður sagt að Jónas hafi ráðið þar ferðinni.

Hugmyndir Jónasar um skólamál og skólakerfi, héraðsskóla o.fl., hlutu að vika fyrir nýrri sjónarmiðum þegar leið á starfstíma hans. Hann lét þó aldrei undan sjálfur. Mörgum árum síðar komust svipuð viðhorf til kennslu og skólakerfis til öndvegis aftur. Allt fram á síðustu ár sín hamraði Jónas á skoðunum sínum á kennslumálum. Skólarnir áttu að vera orkuveita innblásturs fyrir alla þjóðina og þess vegna áttu þeir að tengjast lífi og starfi alls almennings fremur en einum saman lærdómi embættismanna og höfðingjastéttar. Hann vildi leggja siðferðilegan dóm á störf og stefnu í skólamálum. Í augum hans snerust skólamál um siðferði, þjóðrækni og lífsstefnu en tækniþekking og sérþekking áttu að lúta þessum markmiðum. En þetta mátti ekki fyrir neinn mun vera hvaða lífsstefna sem er heldur þjóðleg og alþýðleg lífsstefna. Áður hefur verið getið um afstöðu Jónasar til samvinnumannanna og um þá skoðun hans að samvinnustarfið hefði siðferðilegt og menningarlegt ágæti.

Kennslustörf Jónasar sjálfs báru afstöðu hans skýrt vitni. Hann var lýðháskólamaður og lagði þunga áherslu á mótunaráhrif kennarans. Og hann iðkaði þetta sjálfur. Hann skrifaði vinsælustu kennslubækur þjóðarinnar en í eigin kennslu notaði hann enga bók. Hann veitti nemendum sínum innblástur og mótaði þannig líf þeirra margra æ síðan. Margt var á sínum tíma sagt og ritað um valdakerfi hans og Jónasarmennina úti um allt þjóðfélagið; undirstaðan í þessu kerfi voru fyrrverandi nemendur hans. Hann vildi ekki kenna með því sem hann sjálfur nefndi „staðreyndaítroðslu“, hann vildi ekki „setja nemendum fyrir“, hann fylgdi engri eiginlegri „námskrá“. Hann krafðist þess að kennslustund væri skemmtileg og lífleg og öllum heimildum ber saman um að hann náði ótrúlegum árangri.

Jónas var afskiptasamur um nemendur sína, líf þeirra og alla hagi. Hann var mjög forvitinn um öll manneskjuleg málefni og lét sér ekkert óviðkomandi sem nemendurna snerti. Hann hafði skoðun á þeim og öllu því sem þá varðaði. Áhugi hans virtist alveg óþrjótandi, umönnun hans endalaus, afskiptin víðtæk og langvarandi. Langflestir nemendurnir tóku afstöðu til hans svipaða því sem unglingar taka til umhyggjusams foreldris, með sívaxandi hlýhug og þökk.

Séra Guðmundur Sveinsson gerðist skólalastjóri Samvinnuskólans

á mikilvægum tímamótum í sögu stofnunarinnar. Hann var viðmenntaður, ekki síst í hugmynda- og menningarsögu og félagsvísindum en lét sér ekkert mannlegt óviðkomandi. Hann endurskóp Samvinnuskólann og gerði hann að fræðslu- og þroskunarstöð sem skaraði fram úr og skilaði þjóðinni ótrúlega mörgum forystumönnum og góðum drengjum á flestum sviðum þjóðlífs, atvinnulífs og menningar. Samvinnuskóli séra Guðmundar varð viðskipta- og félagsmálaskóli og einnig þroskandi skólaheimili í orðanna bestu merkingu. Séra Guðmundur vann langan vinnudag og var jafnframt umsvifamikill stjórnandi annarra fræðslu- og menningarstofnana á vegum samvinnuhreyfingarinnar. Þrátt fyrir það setti hann mjög svip á allt daglegt líf á skólasetrinu og tók virkan þátt í kennslu sjálfur. Kennsla hans í menningarsögu og í stærðfræði er rómuð. Séra Guðmundur og eiginkona hans, Guðlaug Einarsdóttir, gerðu skólann að rausnarlegu menningarheimili og voru frábærlega samhent.

Séra Guðmundur sameinaði vinnusemi stjórnandans og skipuleggjandans annars vegar, framsýni og ákafa umbótamannsins og leitarhug og alúð fræðimannsins hins vegar. Hann lagði áherslu á að sameina í starfinu á Bifröst hagnýta starfsþjálfun og fræðslu um háleitustu verðmæti menningar- og listasögunnar. Metnaður hans var að Samvinnuskólamaenn yrðu í senn virkir forystumenn í athafna- og viðskiptalífi og jafnframt sannmenntaðir, bókmenntahneigðir og listelskir; hann fyrirleit þá hugsun að þetta geti ekki farið saman. Afstöðu nemenda til hans svipar um margt til afstöðu nemenda til Jónasar. Svo ólíkir sem þeir voru og svo ólík sem kjörsvið þeirra hafa verið, áttu þeir það sameiginlegt sem mestu máli skiptir: Báðir skapaðir leiðbeinendur, ráðhollir, áhugasamir og velviljaðir; þeir hafa tekið þessa manneskjulegu, agandi en alúðarfullu afstöðu foreldrisins til nemendanna. Báðir gáfu þeir sig starfinu og hinum viðkvæma og mikilsverða efniviði, námsfólkinu, algerlega og skilyrðislaust.

Að því kom að samfélagið kallaði séra Guðmund til nýrrar þjónustu og hann varð einn helsti forvígismaður þeirrar margháttaðu og róttæku menningar- og jafnaðarbyltingar sem varð í landinu er framhaldsskólastigið var eftt og opnað og gert að virkum þætti í skólagöngu alls almennings. Hann var einn af höfundum framhaldsskólabyltingarinnar. Hann skrifaði margt um þessi efni, um kennslufræði, fræðsluskipan, nemendalýðræði o.fl. Í þessu starfi tók hann m.a. að sér að reisa stærsta framhaldsskóla þjóðarinnar, Fjöl-

brautaskólann í Breiðholti í Reykjavík. Þar var a.m.k. framan af starfað samkvæmt hugmyndum séra Guðmundar sem sameinuðu í senn mjög víðtækt valfrelsi nemenda annars vegar og hins vegar samferð í tilteknum mikilvægum kjarnagreinum í lokaáfangna námsins. Séra Guðmundur opnaði Samvinnuskólamönnum leiðir til háskólanáms erlendis með sérstökum samningum og hann sá fyrir þörfina á að breyta Samvinnuskólanum um það leyti sem sérstök Framhaldsdeild var stofnuð til að brautskrá stúdenta; en aðrir forráðamenn höfðu ekki framtíðarsýn hans og því varð það hlutskipti eftirmanna hans að tryggja skólanum verðugan forystusess til framtíðar.

Bæði Jónas og séra Guðmundur tóku sér mikið vald sem skólastjórar og hikuðu ekki við að móta stofnunina verulega hvor eftir sjálfum sér persónulega. Skapsmuna þeirra beggja gætti beinlínis í stofnuninni. Svo mun ævinlega verða um menn sem eru alhuga í forystu og mótunarstarfi. Reyndar fengu menn á tíma þeirra meira umboð en síðar hefur orðið til persónulegra afskipta, áhrifa og mótunar. Hvorugur þeirra virti takmörk hæfilegs vinnutíma; báðir voru hamhleypur hvor á sinn hátt. Nú yrði sjálfsgagt haft á orði að þeir „virtu ekki starfslýsingar“, færðu „út fyrir“ eðlilega verkaskiptingu og kynnu sér ekki hóf í störfum. Áhuga þeirra og metnaði fyrir hönd skólans og námsfólksins virtust lítil takmörk sett. Þeir voru hvor á sinn hátt innblásnir í starfinu og upptendraðir og þetta leiddi út til langflestna þeirra sem með þeim störfuðu og stunduðu nám. Þetta og margt fleira í fari þeirra Jónasar og séra Guðmundar hóf Samvinnuskólann eiginlega upp úr hjólfari hversdagslegrar vegferðar og veldur því að það stafar sérstæðum ljóma af stofnuninni eins og hún var undir stjórn þeirra hvors um sig.

## Samhengi

Eins og margvíða kemur fram í þessu riti er alveg skýr meginþráður og samhengi í sögu Samvinnuskólans, alveg frá fyrstu fyrirlestrum Sigurðar Jónssonar til þessa dags þrátt fyrir umbreytingar tímans. Enda þótt allt umhverfið hafi breyst og enda þótt skólinn starfi nú á öðru og „æðra“ skólastigi, þá verður að segja að einmitt með þeim hætti nær skólinn þeim markmiðum sem honum voru upphaflega sett. Það er ýmislegt annað sem hefur breyst umhverfis skólann sem veldur því að sækja verður fram með nýjum hætti að sama



*Runólfur Ágústsson*  
rektor frá 1999.



*Asa Björk Stefánsdóttir*  
kennari.

markmiði. Annállinn sem birtur er í þessu riti sýnir þetta og þar eru raktir áfangarnir, helstu atburðir og mikilvægustu breytingar í sögu stofnunarinnar.

Breyting nafnsins, úr Samvinnuskóla í Samvinnuháskóla, er dæmi um áhrif ytra umhverfis. Sama má segja um breytingu starfs-titla, úr skólastjóra í rektor og úr kennara í lektor o.s.frv. Þrástagaþast þurfti á útskýringum í ytri samskiptum meðan heiti og starfstitlum hafði ekki verið breytt og virtist umhverfið, svo og námsmenn og umsækjendur um skólavist, alls ekki taka fyllilega mark á umbreyt-ingu skólans án þessa. Svipaða reynslu hafa Kennaraháskóli Íslands og Tölvuháskóli Verzlunarskóla Íslands.<sup>64</sup> Ef til vill mætti orða það svo að stofnun af þessu tagi sem áður þótti nóg að kalla skóla er nú orðið farið að nefna háskóla og umhverfið farið að krefjast þess að skólastigi sé breytt og slíkt einkennisheiti verði notað.

Tengsl skólans við umhverfi sitt hafa einnig breyst sem eðlilegt er. Bein skipulagsleg tengsl við Samband íslenskra samvinnufélaga hafa vitanlega rofnað, en fulltrúar atvinnufyrirtækja og ríkisvalds skipa Skólanefndina ásamt fulltrúa starfsmanna og námsmanna og fulltrúa Nemendasambandsins, og tengsl skólans við Nemenda-sambandið eru mjög virk og lifandi. Starfsfræðsludeild skólans var lengi öflugur tengiliður við atvinnulífið og er svo enn þótt úr hafi dregið vegna aðstæðna samvinnufélaganna í efnahagslífinu. Ekki er

<sup>64</sup> Sjá neðanmálgrein í kaflanum „Háskólastigið“ framar í þessu riti.

*Þorkell Jóhannesson  
háskólarektor.*



vitað annað en skólinn haldi enn virðingarsessi sínum í almenningsáliti, og aðsókn verðugra umsækjenda er mjög mikil; þó er ljóst að vinna þurfti skólanum að hluta til aftur sess eftir að Samvinnuháskólinn hafði hafið störf.

Frá því að blómaskeiði Sambandsins lauk hefur fjárhagur Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans jafnan verið fremur þröngur. Framlög samvinnuhreyfingarinnar eru horfin með öllu fyrir all-

nokkrum árum þegar þetta er ritað og stofnunin kostuð af ríkissjóði samkvæmt sérstökum þjónustusamningi og af námsmönnum með námsgjöldum þeirra. Breytingar skólans á síðari árum voru einfaldlega ekki „kostaðar“ sérstaklega á neinn hátt; þær áttu sér stað án þess að það kæmi fram í reikningum svo að nokkru næmi. Þannig var kynnisferð skólastjóra til bandarískra fræðslustofnana snemma árs 1985 ákveðin sem liður í framþróun námsefnis og kennsluhátta á framhaldsskólastigi, og enda þótt þessi ferð yrði í reynd örvun og upplýsingasöfnun til frekari umbreytinga síðar mátti hún fyllilega nýtast án þeirra. Aðrar kynnisferðir voru farnar í tengslum við þau árlegu samskipti sem skólinn hafði á þessum tíma annars vegar við norræna samvinnuskóla og hins vegar við Evrópusamtök samvinnuskóla; sérstakar heimsóknir erlendis voru síðan gerðar í sumarleyfistíma næstu dagana á eftir ráðstefnum samvinnuskólanna. Sérstakur þróunarkostnaður varð því ekki á þessu. Svipað er um laun kennara að segja að ekki var um neinar aukagreiðslur að ræða vegna undirbúnings og skipulagsvinnu, fyrir utan laun eins aukamánaðar samtals, og einnig var ákveðið að krefjast þess ekki á fyrsta ári Samvinnuháskólans að kennarar legðu rannsóknarverkefni fram. En vitanlega breyttust kjör kennara í samræmi við breytingu skólans þannig að miðað er við kjör háskólakennara í stað framhaldsskólakennara áður. Á móti er þess að geta að afnumin voru á þessum sama tíma ýmis eldri hlunnindi, svo sem langt sumarleyfi, sérkjör í mötuneyti og afgangslaust íbúðarhúsnæði. Samdráttur í starfsfræðslu fól enn fremur mikla kjarskerðingu í sér fyrir nokkra af kennurum skólans.

Að sumu leyti verður að telja flutning skólans frá Reykjavík að



*Gísli Guðmundsson  
alþingismaður.*



*Guðlaugur Rósinkranz  
yfirkenndari.*

Bifröst róttækustu kaflaskilin í sögu hans. Allri aðstöðu var gerbreytt. Skólinn hvarf úr gamalgróinni aðstöðu í Sambandshúsinu og tók ný hús til nota. Áður hafði nokkrum sinnum verið hreyft þeirri hugmynd að reisa skólanum veglegt hús í Reykjavík og skyldi húsið einnig, einkum að sumrinu, þjóna sem almennt gistihús með sérstakri áherslu á þjónustu við fólk utan af landi. Reyndar var þetta um langt skeið stefnumið hjá samvinnuönnum ekki síður en hjá bændasamtökunum, en sem alkunna er réðust þau síðar í byggingu og rekstur glæsihúss í höfuðstaðnum, Hótel Sögu. Friðjón Stefánsson, kaupfélagsstjóri og rithöfundur, mun fyrstur hafa hreyft hugmyndum um íslenskt samvinnu-menntasetur utan höfuðstaðarins svo sem fram kemur á öðrum stað í þessu riti, að sænskri fyrirmynd frá Saltsjöbaden. Má telja hugmynd hans meðal dæma um vaxandi áhrif Svía á íslensk samvinnuá á árunum eftir síðari heimsstyrjöld. Vilhjálmur Þór forstjóri verður þó að teljast sá er forgöngu hafði fyrir uppbyggingunni á Bifröst og síðar flutningi skólans þangað, en vitað er um áhrif og áhuga annarra, meðal annars í héraðinu, og eru þá einkum nefndir þeir Þórður Pálmason kaupfélagsstjóri í Borgarnesi og Bjarni Ásgeirsson alþingismaður Mýramanna.

Hugsanlegt er að þáttur í fyrirætlunum Vilhjálms Þórs hafi verið eitthvað á þessa lund: Það var greinilega orðið of þröngt um starfsemi Sambandsins og skólans í Sambandshúsinu, en ákveðið hafði verið að reisa félagsmiðstöð á Bifröst. Hún myndi aðeins nýtast þar að sumrinu og þá mátti heita kjörið að verða við óskum margra um



Kristinn Gunnarsson  
yfirmennari.



það að fræðslumiðstöð hreyfingarinnar yrði reist og starfrækt úti á landsbyggðinni svo sem mörgum þótti miklu betur hæfa en Reykjavík. Menn voru hvort eð var í vanda staddir þar sem haftakerfið stóð í vegi fyrir því að byggð yrðu gistihús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík; aftur á móti þótti vel fara á því að ráðstafa fé í fjárfestingu til skóla-bygginga úti á landi. Hér mátti því jafnvel slá nokkrar flugur í einu höggi. Sjálfur flutningur skólans upp

að Bifröst átti sér reyndar stað eftir að Vilhjálmur hafði látið af forstjórastarfinu og höfðu þeir forgöngu um framkvæmd málsins og framkvæmdarákvarðanir Erlendur Einarsson nýráðinn forstjóri, séra Guðmundur Sveinsson nýráðinn skólastjóri og Benedikt Gröndal forstöðumaður Fræðsludeildar Sambandsins, síðar forsætisráðherra.

Margir nýir þættir bættust skólastarfinu á nýjum slóðum. Skólaheimilið hlaut að verða endurskapað og tengt nýmótaðri heimavist og mótuneyti. Mjög þurfti auðvitað að fjölga starfslíði við þetta allt. Komið var upp bókasafni. Reisa þurfti íbúðir fyrir kennara, íþróttahús, þvottaaðstöðu og annað. Á heimavistinni þurfti að setja vistarreglur og voru þær mjög merkilegt og mikilsvært fyrirbæri í allri tilveru stofnunarinnar um langt árabil. Líkur benda til að vistarreglurnar á Bifröst hafi verið nákvæmari og fyrirferðarmeiri en ella tíðkaðist í íslenskum skólum, og er þá reyndar mikið sagt. Líkur benda einnig til þess að þær hafi haldist í þessu stranga formi lengur en a.m.k víðast annars staðar. Ekki verður hjá því komist að álíta að tími þeirra hafi þegar verið liðinn þegar Haukur Ingibergsson skólastjóri lét breyta matstofureglum og herbergjaskiptingu um miðjan 8. áratuginn. Höfundur þessa rits getur til dæmis nefnt að útidrym var læst báðum megin frá, bæði að utan og einnig að innan, yfir nætur allt fram á 9. áratuginn er því var breytt vegna brunavarna. Reglur um áfengi og tóbak héldust miklu lengur í gildi og reyndar allan þann tíma sem eiginleg heimavist hefur starfað, þ.e. fram á tíma Samvinnuháskólans. Réttmætt er að taka fram að óvenjulegur samhugur námsmannanna sjálfra lengst af og ekki síst

á síðustu árum, eftir að þroskað og fullvaxta fólk settist að á heimavistinni, hefur frekar en afskipti eða stjórnun annarra tryggt framkvæmd þessara reglna. Það hefur sem sé orðið almennt sammæli að menn eigi, ef vilja, að njóta og geta notið þess annars staðar sem ekki er hæfilegur eða heppilegur staður fyrir í húsum skólans.

Rétt er að hafa í huga að vistarreglurnar á Bifröst urðu einnig rammi og skjöldur utan um mjög fjölbreytilegt og merkilegt félagslíf, tólmundastörf, fundi og aðrar samkomur, og félagsandi vistarbúanna dafnaði vel í skjóli þeirra.

Á Bifröst þurfti að líta í fleiri horn frá byrjun. Vatnsveita var gerð og löngu síðar hitaveita svo sem greint er frá í annál í þessu riti. Öryggis- og brunakerfi var komið upp. Staðurinn var rafvæddur og símtengdur og vegagerð fleygði fram með árunum. Þegar fram liðu stundir hafði stofnunin afskipti af rekstri barnagæslu, af grunnskólamállum og loks var komið upp sérstökum leikskóla tengdum Samvinnuskólanum. Þegar Samvinnuháskólinn tók til starfa voru Nemendagarðar stofnaðir sem sérstök og sjálfstæð deild innan stofnunarinnar. Alls þessa og fleira getur í annálnum í þessu riti.

Allan starfstíma skólans hafa veruleg samskipti verið um stjórnunarmálefni við forystumenn námsmanna í Skólafélagi Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans og öðrum samtökum og nefndum þeirra. Á síðari árum séra Guðmundar Sveinssonar voru fyrstu skrefin stigin til að veita þessu samstarfi formlegan og stjórnskipulegan svip. Á árum Hauks Ingibergssonar var enn haldið áfram í sömu átt. Á 9. áratugnum var stofnað sérstakt Skólaráð með aðild námsmanna og kom það til viðbótar fyrra Vistarráði og stjórnnum Mötuneytis, Kaupfélags og fleiri stofnana. Með upphafi Samvinnuháskólans hefur enn verið haldið lengra á þessari braut, svo sem lýst er nánara í öðrum köflum þessa verks. Nú starfar Samvinnuháskólinn með stjórnskipan sem alþekkt er meðal háskóla, með akademísku jafningjalyðræði kennara og sérfræðinga, aðild námsmanna að stjórnun og stefnumótun; háskólakennarar sæta almennum reglum háskóla og þar á meðal dómnefndarmati, en rektor er



*Sr. Sveinn Vikingur  
skólastjóri.*

ráðinn til starfa að viðhöfðum skoðanakönnunum starfsmanna og námsmanna á fjögurra ára fresti. Einnig og einmitt í þessum skilningi heldur stofnunin áfram að vera vettvangur árangursríkrar samvinnu eins og hingað til.

## Annáll Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans

Þessi annáll er unninn eftir frumheimildum eftir því sem náðst hefur til. Þannig eru fundargerðir, árlegar yfirlitsgreinar í *Tímariti kaupfélaganna* og í *Samvinnunni* og starfs- eða skólaskýrslur, handbækur o.þ.h. lagðar til grundvallar, og er þess getið sérstaklega ef frá er vikið og þá rökstutt til skýringar eftir því sem mál standa til.<sup>65</sup> Nokkuð oft verður að álykta eftir heimildum sem ekki virðist alveg bera saman, t.d. um nemendafjölda ár frá ári, deilda- og bekkja-skiptingu og fleira. Flest slíkt skiptir þó ekki miklu máli.

Í þessum annál er ekki ætlunin að færa mjög nákvæmar eða ýtarlegar upplýsingar, heldur umfram allt að gefa hugmynd um framvindu stofnunarinnar og þróun, um nýmæli og sérstaka viðburði. Því má það sýnast nokkuð tilviljanakennt hvers er getið og hvers ekki og hvenær, en í flestum atvikum er þá einnig um það að ræða að ekki er samfella eða samhengi í heimildunum og sums staðar örðugt að tengja saman með óyggjandi hætti. Í allnokkrum atvikum er reynt að gera nokkra grein fyrir nýmælum fyrstu eitt til tvö skiptin sem þeirra gætir, en þá aðeins stuttlega eftir það og jafnvel ekki ef um nýja reglu eða venju var að ræða sem hafði þannig rutt sér til rúms og orðið fastur liður. Svipuðu máli gegnir um námsgreinar, deildir og kennara að reynt er að geta þess þegar breytingar verða, ný námsgrein er tekin upp, ný deild tekur til starfa eða nýr kennari kemur fyrsta sinni til starfa við skólann. Hins vegar er þess ekki getið sérstaklega þegar kennarar hverfa frá starfi við skólann eða hvað vikur þegar nýjung er tekin upp.

Rétt er að ítreka alveg sérstaklega að ekki er unnt að telja einfaldlega saman nemendatölur þær sem birtar eru í þessum annál. Svo vill til að heimildum ber ekki alveg saman, einkum vegna þess að mismunandi aðferð er beitt og í sumum atvikum vantar fyllri staðfestingar. Skýrasta dæmi þessa misgengis er að mjög mörg árin eru

<sup>65</sup> Að öðru leyti er vísað til sérstakra kafla um heimildir aftar í þessu riti.



*Myndir úr skólalífinu  
á Bifröst.*



allir nemendur taldir saman, í hvaða deild eða árgangi sem þeir hafa verið á því starfsári.<sup>66</sup> En einstaka ár verður að styðjast við heimildir sem tilgreina aðeins þá sem ljúka náminu með einu eða öðru móti á því ári, hvort sem þeir hafa verið lengur eða skemur í skólanum. Ekki hefur þótt ástæða til að grafast endanlega fyrir um algerlega nákvæmar tölur í þessu efni ár fyrir ár, þar eð fyrir liggur nokkurn veginn hversu margir Samvinnuskólamenn hafa orðið í sögu skólans fram til þessa.

### Fram til 1915

Upphaf Sambands íslenskra samvinnufélaga er beinlínis að rekja til óska samvinnumanna um sameiginlegan vettvang ekki síst fyrir upplýsingamiðlun, málsvörn, félagsmálastörf og síðast en alls ekki síst fyrir eiginlega fræðslustarfsemi. Fyrirlestraferðir, tímaritsútgáfa, fundahöld og síðar námskeiðahald voru álitin þættir í sömu viðleitni.<sup>67</sup> Vitað er um dæmi um fyrirlestra og fræðslufundi frá fyrstu árum samvinnustarfs og fór Jón Jónsson í Múla t.d. um vestanverða Suður-Þingeyjarsýslu skömmu eftir að Kaupfélag Þingeyinga hóf störf 1882.<sup>68</sup> Frægur er og fyrirlestur Boga Th. Melsted sagnfræðings um afurðafélög bænda við Þjórsárbrú 30. júlí 1905 er varð herhvöt Sunnlendinga.

Á aðalfundi Sambandsins 1905 var samþykkt að hefja útgáfu tímarits um samvinnumál og hóf það göngu sína 1907. Nafni *Tímarits kaupfélaga og samvinnufélaga* var 1916 breytt lítilllega, í *Tímarit íslenskra samvinnufélaga*, og 1925 var því breytt í *Samvinnan* og hún var 1935 gerð að mánaðarriti.

Frá 1912 til 1915 ferðaðist Sigurður Jónsson frá Ystafelli um landið og flutti fyrirlestra um samvinnumál, alls um 107 fyrirlestra á 70 stöðum víðs vegar um land. Árið 1912 flutti Sigurður fyrirlestra sína á 18 stöðum norðan lands fyrir 2.780 manns. 1913 var hann aðallega í Borgarfirði en einnig á Grund í Eyjafirði og þátttak-

---

<sup>66</sup> Gísli Guðmundsson fjallar m.a. um þetta í riti sínu, *Samband íslenskra samvinnufélaga 1902–1942*, á bls. 94.

<sup>67</sup> Þetta birtist greinilega m.a. í gögnum Sambandsins frá fyrstu árunum, í fundargerðum og ýmsum samþykktum og ákvörðunum, svo og í greinum í *Tímariti kaupfélaga*.

<sup>68</sup> Sjá: Jónas Jónsson. 1939. *Íslenzkir samvinnumenn*. Bls. 369.



Úr skólanum í  
Reykjavík fyrr  
og síðar.



endur urðu alls nálægt 2.100. Árið 1914 fór Sigurður um Suðurland og Gullbringusýslu, og 1915 um Norðaustur- og Austurland.<sup>69</sup>

Í ársskýrslu Sambandsins fyrir árið 1911 er þess getið að Alþingi hefði veitt 500 kr. styrk til „útbreiðslu og upplýsinga um samvinnustarf“. Aðalfundur Sambandsins 27. og 28. júní 1911 heimilaði eigið framlag að upphæð 250 kr. í sama skyni. Árið 1912 er sömu fjárhæðum veitt í þessu skyni en einnig gert ráð fyrir „nokkru framlagi héraðanna“. Úr Ársskýrslum fyrir 1913 og 1914 má lesa það sama.

Aðalfundur Sambandsins 1914 gerði ráðstafanir til undirbúnings fyrir „námskeið fyrir samvinnufélagsmenn“.

Fyrst er getið hugmyndað um sérstakan samvinnuskóla í grein Jónasar Jónssonar um „Samvinnumenntun“ í *Tímariti kaupfélagsanna* 1914.

## 1915–1916

Sambandið leitar fjárveitingar frá Alþingi 1916 og voru veittar 1.000 kr. á ári næstu tvö árin. Í Ársskýrslu Sambandsins fyrir 1915 kemur fram að eigið framlag er tvöfaldað, upp í 500 kr.

Samvinnunámskeið var haldið á Akureyri síðla vetrar 1916 í umsjá Hallgríms Kristinssonar og Sigurðar Jónssonar frá Ystafelli. Var námskeiðið sett 27. mars og stóð þrjár vikur. Nemendur voru 33. Meðal nemenda voru verðandi kaupfélagsstjórar Björn Kristjánsson, Erlingur Friðjónsson, Hannes Jónsson og Vilhjálmur Þór, svo og Jón Árnason síðar framkvæmdastjóri hjá Sambandinu.


Eftir að Samvinnuskólinn hóf störf fóru erindrekar sem fyrr um landið á vegum Sambandsins og fluttu fyrirlestra og héldu námskeið. Verður þess ekki getið frekar í þessu riti nema það tengist skólanum sérstaklega.

Jónas Jónsson gerir rækilega grein fyrir hugmyndum um samvinnuskóla í grein í *Tímaritinu* 1916.

Árið 1915 er kostnaður við námskeið ekki talinn sérstaklega í Ársskýrslu, en 1916 er hann talinn 955,93 kr. Þá er kostnaður við húsaleigu, ljós og hita ekki talinn með.

---

<sup>69</sup> Sigurður gerði skýrslu um fyrirlestraferðir sínar í *Tímaritinu* 1912–1916.



*Myndir úr skólanum í  
Reykjavík.*

### 1916–1917

Jónas Jónsson skrifar enn grein um málið í Tímaritið. Einnig birtist grein Jóns Árnasonar um samvinnuskóla tengdan almennum félagsmálaskóla.

Í Ársskýrslu er kostnaður við námskeið ekki talinn sérstaklega, umfram 44,10 kr.

### 1917–1918

Jónas Jónsson tekur að sér forstöðu fyrir fræðslustarfi samvinnu-  
manna.

Samvinnunámskeið, þrjú mánaða langt, var haldið í Reykjavík í umsjá Guðbrands Magnússonar, Jóns Guðmundssonar og Tryggva Þórhallssonar í íbúð Jónasar Jónssonar að Skólavörðustíg 35 í Reykjavík. Námskeiðið stóð þrjú mánuði, hófst 1. febrúar og stóð til 30. apríl, en síðar varð um árabil venja að slíta skóla á þeim degi.





Nemendur voru 11 talsins. Kennd var bókfærsla, reikningur, enska, íslenska, verslunarlandafræði, samvinnusaga, hagfræði og vélritun.

### 1. skólaár 1918–1919

Stjórn Sambands íslenskra samvinnufélaga samþykkir á fundi 12. ágúst 1918 tillögu um að „haldinn verði skóli í Reykjavík næsta vetur fyrir samvinnumenn“. Jónas Jónsson frá Hriflu er fenginn til að veita skólanum forstöðu í beinu framhaldi af öðrum og fyrir verkefnum sínum. Skólinn tekur til starfa með setningu 3. desember og starfar fimm mánuði. Hafði starfsbyrjun frestast vegna farsóttar.

Fyrstu kennarar með Jónasi Jónssyni voru þau Ásgeir Ásgeirsson síðar ráðherra og forseti Íslands og Héðinn Valdimarsson síðar alþingismaður og forstjóri, Arnór Sigurjónsson síðar skólastjóri, Guðbrandur Magnússon síðar forstjóri, Jón Guðmundsson og Ólöf Jónsdóttir. Kennt var í húsnæði Iðnskólans við Lækjargötu og auk þess á kvöldin í Góðtemplarahúsinu við Vonarstræti. Rætt um flutning skólans til Akureyrar, en ákveðið að finna honum stað í Sambandshúsi sem var í byggingu í Reykjavík.

Námsgreinar voru íslenska, danska, enska og þýska – samtals 14 stundir á viku. Hagfræði, verslunarsaga, bókfærsla, vélritun tóku 11 stundir á viku, og almenn félagsfræði og saga samvinnustefunnar hér á landi og erlendis tóku sex stundir á viku.

Nemendur voru 28. Meðalaldur nemenda samkvæmt Árbók Nemendasambandsins var rúm 23 ár og engin kona í hópnum. Í starfsskýrslu í *Tímariti íslenskra samvinnufélaga* kemur fram að einum nemanda var vikið úr skóla. Ekki virðist hafa verið um eiginlega eða formlega brautskráningu að ræða enda var námsbraut skólans í mótun. En þrátt fyrir ýmsar athugasemdir í starfsskýrslu, vegna húsnæðisvandamála nemenda, farsóttar o.fl., kemur fram að 28 nafngreindir nemendur teljast hafa „verið á“ námskeiðinu. Samkvæmt Árbók Nemendasambandsins hafa 18 lokið náminu á þessum vetri.<sup>70</sup> Kennslugjald nemanda var 50 kr.

---

<sup>70</sup> Samvinnunámskeiðið veturinn 1918–1919. *Tímarit ísl. samvinnufélaga* 1919. Sjá einnig *Árbók Nemendasambands Samvinnuskólans* I. 1972. Reykjavík, NSS. Í bókinni *Samvinnuskólinn, 30 ára minning* er einnig nemendatal en tilhögun þess er með öðru móti. – Svipað má segja um heimildir varðandi önnur skólaár framan af sögu skólans.

# SÄMRETTNINGSSKOLEN

1918-19

The portraits are arranged in three rows. The names and locations are as follows:  
 Row 1 (top):  
 1. Erik Johansson (Härnösand)  
 2. Erik Johansson (Härnösand)  
 3. Erik Johansson (Härnösand)  
 4. Erik Johansson (Härnösand)  
 5. Erik Johansson (Härnösand)  
 6. Erik Johansson (Härnösand)  
 7. Erik Johansson (Härnösand)  
 8. Erik Johansson (Härnösand)  
 9. Erik Johansson (Härnösand)  
 10. Erik Johansson (Härnösand)  
 Row 2 (middle):  
 1. Erik Johansson (Härnösand)  
 2. Erik Johansson (Härnösand)  
 3. Erik Johansson (Härnösand)  
 4. Erik Johansson (Härnösand)  
 5. Erik Johansson (Härnösand)  
 6. Erik Johansson (Härnösand)  
 7. Erik Johansson (Härnösand)  
 8. Erik Johansson (Härnösand)  
 9. Erik Johansson (Härnösand)  
 10. Erik Johansson (Härnösand)  
 Row 3 (bottom):  
 1. Erik Johansson (Härnösand)  
 2. Erik Johansson (Härnösand)  
 3. Erik Johansson (Härnösand)  
 4. Erik Johansson (Härnösand)  
 5. Erik Johansson (Härnösand)  
 6. Erik Johansson (Härnösand)  
 7. Erik Johansson (Härnösand)  
 8. Erik Johansson (Härnösand)  
 9. Erik Johansson (Härnösand)  
 10. Erik Johansson (Härnösand)

Leitað er til Alþingis um fjárhagslegan stuðning.

Stjórn Sambandsins tekur ákvörðun um það að loknu starfsárinu á aðalfundi Sambandsins 29. júní 1919 í húsi Kennaraskólans í Reykjavík „að setja á stofn tveggja ára samvinnuskóla“. Segja má að þessi samþykkt hafi staðfest tilveru og rekstur Samvinnuskólans og Jónas Jónsson segir í afmælisriti á 30 ára afmæli skólans að hún hafi „skapað starfsskilyrði“ fyrir Samvinnuskólann til frambúðar. Jónas Jónsson er ráðinn „skólastjóri SÍS“ eins og staðan er nefnd í fundargerð. Fjárhagslegur grundvöllur starfsins var ákveðinn og tryggður með því að ákveðið var að tillögu Hallgríms Kristinssonar forstjóra að fimmti hluti tekjuafgangs Sambandsins skyldi renna í Menningarsjóð, einkum til Samvinnuskólans. Í lögum Sambandsins sagði um Menningarsjóðinn: „Tekjur hans eru 20% af tekjuafgangi Sambandsins. Sjóðurinn er stofnaður í þeim tilgangi að efla samvinnumenntun í landinu. Greiðist úr honum kostnaður við Samvinnuskólann, útgáfu tímarits fyrir Sambandið, útbreiðslustarfsemi o.fl.“ Samkvæmt frásögn Jónasar Jónssonar urðu deilur á aðalfundinum um starfrækslu Samvinnuskóla.<sup>71</sup>

Í yfirlitsgrein í *Tímariti íslenskra samvinnufélaga* gerir Jónas Jónsson enn nákvæma grein fyrir hlutverkum og einkennum Samvinnuskólans.

Athygli vekur að á allnokkrum árum framan af starfsferli Samvinnuskólans er ekki gerður skýr greinarmunur á þeim nemendum sem „stunduðu nám“ við skólann og hinum er bæði „stunduðu nám“ og „luku fullnaðarprófum“ frá skólanum. Má vera að í þessu sjáist áhrif skólastjórans sem löngum lagði að hætti lýðháskólanna takmarkaða áherslu á próf en þeim mun þyngri á námið og þátttöku nemendanna í lífi og starfi skólans. Lengi framan af árum Samvinnuskólans er því ekki algerlega ljóst í skýrslum hverjir nemendur gætu talist til hvors hópsins ef tilraun væri gerð til að greina þarna alveg á milli, og er reyndar greinilegt af heimildunum að ekki hefur verið til þess ætlast að slík skipting ætti sér stað á þessu árabili.

---

<sup>71</sup> Sjá um þetta nánar aftar í þessu riti, í kaflanum um tildrög að stofnun skólans í fundargerðum Sambandsins.

## 2. skólaár 1919–1920

Skólinn starfaði frá nóvemberbyrjun til aprílloka. Kennt var fyrst í Iðnskólanum en frá 20. mars í nýreistu Sambandshúsi. Þar fékk skólinn aðsetur á þriðju hæð.

Nýir kennarar eru Metúsalem Stefánsson ráðunautur og starfsmenn Sambandsins, þeir Sigurður Sigurðsson, Guðmundur Kr. Guðmundsson og Stefán Rafnar. Einar Jónsson, Ólafur Kjartansson og Þorbergur Kjartansson önnuðust tungumálakennslu en Guðjón Guðjónsson hafði íslenska stíla. Ásgeir Ásgeirsson kenndi sænsku. Byrjað er að kenna verslunarlandafræði, viðskiptarétt og stærðfræði.


Nemendur voru 52 og skiptust þeir í þrjár deildir, eldri deild og yngri deild og deild þeirra sem ekki þurftu að taka yngri deild sákir fyrra náms síns í öðrum skólum. Meðalaldur nemenda samkvæmt Árbók Nemendasambandsins var rúm 22 ár. Samkvæmt skólaspjaldi þessa árs voru þrjár konur meðal nemendanna. Fyrstu nemendurnir brautskráðir, níu talsins að því er ætla má af ein-kunnatöflu um burtfararpróf sem birt var í *Tímariti íslenskra samvinnufélaga* 1922. Um fjölda brautskráðra ber heimildum reyndar ekki alveg saman, meðal annars vegna þess að námsbraut skólans var ekki alveg fastmótuð enn þá. Virðast sumir nemendurnir hafa komið til skólans sem eins vetrar námskeiðs og látið það nægja en aðrir haldið áfram á annað námsár. Þriðji hópurinn hafði síðan svo góða skólaundirstöðu frá fyrra námsferli sínum að ákveðið var að þeim nemendum nægði að sitja skólann á síðara námsárinu. Árbók Nemendasambandsins telur 32 hafa lokið námi og skólavist á þessum vetri.<sup>72</sup>

Um sumarið eftir flyst Jónas Jónsson og fjölskylda hans inn í húsnaði skólans í Sambandshúsinu. Var íbúð þeirra tengd húsnaði skólans svo að varla varð á milli skilið. Varð frú Guðrún Stefánsdóttir því jafnframt eiginlega húsmóðir skólans allt til 1941 er fjölskyldan fluttist brott.

Reyndar má færa rök að því að starfsárið 1919–1920 sé fyrsta eiginlegt eða reglulegt og óskert starfsár Samvinnuskólans sem fullmótaðrar skólastofnunar og sumar heimildir renna stöðum undir

---

<sup>72</sup> Að því er Guðmundur R. Jóhannsson ritstjóri Árbókar Nemendasambandsins hefur sagt höfundur þessa rits er í Árbókunum miðað við að menn hafi verið í skólanum a.m.k. hálfan vetur.





það álit. Gísli Guðmundsson gerir ráð fyrir þessu í riti sínu um sögu Sambandsins.<sup>73</sup> En þrátt fyrir þetta er fyrir löngu komin á það hefð, og einnig sterklega varin heimildum og rökum, að telja skólann stofnaðan 1918 og hér er því fylgt.

### 3. skólaár 1920–1921

Skólinn hófst í októberlok og starfaði fram til aprílloka og var því lengdur um einn mánuð enn frá fyrra ári. Nemendur voru 27 í tveimur deildum, yngri deild 14 og eldri deild 13, en auk þess sóttu skólann 12 svo kallaðir „gestir“ sem tóku einhvern hluta námsins. 13 nemendur hafa lokið burtfararprófi 1921 samkvæmt töflu í *Tímariti íslenskra samvinnufélaga*, en Árbók Nemendasambandsins telur 23 ljúka náminu á þessum vetri. Einu breytingar á námsgreinum urðu þær að nú var sænska ekki kennd. Nýir kennarar eru Tryggvi Þórhallsson síðar forsætisráðherra og Björn Sigurbjarnarson.

### 4. skólaár 1921–1922

Nemendur voru 21, 12 í eldri deild og níu í yngri deild. Auk þess voru 4 svo nefndir gestir. Tafla um burtfararpróf í *Tímariti íslenskra samvinnufélaga* telur ellefu nemendur ljúka náminu þenna vetur, en Árbók Nemendasambandsins telur 17 manns, og eru þar væntanlega svo nefndir gestir með. Námsgreinar og kennarar voru að mestu óbreytt frá fyrra ári, fyrir utan að Sigurgeir Friðriksson kenndi skrift.

Á aðalfundi Sambandsins, 29. apríl 1922, flutti Jónas Jónsson ýtarlegt erindi um skólann. Kom þar meðal annars fram að ætlunin var að fjármagna skólann með ríkisstyrk og nokkru skólagjaldi en Sambandið legði til húsnæði, ljós og hita.

---


<sup>73</sup> Gísli Guðmundsson telur í riti sínu, *Samband íslenskra samvinnufélaga 1902–1942*, að Samvinnu-skólinn hafi verið stofnaður 1919, en fram að því beri fremur að tala um „samvinnunámskeið“. Og þennan skilning má vel leggja í samþykktir stjórnar Sambandsins og aðalfunda sem um þetta efni fjölluðu á þeim tíma.







Samvinnuskólinn 1924-25.



## 5. skólaár 1922–1923

Í skólanum starfaði eldri deild með átta nemendum, yngri deild með 15 nemendum, en auk þess var haldinn Kvöldskólinn með 18 nemendum. Árbók Nemendasambandsins telur 17 ljúka náminu. Nýir kennarar á árinu eru Sigurður Einarsson prestur og skáld, síðar kenndur við Holt, og Ludvig Guðmundsson síðar skólustjóri. Í Kvöldskólanum voru auk þess kennarar Halldór Andrésson og Guðlaug Jónsdóttir, en auk annars kenndi Jónas Jónsson þar lista sögu og íslenska bókmenntasögu. Í starfsskýrslu í *Tímariti íslenskra samvinnufélaga* er sérstaklega minnst á bókasafn skólans, þar sem séu meðal annars bækur um myndlist, myndhöggvara og húsagerðarlist.

Á aðalfundi Sambandsins að loknu starfsári flytur Jónas Jónsson ýtarlegt erindi um störf, stefnu og starfshætti skólans. Kemur þar meðal annars fram að hann telur að Samvinnuskólinn hljóti að vera og verða „félagsmálaskóli“ en ekki „verslunarskóli í líkingu við skóla kaupmanna“ eins og Jónas komst að orði.

Árið 1923 hófust aftur um skeið fræðslufyrirlestrar á vegum Sambandsins víða um land, og önnuðust þá þeir Jón Sigurðsson í Ystafelli og Sigurður Jónsson á Arnarvatni.

## 6. skólaár 1923–1924

Á þessum vetri er starfrækt heimavist í skólanum „fyrir nokkra karlmenn“, auk mótuneytis sem áður var komið á. Var það „Matarfélag“ Kennaraskólans og Samvinnuskólans. Starfaði það þrjú ár.

Í eldri deild voru 11 nemendur og 14 í yngri deild. Árbók Nemendasambandsins telur 17 ljúka námi eða skólavist þennan vetur. Þennan vetur var franska kennd og annaðist Guðlaug Jónsdóttir þá kennslu. Þennan vetur sem oft fyrr og síðar var námsefni í dönsku og ensku mjög tengt verslun og viðskiptum. Nú tókst að útvega námsefni í hagfræði sem sérstaklega hæfði samvinnuönnnum og voru það hin merku rit franska fræðimannsins og samvinnufrömuðarins Charles Gide um samvinnufélög og um hagfræði.

## 7. skólaár 1924–1925

Í eldri deild voru 12 nemendur og 18 í yngri deild. Árbók Nemendasambandsins telur 16 nemendur ljúka námi og skólavist þenn-

an vetur, þar af eina konu, en meðalaldur hópsins rúm 20 ár. Tveir nemendur voru í framhaldsnámi í svo nefndri „Þriðju deild“, systkinin Ólafur og Rannveig Þorsteinsbörn; Rannveig varð síðar þjóðkunn sem lögmaður og alþingismaður í Reykjavík. Sem fyrri árin voru kvöldsamkomur nemenda skipulagðar með fyrirlesurum og fræðandi efni. Heimavist og Matarfélag störfuðu og var um þriðjungur nemendanna í heimavistinni. Nemendafélag er stofnað og ætlað að vera opið eldri nemendum jafnframt. Á þessum árum eru sundiðkanir miklar meðal nemenda.

### 8. skólaár 1925–1926

Nemendur voru 18 í eldri deild og 23 í yngri deild, en tveir voru utan skóla. Árbók Nemendasambandsins telur 26 nemendur á þessum vetri. Einn nemandi, Sveinn Guðmundsson, sem brautskráðst hafði árinu áður, var í framhaldsnámi. Nýir kennarar eru Þorkell Jóhannesson síðar skólastjóri og háskólarektor, Gunnlaugur Björnsson, Hallgrímur Hallgrímsson bókavörður, Jón Bjarnason og Magnús Björnsson síðar ríkisbókari. Frönskukennsla var felld niður.

Í árlegri skýrslu í *Samvinnunni* er meðal annars fjallað um vandræði vegna húsnæðis og rekstrarkostnaðar mötuneytis og heimavistar.

### 9. skólaár 1926–1927

Í eldri deild voru 16 nemendur og 18 í yngri deild. Samkvæmt Árbók Nemendasambandsins telst 21 nemandi ljúka náminu eða skólavistinni á þessum vetri. Nýir kennarar eru Þormóður Sigurðsson, Rannveig Þorsteinsdóttir og Friðgeir Björnsson. Stofnaður lánasjóður, Nemendasjóður Samvinnuskólans, og honum sett skipulagsskrá.

Vorið 1927 urðu umræður á Alþingi um frumvarp um svokallaðan „samskóla“ í Reykjavík er yrði í senn gagnfræðaskóli, iðnskóli, verslunarskóli og vélstjórnaskóli. Kom þá meðal annars til tals að Samvinnuskólinn gengi inn í slíka heild, en frumvarpið dagaði uppi.

## 10. skólaár 1927–1928

Jónas Jónsson verður ráðherra, en dr. Þorkell Jóhannesson, síðar prófessor og háskólarektor, er um haustið 1927 ráðinn skólastjóri á meðan, til 1931. Jónas kenndi þó áfram við skólann félagsfræði og samvinnusögu uns hann tók aftur við skólastjórn.

Í eldri deild voru 18 nemendur og í yngri deild 28, en þrír voru utan skóla. Í skýrslu í Samvinnunni er getið um tvo nemendur sem hurfu frá námi vegna veikinda. Árbók Nemendasambandsins telur 28 nemendur ljúka skólavistinni þennan vetur. Nýir kennarar eru Eysteinn Jónsson síðar ráðherra og Sigurður Thorlacius síðar skólastjóri.

Í Ársskýrslu Sambandsins um aðalfund 9. maí 1927 segir að í skýrslu Jónasar Jónssonar um rekstur Samvinnuskólans og útgáfu *Samvinnunnar* hafi „borið margt á góma sem kveikti í fundarmönnum því að 40 ræður voru fluttar undir þessum dagskrárlíð“.

## 11. skólaár 1928–1929

Í eldri deild voru 27 nemendur. Í yngri deild voru 19 nemendur. „Gestir í eldri deild“ voru þrír. Í Árbók Nemendasambandsins eru taldir 35 nemendur á þessu skólaári. Tveir nemendur hurfu frá námi vegna veikinda. Nú er sænska aftur kennd við skólann. Meðal kennara eru nýir Kristinn Stefánsson prestur, Sveinbjörn Sigurjónsson síðar skólastjóri, Sigfús Sigurhjartarson síðar alþingismaður og Gísli Guðmundsson síðar alþingismaður.

Verkefni á lokaprófum eru birt í *Samvinnunni*, og var svo gert nokkur næstu ár. Þar eru 28 nefndir sem ljúka lokaprófum. Þar er einnig birt ritgerð nemanda um skólaferð að Álafossi í Mosfellsveit.

## 12. skólaár 1929–1930

Nemendur voru 22 í eldri deild og 20 í yngri deild. 20 nemendur luku lokaprófum. Tveir nemendur hurfu frá vegna veikinda. Árbók Nemendasambandsins telur 24 nemendur sem ljúki skólavist á þessu starfsári, þar af tvær konur, en að meðalaldur þessara nemenda hafi verið rúmlega 21 ár. Sú breyting varð helst á námsefni að nú var dönskukennsla felld niður en sænska var áfram kennd. Einnig var tekin upp kennsla í leikfimi, og annaðist Valdimar Sveinbjörnsson kennari hana. Nýir menn í hópi kennara eru Helgi P.












 Valdemar S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson
 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson
 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson
 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson
 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson	 Guðbjörg S. Sæviðsson



# Háskólinn

Ársmætur og nemendur 1929-30

Vígfús Guðmundsson  
veitingamaður.



Briem skattstjóri og Friðrik Magnússon, en Guðbrandur Magnússon forstjóri kom nú aftur til kennslu.

### 13. skólaár 1930–1931

Nemendur voru 25 í eldri deild og 31 í yngri deild, en sjö hurfu frá námi vegna veikinda og annarra ástæðna. 20 nemendur luku loka-prófum. Árbók Nemendasambandsins telur 33 nemendur ljúka námi og skólavist á þessum vetri. Skólanum var sagt upp 30. apríl og var það nú fyrir nokkru orðin föst hefð í Samvinnuskólanum. Nýir í hópi kennara eru Árni Björnsson, Guðjón Teitsson síðar forstjóri, Ragnar Ólafsson síðar hæstaréttarlögmaður, Sigurgeir Friðriksson. Guðlaugur Rósinkranz síðar yfirkennari og Þjóðleikhússtjóri hóf kennslu við skólann. Um þessar mundir er verið að fjölga skriflegum prófum en fækka munnlegum og þykir það, samkvæmt árlegum skýrslum í *Samvinnunni*, auka festu og fræðilegar kröfur í náminu.

Síðasta skeið ársins 1930 gegndi Gísli Guðmundsson ritstjóri og síðar alþingismaður skólastjórn í forföllum Þorkels Jóhannessonar. Um vorið við starfslok tekur Jónas Jónsson aftur við skólastjórn af Þorkatli Jóhannessyni.

### 14. skólaár 1931–1932

Nemendur voru 27 í eldri deild og 30 í yngri deild. 22 nemendur luku lokaprófum. Fimm nemendur hurfu frá námi af ýmsum ástæðum. Í Árbók Nemendasambandsins er 31 nemandi talinn á þessu ári. Nýir meðal kennara voru Jón Gunnarsson verkfræðingur, Halldór Sigfússon síðar skattstjóri og Guðmundur I. Guðjónsson kennari. Málfundir voru margir sem undanfarin ár og nemendur gáfu út fjölritað nemendablað. Nokkrar skemmti- og skoðunarferðir voru farnar, bæði til náttúruskoðunar en einnig í fyrirtæki.

Guðlaugur Rósinkranz er ráðinn yfirkennari haustið 1931 og verður skólastjóri um hríð 1932 í fjarveru Jónasar Jónssonar.

### 15. skólaár 1932–1933

Um þetta ár er ekki starfsskýrsla birt í *Samvinnunni*. Samkvæmt Árbók NSS luku 39 nemendur námi þennan vetur. Samkvæmt ritinu *Samvinnuskólinn. 30 ára minning* skiptust þeir í yngri deild og eldri deild, en sumir nemendanna þurftu ekki að ljúka námi yngri deildar og gengu beint til náms í eldri deild og luku því skólanum á einu námsári.

Árið 1933 reisti Vigfús Guðmundsson, sem verið hafði veitingamaður í Borgarnesi, veitingaskála við Þjóðveginn rétt austan við afleggjarann að Hreðavatni í Norðurárdal í Borgarfirði. Rétt er að taka fram að þessi rekstur var á engan hátt tengdur Samvinnuskólanum og enginn sá fyrir um sameiginlega framtíð skólans og þessa staðar.



Sigurður Kristinsson  
forstjóri.

### 16. skólaár 1933–1934

Um þetta ár er ekki starfsskýrsla birt í *Samvinnunni*. Samkvæmt Árbók NSS voru 24 nemendur sem luku náminu á þessu starfsári. Samanburður við upplýsingar í 30 ára afmælisriti skólans gefur ekki efni til að ákvarða annan nemendafjölda.

### 17. skólaár 1934–1935

Nemendur voru óvenjumargir þennan vetur eða 59, en 25 sátu í eldri deild og luku fullnaðarprófi. Árbók Nemendasambandsins telur 36 nemendur ljúka skólavist og námi á þessu skólaári, þar af 10 konur, en meðalaldur hópsins hafi verið rúmlega 21 ár.

Á árinu 1934 var skólablaðinu valið nafnið *Huginn* og hélst það meðan skólinn starfaði í Reykjavík.

### 18. skólaár 1935–1936

Í almennri deild voru 55 nemendur, en einnig tók Framhaldsdeild til starfa með 15 nemendum. 31 nemandi lauk lokaprófum. Árbók Nemendasambandsins telur 42 nemendur á þessu ári. Tveir nýir



**Sárvinnuskólinn**  
 Kennarar og nemendur  
 Vesturlinn - 1931-32

The page displays 60 circular portraits of faculty and students. The names are arranged in a grid around the portraits. Some names include titles like 'Lektor', 'Lektor i náttúrufræði', 'Lektor i sögu', 'Lektor i heilbrigði', 'Lektor i líffræði', 'Lektor i sögu', 'Lektor i heilbrigði', 'Lektor i líffræði', 'Lektor i sögu', 'Lektor i heilbrigði', 'Lektor i líffræði'.
















*Framhaldsdeild og skólafélagar 1951–1952.*



kennarar störfuðu, þau Ingibjörg Sigurgeirsson við ensku og Þorleifur Þórðarson við bókfærslu og vélritun.

Framhaldsdeildin var kvöldskóli. Í henni voru kenndar verslunargreinar og viðskiptatungumál. Kennarar þar voru Ingibjörg Sigurgeirsson sem kenndi ensku, Guðlaugur Rósinkranz sænsku, Stefán Pétursson síðar ritstjóri þýsku, Sveinn Bergsveinsson síðar lektor íslensku, Magnús Björnsson síðar ríkisbókari bókfærslu og Þorleifur Þórðarson vélritun.

### 19. skólaár 1936–1937

53 nemendur hófu nám þennan vetur en fimm urðu frá að hverfa vegna veikinda. 11 nemendur luku svokölluðu verslunarprófi og sjö luku almennu brottfararprófi frá skólanum. Var ráð fyrir því gert að á verslunarprófi þyrfti nemandi að ná tilteknum lágmarkseinkunnum í tilteknum viðskiptagreinum en þau skilyrði giltu ekki um almenna brottfararprófið. Inntökupróf voru haldin um haustið. 32 nemendur eru taldir á þessu ári í Árbók Nemendasambandsins.

Skólagjald á þessum vetri var 100 krónur og 10 kr. hreingerningargjald.

Um haustið var auglýstur sérstakur styrkur til brautskráðra nemenda til náms í Svíþjóð á vegum sænsku samvinnusamtakanna.<sup>74</sup>

11. apríl var sérstök útvarpsdagskrá um skólann.

Árið 1937 var Samvinnuskólanum sett formleg reglugerð. Þessi reglugerð hefur verið í gildi að mestu óbreytt til að minnsta kosti 1946 er stofnun Framhaldsdeildar komst á dagskrá.<sup>75</sup>

*Samvinnan* birti sérstaka yfirlitsgrein um tuttugu ára starf Samvinnuskólans eftir Guðlaug Rósinkranz. Kemur þar meðal annars fram að um 400 manns hafi nú lokið fullnaðarprófum frá skólanum og um 130 nemendur aðrir stundað nám við skólann. Fjallar Guðlaugur einnig nokkuð um námsgreinar og um kennsluáðferðir sem hann segir sniðnar við hæfi „nokkuð þroskaðra nemenda, enda eru nemendur flestir um og yfir tvítugt“. Þá lýsir Guðlaugur félagslífi, fundahöldum og skemmtunum nemenda, blaðautgáfu og kór-

<sup>74</sup> Auglýsing um þetta birtist a.m.k. í *Samvinnunni*.

<sup>75</sup> Sjá: Helgi Eliásson (ritstj.) 1944. *Lög og reglur um skóla- og menningarmál á Íslandi*.

starfi þeirra. Loks gerir hann grein fyrir lokaprófum og fjallar um þann venjulega árlega vanda Samvinnuskólans að umsækjendur eru langtum fleiri en unnt er að taka inn í skólann.

## 20. skólaár 1937–1938

Nemendur voru 58 talsins, 35 í eldri deild og 23 í yngri deild. Árbók Nemendasambandsins telur 42 nemendur ljúka námi og skólavist á þessu skólaári. Eldri deild var skipt í tvo bekki. Sund var kennt sem námsgrein.

Miklar breytingar verða á námsefni og námsþunga í skólanum. Inntökuskilyrði eru aukin og miðuð við 18 ára aldur og ekki lægri en 16 ára og við meiri fyrri skólagöngu en áður var. Algert vín- og tóbaksbindindi er gert að skilyrði fyrir skólavist.

Enn er nýr styrkur auglýstur til náms í Svíþjóð á vegum sænsku samvinnusamtakanna.

Guðlaugur Rósinkranz gerir í *Samvinnunni* grein fyrir hugmyndum og tillögum um byggingu stórhýsis fyrir Samvinnuskólann í Reykjavík, með heimavistaraðstöðu, fundarsölum o.fl. Í greininni ræðir hann einnig um starfsmannanámskeið á vegum skólans.

## 21. skólaár 1938–1939

Nemendur voru 58 talsins þennan vetur og var eldri deild tvískipt. Fullnaðarprófi luku 29 nemendur, þar af tóku níu verslunarpróf. Árbók Nemendasambandsins telur 39 nemendur á þessu skólaári. Sem fyrr þurftu menn að ná tilteknum lágmarkseinkunnum í viðskiptagreinum á verslunarprófi en slík skilyrði voru ekki gerð um árangur á almennu fullnaðarprófi skólans.

Jónas Jónsson ritar yfirlitsgrein um Samvinnuskólann í *Samvinnuna*. Er þar meðal annars fjallað um mjög mikla aðsókn að skólanum og um stöðu skólans og nemendanna.

Árlegt framlag Menningarsjóðs Sambandsins til rekstrar Samvinnuskólans hefur á fjórða áratuginum verið að meðaltali um 12.000 krónur, og framlag ríkissjóðs um 5.000 kr.

## 22. skólaár 1939–1940


Valið var um umsækjendur með sérstöku inntökuprófi. Árbók Nemendasambandsins telur 36 nemendur ljúka námi og skólavist á



**Samwinnuškolinin 25-vuotispäivä**  
1899-1924

Oskar Savonius 1899, Oskar Savonius 1900, Oskar Savonius 1901, Oskar Savonius 1902, Oskar Savonius 1903, Oskar Savonius 1904, Oskar Savonius 1905, Oskar Savonius 1906, Oskar Savonius 1907, Oskar Savonius 1908, Oskar Savonius 1909, Oskar Savonius 1910, Oskar Savonius 1911, Oskar Savonius 1912, Oskar Savonius 1913, Oskar Savonius 1914, Oskar Savonius 1915, Oskar Savonius 1916, Oskar Savonius 1917, Oskar Savonius 1918, Oskar Savonius 1919, Oskar Savonius 1920, Oskar Savonius 1921, Oskar Savonius 1922, Oskar Savonius 1923, Oskar Savonius 1924, Oskar Savonius 1925, Oskar Savonius 1926, Oskar Savonius 1927, Oskar Savonius 1928, Oskar Savonius 1929, Oskar Savonius 1930, Oskar Savonius 1931, Oskar Savonius 1932, Oskar Savonius 1933, Oskar Savonius 1934, Oskar Savonius 1935, Oskar Savonius 1936, Oskar Savonius 1937, Oskar Savonius 1938, Oskar Savonius 1939, Oskar Savonius 1940, Oskar Savonius 1941, Oskar Savonius 1942, Oskar Savonius 1943, Oskar Savonius 1944, Oskar Savonius 1945, Oskar Savonius 1946, Oskar Savonius 1947, Oskar Savonius 1948, Oskar Savonius 1949, Oskar Savonius 1950, Oskar Savonius 1951, Oskar Savonius 1952, Oskar Savonius 1953, Oskar Savonius 1954, Oskar Savonius 1955, Oskar Savonius 1956, Oskar Savonius 1957, Oskar Savonius 1958, Oskar Savonius 1959, Oskar Savonius 1960, Oskar Savonius 1961, Oskar Savonius 1962, Oskar Savonius 1963, Oskar Savonius 1964, Oskar Savonius 1965, Oskar Savonius 1966, Oskar Savonius 1967, Oskar Savonius 1968, Oskar Savonius 1969, Oskar Savonius 1970, Oskar Savonius 1971, Oskar Savonius 1972, Oskar Savonius 1973, Oskar Savonius 1974, Oskar Savonius 1975, Oskar Savonius 1976, Oskar Savonius 1977, Oskar Savonius 1978, Oskar Savonius 1979, Oskar Savonius 1980, Oskar Savonius 1981, Oskar Savonius 1982, Oskar Savonius 1983, Oskar Savonius 1984, Oskar Savonius 1985, Oskar Savonius 1986, Oskar Savonius 1987, Oskar Savonius 1988, Oskar Savonius 1989, Oskar Savonius 1990, Oskar Savonius 1991, Oskar Savonius 1992, Oskar Savonius 1993, Oskar Savonius 1994, Oskar Savonius 1995, Oskar Savonius 1996, Oskar Savonius 1997, Oskar Savonius 1998, Oskar Savonius 1999, Oskar Savonius 2000.





*Samvinnuskólinn  
1940–1941.*



Þessum vetri, þar af sex konur, en meðalaldur hópsins hafi verið rúmlega 21 ár.

Aðalfundur Sambandsins um sumarið eftir lok starfsárs samþykkir að efna til leshringastarfsemi á vegum Samvinnuskólans og til sumarnámskeiða fyrir starfsfólk.

### 23. skólaár 1940–1941

Samkvæmt Ársskýrslu Sambandsins voru 53 nemendur í skólanum og 35 útskrifuðust um vorið. 34 nemendur voru í skólanum um veturinn samkvæmt 4. hefti *Samvinnunnar* þetta ár. Í 6. hefti *Samvinnunnar* þetta ár segir að nemendur væru alls 50 á þessum vetri og að 32 hefðu brautskráðst. Árbók Nemendasambandsins telur 35 nemendur á þessu skólaári. Að venju lengi vel fyrr og síðar starfaði skólinn reglulega sjö mánuði. Farin var nemendaferð að Reykholti í Borgarfirði og gist þar.

Bréfaskóli SÍS hefur göngu sína haustið 1940 og starfar í nánnum tengslum við Samvinnuskólann.

Um þessar mundir mun sú hefð hafa myndast að halda árlegan kappræðufund með nemendum Verzlunarskóla Íslands. Einnig var farin árleg nemendaferð. Héldust þessar hefðir fram til um 1952.

### 24. skólaár 1941–1942

54 nemendur voru í skólanum samkvæmt *Samvinnunni*, en 57 samkvæmt Ársskýrslu Sambandsins ári síðar. 25 útskrifuðust. Árbók Nemendasambandsins nefnir 30 nemendur á þessu ári. Sjö þreyttu próf inn í eldri deild án þess að hafa setið í yngri deild nema þá að litlu leyti. Skólagjald nemenda er 100 kr. Árlegt framlag ríkissjóðs er 5.000 krónur á ári.

Guðlaugur Rósinkranz skrifar á ný þrjár greinar í *Samvinnuna* um framtíð Samvinnuskólans, þar á meðal um mikla eflingu og fjölgun nemenda ásamt hugmyndum um stórbyggingu fyrir skólann. Aðalfundur Sambandsins um sumarið 1942 samþykkir í einu hljóði svohljóðandi tillögu Jónasar Jónssonar:

„Aðalfundur Sambandsins heimilar stjórn S.Í.S. að skipa nefnd til þess að undirbúa framtíðar húsagerð Sambandsins í Reykjavík, hversu bezt megi koma fyrir skrifstofum og vörugeymslum þess, húsnæði Samvinnuskólans, gistihúsum og samkomusölum, sem

verða mætti að gagni fyrir samvinnumenn, sem gista höfuðstaðinn eða eiga þar heima.“

Ein grein Guðlaugs Rósinkranz í *Samvinnunni* fjallar um starfsferil nemenda úr Samvinnuskólanum liðinn áratug eða svo. Hann sýnir fram á að langflestir hafa horfið til starfa sem nám þeirra í skólanum undirbjó þá til og flestir á vegum samvinnuhreyfingarinnar. Opinberir starfsmenn meðal nemenda á þessu árabili voru aðeins rúmur helmingur á móti þeim sem störfuðu fyrir samvinnuhreyfinguna. Sérstaklega bendir Guðlaugur á þá nemendur þessara ára sem valist hafa til forystustarfa fyrir kaupfélögin.

Árið 1941 fluttist Jónas Jónsson og fjölskylda brott úr húsnæði skólans í Sambandshúsinu og í nýreistan bústað sem hlaut nafnið Hamragarðar, við Hávallagötu 24 í Reykjavík.

## 25. skólaár 1942–1943

Að venju var skóli settur 1. október. 53 nemendur sátu í skólanum og hafði verið valið um umsækjendur með sérstöku inntökuprófi. Nemendur í eldri deild voru 30 og 29 útskrifuðust samkvæmt *Samvinnunni*, en Ársskýrsla Sambandsins segir 32 nemendur hafa útskrifast um vorið. 29 nemendur eru nefndir í Árbók Nemendasambandsins við þetta ár.

Auk skólustjóra störfuðu tveir fastir kennarar og sex aukakennarar við skólann.

Haustið 1942 var stofnað Kaupfélag Samvinnuskólans. Aðalhvatamaður að stofnun þess og fyrsti kaupfélagsstjóri var Albert Guðmundsson síðar knattspyrnukappi, alþingismaður, ráðherra og sendiherra.

## 26. skólaár 1943–1944

Nemendur voru 56 samkvæmt Ársskýrslu Sambandsins en 59 samkvæmt frétt í *Samvinnunni*. 32 luku fullnaðarprófi. 25 voru teknir inn í yngri deild að loknu inntökuprófi, en þeir sem höfðu lokið gagnfræðaprófi þurftu ekki að þreyta inntökupróf. Í Árbók Nemendasambandsins eru 35 nemendur taldir ljúka námi og skólavist á þessu skólaári. Í ýtarlegri auglýsingu í *Samvinnunni*, 7.–8. hefti 1943, er nánari grein gerð fyrir inntökuskilyrðum og því lýst hvaða námsbækur liggja til grundvallar inntökuprófi skólans. Nemandi

skal vera fullra 17 ára að aldri. Enn fremur er tekið fram að menn þurfa ekki að sitja í fyrsta bekk en geta ásamt nemendum þess bekkjar gengið til vorprófa. Vegna fjölmennis í skólanum stóð kennsla allan daginn fram til kl. 19.

Um haustið er stofnað Nemendasamband Samvinnuskólans og sátu um 70 eldri nemendur stofnfund. Björn Helgason verslunarmaður var kjörinn formaður.

Út er gefið sérstakt afmælishefti *Hugins*, blaðs Samvinnuskólans, í tilefni tuttugu og fimm ára afmælis skólans.

## 27. skólaár 1944–1945

Pennan vetur eru nemendur fleiri en nokkru sinni fyrr eða alls 90. 35 luku fullnaðarprófi samkvæmt Ársskýrslu Sambandsins en 37 samkvæmt frétt í *Samvinnunni*. Árbók Nemendasambandsins nefnir 43 nemendur sem ljúki námi og skólavist á þessum vetri, þar af sjö konur, en meðalaldur hópsins hafi verið rúm 20 ár. Yngri deildin er tvískipt og helmingur nemenda við nám síðdegis. Valið var um umsækjendur með inntökuprófi.

Ríkharður Jónsson myndhöggvari gerði skólamerki fyrir Samvinnuskólann.

1944 er stofnsett Félags- og fræðslumáladeild Sambandsins og Ólafur Jóhannesson, síðar forsætisráðherra, ráðinn forstöðumaður hennar. Starf deildarinnar og skólans tengdust mjög náð.

## 28. skólaár 1945–1946

Nemendur voru alls 100 talsins: 22 í eldri deild A, 29 í eldri deild B og 49 í yngri deild. 51 lauk burtfararprófi. Árbók Nemendasambandsins telur 52 nemendur ljúka námi og skólavist á þessu skólaári.

Á þessum vetri voru námsgreinar þær sömu sem löngum fyrr, auk verðlagsreiknings og verslunarlandafræði sem ekki höfðu æv-inlega verið sérstakar námsgreinar, en próf í íslensku, sænsku og ensku voru tvískipt, munnleg og skrifleg.

Kennarar voru Árni Kristjánsson og Andrés Kristjánsson sem kenndu íslensku, Eiríkur Pálsson kenndi verslunarrétt, Jóhanna Ólafson kenndi skrift, Jónas Pálsson, Annie Cl. Þórðarson kenndi þýsku, Þorbjörg Halldórs frá Höfnum kenndi ensku og vélritun, Þorleifur Þórðarson kenndi reikning og bókfærslu. Jónas Jónsson

# SAMVINSKÓLINN - 1942 - 3



Guðbjörg Jakobsdóttir



Martus Guðmundsson



Frithjof Steinarsson



Þorleifur Heiðarsson



Jónas Þorsson



Þóroddur Þorsteinsson



Þorvaldur Þorsteinsson



Guðbjörgur Ólafsson



Albert Guðmundsson



Ólafur Haldrupsson



Kristján Guðmundsson



Þorvaldur Þorsteinsson



Guðbjörgur Ólafsson



Jónas Þorsson



Þorvaldur Þorsteinsson



Þorvaldur Þorsteinsson



Kristján Guðmundsson



Sigfríður Þorsson



Þóroddur Þorsteinsson



Steingunnur Þorsson



Þóroddur Þorsteinsson



Þóroddur Þorsteinsson



Guðbjörgur Ólafsson



Hótelí Elíasson



Guðbjörgur Ólafsson



Þóroddur Þorsteinsson



Magnús Ólafsson



Þóroddur Þorsteinsson



Kristján Guðmundsson



Þóroddur Þorsteinsson



Þóroddur Þorsteinsson



Guðbjörgur Ólafsson



Hótelí Elíasson



Guðbjörgur Ólafsson



Þóroddur Þorsteinsson



Klara Ólafsdóttir



Guðbjörgur Ólafsson



Þóroddur Þorsteinsson



Þóroddur Þorsteinsson



Þóroddur Þorsteinsson



Þóroddur Þorsteinsson



Guðbjörgur Ólafsson



Þóroddur Þorsteinsson



Þóroddur Þorsteinsson



Þóroddur Þorsteinsson



Þóroddur Þorsteinsson



Þóroddur Þorsteinsson



*Samvinnuskólinn 1943–1944.*

# SAMVINNUSKÓLINN-1944-45



Petrus Jónsson



Jón Guðjónsson



Þorbjörg Þorvaldsdóttir



Ólafur Sveinsson



Þorvaldur Þorvaldsson



Þorvaldur Þorvaldsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Þorvaldur Þorvaldsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



Ólafur Sveinsson



# SAMVINNUSKÓLINN 1945-46

A grid of 60 circular portraits of students and staff from the Samvinnuskólinn 1945-46. The portraits are arranged in 6 rows and 10 columns. Each portrait is accompanied by a handwritten name in Icelandic. In the center of the grid, there is a rectangular photograph of a large, multi-story building, likely the school building. The names are written in a cursive script around the portraits.



skólastjóri kenndi félagsfræði og samvinnusögu og Guðlaugur Rósinkranz yfirkennari kenndi hagfræði og sænsku.

Að loknu starfsárinu fluttist skólinn af þriðju hæð og upp á nýreista fjórðu hæð Sambandshússins í Reykjavík.

Vorið 1946 tók nýtt hlutafélag heimamanna við rekstri veitinga-skálans í landi Hreðavatns í Borgarfirði og hóf nokkru síðar byggingu gistihúss þar. Var félagið nefnt Hreðavatn hf. en oftast kallað „Milljónin“ og stóð fyrir rekstri við vegamót Þjóðvegarins og afleggjarans að Hreðavatni. Mátti þar lengi sjá grunnplötu undan dansspallinum suðvestan við gömlu vegamótin, rétt í kantinum þar sem Landssíminn reisti löngu síðar kofa.

### 29. skólaár 1946–1947

Samkvæmt Ársskýrslu Sambandsins luku 25 nemendur fullnaðarprófi og 29 aðrir prófi á milli bekkja. Þar eru 26 nemendur taldir í eldri deild og 30 í yngri deild. 59 nemendur luku prófi samkvæmt frétt í *Samvinnunni*, og samkvæmt henni voru í eldri deild 60 nemendur og 22 í yngri deild. En Árbók Nemendasambandsins telur 65 nemendur ljúka námi og skólavist á þessu starfsári. Skakkar hér heimildum væntanlega um þá nemendur sem ekki höfðu þurft að sitja báða bekki skólans vegna fyrra náms og fleira.

Kennsla í afgangslustörfum var aukin og fór fram í samstarfi við Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, KRON í Reykjavík.

Um sumarið að loknu starfsári tók Jónas Jónsson skólastjóri þátt í fundi norrænna samvinnukennara í Samvinnuskólanum á Fjóni í Danmörku.

### 30. skólaár 1947–1948

Í eldri deild voru nemendur 27 og 29 í yngri deild, eða alls 56. 26 luku burtfararprófi. 29 eru taldir í Árbók Nemendasambandsins.

Inntökuskilyrði eru þrengd og þarf nú gagnfræðapróf eða hliðstæða menntun til inngöngu. „Fyrsta deild“ skólans, það er fyrra námsár, er lagt niður. En Framhaldsdeild tekur til starfa fyrir þá sem hyggja á sérhæft og verklegt verslunarnám.

Sem fyrr var samvinna við KRON um kennslu í búðarstörfum og fór hún fram í verslunum í Reykjavík.

Í Ársskýrslu Sambandsins kemur fram, eins og fyrr og síðar, að tekjur skólans eru ríkisstyrkur og skólagjöld, samtals kr. 56.304,80

árið 1948, en Menningarsjóður Sambandsins greiðir reksturshalla, á því ári kr. 82.383,47.

### 31. skólaár 1948–1949

31 nemandi var í eldri deild og 33 í yngri deild. 31 nemandi lauk fullnaðarprófi. Aðrir 30 tóku próf úr yngri deild. Árbók Nemendasambandsins telur 35 nemendur ljúka skólavist og námi á þessu skólaári.

Í febrúar 1949 gengust nemendur, bæði í námi og fyrri nemendur skólans, að undirlagi Jóhannesar G. Helgasonar fyrir fundi til undirbúnings afmælishófi vegna þrjátíu ára afmælis skólans og var Jóhannes kjörinn formaður undirbúningsnefndar. Var afmælisins minnst með hátíðarhöldum 11. mars og útgáfu afmælisrits. Stofnaður var Menningarsjóður Jónasar Jónssonar með framlagi nemenda. Við lok starfsársins lét Guðlaugur Rósinkranz af starfi yfirkennara og tók við starfi Þjóðleikhússtjóra.

Samband ísl. samvinnufélaga kaupir síðla árs 1949 samkomu- og gistihús í byggingu í landi Hreðavatns í Norðurárdal. Var byggingin rúmlega foheld og hófust brátt framkvæmdir og frágangur fyrir nýja félagsmálamiðstöð samvinnumanna.

### 32. skólaár 1949–1950

Nemendur voru alls 59. Voru 29 í eldri deild en 30 voru í Aðaldeild. 29 luku burtfararprófi úr eldri deild og 30 luku burtfararprófi úr Aðaldeild. Árbók Nemendasambandsins telur 59 nemendur ljúka náminu á þessu ári, 29 eftir tveggja ára nám en 30 að loknum einum vetri. Af þeim nefnir Árbókin 13 konur og tiltekur meðalaldur nemenda rúmlega 20 ár.

Fastir kennarar voru Kristinn Gunnarsson og Þorleifur Þórðarson. Meðal stundakennara voru nýir Britta Björnson, Hrefna Þorsteinsdóttir, Lúðvík Jónsson, Sigríður Ingimarsdóttir, Stefán Bogason og Vilhjálmur Jónsson.

Í Aðaldeild var kennd danska í stað sænsku.

Yngri deild skólans var lögð niður „sökum þess hve skólum hefur fjölgað og almenn fræðsla aukist“.<sup>76</sup> Af sömu ástæðum átti þá að

---

<sup>76</sup> *Samvinnan*, 43. árg. 7.–8. hefti. 1949.

þyngja námið í eldri deild og hafa sams konar burtfararpróf og áður hafði verið. Gert var ráð fyrir því að væntanlegir umsækjendur um skólavist gætu aflað sér menntunar fyrir inntökupróf meðal annars með aðstoð Bréfaskóla SÍS. Skyldi Samvinnuskólinn verða eins vetrar nám en nokkrum nemendum skyldi enn fremur gefinn kostur á eins vetrar Framhaldsdeild til viðbótar og voru inntökuskilyrði hennar miðuð meðal annars við að um fámennan hóp 18 ára og eldri yrði að ræða. Nám við Framhaldsdeild skyldi vera sérhæft og verklegt að mestum hluta og stundað á skrifstofum og öðrum vinnustöðum Sambandsins. Að loknu Framhaldsdeildarnámi stóð einum og einum nemanda til boða framhaldsnám í Bretlandi eða á Norðurlöndum.

Unnið var að byggingarframkvæmdum í landi Hreðavatns og að vatnsveitu þar.

Í Ársskýrslu Sambandsins kemur fram að rekstrarkostnaður skólans árið 1949 var kr. 139.238,38 og rekstrarhalli kr. 81.828,38 en Menningarsjóður Sambandsins greiddi hallann sem fyrr og síðar.

### 33. skólaár 1950–1951

Nemendur í Aðaldeild voru 27, en sjö stunduðu nám í nýstofnaðri Framhaldsdeild sem veitti sérhæft viðbótarnám. 27 luku burtfararprófi úr Aðaldeild og sjö úr Framhaldsdeild, en í frétt í *Samvinnunni* segir að 26 hafi lokið prófum úr Aðaldeild. Árbók Nemendasambandsins telur 27 nemendur ljúka námi og skólavist á þessum vetri. Tveir nemendur voru styrktir til framhaldsnáms erlendis, annar í Svíþjóð og hinn á Englandi.

Nýir meðal kennara voru Björn Guðmundsson, Kristleifur Jónsson og Valgarð J. Ólafsson. Á skólaspjaldi má sjá að Kristinn Gunnarsson hefur verið yfirkennari á þessu skólaári.

Lokið var byggingu félagsheimilis samvinnumanna í landi Hreðavatns í Norðurárdal.<sup>77</sup> Á aðalfundi Sambands ísl. samvinnufélaga þar 21.–22. júní 1951 var staðnum gefið nafnið Bifröst. Hafði verið efnt til verðlaunasamkeppni á fundinum og gerði Hallgrímur Sigtryggsson, starfsmaður Sambandsins, tillöguna sem varð fyrir

---

<sup>77</sup> Í *Samvinnunni* 6. hefti 1951 er meðal annars birt mynd af líkani af Bifrastarsvæðinu þar sem fyrirhugaðar byggingar sjást.



*Jonas Jónsson  
skólafrósi*



**SAMVINNUSKOLLINN**  
KENNARAR OG NEMENDUR  
VETURINN 1947-48.

 <p><i>Hagvarður Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>
 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>
 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>
 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>

 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>
 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>
 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>
 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>	 <p><i>Ólafur Þorsteinsson</i></p>

**SAMVINNUSKÓLINN**  
KENNDARFRÓG NEMENDUR  
VETURINN 1948-49

*Handwritten names and titles around the portraits include: Kennari, Nemandur, Stjóri, and various surnames such as Guðmundsson, Pálsson, and Jónsson.*







valinu. Tillagan byggðist á því að Bifröst merkir regnboginn, brúin milli himins og jarðar í fornri goðafræði, en alþjóðafáni samvinnu- manna miðast við sams konar hugmynd um samfylgd og samstöðu allra litbrigða regnbogans.

### 34. skólaár 1951–1952

Í Aðaldeild voru 34 nemendur og átta í Framhaldsdeild. 33 luku burtfararprófi úr Aðaldeild<sup>78</sup> og átta úr Framhaldsdeild. Árbók Nemendasambandsins nefnir 34 nemendur sem ljúki námi og skólavist á þessu skólaári.

Kennaralið var óbreytt og námsgreinar.

Svo sem fyrr stóð framhaldsnám erlendis nokkrum brautskráð- um nemendum til boða. Um haustið 1951 voru tveir brautskráðir nemendur skólans styrktir til framhaldsnáms erlendis, Jóhann T. Bjarnason til Bretlands og Matthías Pétursson til Svíþjóðar.

Tekjur skólans jukust mjög, eða úr kr. 44.850,00 á fyrra ári í kr. 75.000,00 árið 1952. Rekstrarhalli minnkaði úr kr. 83.820,89 í kr. 77.799,60 árið 1952. Á þessu skólaári urðu nokkrar deilur milli nemenda og skólastjóra um fjárhæð skólagjalda.<sup>79</sup>

### 35. skólaár 1952–1953

Nemendur voru alls 56 í Aðaldeild sem var tvískipt, og átta stund- uðu nám í Framhaldsdeild. 55 luku burtfararprófi úr Aðaldeild og átta úr Framhaldsdeild. Í Árbók Nemendasambandsins eru 56 nemendur tilgreindir við þetta starfsár. Þess er getið að nemendur ferðuðust um Suðurland að loknum prófum.

Nýir meðal kennara voru Vilhjálmur Árnason lögfræðingur, Jón Júlíusson, Jónas Kristjánsson síðar prófessor, Sigurður Markússon og Þórhallur Hermannsson. Ný námsgrein var bókmenntir.

Byggingarframkvæmdir stóðu yfir á Bifröst í Norðurárdal.

Í síðasta hefti *Samvinnunnar* á árinu 1952, 10.–11. hefti, birtist grein eftir Friðjón Stefánsson rithöfund, og nefnist hún „Íslenzkir samvinnumenn þurfa að eignast námsheimili“. Í greininni koma

<sup>78</sup> Í frétt í *Samvinnunni* (1952 4.–5. hefti) segir reyndar að aðeins 31 hafi brautskráðst og einn ekki vegna veikinda.

<sup>79</sup> Frásögn Ásgeirs Jóhannessonar forstjóra en hann var forvígismaður nemendanna.

Vilhjálmur Þór  
forstjóri.



fram hugmyndir um sérstakt skóla-  
setur, einkum að sænskri fyrirmynd.

Aðalfundur Sambandsins skorar  
við lok starfsársins sumarið 1953 á  
kaupfélögin að taka þátt í byggingu  
gistiálmu á Bifröst. Stjórn Sam-  
bandsins samþykkir tillögu Vil-  
hjálms Þórs forstjóra um að stefna  
að því að flytja Samvinnuskólann að  
Bifröst. Skipti það einnig máli að  
flutningur skólans mun hafa auð-  
veldað útvegum byggingarleyfa og  
lánsfjármagns. Jafnframt er fram-  
kvæmdastjóra falið að kanna kostn-  
að og kanna „hverjir möguleikar eru  
eða verða til að starfrækja skólann

að Bifröst“. Áhrifamenn með Vilhjálmi Þór að baki þessarar tillögu  
voru einkum Bjarni Ásgeirsson alþingismaður Mýramanna og  
Þórður Pálmason kaupfélagsstjóri í Borgarnesi en hann átti sæti í  
stjórn Sambandsins.<sup>80</sup>

### 36. skólaár 1953–1954

Nemendur í Aðaldeild voru 43 og átta í Framhaldsdeild. 41 lauk  
burtfararprófi úr Aðaldeild og átta úr Framhaldsdeild. Í Árbók  
Nemendasambandsins eru 43 nemendur tilgreindir á þessu skóla-  
ári.

Tvö síðustu ár skólans í Sambandshúsinu í Reykjavík, 1953–  
1955, kenndi skólastjórinn Jónas Jónsson félagsfræði, samvinnu-  
sögu og íslenskar bókmenntir. Jónas Kristjánsson kenndi íslensku  
og dönsku. Jón Júlíusson og Sigríður Ingimarsdóttir kenndu ensku.  
Stefán Karlsson og Þórhallur Hermannsson kenndu reikning. Eirík-  
ur Pálsson og Örlygur Hálfðanarson kenndu fundarstjórn og  
skipulag samvinnufélaga. Sigurður Markússon kenndi bókfærslu.  
Þorvarður J. Júlíusson og Sveinn Ásgeirsson kenndu hagfræði.  
Guðmundur Ásmundsson og Eiríkur Pálsson kenndu verslunarrétt.  
Björn Guðmundsson kenndi verslunarreikning. Þorbjörg Halldórs

<sup>80</sup> Sjá m.a. viðtal Sigurðar Hreiðars Hreiðarssonar við Þórð Pálmason í *Afmælisriti Nemendasambands Samvinnuskólans* árið 1988.

frá Höfnum kenndi vélritun. Jóhanna Ólafson og Ragnhildur Ásgeirsdóttir kenndu skrift.

Á fundi nemenda 17. febrúar 1954 var samþykkt að undirbúa á ný stofnun Nemendasambands Samvinnuskólans og var Örlygur Hálf-danarson kjörinn formaður undirbúningsnefndar.

Byggingaframkvæmdir að Bifröst halda áfram. Sumarið 1953 hófst rekstur gistihúss á staðnum, en Skipadeild Sambandsins rak gistihúsið þar um margra ára skeið, en Hjörtur Hjartar var framkvæmdastjóri hennar.

Vorið 1954 hélt Sambandið sérstakt námskeið í tungumálum, hraðritun og vélritun fyrir umsækjendur um störf.

Stjórn Sambandsins samþykkir endanlega við lok starfsársins að Samvinnuskólinn verði fluttur að Bifröst „haustið 1955, svo fram- arlega sem húsnæði verði þá tilbúið“. Skýrði forstjóri Sambandsins, Vilhjálmur Þór, meðal annars frá þessu við skólaslit Samvinnuskólans 1. maí 1954. Við skólaslit afhentu nemendur skólanum að gjöf brjóstmynd Ríkharðs Jónssonar af Jónasi Jónssyni er þá hafði veitt skólanum forstöðu í 35 ár.

Fræðsludeild Sambandsins er endurskipulögð á árinu 1954 en forstöðumaður hennar var Benedikt Gröndal síðar forsætisráð- herra. Samvinnuskólinn varð hluti deildarinnar.

### 37. skólaár 1954–1955

Nemendur voru 63. 61 lauk burtfararprófi úr Aðaldeild. 62 nemendur eru nefndir í Árbók Nemendasambandsins að ljúki námi á þessum vetri, þar af 14 konur, en meðalaldur hópsins rúmlega 19 ár.

Skóla var slitið að venju 30. apríl og að venju fór útskriftarathöfn fram 1. maí. Brautskráðir nemendur notuðu sem oftast arð af starfsemi Kaupfélags Samvinnuskólans til að kosta nemendaferð og þessu sinni var farið með Gullfossi til Danmerkur, en það er fyrsta slík nemendaferð Samvinnuskólamanna til útlanda.



*Erlendur Einarsson  
forstjóri.*



Árnaldur Árnaldsson  
Kennari



Sigríður Sigríðsdóttir  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Ármann Ármannsson  
Kennari



Þorgerður Þorgerðsdóttir  
Kennari



Eir Helga Eiríksdóttir  
Kennari



Þómas Þómasson  
Kennari



Kristinn Kristinnsson  
Kennari



Sigríður Sigríðsdóttir  
Kennari



Kristján Kristjánsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari




Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þómas Þómasson  
skólastjóri

# SAMVINNUSKÓLINN

## VETURINN

1951 ~ 1952



Sigríður Sigríðsdóttir  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari



Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kennari

**SAMVINNUSKÓLINN  
VETURINN  
1952 ~ 1953**

Bólafélagsskóli

Row 1: Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur

Row 2: Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur

Row 3: Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur

Row 4: Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur

Row 5: Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur

Row 6: Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur

Row 7: Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur

Row 8: Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur

Row 9: Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur

Row 10: Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur, Þórhallur



— SKÖLINN 1955

1954 SAMVINNU—

54



Kjartan P. Kjartansson  
framkvæmdastjóri.



Fræðsludeild Sambandsins var eflð og var skólinn hluti hennar.

Jónas Jónsson frá Hriflu lætur af starfi vegna aldurs í lok skólaársins og er efnt til sérstaks kveðjusamsættis honum til heiðurs á sjötugsafmæli hans, 1. maí 1955. Voru honum færðar gjafir og ræður fluttar honum til heiðurs.

Séra Guðmundur Sveinsson er ráðinn skólastjóri og tekur til starfa 1. júní 1955 að loknu skólaárinu.

Hann flytur ýtarlega ræðu um markmið og sérstöðu samvinnufræðslunnar á aðalfundi Sambandsins. Séra Guðmundur hefur lýst því að þrír menn áttu mestan þátt í að grundvalla skólann og setja á hann mót í nýju skólasettri á Bifröst, þeir Erlendur Einarsson, nýr forstjóri Sambandsins, Benedikt Gröndal framkvæmdastjóri Fræðsludeildar Sambandsins, og séra Guðmundur sjálfur.<sup>81</sup>

Byggingarframkvæmdum þeim sem yfir höfðu staðið var að mestu leyti lokið snemmsumars og var skóli og félagsheimili, húsið byggt úr vikursteypu, vígt 19. júní að viðstöddum fulltrúum Norræna Samvinnusambandsins. Skólinn var síðan fluttur frá Reykjavík upp að Bifröst í Norðurárdal í Borgarfirði að loknu skólaárinu.

Um sumarið fer nýr skólastjóri kynnisferð um Norðurlönd, Þýskaland og Bretland til að kynna sér samvinnuskólana í þessum löndum og hefja tengsl við forráðamenn þeirra.

Fyrsta veturinn bjó skólastjóri og fjölskylda uppi á lofti yfir andyri skólans, en þar voru einnig starfsmannaherbergi í fyrstu og um árabíl síðan.

### 38. skólaár 1955–1956

Inntökupróf eru þreytt um haustið vegna mjög mikillar aðsóknar. 32 voru teknir inn í skólann en 69 þreyttu inntökupróf. Nemendur voru 32, 13 stúlkur og 19 piltar. Af nemendum voru sex af höfuðborgarsvæðinu. Nú varð Samvinnuskólinn á ný tveggja vetra

<sup>81</sup> Guðmundur Sveinsson. 1978. „Upphaf skólastarfs í Bifröst“. *Árbók NSS* IV. bls. 12.



*Þórður Pálmason kaupfélagsstjóri.*



*Bjarni Ásgeirsson alþingismaður.*

skóli. Ekki voru tekin lokapróf við skólann þessu sinni, enda allir nemendur á fyrra námsári af tveimur.

Inntökuskilyrði eru 17 ára lágmarksaldur, miðskólapróf eða hliðstæð menntun og meðmæli frá fyrra skólastjóra.

Skólinn settur fyrsta sinni á Bifröst 22. október. Skólaheimili hefst og mikil félagsmálaþjálfun á Bifröst. Um leið verða margháttaðar breytingar á kennsluháttum og aðferðum.

Hafin var bygging skólastjórabústaðar á Bifröst.

Kennarar þetta fyrsta ár skólans á Bifröst voru sr. Guðmundur Sveinsson skólastjóri sem kenndi menningarsögu, samvinnusögu og dönsku, Gunnar Grímsson sem kenndi bókfærslu, hagfræði, stærðfræði og vélritun, Hróar Björnsson sem stjórnaði útivist og tómstundastarfi nemenda, Snorri Þorsteinsson sem kenndi íslensku, ensku, þýsku og ræðumennsku, fundarstjórn og fundarreglur, Beryl Kolbeinsson sem kenndi ensku og ensk verslunarbréf, Anna Bjarnadóttir sem kenndi ensku, Ute Jakobshagen sem kenndi þýsku.

Námsgreinar voru íslenska, danska, enska, þýska, stærðfræði, bókfærsla, hagfræði, vélritun, menningarsaga, samvinnusaga, fundarstjórn og fundarreglur. Við kennsluna komu gestakennarar, sem nefndir eru einnig framar, og nemendur fengu þjálfun í hlustun á tungumálum. Einnig komu gestafyrirlesarar, meðal annars frá Sambandinu, og rithöfundar. Mikil áhersla var lögð á þjálfun og leiðsögn í ræðumennsku, félagslífi og tómstundastörfum nemenda. Skólafélag Samvinnuskólans á Bifröst var stofnað 5. nóvember 1955.

Mikið var unnið að hvers konar skipulags- og brautryðjendavinnu þennan vetur. Starfsemi nemenda og samtaka þeirra var öflug. Nemendur sem útskrifast höfðu vorið 1955 heimsóttu skólann og færðu að gjöf „Bókfærslubíkarinn“ sem varð verðlaunagripur veittur árlega um langt árabíll. Farin var kynnisferð nemenda til Sambandsins í Reykjavík og meðal annars skoðuð ný kjörbúð. Skólaheimilið, sem var bæði heimavist, mótuneyti og heimili nemenda, var undir stjórn Guðlaugar Einarasdóttur skólastjórafrúar, og var starfsheiti hennar skólahúsmóðir.

Síðla vetrar birtist ýtarleg grein um skólann og kynning á starfsáttum á Bifröst í *Samvinnunni* eftir Gísla Sigurðsson blaðamann.

Eftir að reglulegu skólastarfi lauk um vorið var efnt til tveggja námskeiða fyrir verslunar- og skrifstofufólk á Bifröst á vegum skólans. Sóttu þau 69 samvinnustarfsmenn.

Síðsumar 1956 var haldið fjölmennt landsmót samvinnumanna á Bifröst.

### 39. skólaár 1956–1957

Inntökupróf voru haldin um haustið. 62 þreyttu prófið en 33 hlutu skólavist. Skóli starfaði í tveimur deildum, í 1. bekk voru 33 nemendur og 31 í 2. bekk. 30 nemendur voru brautskráðir að skólaári liðnu.

Nýir kennarar voru Halldór Sigurðsson sem kenndi söng, Hans Chr. Hermann sem kenndi þýsku, Regina Neumann sem kenndi þýsku og Valdimar Hergeirsson sem kenndi bókfærslu í veikindaforföllum. Á þessu skólaári kom Hörður Haraldsson viðskiptafræðingur til starfa sem kennari á Bifröst og kenndi hagfræði, verslunararrétt, auglýsingateikningu og útstillingar og verslunarreikning.

Nýjar námsgreinar á þessu ári voru verslunarreikningur, verslunararréttur, vörufræði, búðarstörf, auglýsingateikning og útstillingar. Allmargir fyrirlesarar sóttu skólann heim og var svo um árabíll.

Á þessu ári mun „Akademía“ Samvinnuskólans hafa tekið til starfa, en í henni sátu þrír nemendur úr hvorri deild. Akademían starfaði með skólastjóra að ýmsum menningarviðburðum og m.a. voru árlegar kynningar á verkum þeirra er hlutu Nóbelsverðlaunin. Um þessar mundir hófst einnig útgáfa Vefarans. Ársritið *Ecce Homo* með teikningum Harðar Haraldssonar af öllum nemendum og starfsmönnum kom út fyrsta sinni.

Lokið byggingu skóla- og heimavistarhúss á Bifröst, svo og skóla-  
stjórabústaðar.

Skóla var slitið 1. maí sem varð hefð á Bifröst. Við skólaslit fluttu  
Erlendur Einarsson forstjóri SÍS og Þorkell Jóhannesson háskóla-  
rektor ávörp.

Áfram var haldið uppbyggingu og eflingu skólaheimilis og fé-  
lagslífs.

Um vorið var efnt til tveggja námskeiða á Bifröst. Þátttakendur  
voru 26.

Við afgreiðslu fjárlaga á Alþingi var það m.a. tekið fram að fjár-  
veiting til Samvinnuskólans miðaðist nú við breytta stöðu hans sem  
heimavistar skóla í sveit en ekki lengur við sömu mælistikur og not-  
aðar voru varðandi heimangönguskóla í þéttbýli.

#### 40. skólaár 1957–1958

31 nemandi hlaut skólavist eftir inntökupróf. Nemendur voru alls  
66, 31 í 1. bekk og 35 í 2. bekk. Piltar voru 42 og stúlkur 24. 16 nem-  
endur voru úr Reykjavík. 34 nemendur voru brautskráðir.

Nýir kennarar voru Ase Blæhr sem kenndi danskan framburð,  
Hermann Höhner sem kenndi þýskan framburð og Ingveldur Sig-  
urðardóttir sem kenndi vélritun.

Ný námsgrein var skrifstofustörf.

Í skólaskýrslu þessa árs er lýsing Guðmundar Sveinssonar á því  
skólaheimili sem mótað hafði verið á skólasetrinu. Þar er og lýst að-  
stöðu og tækjum þeim sem nemendur hafa til afnota. Þar er einnig  
lýst félagsskipan og samtökum nemenda, aðild þeirra að stjórnun á  
skólaheimilinu. Allmargir gestir og fyrirlesarar sóttu skólann heim  
sem fyrr.

Að loknum skólaslitum var 40 ára afmælis skólans minnst með  
samsæti. Voru þar fluttar nokkrar ræður, meðal annars ýtarlegar  
endurminningar Jónasar Jónssonar fyrrum skólastjóra um upphaf  
starfsins. 16 nemendur af fyrsta starfsári skólans 1918–1919 heim-  
sóttu Bifröst og voru við skólaslit.

Framkvæmdir hófust við byggingu íþróttahúss með íbúðum á  
Bifröst. Haustið 1957 fékkst rafveita lögð til Bifrastar, en áður hafði  
ljósavél verið notuð.

Ólafur Sverrisson  
kaupfélagsstjóri.



#### 41. skólaár 1958–1959

38 hlutu skólavist að loknu inntöku-  
prófi sem 62 þreyttu. Nemendur  
voru alls 67, 38 í 1. bekk og 29 í 2.  
bekk. Piltar voru 44 og stúlkur 23.  
21 nemandi var úr Reykjavík. 29  
nemendur brautskráðust.

Kennaralið var óbreytt fyrir utan  
Erik Sönderholm sem kenndi  
danskan framburð og Heinrich Beck  
sem kenndi þýskan framburð.

Skólaheimilið stóð með blóma  
sem fyrr og síðar. Á þessu starfsári  
var fyrsta sinni haldin „Nóbelskynning“, kynning á verkum Nóbels-  
verðlaunahafa ársins á undan og leikin tónlist frá heimalandi hans.  
Varð þetta að föstum árlegum þætti um árabíl.

Vornámskeið fyrir starfsmenn samvinnufélaga voru haldin að  
venju. Þessu sinni hófst fræðsla fyrir deildarstjóra. Var þar um að  
ræða námsbraut í þremur áföngum, fyrsti áfangi að vori 1959, ann-  
ar áfangi með fjarnámi þá um haustið, en lokaáfangi skyldi stunda  
og ljúka ári síðar, vorið 1960.

Stofnað var Nemendasamband Samvinnuskólans 14. september  
1958 og var Sigurvin Einarsson síðar alþingismaður kjörinn fyrsti  
formaður þess. Fyrra Nemendasamband, sem stofnað var 1943,  
virðist hafa lognast út af eftir stutta ævi. Dagana 6. og 7. júní 1959  
hélt Nemendasambandið mót á Bifröst. Komu á mótið um 70 eldri  
og yngri nemendur.

#### 42. skólaár 1959–1960

32 voru teknir inn í 1. bekk að loknu inntökuprófi sem 75 þreyttu.  
Vegna fjölda umsækjenda var 10 þeirra gefin víska fyrir skólavist að  
ári, 1960-1961. Nemendafjöldi var 70, 38 í 2. bekk og 32 í 1. bekk.<sup>82</sup>  
Piltar voru 50 og stúlkur 20. 38 nemendur brautskráðust, en með-  
al þeirra voru 15 stúlkur og meðalaldur brautskráðra nemenda

<sup>82</sup> Upplýsingar um nemendafjölda og annað eru úr *Skólaskýrslu* ársins. En í *Samvinn-  
Unnið var að undirbúningi nýrrar aðstöðu fyrir mötuneyti. Sú breyting varð á heimavist og öryggisreglum að öllum læsingum útidyra var breytt, meðal annars til að tryggja að unnt yrði að tæma öll hús á svipstundu tálmunarlaust, en fram til þessa höfðu nemendur eiginlega verið læstir inni um nætur.



# SAMVINNUMSKÓLINN

**BIFRÖST**  
1984 — 1985






Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Sáttmálaráðgjafi




Guðrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi




Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi




Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi




Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi



Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi




Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi




Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi



Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi




Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi



Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi



Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi




Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi


# SAMVINNUSKÓLINN

## BIFRÖST


### 1985 — 1986




Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi




Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi




Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi




Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi



Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi



Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi



Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi




Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi



Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi




Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi




Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi



Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi



Sigrún Þ. Þorsteinsson  
Kerfi







*Framhaldsdeild 1985.*

Enn var unnið að því að frumkvæði stjórnenda skólans að draga úr inntökuhefðum nemenda.

Fyrstu tillögur lagðar fram og ræddar um breytingu skólans í sérskóla á lokaáföngum framhaldsskólastigs og á háskólastigi. Fyrsta kynning málsins átti sér stað undir árslok 1984 að frumkvæði skólastjóra. 14. júní 1985 gerði skólanefnd samþykkt um markmið Samvinnuskólans og um að skólanum skuli breytt á þá lund að hann starfi frá og með hausti 1986 á tveimur síðari árum framhaldsskólastigsins og ljúki með stúdentsprófi en Framhaldsdeild veiti sérhæft viðbótarnám á háskólastigi.<sup>96</sup>

Á aðalfundi Sambandsins í júní 1985 voru allmörg tré gróðursett við skólasetrið, við lok „Kvennaáratugar“ og í minningu hans.

Í tengslum við breytingar í rekstri samvinnuhreyfingarinnar var stjórnarnefnd Bifrastareigna lögð niður og kom hún saman síðasta sinni í ágúst 1985. Eftir sem áður hélst samstarf eigenda Bifrastareigna í sams konar horfi og verið hafði, og til 1989 hafði umsjónarmaður fasteigna Sambandsins yfirumsjón með fasteignunum á skólasetrinu.

<sup>96</sup> Síðasti þáttur þessara fyrirætlana kom ekki til framkvæmda þar eð skólanum í heild var á skömmum tíma breytt í fagháskóla.



*Framhaldsdeild 1986.*

Nemendagjöld voru: Skóla- og heimavistargjald kr. 9.600,00, Pappírs- og prófgjald kr. 2.400,00, Mötuneytisgjald kr. 48.000,00 og Framhaldsdeildargjald kr. 2.500,00.

### 68. skólaár 1985–1986

146 umsóknir bárust um inngöngu nýnema í skólann. Í 1. bekk voru 40 nemendur, í 2. bekk 38, í 3. bekk 18 og í 4. bekk 15 nemendur. Í hópi nemenda Framhaldsdeildar voru sjö í óreglulegu námi. Úr Reykjavík voru sex nýnemar. 38% höfðu aðeins grunnskólapróf að baki. Meðalaldur nýnema við upphaf skóla var 20 ára. 36 luku Samvinnuskólaprófi og 15 luku stúdentsprófi.

Nýir kennarar í Framhaldsdeild voru Hjördís Finnbogadóttir sem kenndi þjóðfélagsfræði, Kristinn P. Magnússon sem kenndi líf-fræði, Ólafur H. Sverrisson sem kenndi þjóðhagfræði, Snorri Jónsson sem kenndi rekstrarhagfræði, Þór Indriðason sem kenndi þjóðfélagsfræði, Þórhallur Maack sem kenndi tölvufræði og Þróstur Karlsson sem kenndi tölvufræði.

Skólanefnd skipuðu Geir Magnússon, Gerður Steinþórsdóttir, Kjartan P. Kjartansson formaður, Magnús G. Friðgeirsson og Ólafur Sverrisson. Varamenn: Atli Freyr Guðmundsson og Sigurður Þórhallsson.

Tölvukennsla var enn aukin.



Haldið var 61 starfsfræðslunámskeið á 24 stöðum um 19 mismunandi efnissvið fyrir 1.046 þátttakendur. Sem fyrri ár voru gerðar rækilegar lýsingar á öllu starfsfræðsluframboði skólans með lýsingu einstakra námskeiða. Var um þetta efni búið í lausblaðamöppu og dreift til aðila innan samvinnuhreyfingarinnar.

30 ára afmælis Bifrastarskólans var minnst 20. október 1985. Meðal gesta voru sr. Guðmundur Sveinsson og frú Guðlaug Einarsdóttir, Gunnar Grímsson fyrrum yfirkennari og frú og nokkrir rosknir nágrannar skólans. Við þetta tækifæri gáfu nemendur skólanum glæsilegan skólafána með merki skólans en skólanefnd hafði formlega samþykkt að myndverk Ásmundar Sveinssonar, „Lífsorka“, sem stendur við anddyri skólans á Bifröst skyldi vera fyrirmynd skólamerkisins. Hafði Hörður Haraldsson teiknað fánann.

Erfingjar Hreðavatnshjóna gáfu skólanum 1. desember 1985 Bifrastarlóðina, þar sem skólasetrið og byggingar þess standa, í minningu foreldra sinna, Sigurlaugar Daníelsdóttur og Kristjáns Gestssonar.

Hinn 2. febrúar 1986 heiðraði frú Vigdís Finnbogadóttir forseti Íslands Samvinnuskólann með heimsókn sinni á hátíð á Bifröst sem haldin var samkvæmt árlegri venju með nemendum Hústjórnarskólans að Varmalandi. Mun þetta vera fyrsta slík heimsókn forseta Íslands á framhaldsskólahátíð af slíku tagi.

Skólastjóri fór snemmárs 1986 kynnisferð til Bandaríkjanna að kynna sér viðskiptafræðslu á háskólastigi og starfsemi fagháskóla á sama sviði, einkum í Kaliforníu og Wisconsinríki.

Við skólaslit 1. maí 1986 voru að venju veitt ýmisleg verðlaun. Voru verðlaun með svipuðu sniði allan níunda áratuginn og áttu sér lengri sögu flest. Mörg þeirra voru farandbikarar sem varðveittir voru í skólanum. Þessi verðlaun voru veitt við skólaslit þessu sinni: Sambandsbikarinn fyrir hæstu heildareinkunn á Samvinnuskólaprófi ásamt viðurkenningarskjali (fyrst veittur 1984); Samvinnustyttan fyrir hæsta einkunn í samvinnufræði ásamt viðurkenningarskjali (hafði verið veitt um langt árabíl); Bókfærslubikarinn fyrir hæsta einkunn í bókfærslu ásamt viðurkenningarskjali (hafði verið veittur um langt árabíl); Verðlaun Jónasar Jónssonar frá Hriflu fyrir tungutak, málsnilld og meðferð íslenskrar tungu í ræðu og riti, peningaverðlaun ásamt viðurkenningarskjali (fyrst veitt 1985); Vélritunarverðlaun, peningaverðlaun frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur ásamt viðurkenningarskjali (höfðu verið

veitt um langt árabíl); Bókaverðlaun frá sendiráði Danmerkur fyrir árangur í dönsku og frá sendiráði Vestur-Þýskalands fyrir árangur í þýsku (slík verðlaun voru veitt flest ár, að minnsta kosti fyrir dönskukunnáttu); Bókaverðlaun fyrir fullkomna ástundun og stundvísi ásamt viðurkenningarskjali (höfðu verið veitt um langt árabíl); Félagsmálastyttan frá Nemendasambandi Samvinnuskólans ásamt viðurkenningarskjali (hafði verið veitt um langt árabíl). Að auki voru veitt farandverðlaun í samstarfsverkefnum nemenda framhaldsskólanna í héraðinu, Borgarfjarðarbíkar og „Kjaftaskurinn“ sem veittur var því líði sem sigraði í mælskukeppni skólanna.

Unnið var við miklar verklegar framkvæmdir, meðal annars nýja mötuneytisaðstöðu, bundið slitlag á heimreiðar og bílastæði og hafnar framkvæmdir við þrjá nýja starfsmannabústaði á Bifröst.

Á 9. áratugnum ber einnig að nefna gagntækar umbýltingar varðandi síma- og póstpjónustu á Bifröst. Vegagerð fleygði mjög fram, svo að hægt er að tala um byltingu í vega- og samgöngumálum, en af því leiddi gerbreytingar í vöru- og mannflutningum og þjónustu. Vikuleg og einnig dagleg tengsl fjölskyldna og einstaklinga, fyrst við Borgarnes og síðan við höfuðborgarsvæðið, margfölduðust á þessum sömu árum.

Unnið var að undirbúningi alhliða umbreytingar skólans. 25. september 1985 samþykkti stjórn Sambandsins tillögu skólanefndar frá 14. júní 1985 um alhliða breytingu skólans sem ætlað er að starfa á lokaáföngum framhaldsskólastigsins í stað upphafsáfangs þess. 14. nóvember 1985 lauk skólanefnd frágangi skipulagsheimilda og framkvæmdaratriðum varðandi þessa breytingu sem taka skyldi gildi 1. ágúst 1986. Í framhaldi af því var unnið að nýjum skólareglum, nýjum námsvísi og ákvæðum um inntökuskilyrði og námsmat. Þá voru og gerðar reglur um Starfsfræðsludeild og endurskoðaðar reglur um Mötuneyti, svo og um heimavist. Nýjar starfslýsingar voru gerðar fyrir alla starfsmenn. Loks var undirbúin algerlega ný fræðsluskipan og kennsluhættir. Komu þessar breytingar meðal annars fram í mjög breyttri útgáfu Handbókar að skólaárinu loknu í júlí 1986.

Skólastjóri lýsti fyrirætlunum um breytingu skólans í grein í Árbók Nemendasambandsins, þar á meðal hugmyndum um fræðslu á háskólastigi, og gerði grein fyrir því hvernig þessar breytingar tengdust upphaflegum markmiðum skólans.

Nemendagjöld á starfsárinu voru: Skóla- og tækjagjald kr.

7.000,00, Heimavistargjald kr. 8.000,00, Pappírs- og prófgjald kr. 4.000,00, Mötuneytisgjald kr. 63.000,00 og Framhaldsdeildargjald kr. 4.000,00.

### 69. skólaár 1986–1987

Sú breyting varð að nýtt skólaár var frá og með þessu starfsári talið frá 1. ágúst en hafði áður verið frá 1. september ár hvert.

Síðustu nemendur ljúka hefðbundnu Samvinnuskólaprófi af fyrstu áföngum framhaldsskólastigs. Fræðsluskipulagi og starfsháttum var gerbreytt og samfelld kennslufræði tekin upp fyrir alla starfsemi skólans. Inntökuskilyrðum var gerbreytt og skólastig hækkað upp um tvö ár og samsvarar tveimur síðari árum framhaldsskólastigsins en nemendur hljóta brautskráningu með Samvinnuskóla-stúdentsprófi.

Nemendur voru 113 við upphaf skóla. Í 1. bekk Rekstrarmennta-deildar, sem var hliðstæður 3. árgangi framhaldsskólastigsins, var 31 nemandi, í 2. bekk, sem var hliðstæður 2. árgangi framhaldsskólastigsins, voru 34 nemendur. Í 3. bekk Framhaldsdeildar voru 29 nemendur og í 4. bekk voru 19. Meðalaldur beggja árganga á Bifröst við upphaf skóla var 21 ár. 34 luku Samvinnuskólaprófi, í síðasta skipti sem það var tekið á fyrstu tveimur árum framhaldsskólastigsins, og stúdentsprófi luku 17.

Nýir kennarar á Bifröst voru Aðalsteinn Hermannsson sem kenndi tölvufræði, Bryndís Þráinsdóttir B.Ed. sem kenndi ensku, Gísli Svan Einarsson útgerðartæknir sem kenndi stærðfræði og stjórnun, Haraldur Ingólfsson sem kenndi stærðfræði, viðskiptastörf, lögfræði og vélritun, Sigurður Albert Ármannsson B.Ed. sem kenndi ensku og þýsku.

Nýir kennarar í Framhaldsdeild voru Anna Sigurðardóttir sem kenndi hagfræði, Bjarni Gautason sem kenndi jarðfræði, Birgir S. Jóhannsson sem kenndi hagfræði og markaðsfræði, sr. Ólafur Jens Sigurðsson sem kenndi þjóðfélagsfræði, Ragna Sigurðardóttir Guðjohnsen sem kenndi tölvufræði, Sigurður Snævarr sem kenndi hagfræði, Sigurjón Eliasson sem kenndi íþróttir og Sigurrós Erlingsdóttir sem kenndi íslensku.

Í ársbyrjun 1987 varð sú breyting á skólanefnd að Kjartan P. Kjartansson sem verið hafði formaður nefndarinnar og framkvæmdastjóri Skipulags- og fræðsludeildar um árabil hvarf til ann-

arra starfa, en Valur Arnþórsson var kjörinn í nefndina í hans stað. Formaður nefndarinnar varð þá Ólafur Sverrisson kaupfélagsstjóri í Borgarnesi.

Í nýrri fræðsluskipan gætti margra nýmæla. Inntökuskilyrði gerbreyttust og allt námsefni hafði verið endurskoðað frá rótum og margar nýjar námsgreinar komu í stað þeirra sem fyrir voru. Vægi lokaprófa minnkaði en vægi hvers konar verkefna jókst. Kennslu var skipt í fyrirlestra annars vegar og smáhópatíma til verkefnavinnslu hins vegar. Vægi hópverkefna og samþættra verkefna jókst. Gerð og tilhögun stundatöflu var gerbreytt til samræmis við breytt fræðslumarkmið og kennslufræði skólans.

Til samræmis við breyttan skóla og aukinn aldur og þroska nemenda var öllum reglum skóla og heimavistar gerbreytt. Segja má að við þessar breytingar hafi eldri inntökuhefðir nemenda að mestu leyti horfið. Var tekin sú stefna að þvert á móti fyrri siðum skyldi frá fyrsta degi lögð áhersla á sem best og vinsamlegust samskipti eldri nemenda og nýnema í skólanum. Í sama anda jukust nú verkefni og afskipti Skólaráðs, en í því sátu stjórnendur skólans og fulltrúar kennara og nemenda, og stjórn Mötuneytis tók að starfa með formlegri hætti en áður hafði verið.

41 starfsfræðslunámkeið var haldið á 12 stöðum í landinu fyrir 788 þátttakendur og um 19 mismunandi efnissvið. Mikið var jafnframt unnið að námsefni og kynningu starfsfræðslunnar. Eins og jafnan frá 1977 annaðist Þórir Páll Guðjónsson umsjón starfsfræðslunnar.

Bókasafnið var endurskipulagt og mjög aukið. Aflað var slökkvibifreiðar. Ný og breytt aðstaða mötuneytis var tekin í notkun, þrír nýir starfsmannabústaðir reistir við skólasetrið og allar pípulagnir í skólahúsum endurnýjaðar.

1. maí 1987 samþykkti skólanefnd Reglugerð um Samvinnuskólann og staðfesti stjórn Sambandsins hana 5. júní 1987. Í framhaldi af því var gengið frá nýrri ársútgáfu Handbókar og nýjum Námsvísi að loknu starfsárinu. Í þessum reglum var meðal annars áhersla lögð á þróunarstjórnun og gæðastjórnun í öllu starfi skólans.

Sumarið 1987 áttu þeir fund saman á Bifröst, nýkjörinn formaður skólanefndar og skólastjóri, og ræddu um framtíðarstefnu og horfur skólans. Þá lagði skólastjóri fram hugmyndir um þróun skólans á háskólastigi og lengra fram um nýja Framhaldsdeild er veita skyldi B.S.-gráðu frá Bifröst.


Á almanaksárinu 1986 varð rekstrarkostnaður Samvinnuskólans



alls um 26,7 milljónir króna. Framlag ríkissjóðs til skólans á árinu nam 68,3% útgjalda, nemenda- og starfsfræðslugjöld námu 18,6% og Sambandið greiddi 13,1%. Heildarútgjöld jukust um 36% frá árinu 1985 og launakostnaður um rúmlega 51%, að langmestu leyti vegna verðbólgunnar í landinu.

Nemendagjöld fyrir námsárið á Bifröst voru kr. 28.000,00, Mötu-neytisgjald kr. 85.000,00 en nemendagjald í Framhaldsdeild kr. 7.000,00.

Fjárveiting á fjárlögum fyrir árið 1987 var kr. 16.802.000 og sérstök fjárveiting til félagsmálanámskeiða var kr. 150.000.



*Axel Gíslason  
frankvæmdastjóri.*

## 70. skólaár 1987–1988

102 nemendur hófu nám í skólanum, í 1. bekk 28 og einn erlendur skiptinemi, í 2. bekk 30, í 3. bekk Framhaldsdeildar 15 og í 4. bekk 28. Samvinnuskóla-stúdentsprófi luku 30 og var það fyrsta sinni sem slíkt próf var tekið. Meðal brautskráðra voru 16 stúlkur en meðalaldur í hópnum var rúmlega 22 ár. 28 luku stúdentsprófi frá Framhaldsdeild.

Pétur H. Snæland var ráðinn aðstoðarskólastjóri. Jafnramt voru lögð niður starfsheiti fulltrúa skólastjóra og deildarstjóra starfsfræðslu.

Nýir kennarar á Bifröst voru Edda Símonardóttir cand.jur. sem kenndi lögfræði, Helgi G. Björnsson iðnrekstrarfræðingur sem kenndi bókfærslu, reikningshald og stjórnun, Ólafur Gunnarsson cand.oecon. sem kenndi markaðarfræði og viðskiptastörf, Pétur H. Snæland cand.oecon. og B.A. sem kenndi ensku og samfélagsfræði, Vala Kristjánsson B.Ed. sem kenndi þýsku og Vésteinn Benediktsson cand.oecon. sem kenndi bókfærslu og tölvufræði.

Nýir kennarar í Framhaldsdeild voru Ármann Höskuldsson sem kenndi jarðfræði, Guðrún Árnadóttir stjórnun og markaðarfræði, Halldór Jónsson þjóðhagfræði, Ingimar Jónsson rekstrarhagfræði, Ingimundur Hjartarson reikningshald, Krístrún Arnarsdóttir



*Framhaldsdeild 1987.*

stærðfræði, Reynir Jónsson bókhald og Védís Skarphéðinsdóttir íslensku.

Við lok starfsársins var skólanum breytt í sérskóla á háskólastigi. Um þessar mundir voru háskólamál mjög að breytast og voru nýjar stofnanir á þessu sviði að hefja starfsemi, svo sem Háskólinn á Akureyri, Rekstrardeild Tækniskólans og Tölvuháskóli Verzlunar-skólans.

22. september 1987 var leitað heimildar Menntamálaráðuneytisins til þess að breyta skólanum í sérskóla á háskólastigi, eða fagháskóla eins og slíkar stofnanir voru einnig nefndar. 11. desember 1987 samþykkti skólanefnd breytinguna með ýtarlegri samþykkt um meginéinkenni og inntak skólastarfsins á háskólastigi. Urðu á þessum fundi miklar umræður um eðli og framtíð skólans. Framkvæmdastjórn Sambandsins fjallaði um málið 9. febrúar 1988. Urðu þar deilur en framgangur málsins ekki hindraður. 27. apríl 1988 hlaut Samvinnuskólinn með bréfi viðurkenningu Menntamálaráðherra sem sérskóli á háskólastigi.<sup>97</sup> Jafnframt fékkst viðurkenning Lánasjóðs íslenskra námsmanna á lánshæfi Samvinnuskólanáms.

<sup>97</sup> Enda þótt skólinn tæki til starfa á háskólastigi var fjárveitingu ríkissjóðs til hans áfram ráðstafað í samræmi við lög um framhaldsskólastigið. Framan af voru það Lög nr. 51 / 1976 um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, en frá 1988 Lög nr. 57 frá 19.

Í bréfi ráðherra, 27. apríl 1988, er ekki bein jákvæð yfirlýsing heldur kemur fram að ráðuneytið muni ekki torvelda eða hindra umbreytingu skólans en jafnframt er skýrt tekið fram að það taki enga fjárhagslega ábyrgð á þessum breytingum. Reyndar barst þetta bréf mánuðum eftir að skólinn hafði auglýst nýja námsbraut, hafði móttöku umsókna um skólavist og undirbúning kennara til nýju námsbrautarinnar. Um þessar sömu mundir var skólastjóra boðið að taka sæti í „Samstarfsnefnd um háskólastigið“ sem starfar á vegum Menntamálaráðuneytisins undir forsæti rektors Háskóla Íslands.

Enn á ný var unnið að skipulagsreglum skólans. Margháttaðar breytingar sem urðu á skólanum á þessu ári koma meðal annars fram í breyttri útgáfu Handbókar í maí 1988.

19 starfsfræðslunámskeið voru haldin um sex mismunandi efnissvið á fimm stöðum í landinu fyrir 219 þátttakendur. Starfsfræðsla á árinu 1987 stóð yfir í um 490 klukkustundir. Meðal námskeiða voru sjö sérstök kvennanámskeið, svonefndur „Kvennaframi“.

Minningarskjöldur um Hreðavatnshjónin var settur upp á hraundranga við heimreið skólasetursins. Hraundrangi þessi var áður vinsæll leikstaður barnanna að Hreðavatni og hafði verið varðveittur við byggingaframkvæmdir liðinna ára. Minningarskjöldurinn er í mynd birkilaufblaðs sem tekið hafði verið á lóðinni.

Á almanaksárinu 1987 varð rekstrarkostnaður Samvinnuskólans alls kr. 35,6 milljónir og hafði hækkað um 33,6% frá fyrra ári vegna verðbólgu. Framlag ríkissjóðs nam 60,9%, nemenda- og starfsfræðslugjöld 11,3% og framlag Sambandsins nam alls 27,8%. Kostnaðarþáttur Sambandsins var einkum eignakostnaður, viðhald og endurnýjun og fjármagnskostnaður.

Nemendagjöld voru þessi: Skóla- og afnotagjald kr. 18.000,00, Heimavistargjald kr. 12.000,00, Pappírs- og prófgjald kr. 6.000,00, Mötuneytisgjald alls kr. 121.000,00, og Framhaldsdeildargjald kr. 8.500,00.

Fjárveiting á fjárlögum fyrir árið 1988 var kr. 22.141.000 og sérstök fjárveiting til félagsmálanámskeiða kr. 170.000.

---

maí 1988 en ákvæði þeirra varðandi skólann (37. og 38. gr.) voru samkvæmt samkomulagi alveg óbreytt frá fyrri lögum, enda ekki fyrir hendi nein sambærileg löggjöf um háskólastigið á þeim tíma og lengi síðan.



*Savvinnuskólinn*

1988

1989

*Bifröst*

The page features a grid of student portraits. The portraits are arranged in rows and columns, with the years 1988 and 1989 indicating the time period. The text 'Savvinnuskólinn' is written vertically on the left side, and 'Bifröst' is written vertically on the right side. A central photograph shows a snowy mountain landscape with a building. The names of the students are written in small text below each portrait.



*Framhaldsdeild 1988.*

### 71. skólaár 1988–1989

Þetta var 34. skólaárið á Bifröst, 16. og síðasta ár Framhaldsdeildar í Reykjavík og 12. ár starfsfræðslunnar. Þetta var enn eitt tímamótaárið, en að því loknu starfaði skólinn alveg á háskólastigi. Á háskólastigi starfaði skólinn með tveggja vetra Rekstrarfræðadeild og skyldi þeirri námsbraut ljúka með rekstrarfræðingsprófi eða Samvinnuháskólaprófi í rekstrarfræðum, sambærilegu að miklu leyti við dönsku háskólagráðuna „HA“, norsku námsgráðuna „højskolekandidat“ og bresku námsgráðuna „Higher National Diploma“.<sup>98</sup> Einnig skyldi skólinn bjóða Frumgreinadeildarnám eins vetrar fyrir þá sem hefðu lokið þriggja vetra framhaldsnámi, iðnnámi eða öðru verklegu þriggja vetra námi á framhaldsskólastigi eða stúdentsprófi af öðrum brautum en viðskiptabraut.

92 nemendur hófu nám í skólanum. Á 2. ári Rekstrarmenntadeildar, í síðara sinn, voru 29 nemendur, í 4. bekk og síðasta sinn Framhaldsdeildar voru 9 nemendur, í Frumgreinadeild í fyrsta sinn voru 20 námsmenn og á 1. ári Rekstrarfræðadeildar voru 34 námsmenn. Meðalaldur í Frumgreinadeild var 29 ára að hausti og í

<sup>98</sup> Háskólar af þessu tagi eru í nágrannalöndunum nefndir til dæmis: „handelshöjskole“, „högskola“, „distriktshöjskole“, „college“, „college of higher education“, „business college“, „polytechnic“, „Fachhochschule“, „Berufsakademie“; sjá framar í þessu riti.

Rekstrarfræðadeild 25 ára að hausti. Nemendur voru nú 83 á Bifröst og höfðu aldrei orðið svo margir fyrr. Alls höfðu nemendur 13 bústaði á leigu í nágrenni skólans.

Samvinnuskóla-stúdentsprófi luku 29 nemendur, þar af 17 stúlkur, en meðalaldur brautskráðra var rúmlega 22 ár. Níu luku stúdentsprófi frá Framhaldsdeild. Í þessum síðustu hópum stúdenta frá Samvinnuskólanum var Hildur Sólveig Pétursdóttir sem lauk stúdentsprófi með hæstu einkunn sem dæmi eru um í sögu skólans, 9,7, og er því „dux ducum scholae summa cum laude“.

Nýir kennarar á Bifröst voru Bjarni Ó. Halldórsson cand.merc. og Hrafnkell Tryggvason cand.oecon.

Nýir kennarar í Framhaldsdeild voru Elisabeth Sagvar Sierra, Hermann Ottósson, Hólmfríður Friðjónsdóttir og Kári Indriðason.

Að starfsárinu loknu var Framhaldsdeild lögð niður og búnaður hennar og eignir flutt að Bifröst.

Á skólanefnd varð sú breyting að Magnús Friðgeirsson hvarf úr nefndinni og Atli Freyr Guðmundsson var skipaður aðalmaður í hans stað. Sigprúður Guðmundsdóttir var skipuð varamaður.

Haldin voru 34 starfsfræðslunámskeið um sjö mismunandi efnissvið á níu stöðum fyrir 580 þátttakendur.

Mikið var enn unnið að skipulagsmálum. Nú var skólinn ekki lengur framhaldsskóli heldur sérskóli á háskólastigi og í fararbroddi í þeirri nýju þróun háskólastigsins sem hafin var í landinu. Enn var öllum skóla-, mötuneytis- og heimavistarreglum breytt og tóku nemendur að mestu leyti við stjórnun þeirra. Þá var og öllum ráðningarkjörum og starfslýsingum kennara gerbreytt enn á ný.

Ýmsar venjur nemenda voru að hverfa og aðrar að myndast um þessar mundir. Haustið 1988 var síðasta sinni notuð böðun við inntöku nýnema í Skólafélagið.

Barnaheimili var stofnsett og foreldrafélag. Kennarastofur og vinnustofur kennara voru fluttar. Stofnað var sjálfstætt samvinnufélag um rekstur mötuneytis. Nemendur ráku einnig fjölföldunarstofu. Unnið var að stofnun grunnskólasels í nágrenni skólans fyrir börn nemenda og starfsmanna.

Unnið var að margháttuðum verklegum framkvæmdum, meðal annars viðgerðum á þökum og útveggjum skólahúsa. Hafin var fjartenging við gagnabanka.

Nemendasambandið gekkst fyrir útgáfu afmælisrits *Hermesar*. Meðal efnis í því er lýsing skólastjóra á umbreytingu skólans og meðal annars vikið að fyrirætlunum um háskólafræðslu er ljúki

með brautskráningu námsmanna með B.S.-gráðu frá Bifröst. Kemur í grein skólastjóra fram að þessar hugmyndir um B.S.-gráðu séu enn aðeins „hugarburður, órar sem þó hafa góð áhrif á okkur í dagsins önn“; og var þetta orðað svo til að koma í veg fyrir að lesendur visuðu slíkri hugmynd algerlega á bug um hæl.<sup>99</sup>

Á almanaksárinu 1988 varð rekstrarkostnaður Samvinnuskólans alls kr. 46,3 milljónir og hafði hækkað um 30,1% frá fyrra ári, mest vegna verðbólgu. Framlag ríkissjóðs nam 55,6% og nemenda- og starfsfræðslugjöld námu 12,3%. Hluttur Sambandsins, 32,1%, jafngilti nokkurn veginn eigna- og fjármagnskostnaði.

Nemendagjöld voru þessi: Afnotagjald safns og tækja á hvoru misseri kr. 23.000,00 í Rekstrarmenntadeild og kr. 30.000,00 í Rekstrarfræðadeild og Frumgreinadeild og lágmarksgreiðsla fyrir heimavistarstöðu kr. 10.000,00 á hvoru misseri.

Fjárveiting á fjárlögum fyrir árið 1989 var kr. 25.983.000. Frá og með þessum fjárlögum féll framlag til félagsmálanámskeiða alveg niður, en hafði til dæmis verið kr. 170.000. fyrir árið 1988.

## 72. skólaár 1989–1990

Þetta skólaár var 35. skólaárið á Bifröst og 2. ár skólans á háskólastigi. Á þessu starfsári varð skólinn sjálfseignarstofnun undir lítillaga breyttu nafni, Samvinnuháskólinn.

93 námsmenn hófu nám. Á síðara ári Rekstrarfræðadeildar voru 33, á fyrra ári voru 42 og í Frumgreinadeild voru 18. Hafna varð 41,5% umsókna um skólavist vegna mikils fjölda. Karlar voru 63 og konur 30. Meðalaldur í Rekstrarfræðadeild við upphaf skóla var 26 ára og í Frumgreinadeild 30 ára. Börn námsmanna voru 12 undir grunnskólaaldri og 18 á skyldunámsaldri. Rúmur helmingur nýnema átti lögheimili á Suðvesturlandi en nokkrir voru aðfluttir þangað úr öðrum landshlutum fyrir fáum árum.

29 námsmenn luku Samvinnuháskólaprófi og eru þeir fyrstu rekstrarfræðingarnir sem Samvinnuháskólinn brautskráir. Í hópi þeirra voru átta konur en meðalaldur brautskráðra rúm 26 ár. Skólahátíð með brautskráningu fór fram á Bifröst 27. maí, en fram til þessa hafði þeirri hefð verið haldið að slíta skóla með braut-

---

<sup>99</sup> Slíkar hugmyndir þóttu reyndar undrum sæta á þessum tíma. Í afmælisritinu er að öðru leyti lítt vikið að slíkum eða sambærilegum breytingatillögum, fyrir utan það að á einum stað segir að skólinn sé orðinn „hvorki fugl né fiskur“ (bls.36).

skráningu 1. maí ár hvert. Auk þess luku 12 námsmenn námi Frumgreinadeildar.

Um námssvið og námsefni er vísað til Námsvísis og Námslýsingar sem gefin eru út árlega í sérstökum kynningarbæklingi. Í Samvinnuháskólanum leggja kennarar einnig fram kennsluáætlanir með ýtarlegum lýsingum fyrirlestra, kennsluefnis, hliðsjónarefnis og verkefna og gera síðan sambærileg kennsluyfirlit að starfi loknu á hverju misseri, og eru þessi gögn varðveitt á skrifstofum skólans ásamt lokaprófum og öðrum svipuðum heimildum. Sem fyrr fer formlegt nemendamat fram á hverju misseri en með því er reynt að grafast fyrir um einkenni kennslunnar og námsins yfirleitt eins og þetta birtist nemendum.

Starfslíð á Bifröst var: Jón Sigurðsson M.A., skólastjóri og, síðar á árinu, rektor Samvinnuháskólans. Vésteinn Benediktsson cand.oecon. aðstoðarskólastjóri og aðstoðarrektor. – Lektorar skipaðir með úrskurði dómnefndar: Edda Símonardóttir cand.jur., Guðjón Auðunsson cand.merc., Hjördís Bergsdóttir cand.oecon., Hörður Haraldsson cand.oecon., Jón Magnússon techn.ing., Jón Sigurðsson M.A. (rektor), Jónas Guðmundsson M.A., Vésteinn Benediktsson cand.oecon. (aðstoðarrektor). – Aðjúnktar: Linda H. Arnardóttir dipl.edb-ass., Sigrún Jóhannesdóttir fil.stud., Sigurður Albert Ármannsson B.Ed. – Engir stundakennarar störfuðu á þessu ári.

Í starfsskýrslu er nú í fyrsta sinn grein gerð fyrir rannsóknarverkefnum lektora.

Tíu starfsfræðslunámskeið voru haldin um fjögur mismunandi efnissvið á fjórum stöðum fyrir 190 þátttakendur.

Við lok starfsársins var ný skólanefnd skipuð þessum mönnum: Atli Freyr Guðmundsson B.A., NSS,<sup>100</sup> Gerður G. Óskarsdóttir M.Ed., Ólafur Sverrisson NSS, formaður, Valur Arnþórsson NSS, Valgerður Sverrisdóttir. Varamenn: Geir Magnússon NSS, Sigbrúður Guðmundsdóttir cand.mag., Sigurður Gils Björgvinsson cand.merc., NSS, Snorri Jónsson cand.oecon., NSS. Á þessu starfsári hélt skólanefnd sex fundi en önnur ár hefur hún að jafnaði fundað þrisvar sinnum.

13. nóvember 1989 samþykkti skólanefnd frumvarp að Skipu-

---

<sup>100</sup> Þ.e. félagi í Nemendasambandi Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans, brautskráður úr skólanum.



*Námskeiðið  
Kvennaframi.*

lagsskrá fyrir Samvinnuháskólann sem sjálfseignarstofnun samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.<sup>101</sup> 14. nóvember samþykkti stjórn Sambands íslenskra samvinnufélaga frumvarpið. Skólinn verður sjálfseignarstofnun og nafni hans breytt með Skipulagsskrá fyrir Samvinnuháskólann sem gefin er út 31. janúar 1990 og birt í Stjórnartíðindum<sup>102</sup>. 16. mars 1990 setur skólanefnd nýja Reglugerð fyrir Samvinnuháskólann, býsna langan bálk á grundvelli skipulagsskrárinnar og hafði reglugerðin verið undirbúin af rektor og kennurum skólans. Í reglugerðinni er meðal annars ráð fyrir því gert að próunarstjórnun og gæðastjórnun séu virkir liðir í stjórnkerfi skólans áfram. Til viðbótar þessum skjölum setti rektor síðan ýmsar Áréttingar um ákvæði reglugerðar og aðrar framkvæmdarreglur að höfðu samráði við skólaráð og kennarafund eftir atvikum.

Óhjákvæmilegt var að reglugerð og áréttingar yrðu næsta miklir bálkar þar sem skólanum var ætlað að hafa öll helstu einkenni háskólastofnana, gæta réttlætis, skilvirkni og ábyrgðar, fylgja þekktum og breytanlegum ópersónulegum starfsreglum, og lúta lýðræðislega

<sup>101</sup> Lög nr. 19 frá 5. maí 1988.

<sup>102</sup> Stjórnartíðindi B 9 – 1990, bls. 125–127.





*Framhaldsdeild 1989.*

teknum ákvörðunum skólanefndar, skólaráðs og kennarafundar. Þetta var þeim mun mikilvægara einnig sem það var nauðsynlegt sem trygging fyrir sérstöðu og sjálfstæði skólans gagnvart yfirvöldunum.

Á þessu starfsári var öllum helstu skipulagsbreytingum, sem hófust 1985, formlega og lagalega lokið, frá héraðsskólastigi til háskólastigs ásamt algjerri umbyltingu fræðsluskipunar og kennsluhátta, skólaheimilis og stofnunarinnar sjálfrar.<sup>103</sup>

Mjög verulegar breytingar urðu enn á félagslífi nemenda. Þessu sinni var fullveldishátíð haldin í síðasta sinni með gestum úr nágrenni skólans.

Gagnger fyrsta endurskoðun átti sér stað á öllu námsefni, svo og á hópaskiptingu námsmanna og tilhögun verkefnavinnslu og á málsvörnum vegna lokaverkefna hvers misseris, síðar nefnd misserisverkefni. Enn fremur voru ýmsar reglur skólans endurskoðaðar eftir fyrstu reynslu. Meðal annars voru sett ákvæði um endurtöku-próf og um lágmarkskröfu um árangur á lokaprófum, en áður hafði meðaltal vikulegra verkefna, sem vógu 70%, og lokaprófs, sem vó 30%, ráðið fullnaðarniðurstöðu á hverju námssviði. Urðu

<sup>103</sup> Um fræðsluskipan, kennslufræði o.þ.h. sjá m.a.: Jón Sigurðsson. 1990. „Háskóli á Bifröst“. *Ný Menntamál* 8. árg. 1. tbl.



miklar umræður um þessar breytingar og var reynt að hafa nemendur með í ráðum með kennurum um öll helstu þróunarviðfangsefni. Sýndist sitt hverjum um flest í þessu eins og verða vill.<sup>104</sup>

Nemendur höfðu 17 bústaði á leigu í nágrenni skólans, og mátti segja að Bifröst væri nú háskólaþorp með um 150 íbúa yfir veturinn. Grunnskólasel var opnað við skólann, og voru í því þrettán börn nemenda. Höfðu nokkrar deilur orðið um það í héraðinu áður en viðurkennt var að nauðsynlegt væri að tryggja námsmönnum óskerta grunnskólagöngu fyrir börn þeirra, og var meðal annars í því efni rætt um hugsanlegan flutning skólans til Borgarness til þess að tryggja þetta. Önnur 12 börn nemenda voru á barnaheimili, en Norðurárdalshreppur tók við rekstri þess á skólaárinu. Í tengslum við lögformlega breytingu stofnunarinnar voru öll ráðningarkjör og starfssamningar endurskoðuð. Bókhaldskerfi var mótáð og samið við bankastofnun, Sparisjóð Mýrasýslu í Borgarnesi, þar sem skólinn var ekki lengur hluti Sambands íslenskra samvinnufélaga. Stjórnskipan skólans var gerbreytt með mjög auknu valdi skólaráðs og kennarafunda. Ólíustöðin í Hvalfirði afhenti 4. apríl 1990 skólanum eignarhluta sinn í Bifrastareignum, sem var þriðjungur fasteigna á skólasetrinu, og samningar hófust við Sambandið og Vátryggingafélag Íslands hf., fyrir hönd Samvinnutrygginga, um sams konar eignayfirtöku á jafnstórum eignarhlutum þeirra hvors um sig.

Undir lok starfsársins, vorið 1990, hófst vinna við gerð þróunaráætlunar skólans til fimm ára. Var meðal annars ráð fyrir því gert í henni að ný Framhaldsdeild er brautskrái námsmenn með „baccalaureorum scientiarum prófi“, þ.e. B.S.-gráðu, taki til starfa haustið 1994 og fyrsta brautskráning verði þá vorið 1995.

Rekstrarkostnaður skólans á almanaksárinu 1989 varð 35,3 milljónir króna, án Bifrastareigna, og hafði lækkað nokkuð frá fyrra ári, einkum vegna þess að Framhaldsdeild í Reykjavík lauk starfsemi sinni og gripið var til aðhaldsaðgerða einnig að öðru leyti. Framlag ríkissjóðs nam 81,7%, nemenda- og þátttökugjöld 17,3% en aðrar tekjur urðu 1,0%. Á þessu ári var nokkuð breytt uppsetningu reikninga skólans vegna breyttra tengsla við Sambandið. Fyrsta sjálfstætt reikningsuppgjör skólans fór fram sumarið 1990 og náði til tímabilsins 1. janúar 1990–31. júlí 1990, en það er fyrsta skeið

---

<sup>104</sup> Óánægja með skólastjórnina o.fl. á þessu starfsári birtist m.a. tvisvar í lesendabréfum í DV og sá skólastjóri ástæðu til að leiðrétta missagnir með grein í DV 9. maí 1990.



*Verlunarstjórar og kennarar 1986–1987.*

skólans sem sjálfseignarstofnunar en ákveðið var að reikningsár stofnunarinnar yrði frá 1. ágúst til 31. júlí ár hvert. Þetta reikningsuppgjör var endurskoðað af Endurskoðendapjónustunni í Reykjavík.

Á þessu ári hvarf fjárhagslegur stuðningur Sambandsins endanlega en hafði síðustu árin aðeins falist í afnotum fasteigna á Bifröst.

Nemendagjöld voru þessi: Afnotagjald safns og tækja kr. 35.000,00 á haustmisseri og kr. 38.000,00 á vormisseri og lágmarksgreiðsla fyrir heimavistaraðstöðu kr. 12.000,00 á haustmisseri og kr. 13.000,00 á vormisseri.

Fjárveiting á fjárlögum fyrir árið 1990 var kr. 30.203.000.

### **73. skólaár 1990–1991**

93 námsmenn hófu nám. Á síðara ári Rekstrarfræðadeildar voru 38, á fyrra ári 37 og í Frumgreinadeild voru 18. 37 luku Samvinnu-háskólaprófi í rekstrarfræðum, en þrír að auki höfðu lokið því á haustmisserinu 1990. Í hópi brautskráðra voru 15 konur og meðalaldur brautskráðra rúmlega 27 ár. 14 luku prófi úr Frumgreinadeild. Óhjákvæmilegt var að hafna rúmum 44% umsókna um innngöngu í Rekstrarfræðadeild og Frumgreinadeild. Meðalaldur í Rekstrarfræðadeild við upphaf skóla var 27 ára og í Frumgreinadeild 33 ára. Námsmenn höfðu alls 16 fjölskyldubústaði á leigu og nokkrir bjuggu fjær í héraðinu með fjölskyldur sínar. Konur voru 38 og karlar 55.



*Verslunarstjórar og kennarar 1987–1988.*

Tveir nýir stundakennarar störfuðu við skólann á árinu: Guðmundur Bárðarson cand.oecon. og Jón Vilberg Guðjónsson cand.jur.

Um námssvið og námsefni vísast til Námsvísis og Námslýsingar. Í starfsskýrslu er yfirlit um rannsóknaverkefni kennara.<sup>105</sup> Verðandi rekstrarfræðingar fóru kynnisferð til Brüssel og víðar í Belgíu.

Á þessu ári tók félagslíf aftur að festast að nýju í sessi eftir umbyltingar og umskipti í skólastarfinu. Margir fyrirlesarar sóttu skólann heim, en einn þáttur nýrrar skólaskipanar er málstofur sem haldnar eru á hálfmánaðar fresti með sérstökum gestafyrirlesara í hvert sinn.

Á starfsárinu var mikið unnið að þróunaráætlun skólans til næstu fimm ára. Var hún rædd á mörgum kennarafundum og einnig kynnt og rædd á fundum skólanefndar.

15 starfsfræðslunámskeið voru haldin um sex mismunandi efnissvið á sex stöðum fyrir 201 þátttakanda. Eins og önnur síðustu ár gætti talsvert þeirra erfiðleika sem samvinnufélögin takast á við í þeim samdrætti sem orðið hefur í starfsfræðslunni.

Nýju skjalasafni skólans var komið á fót. Á þessu ári má segja að lokið hafi breytingu bókasafnsins úr heimilis- eða heimavistarsafni í eiginlegt fagbókasafn háskóla. Gagnger endurskoðun fór enn fram á öllu námsefni, námskröfum, reglum um lokaverkefni, greinar-

<sup>105</sup> Sjá einnig sérstakt yfirlit aftar í þessu riti.



gerðir og málsvarnir. Breytingar voru gerðar á reglum um ráðningu kennara til samræmis við stöðu skólans á háskólastigi. Nemendagarðar voru settir á stofn sem sjálfstæð deild innan Samvinnuháskólans, hliðstætt því sem tíðkast hefur um stúdentagarða, og leit að með formlegri umsókn fjárhagsaðstoðar Húsnæðisstofnunar ríkisins á grundvelli laga og reglna um félagslegt leiguhúsnæði. Settar voru reglur um Nemendagarða og urðu þær kafli í reglugerð skólans.

Jón Sigurðsson skólastjóri og síðar rektor lætur af rektorsstarfi að eigin ósk í páskaleyfinu, 22. mars 1991, og tekur við lektorsstarfi við skólann. Jón hafði sagt rektorsstarfinu lausu í ágúst 1990 og skólanefnd ákveðið ráðningu nýs rektors og aðstoðarrektors á fundi 1. október 1990. Vésteinn Benediktsson, áður aðstoðarrektor og lektor, tekur við rektorsstarfinu 22. mars. Jónas Guðmundsson lektor tekur við starfi aðstoðarrektors. Þeir höfðu meðal annars undirbúið mannaskiptin yfir veturinn.

Við lok starfsársins, sumarið 1991, afhenti Samband íslenskra samvinnufélaga Samvinnuháskólanum eignarhluta sinn í Bifrastareignum, en með þessu framlagi og fyrra framlagi Olíufélagsins hf. hafði skólinn nú eignast tvo þriðjunga allra fasteigna á skólasetrinu og átti enn fremur skólalóðina fyrir.

Undirbúnar voru borunarframkvæmdir eftir heitu vatni á lóð skólans. Ný tækni og ný efni höfðu á nýliðnum árum gert einstökum fyrirtækjum og fámennum sveitarfélögum kleift að ráðast í borun.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings 31. júlí 1991 var samtals um 46,6 milljónir kr. og eigið fé þar af 92,2%. Niðurstöðutala rekstrarreiknings 1. ágúst 1990–31. júlí 1991 var 45,6 milljónir kr. og varð rekstrarafgangur um 86 þúsundir króna. Af tekjum nam ríkisframlag 70,6%, nemendagjöld 21,9% og aðrar tekjur 7,5%. Helstu kostnaðarliðir voru sem fyrr launakostnaður sem af heild útgjalda nam 58,5%, fasteignaleiga sem rann til viðhalds 7,7%, afskriftir 7,5% og orka 6,7%.

Framlag ríkisins til skólans á Fjárlögum hvers árs hafði ekki aukist að raungildi um meira en áratugar skeið en aðeins fylgt að jafnaði nokkurn veginn almennum breytingum fjárlaga og verðbólgu frá ári til árs fram eftir níunda áratugnum. Á árunum 1990 til 1991 dróst framlag ríkisins aftur á móti samkvæmt ríkisreikningi, sem gerður er upp ári eftir á, verulega aftur úr hækkunum framfærslu-  
vísitölu að raungildi.<sup>106</sup> Á þessum sama tíma hafði fjárframlag Sam-

bands íslenskra samvinnufélaga og kaupfélaganna þorrið með öllu. En skólagjöld nemenda höfðu hækkað talsvert.

Hinn 20. desember 1990 var nýtt samkomulag gert við fulltrúa Menntamálaráðuneytisins um fjárhagsleg samskipti og uppgjör rekstrarkostnaðar skólans. Miðaðist það við að fylgt yrði verðlagsforsendum fjárlaga ár frá ári, en ekki var staðið við þetta samkomulag af hálfu ríkisvaldsins, heldur rýrnaði framlag ríkisins til skólans. En svipuðu máli gegndi einnig um framlög ríkisins til annarra svo kallaðra sérskóla í ríkisreikningi á árabílinu 1988 til 1991.<sup>107</sup>

Nemendagjöld voru þessi: Afnotagjald safns og tækja kr. 41.000,00 á haustmisseri og kr. 43.000,00 á vormisseri og lágmarksgreiðsla fyrir heimavistaradstöðu kr. 14.000,00 á haustmisseri og kr. 14.700,00 á vormisseri.

Fjárveiting á fjárlögum fyrir árið 1991 var kr. 32.270.000.

#### 74. skólaár 1991–1992

93 hófu nám. Á síðara ári Rekstrarfræðadeildar voru 33, á fyrra ári 41 og í Frumgreinadeild 19 námsmenn. Skólinn varð að vísa frá 31% fullgildra umsókna. Sem síðustu árin hafði um helmingur námsmanna lögheimili á Suðvesturlandi, en hluti þeirra aðfluttur þangað úr öðrum landshlutum. Karlar voru 56 og konur 37. 30 námsmenn luku Samvinnuháskólaprófi í rekstrarfræðum, þar af 15 konur, en meðalaldur brautskráðra var rúmlega 27 ár.<sup>108</sup> Alls luku 17 prófi úr Frumgreinadeild.

Nýskipaðir lektorar voru Einar S. Valdemarsson cand.oecon., Gunnar Á. Bjarnason rafeindaverkfr. og Jóna Guðný Káradóttir cand.merc. Nýr aðjúnt var Aðalsteinn J. Magnússon M.A. og MBA. Nýir stundakennarar voru Inga Steinunn Magnúsdóttir B.A., Jón Pálsson cand.polyt., Sigurður S. Gylfason cand.oecon. og Snorri Jónsson cand. oecon.

Við lok starfsársins lét Hörður Haraldsson lektor af starfi við Samvinnuháskólann en hann hafði verið kennari við skólann óslitið frá haustinu 1956 og síðar lektor frá upphafi starfa Samvinnuháskólans.

<sup>106</sup> Sjá sérstakan kafla aftar í þessu riti um fjárframlög úr Ríkissjóði til skólans.

<sup>107</sup> *Ríkisreikningur* sömu ára; sjá einnig sérstakan kafla aftar í þessu riti.

<sup>108</sup> *Skólaskýrsla* segir að með þessu starfsári hafi brautskráðir rekstrarfræðingar orðið 100 talsins, en það er rangt. Við lok starfsársins 1991–92 voru þeir orðnir 99 alls.

Skólanefnd var skipuð á árinu: Ólafur Sverrisson NSS, formaður, Atli Freyr Guðmundsson B.A., NSS, Geir Magnússon NSS, Óli Jón Gunnarsson tæknifræðingur, fulltrúi ráðherra, Valgerður Sverrisdóttir. Varamenn: Helga Arngrímsdóttir rekstrarfræðingur NSS, Sigþrúður Guðmundsdóttir cand.mag., Sigurður Gils Björgvinsson cand.merc. NSS, Snorri Jónsson cand.oecon., NSS. og varafulltrúi ráðherra Þorsteinn V. Gunnarsson Ph.D.

Fjögur starfsfræðslunámskeið voru haldin fyrir alls 75 þátttakendur.

Endurskoðaðar voru reglur um árangur á lokaprófum og um kröfur varðandi lágmarksárangur, og árleg endurskoðun Námsvísis fór fram. Verðandi rekstrarfræðingar fóru kynnisferð til Washington D.C. í Bandaríkjunum í fyrirtæki og stofnanir.

Mikið var unnið að undirbúningi Nemendagarða og að því að útvega lánsfjármagn til framkvæmda. Voru viðræður við Félagsmálaráðuneytið og Húsnæðismálastofnun um byggingu félagslegs leiguhúsnæðis í samræmi við það sem gert hafði verið á vegum annarra háskóla í landinu. Fór fram alútboð fyrsta áfanga og skipuð sérstök dómnefnd til að velja tillögur. 21. mars 1992 var fyrsta skóflustunga tekin að fyrsta áfanga húsbýggingar á vegum Nemendagarða.

Í októberlok 1991 fundust 12–14 sekúndulítrar af um 60 stiga heitu vatni á lóð skólans á um 280 metra dýpi. Hafði verið borað á vegum Norðurárdalshrepps og skólans með tiltölulega litlum bor, en oddviti hreppsins, Pétur Geirsson, hafði sagt fyrir um tilraunastaðinn þar sem vatnið fannst. Stofnað var sameignarfélag með sveitarfélaginu og nokkrum nágrönnum um hitaveitu. Félagið heitir „Hitaveitufélag Norðdælinga“ og er sameignarfélagssamningurinn dagsettur 15. maí 1992. Í lok starfsársins var búið að tengja flest hús á skólasetrinu við nýja hitaveitu.

Hafinn undirbúningur að nýrri Framhaldsdeild, einu viðbótarnámsári, sem brautskrá skuli rekstrarfræðinga með B.S.-prófi. Jón Sigurðsson fyrrverandi rektor lagði fram fyrstu drög að reglugerðarárákvæðum og áréttingum um nýja Framhaldsdeild í nóvember og desember 1991.<sup>109</sup>

Niðurstöðutala efnahagsreiknings 31. júlí 1992 var 52,9 milljónir króna og eigið fé þar af 83,5 %. Niðurstöðutala rekstrarreiknings

<sup>109</sup> Sjá sérstakt yfirlit um málið aftar í þessu riti.

*Sammenhænger og Bygget*  
2001 - 2002

Lærere og medarbejdere



1. ágúst 1991–31. júlí 1992 var kr. 47,6 milljónir og varð rekstrartap sem nam kr. 965 þúsundum. Af tekjum nam ríkisframlag 70,8%, nemendagjöld 22,4% og aðrar tekjur 6,8%. Af útgjöldum nam launakostnaður 53,8%, fasteignaleiga sem rann til viðhalds 8,9%, orka 6,9% og afskriftir 6,2%. Tap á rekstrarreikningi stafar af bókfærðum kostnaði við tengingu hitaveitu.

Nemendagjöld voru þessi: Afnotagjald safns og tækja kr. 45.500,00 á hvoru misseri og lágmarksgreiðsla fyrir heimavistaraðstöðu kr. 15.500,00 á hvoru misseri.

Fjárveiting á fjárlögum fyrir árið 1992 var kr. 33.200.000.

### 75. skólaár 1992–1993

92 námsmenn hófu nám við skólann. Á síðara ári Rekstrarfræðadeildar voru 36, og 38 á fyrra ári, en í Frumgreinadeild voru 18 námsmenn. Óhjákvæmilegt, rýmis vegna, reyndist að hafna 46% gildra umsókna. Karlar voru 56 og konur 36. Námsmenn höfðu 14 fjölskyldubústaði á leigu í nágrenni skólans, og nokkrir bjuggu að Varmalandi og í Borgarnesi. 54 námsmenn áttu lögheimili á Suðvesturlandi. 30 námsmenn luku Samvinnuháskólaprófi í rekstrarfræðum, og auk þess einn um haustið 1992. Meðal brautskráðra voru 10 konur en meðalaldur í hópnum rúmlega 29 ár. Alls hafa þá 130 lokið Samvinnuháskólaprófi í rekstrarfræðum. Brautskráning fór fram á skólahátíð 22. maí. 30 námsmenn luku fyllilega námi á fyrra ári Rekstrarfræðadeildar og 13 luku fyllilega námi Frumgreinadeildar.

Nýr í hópi lektora var Aðalsteinn J. Magnússon, M.A. og MBA, og Runólfur Ágústsson, cand.jur. var nýr stundakennari og síðar lektor, en Hörður Haraldsson cand.oecon., fyrrverandi lektor, starfaði sem stundakennari.

Unnið var að endurskoðun Námsvísis og Námslýsingar að venju. Unnið var að kynningarmálum skólans, og var meðal annars sýndur þáttur í Ríkissjónvarpinu um félagslíf og fleira í skólanum.

Sjö starfsfræðslunámskeið voru haldin um sex mismunandi efnissvið. Námskeiðin voru haldin á fjórum stöðum fyrir 166 þátttakendur. Meðallengd námskeiðs var 7,5 klukkustundir. Efnt var til samstarfs við atvinnuráðgjafa og iðnráðgjafa á Vesturlandi og Norðurlandi vestra og við Bændaskólann á Hvanneyri um námskeiðahald. Við lok starfsársins, 31. júlí 1993, höfðu frá 1977 verið haldin á vegum skólans 685 námskeið með alls 12.161 þátttakanda.



Jóna Guðný Káradóttir lektor annaðist umsjón með starfsfræðslunni.

Á starfsárinu var unnið að stefnumótun og þróunarstjórnun fyrir stofnunina og meðal annars gengið frá starfsáætlunum í því efni við lok starfsársins. Skólanefnd samþykkti á fundi 26. febrúar 1993 að leita heimildar til stofnunar nýrrar Framhaldsdeildar er brautskrái námsmenn með B.S.-gráðu. Leitað var formlega eftir þeirri heimild með bréfi til Menntamálaráðherra 22. mars 1993, en svör bárust ekki fyrir lok starfsársins. Samstarfsnefnd háskólastigsins fékk málið til umfjöllunar með bréfi Menntamálaráðuneytis 23. apríl 1993. Við lok starfsársins, í júlí 1993, tók Jón Sigurðsson fyrrum rektor að sér að stýra undirbúningi málsins og vinnslu tillagna og skipulagsgagna.

Talsverðar umræður urðu meðal námsmanna um nafn skólans, og þótti sumum sem tími væri til kominn að fella niður tilvísun til samvinnu í heiti hans. Á fjölmennum fundi Skólafélagsins voru þessi mál rædd ýtarlega og samþykkt samhljóða tillaga þess efnis að nafn skólans skyldi óbreytt standa.

Hinn 21. mars 1992 hafði fyrsta skóflustunga verið tekin að fyrsta áfanga Nemendagarða sem heitir Hraunkot og í eru fjórar íbúðir. Hinn 16. janúar 1993 heimsótti Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra Samvinnuháskólann og afhenti fyrstu íbúum Nemendagarðanna lykla að fjórum fyrstu íbúðunum og voru þær þegar teknar til notkunar. Í samræmi við nýtt heildarskipulag skólasvæðisins var lagður nýr vegur að skólahúsum og íbúðarhúsum starfsmanna. Framlag það sem árlega hafði runnið til Félagsmálasjóðs nemenda rann nú og hér eftir, að ákvörðun Skólafélagsins, til Nemendagarðanna.

Tölvubúnaður og hugbúnaður voru endurnýjaðir að verulegum hluta. Unnið var áfram að endurnýjun fagbókakosts Bókasafns Samvinnuháskólans.

Mikla vinnu varð að leggja í samskipti við Lánasjóð íslenskra námsmanna til að koma í veg fyrir að Frumgreinadeildarnám yrði svipt viðurkenningu sjóðsins. Reyndist óhjákvæmilegt að breyta inntökureglum deildarinnar og gefa kost á sérstöku jafnhliða undirbúningsnámi ásamt reglulegu námi við deildina.

Unnið var áfram að frágangi og lagningu hitaveitu.

Um vorið var staðið fyrir „Opnu húsi“, kynningardegi á skólanum, starfi hans og aðstöðu á skólasetrinu.

Í ársriti rekstrarfræðinema, *Bifröst*, 4. árgangi, birtir Gunnar Á.

Bjarnason lektor niðurstöður úr nemendakönnun sem hann hafði gert meðal þeirra sem brautskráðst höfðu 1990 og 1991. Könnunin sýndi m.a. mikinn áhuga á væntanlegri framhaldsdeild og B.S.-gráðu og lýsti þriðjungur vilja til að stunda þar nám. Þá kom í ljós að almennt hafði námið á Bifröst „skilað sér“ í hærri launum manna að náminu loknu heldur en þeir höfðu áður haft. 87% aðspurðra töldu að námið hefði „mikil eða mjög mikil jákvæð áhrif“ á atvinnumöguleika sína. Þá var einnig spurst fyrir um nýtingu einstakra námsgreina. Loks kom greinilegur áhugi fram á endurmenntun og námskeiðum á Bifröst.



*Pétur H. Snæland  
yfirkennari.*

Nokkrir sérstakir sjóðir í eigu skólans voru sameinaðir í einn, Menningarsjóð Jónasar Jónssonar frá Hriflu við Samvinnuháskólann á Bifröst, en 30. júní 1993 voru í honum 557.771,00 krónur. Skólanefnd hefur umsjón með sjóðnum og ráðstafar honum.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings 31. júlí 1993 var um 55,1 milljón króna, og var eigið fé þar af 82,6%. Niðurstöðutala rekstrarreiknings 1. ágúst 1992–31. júlí 1993 var 49,9 milljónir króna og varð hagnaður um 762 þúsundir króna. Af tekjum nam ríkisframlag 70%, nemendagjöld 21% og aðrar tekjur 9%. Af útgjöldum nam launakostnaður 56,9%, fasteignaleiga sem rann til viðhalds 8,4%, orka 5,0% og afskriftir 7,2%.

Nemendagjöld voru þessi: Afnotagjald safns og tækja kr. 45.500,00 á hvoru misseri og lágmarksgreiðsla fyrir heimavistarastöðu kr. 15.500,00 á hvoru misseri. Höfðu nemendagjöld ekki hækkað frá fyrra ári.

Fjárveiting á fjárlögum fyrir árið 1993 var kr. 35.700.000.

## 76. skólaár 1993–1994

92 námsmenn hófu fullt reglulegt nám í byrjun haustmíssis, 36 á síðara ári Rekstrarfræðadeildar og 38 á fyrra ári en 18 hófu nám við Frumgreinadeild. Við skólahátíð um vorið áttu átta námsmenn eftir að ljúka úrbótaprófum ýmissa áfanga. Meðalaldur námsmanna í báðum deildum var tæp 29 ár, í Rekstrarfræðadeild 28 ára en 32 í

Frumgreinadeild. 46% umsókna um nám í Frumgreinadeild varð að hafna vegna aðstæðna. Tæplega tveir þriðjungar námsmanna áttu lögheimili á Suðvesturlandi. Konur voru rúmur þriðjungur námsmanna. Námsmenn fengu 14 sumarþustaði í nágrenni skóla- setursins á leigu og nokkrir bjuggu að Varmalandi og í Borgarnesi.

Á skólahátíð 21. maí 1994 brautskráðist 31 rekstrarfræðingar, þ. á m. 10 konur. Auk þess brautskráðist einn um haustið 1993 og einn við árslok 1993. Hafa þá 63 rekstrarfræðingar hlotið brautskráningu frá Samvinnuháskólanum á Bifröst.<sup>110</sup> Tólf luku námi við Frumgreinadeild.

Á starfsárinu urðu þessar breytingar á starfsmannaliði helstar: Runólfur Ágústsson fær lektorstitil með úrskurði dómnefndar. Nýir stundakennarar voru Guðmundur Bárðarson cand. oecon. á haust- misseri og Ólafur Haukur Magnússon cand.merc. á vormisseri. Jón Sigurðsson lektor og Sigrún Jóhannesdóttir aðjúnkt koma aftur til starfa úr tveggja ára launalausum leyfi og Sigrún fær lektorstitil með úrskurði dómnefndar.

Haldin voru 14 starfsfræðslunámskeið og var það tvöföldun frá fyrra ári, um 10 mismunandi efnissvið og á fimm stöðum í landinu. Þátttakendur urðu alls 213, en meðallengd námskeiðs var 6,4 klst. Við lok þessa starfsárs höfðu verið haldin á vegum skólans alls 699 einstök námskeið með alls 12.382 þátttakendum frá upphafi skipulegrar starfsfræðslu 1977. Jóna Guðný Káradóttir lektor, Sigrún Jóhannesdóttir lektor og Sigurður A. Ármannsson aðjúnkt önnuðust umsjón með starfsfræðslunni.

Hátíðarmálfesta í tilefni 75 ára afmælis skólans var haldin 11. október 1993. Guðjón Friðriksson sagnfræðingur fjallaði á málstof- unni um Jónas Jónsson frá Hriflu.

Rætt áfram um stefnumótun skólans og þróun stofnunarinnar næstu árin, en um þetta hafði verið fjallað sérstaklega á kennara- fundum undir lok síðasta starfsárs. Skólanefnd fjallaði um málið og samþykkti „Stefnu Samvinnuháskólans á Bifröst“ á fundi 19. maí 1994.

Eftir mikinn undirbúning á kennarafundum samþykkti skóla- nefnd á fundum sínum 5. október og 20. október 1993 reglugerð- arákvæði um nýja Framhaldsdeild er brautskrái rekstrarfræðinga

---

<sup>110</sup> Í *Skólaskýrslu* er talningavilla; þar segir að 164 rekstrarfræðingar alls hafi hlotið brautskráningu en rétt tala er 163. Skakkar þarna væntanlega í skólaskýrslunni vegna þess að brautskráning að hausti 1992 hafi verið tvítalin.



með B.S.-gráðu frá Samvinnuháskólanum. Hafði kennarafundur áður samþykkt tillögu þessa efnis 27. september 1993.

3. desember 1993, á 75 ára afmæli fyrstu skólasetningar Samvinnuskólans, afgreiddi kennarafundur áréttingar og aðrar starfsreglur um nýja Framhaldsdeild. Öll samþykkt málsgögn voru í desember 1993 send átján ráðgjöfum sem fallist höfðu á að gaumgæfa tillögurnar og gera athugasemdir, ábendingar og breytingartillögur. Þessir ráðgjafar eru í hópi forystumanna í atvinnulífi, bankakerfi, almannasamtökum, rannsóknastofnunum atvinnuvega og þjónustustofnunum atvinnulífsins, auk valinna stjórnenda í fyrirtækjum og sérfræðinga frá Háskóla Íslands og öðrum stofnunum.

Nokkrar breytingar voru gerðar 21. febrúar 1994 á tillögunum eftir ýtarlegar umræður og endurskoðun, meðal annars á nafni deildarinnar sem skyldi verða Rekstrarfræðadeild II. Skólanefnd samþykkti síðan endanlega gerð reglnanna 3. mars 1994 og var þá jafnframt ákveðið að æskja þess að akademískt gæðamat fari fram á allri starfsemi skólans. 20. apríl áttu rektor og aðstoðarrektor fund um málið í Menntamálaráðuneytinu með skrifstofustjóra þess og deildarstjóra og var þá einnig farið fram á akademískt gæðamat á starfsemi skólans.

Samþykkt Menntamálaráðuneytisins og formleg viðurkenning á því að Samvinnuháskólinn veiti fræðslu til bakkaláreatgráðu, „baccalaureorum scientiarum prófs“, þ.e. B.S.-gráðu, barst með bréfi 2. maí 1994. Var unnið áfram að málinu og að undirbúningi skipulags og verkaskiptingar milli kennara, að námskeiðum og fræðsluefni á síðustu mánuðum starfsársins um vorið og snemma sumars 1994. Sem fyrr hafði Jón Sigurðsson lektor umsjón með þessum undirbúningi, vinnu við reglur o.s.frv.

Ýmsar aðrar breytingar og lagfæringar á reglugerðarákvæðum voru gerðar að tillögu kennarafundar á fundum skólanefndar 5. og 20. október 1993, meðal annars á skipulagi og störfum við umsjón fasteigna og húsvörslu á Bifröst. Ný störf voru skipulögð í samræmi við breytta tilhögun og samkvæmt þessu voru þau auglýst í mars 1994. Höfðu breytingar í þessu efni verið í undirbúningi allt frá 1991 er skólinn yfirtók sjálfur alla umsjá skólasetursins sem aðal-eigandi fasteignanna en fram til þessa hafði ráðsmaður skólans verið starfsmaður eigenda Bifrastareigna sameiginlega. Mjög miklar umræður urðu um tilhögun og framkvæmd þessara skipulagsbreytinga og talsverðar deilur.<sup>11</sup> Ráðið var í tvö ný störf, umsjónarfulltrúa og húsvarðar, við lok starfsársins.

Settar voru nýjar reglur um skipan skólanefndar. Tillögur voru gerðar í samráði við stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga og barst samþykkt hennar með bréfi 15. nóvember 1993 og samþykkti skólanefnd þær síðan endanlega 2. mars 1994. Þessar nýju reglur gera ráð fyrir því að Menntamálaráðherra skipi skólanefnd Samvinnuháskólans, en stjórn Sambandsins hafði áður haft skipunarvaldið. Nú skyldi ráð fyrir því gert að Nemendasambandið tilnefni einn nefndarmann, Skólaráð með fulltrúum starfsmanna og námsmanna annan, Vinnuálagssamband samvinnufélaganna tvo, en ráðherra skipi einn nefndarmann án tilnefningar. Sömu reglur gilda um skipan varamanna hvers um sig. Þessar breyttu reglur hlutu staðfestingu ráðuneytisins vorið 1994. Við lok starfsársins sumarið 1994 lauk skipunartíma skólanefndar og urðu nokkrar breytingar á skipun hennar, m.a. hvarf Ólafur Sverrisson formaður þá úr nefndinni.

Reglur um ráðningu rektors voru samþykktar á fundi skólanefndar 19. maí 1994. Auk almennra auglýsinga gera þessar reglur ráð fyrir skoðanakönnunum meðal kennara, annarra starfsmanna, námsmanna og meðal félagsmanna í Nemendasambandi Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans áður en skólanefnd tekur umsóknir um rektorsstarf til afgreiðslu.

Gerðar voru breytingar á inntökuskilyrðum Frumgreinadeildar þess efnis að heimilt sé að taka, með svo nefndri „25 ára reglu“, sérstakt tillit til starfsreynslu og aldurs umsækjenda og meta slíkt til námseininga með tilteknum skilyrðum.

Miklar umræður áttu sér stað á kennarafundum um tilhögun, skilgreiningar og fleira í sambandi við rannsóknaverkefni kennara og einnig um að fara þess á leit við Menntamálaráðuneytið að fram færi formlegt akademískt gæðamat á skólanum og allri starfsemi hans. Var á nokkrum kennarafundum sérstaklega rætt um rannsókn- og ráðgjafarverkefni kennara, áréttingar um þau efni endurskoðaðar með sérstöku tilliti til gæðastjórnunar í öllu starfi skólans. Var gerð formleg samþykkt á kennarafundi 18. apríl 1994 um endurskoðaða áréttingu um rannsóknaverkefni kennara og skýrslugerð þeirra um rannsókn- og ráðgjafarstörf. Með bréfi 2. maí 1994 sem

---

<sup>111</sup> Þetta mál varð tilefni fundarhalds og flokkadrátta í héraðinu meðal nágretta skólans, og fráfarandi sveitarstjórnarmenn í Norðurárdalshreppi o.fl. sáu ástæðu til afskipta af því. Voru miklar hótanir og heitingar manna á meðal um starfsmannaráðningar þær sem fylgdu skipulagsbreytingunum.



fjallar um heimild til starfrækslu Rekstrarfræðadeildar II. áskilur Menntamálaráðuneytið að gæðamat eigi sér stað á næstu þremur árum. Við lok starfsársins var samþykkt að leita til aðilja sem tengdir eru Rannsóknasviði Háskóla Íslands til þess að fá umsögn þeirra og ábendingar varðandi rannsóknamál og rannsóknaverkefni kennara.

Útboð á rekstri mötuneytis var ýtarlega rætt meðal námsmanna um vorið 1994, en horfið var frá því ráði að sinni.

Opið hús var haldið 30. apríl 1994 til móttöku gesta, afmælisárganga fyrri nemenda og til kynningar fyrir umsækjendur um skólavist. Hátíðarfundur vegna 75 ára afmælis var haldinn sama dag. Yfirlitsræðu flutti Jón Sigurðsson lektor. Ávörp fluttu fulltrúar nemenda frá fyrri árum skólans í Reykjavík og á Bifröst, svo og fyrir hönd fyrri brautskráðra árganga Samvinnuháskóla, afmælisárganga og fyrir hönd skólanefndar. Hátt á annað hundrað gesta var viðstatt. Gjafir voru færðar, m.a. skógrækt fyrir nýjan „Nemendalund“, sem hópur eldri nemenda plantaði síðan 14. júní, og einnig framlög til sundlaugarsjóðs frá nemendum. Tæplega tvö hundruð manns heimsóttu skólann í opnu húsi, þar á meðal fjöldi fyrri nemenda. Blað útskriftarnema, *Bifröst*, var sérstaklega helgað 75 ára afmæli skólans.

Hinn 30. apríl 1994 var tilkynnt um ákvörðun Húsnæðisstjórnar um átta nýjar íbúðir í Nemendagörðum á árinu, til viðbótar við fjórar sem þegar höfðu verið teknar í notkun. Framkvæmdir hófust þá þegar og var unnið að húsbyggingunni bæði snemmsumars og um haustið.

Hinn 17. maí 1994 heimsótti Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra skólann ásamt embættismönnum Menntamálaráðuneytisins. Þeir skoðuðu skólasetrið og aðstöðu skólans og áttu fund með rektor og kennurum.

Mikið var unnið að endurskipulagningu bókasafnsins, meðal annars tölvuvæðingu og tölvuskráningu og teknar upp strikamerkingar bóka og nýtt skipulag lesstofu. Endurskipulagning bókasafnsins miðar meðal annars að því að breyta því í Upplýsingamiðstöð Samvinnuháskólans. Endurnýjun tölvubúnaðar var undirbúin. Keypt var tölvugeisladrif og geisladiskur og opnaðar fjartengingar Upplýsingamiðstöðvarinnar við alþjóðleg gagnasöfn. Hafin var kennsla í upplýsingaleit á Netinu.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings 31. júlí 1994 var 55,0 millj. kr. og eigið fé þar af 82,0%. Niðurstöðutala rekstrarreiknings 1. ágúst

1993–31. júlí 1994 var 51,0 millj. kr. og varð rekstrartap um 1,3 millj. kr. Af tekjum nam ríkisframlag 70,4%, nemendagjöld 20,8% og aðrar tekjur 8,8%. Gjöld skiptust þannig að launakostnaður nam 58,7%, fasteignaleiga 8,2%, orka 4,9%, ferðakostnaður 6,0% og afskriftir námu 7,1%.

Nemendagjöld á starfsárinu voru sem hér segir: Afnotagjald safns og tækja á hvoru misseri kr. 48.500,00; heimavistargjald hið lægsta á hvoru misseri kr. 16.500,00.

Fjárveiting á fjárlögum fyrir árið 1994 var kr. 36.200.000.

## 77. skólaár 1994–1995

95 námsmenn hófu nám við skólann, á síðara ári Rekstrarfræðadeildar voru 34, á fyrra ári 27, í Frumgreinadeild 17, og í nýrri Rekstrarfræðadeild II. er veita skyldi bakkaláreatpróf, Baccalaureorum Scientiarum próf, B.S.-gráðu, hófu 17 námsmenn nám. Um áramót hófu tveir námsmenn nám, annar í Rekstrarfræðadeild en hinn í Rekstrarfræðadeild II. Einn námsmaður Rekstrarfræðadeildar II. stundaði nám sitt á vormissseri sem nokkurs konar fjarnám án reglulegrar stundabátttöku og annar vann lokaverkefni sitt erlendis. Fjöldi umsókna var sem jafnan meiri en unnt var að veita inngöngu og þurfti að hafna um 20% umsókna. Meðal námsmanna voru 45 konur. Námsmenn höfðu 15 sumarbústaði á leigu á haustmisseri og 10 á vormisseri; nokkrir bjuggu að Varmalandi og í Borgarnesi en íbúðir í Nemendagörðum voru fjórar á haustmisseri og átta á vormisseri og allar í notkun. U.þ.b. helmingur námsmanna bjó á heimavist í skólasetrinu. Alls áttu 56 námsmenn lögheimili suðvestanlands. Á vegum námsmanna á þessu starfsári voru á Bifröst 27 börn í leikskóla og 30 í grunnskóla í nágrenninu.

Á skólahátíð, 20. maí 1995, luku 13 námsmenn B.S.-prófi í rekstrarfræðum, þeir fyrstu í sögu Samvinnuháskólans. 30 luku Samvinnuháskólaprófi í rekstrarfræðum; 22 luku fyllilega fyrra námsári Rekstrarfræðadeildar og 13 luku fyllilega námi Frumgreinadeildar. Auk þess höfðu fjórir lokið námi á haustmisseri 1994. Frá upphafi háskólastarfs höfðu þá við lok 77. skólaárs vorið 1995 samtals 197 lokið Samvinnuháskólaprófi í rekstrarfræðum og 13 B.S.-gráðu í rekstrarfræðum. Fimm aðrir höfðu stundað nám við Rekstrarfræðadeild II., og í þeim hópi tveir að hluta með fjarnámssniði.

Nýir starfsmenn á árinu voru Sveinn Eldon Ph.D., MBA, sem

hlaut lektorsstöðu með úrskurði dómnefndar haustið 1994, Jónas H. Guðjónsson húsvörður og Sigurður Albert Ármannsson tók við starfi umsjónarfulltrúa en hafði áður verið heimavistarfulltrúi; hann hélt áfram hlutastarfi sem aðjúnkt.

Menntamálaráðherra skipaði skólanefnd 18. október 1994. Skólanefndarmenn voru skipaðir þessir: Af hálfu ráðherra Óli Jón Gunnarsson bæjarstjóri og Arnór Guðmundsson deildarsérfræðingur til vara; af hálfu Vinnumálasambandsins Geir Magnússon forstjóri og Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður en til vara Sigurður Gils Björgvinsson hagfræðingur og Sigprúður Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi; af hálfu skólaráðs Jón Sigurðsson lektor og til vara Runólfur Ágústsson lektor og af hálfu Nemendasambandsins Kristján Jón Eysteinnsson tæknifræðingur og til vara Helga Arngrímsdóttir rekstrarfræðingur og framkvæmdastjóri. Formaður var kjörinn Jón Sigurðsson og Geir Magnússon varaformaður. Gegndi Jón formennsku meðan unnið var að endurskoðun ýmissa ákvæða Skipulagsskrár, Reglugerðar og ýmissa reglna er snertu starfshætti, vinnumat og starfshlutföll og stefnumótun stofnunarinnar jafnframt undirbúningi rektorsráðningar, skoðanakönnunum o.fl. Að þessum verkefnum loknum lét Jón af formennsku að eigin ósk í mars 1995 og var Valgerður Sverrisdóttir kjörin í hans stað. Geir Magnússon var áfram varaformaður.

Síðla á árinu 1994 voru þær breytingar gerðar á skipan skólanefndar að í stað þess að fulltrúar séu fyrst tilnefndir og ráðherra skipi síðan, skyldu fulltrúar skipaðir beint og halda umboði sínu hver uns ný skipun hefur átt sér stað.

Á starfsárinu voru haldin sex starfsfræðslunámskeið fyrir alls 65 þátttakendur á þremur stöðum í landinu. Efnisflokkar námskeiða voru fjórir. Umsjónarmenn starfsfræðslunnar á þessu starfsári voru lektorarnir Aðalsteinn J. Magnússon og Einar S. Valdemarsson. Við lok starfsársins höfðu þá samtals 12.447 þátttakendur á alls 705 einstökum námskeiðum þegið starfsfræðslu skólans frá upphafi skipulegrar starfsfræðslu árið 1977.

Mjög mikið var unnið að þróunarverkefnum og endurskoðun reglugerðar á þessu starfsári. Tók nýskipuð skólanefnd þau mál til sérstakrar meðferðar á fundum síðla árs 1994. Á Skipulagsskrá voru gerðar þær breytingar að í stað þess að ráðherra skipi skólanefnd eftir tilnefningum skuli hver aðili skipa fulltrúa sína beint og enn fremur að umboði fulltrúa skuli ekki ljúka fyrir en skipað hefur verið á ný. Var þessum breytingum ætlað m.a. að tryggja að nefndin



væri ævinlega starfhæf. Auk þess voru hlutverk Skólaráðs aukin og nafni þess breytt í Framkvæmdaráð og nafni kennarafunda í Fræðslu- og rannsóknaráð. Sett voru ákvæði um almenna starfsmannafundi, og um kjör kennarafulltrúa og starfsmannafulltrúa í Framkvæmdaráð. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið staðfesti breytingarnar með bréfi 11. september 1995 og voru þær síðan birtar í Stjórnartíðindum.

Meðal annarra breytinga á Reglugerð má nefna ný ákvæði um félagsmálafræði og samvinnumál í námskrá. Sett voru ákvæði um óháða dómnefnd um rannsókn- og ráðgjafarverkefni kennara, og um heiðursfélaga og ráðgjafa skólans. Ákvæðum um heimild námsmanns til að fella námsverkefni niður úr mati var gerbreytt. Settar voru reglur um notkun tölvu í prófum. Inngönguskilyrðum Rekstrarfræðadeildar var breytt, m.a. til að geta tekið tillit til starfsreynslu og til að heimila sérstök inntökupróf eftir atvikum. Allsherjarendurskoðun fór fram á vinnumati starfsþátta kennara og á reiknireglum starfshlutfalla og á starfsmati vegna þróunar- og nýsköpunarverkefna. Skólanefnd gerði einnig sérstakar samþykktir um áætlanagerð, framtíðarstefnu og nýtingu fasteigna.

Allt starfsárið voru umræður og samráð vegna framkvæmdar og tilhögunar við Rekstrarfræðadeild II. og „baccalaureorum scientiarum“ próf sem veitt yrði fyrsta sinni frá Samvinnuháskólanum voríð 1995, sem og varð eins og fyrr greinir. Var m.a. lögð áhersla á samráð við námsmenn í deildinni um umræður, tillögugerð og ákvarðanir. Á vormisseri var gengið frá skipulagi og tilhögun lokaverkefna, starfi og afskiptum umsjónarkennara af vinnslu lokaverkefna; settar voru reglur um munnlega prófun vegna fjarnáms og vinnslu lokaverkefnis fjarri skólanum, leiðbeiningar umsjónarkennara ræddar og mótaðar, svo og leiðbeiningablöð og matsblað og samskipti við prófdómanda. Runólfur Smári Steinþórsson lektor við Háskóla Íslands og stundakennari við Háskólann á Akureyri var prófdómari lokaverkefna.

Miklar umræður áttu sér stað á starfsárinu um rannsókn- og ráðgjafarverkefni kennara, störf kennara á því sviði og mat á þeim. Var leitað til sérfræðinga í tengslum við Rannsóknasvið Háskóla Íslands sem óháðra ráðgjafa til að gefa umsögn um rannsókn- og ráðgjafarverkefni þau sem kennarar höfðu lagt fram til mats. Fjallaði sérstök skýrsla Hellenar M. Gunnarsdóttur og Þóris Einarssonar prófessors um þessi efni. Undir lok starfsársins urðu enn umræður um nýjar áréttingar og ákvæði m.a. um árlega óháða dóm-

nefnd til þess að fjalla um þessi efni á hverju starfsári. Undirbúningur framgangsreglna var hafinn á starfsárinu, um akademíska starfstitla kennara við Samvinnuháskólann, titla dósentis og prófessors auk lektora, og var Jóni Sigurðssyni lektor falið að undirbúa það mál.

Sérstök umhverfisstefna Samvinnuháskólans var mótuð á starfsárinu og samþykkt af skólanefnd 27. júní 1995. Sett var upp sérstök tenging við Íslenska menntanetið hf. og tölvubúnaður endurnýjaður í sambandi við það. Sett var upp heimasíða á Veraldarvef Internetsins.

Miklar framkvæmdir stóðu yfir við Nemendagarða. Fjórar nýjar íbúðir í sérstöku húsi bættust við í janúar 1995 og aðrar fjórar í júní 1995, og þá þegar hófst undirbúningur næsta áfanga með átta íbúðum, þar á meðal fjögurra herbergja íbúðum. Unnið var að lagfæringum á hitaveitu og fjallað um breytingar á samþykktum sameignarfélagsins um hitaveituna. Gerð var áætlun til nokkurra ára um verklegar framkvæmdir og viðhaldsverkefni, forgangsroðun undirbúin og unnið að almennri þarfagreiningu til langs tíma. Fjallað var um barnaheimilis- og leikskólamál og ákveðið að fyrra rektorshús á Bifröst skyldi notað sem leikskóli og gefið nafnið Hraunborg í byrjun starfsárs 1995–1996 en sveitarfélagið, Borgarbyggð, tók reksturinn að sér. Enn fremur var rætt um mötuneytismál og um breytingar á aðstöðu reykingsamanna. Rekstur sumarhótelsins var með óbreyttum hætti.

Starfstímabili rektors lauk við lok starfsársins og voru snemma á starfsárinu mótaðar sérstakar reglur um tilhögun við ráðningu rektors á grundvelli fyrri samþykktar skólanefndar. Starfið var auglýst um haustið 1994 með tveggja mánaða umsóknarfresti. Umsækjendur voru tveir: dr. Ívar Jónsson hagfræðingur og Jónas Guðmundsson hagfræðingur og aðstoðarrektor, en Vésteinn Benediktsson rektor hafði þegar um vorið 1994 tilkynnt að hann hygðist ekki sækja um annað starfstímabil rektors. Fram fóru í nóvember sérstakar skoðanakannanir meðal kennara, nemenda, og annarra starfsmanna. Skoðanakönnun meðal fyrri nemenda í Nemendasambandinu var í undirbúningi er dr. Ívar Jónsson dró umsókn sína til baka. Skólanefnd tók ákvörðun um ráðningu Jónasar Guðmundssonar sem rektors með öllum atkvæðum samhljóða 19. desember 1994. Á vormisserinu skiptu fráfarandi og komandi rektor með sér verkum þannig að nýráðinn rektor vann að undirbúningi, skipulags- og ráðningarmálum og stefnumótun en fráfarandi rekt-

or að daglegum stjórnunarstörfum og frágangsverkefnum. Rektorskipti urðu síðan við lok starfsársins 31. júlí 1995. Vésteinn Benediktsson starfaði áfram sem lektor og umsjónarmaður tölvubúnaðar. Sigrún Jóhannesdóttir lektor varð aðstoðarrekktor.

Á vormisseri 1995 var upp tekin sú nýbreytni að samþættu vikulöngu hópverkefni var skipt þannig að námsmenn á síðara ári Rekstrarfræðadeildar unnu sitt verkefni í fyrirtækjum og stofnunum í Portúgal og lögðu megináherslu á markaðsfræði og greiningu á samkeppnisstöðu. Lektorarnir Jóna Guðný Káradóttir og Gunnar Á. Bjarnason litu eftir starfinu í Portúgal. Námsmenn á fyrra ári og námsmenn Frumgreinadeildar unnu sína samþættingu á skólasetrinu og gerðu drög að nýsköpun með atvinnuaukningu í þjónustustörfum á tilteknum svæðum og stöðum landsins.

Skólahátíð með brautskráningum fór fram 20. maí 1995. Á skólahátíðinni fluttu tveir ráðherrar ríkisstjórnarinnar ávörp: Björn Bjarnason menntamálaráðherra og Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðisráðherra. Auk þess ávarpaði formaður skólaneftdar, Valgerður Sverrisdóttir, viðstadda. Þingmenn Vesturlandskjördæmis voru meðal viðstaddra. Ópið hús var 29. apríl.

Helstu gjafir sem skólanum bárust á starfsárinu voru peningagjafir frá Sparisjóði Mýrasýslu og Búnaðarbankanum til kaupa á margmiðlunarbúnaði. Auk þess safnaðist nokkur fjárhæð til sundlaugar á skólasetrinu og var unnið að tillögum og teikningum þar að lútandi.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings 31. júlí 1995 var samtals um 56,0 millj. kr. og eigið fé þar af 81,3%. Niðurstöðutala rekstrarreiknings 1. ágúst 1994–31. júlí 1995 var 55,5 millj. kr. og varð rekstrarhagnaður um 290 þús. kr., en ráðstafanir höfðu verið gerðar til að vinna að nokkru upp rekstrarhalla sem varð á fyrra starfsári. Af tekjum nam ríkisframlag 68,6%, nemendagjöld 21,2% og aðrar tekjur 10,2%. Gjöld skiptust þannig að launakostnaður nam 61,2%, fasteignaleiga 8,6%, afskriftir 6,5%, orka 4,8%, ferðakostnaður 4,3%, framlög til nemenda 1,7%, kynning 1,3% og ýmsir aðrir liðir námu 11,6%.

Afnotagjald safns og tækja nam kr. 49.500,00, sama bæði misseri, fyrir námsmenn í Rekstrarfræðadeild og Frumgreinadeild, en kr. 54.500,00, sama bæði misseri, fyrir námsmenn í Rekstrarfræðadeild II. Lágmarksgjald fyrir heimavistaraðstöðu var hið sama bæði misseri, kr. 17.500,00.

Fjárveiting á fjárlögum fyrir árið 1995 var kr. 37.200.000. Hafði

þá fengist nokkur sérstök hækkun vegna stofnunar Rekstrarfræðadeildar II. og B.S.-gráðunnar.

Á starfsárinu var sótt um endurskoðun samnings við Menntamálaráðuneytið um uppgjör rekstrarkostnaðar og ríkisframlag, en ekki varð af frekari viðræðum um þau mál fyrir lok starfsársins.

## 78. skólaár 1995–1996

99 námsmenn hófu nám haustið 1995, 25 á síðara ári Rekstrarfræðadeildar og á fyrra ári 37, í Frumgreinadeild 17 og 20 hófu nám í Rekstrarfræðadeild II. Tveir námsmenn hófu nám um áramót, einn við Rekstrarfræðadeild II. og einn á fyrra ári Rekstrarfræðadeildar. 95 námsmenn stunduðu nám allt námsárið en sex hurfu frá námi af ýmsum ástæðum. 24% gildra umsókna um nám varð að hafna vegna skorts á aðstöðu. Meðal námsmanna voru 50 konur eða um helmingur. Meðalaldur að hausti í Rekstrarfræðadeild II. var 27,9 ár, í Rekstrarfræðadeild 27,7 ár og í Frumgreinadeild 32,2 ár. Um helmingur námsmanna bjó á heimavist. Íbúðir Nemendagarða í notkun voru 12 til áramóta og 14 eftir áramótin 1995-1996. Þá bjuggu nokkrir námsmenn með fjölskyldum sínum í sumarbústöðum í nágrenninu, í Borgarnesi og annars staðar í héraðinu. Um það bil helmingur námsmanna átti lögheimili á Suðvesturlandi. Sem fyrr voru allmörg börn á vegum námsmanna á Bifröst og í grunnskóla í nágrenninu.

Á skólahátíð, 25. maí 1996, luku 10 námsmenn B.S.-prófi í rekstrarfræðum. 24 námsmenn luku Samvinnuháskólaprófi í rekstrarfræðum, þar af einn í ágúst 1996; 28 luku fyllilega fyrra námsári Rekstrarfræðadeildar, og 15 luku fyllilega námi Frumgreinadeildar. Frá upphafi háskólastarfs höfðu þá við lok þessa skólaárs sumarið 1996 samtals 221 lokið Samvinnuháskólaprófi í rekstrarfræðum og 23 B.S.-gráðu í rekstrarfræðum. Tíu aðrir höfðu stundað nám við Rekstrarfræðadeild II. frá upphafi starfsemi hennar, og í þeim hópi tveir að hluta með fjarnámssniði.

Jónas Guðmundsson lektor og áður aðstoðarlektor tók við rektorsstarfi við upphaf skólaársins, en Sigrún Jóhannesdóttir lektor varð aðstoðarlektor. Fráfarandi rektor, Vésteinn Benediktsson, varð lektor og umsjónarmaður tölvubúnaðar.

Nýir starfsmenn á árinu voru Kjartan Broddi Bragason cand.oecon. lektor, Svala Rún Sigurðardóttir M.S. lektor, Þorlákur Björnsson cand.merc. lektor, Bjarki Már Karlsson kerfisfræðingur



tölvuumsjónarmaður, Sigrún Guðmundsdóttir H.A. adjúnt, og stundakennarar Anne Clyde Ph.D., Konráð Konráðsson cand. oecon. og Susan Martin MBA.

Skólanefndarmenn voru þessir: Af hálfu ráðherra Óli Jón Gunnarsson bæjarstjóri og Arnór Guðmundsson deildarsérfræðingur til vara; af hálfu Vinnumálasambandsins Geir Magnússon forstjóri og Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður en til vara Sigurður Gíls Björgvinsson hagfræðingur og Sigprúður Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi. Af hálfu skólaráðs Jón Sigurðsson lektor til 11. október 1995 og Runólfur Ágústsson lektor síðan en hann var áður varamaður og þá tók Eiríkur Grímsson B.S. rekstrarfræðingur við sem varamaður. Af hálfu Nemendasambandsins Kristján Jón Eysteinsson tækni-fræðingur og til vara Helga Arngrímsdóttir rekstrarfræðingur og framkvæmdastjóri. Valgerður Sverrisdóttir var formaður og Geir Magnússon varaformaður.

Á starfsárinu voru haldin sex starfsfræðslunámskeið fyrir alls 107 þátttakendur á fjórum stöðum í landinu. Efnisflokkar námskeiða voru fimm. Sigrún Jóhannesdóttir aðstoðarrekter og lektor var umsjónarmaður starfsfræðslunnar á þessu starfsári. Við lok starfsársins höfðu þá samtals 12.554 þátttakendur á alls 711 einstökum námskeiðum þegið starfsfræðslu skólans frá upphafi skipulegrar starfsfræðslu árið 1977.

Mikið var unnið að þróunarverkefnum. 18. október 1995 var gengið frá samningi við Íslenska menntanetið um uppsetningu svæðismiðstöðvar menntanetsins á Vesturlandi og skyldi hún vera á Bifröst. Vegna rekstrarerfiðleika Íslenska menntanetsins var miðstöðin tekin niður sumarið 1996. Meðal annarra þróunarverkefna má nefna samstarf við evrópskar menntastofnanir á vegum Evrópusambandsins og sóttu rektor og aðstoðarrekter m.a. ráðstefnu til Feneyja í því skyni. Einnig átti Samvinnuháskólinn hlut að ráðstefnu um símenntun á Vesturlandi.

Nýjar framgangsreglur fyrir kennara við Samvinnuháskólann tóku gildi.

Unnið var af miklum krafti við byggingar Nemendagarða. Voru byggðar samtals átta íbúðir, sex þriggja herbergja og tvær fjögurra herbergja. Einnig var gengið frá umhverfi Nemendagarðanna. Skrifstofuaðstöðu var breytt og hún aukin, m.a. vinnustofum kennara. Leikfimissal var breytt í fyrirlestrasal, og aðstaða til líkamsræktar gerð í kjallara Höfuðbóls, sem áður hét Útivist.

Á þessu starfsári hófst vinna við sameiginlega úttekt Mennta-



málaráðuneytisins á gæðum og stöðu viðskipta- og rekstrarfræðamenntunar á Íslandi. Var sérstök sjálfsmatsskýrsla unnin af hálfu Samvinnuháskólans og sá nefnd um verkið sem skipuð var Sigrúnu Jóhannesdóttur aðstoðarrektor, Sigrúnu Guðmundsdóttur aðjúnkt, og Helga Bogasyni námsmanni.

Skólahátíð með brautskráningum fór fram 25. maí 1996. Opið hús var 28. apríl, og þá ávarpaði Valgerður Sverrisdóttir formaður skólanefndar fulltrúa eldri árganga nemenda Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings 31. júlí 1996 var samtals um 57,6 millj. kr. og eigið fé þar af 84,4%. Niðurstöðutala rekstrarreiknings 1. ágúst 1995–31. júlí 1996 var heildartekjur 62,1 millj. kr. og varð rekstrarhagnaður um 2,0 millj. kr. Af tekjum nam ríkisframlag 67,1%, nemendagjöld 16,3% og aðrar tekjur 16,6%. Gjöld skiptust þannig að launakostnaður nam 64,9%, fasteignaleiga 6,9%, afskriftir 6,1%, orka 3,9%, ferðakostnaður 5,2%, framlög til nemenda 0,9%, kynning 0,8% og ýmsir aðrir liðir námu 11,3%.

Afnotagjald safns og tækja nam kr. 50.100,00, sama bæði misseri, fyrir námsmenn í Rekstrarfræðadeild og Frumgreinadeild, en kr. 55.100,00, sama bæði misseri, fyrir námsmenn í Rekstrarfræðadeild II. Lágmarksgjald á mánuði fyrir heimavistaraðstöðu var hið sama bæði misseri, kr. 5.950,00.

Fjárveiting á fjárlögum fyrir árið 1996 var kr. 42.600.000.

## 79. skólaár 1996–1997




113 námsmenn hófu nám við skólann haustið 1996 og voru þeir 14 fleiri en ári áður. 24 hófu nám við Rekstrarfræðadeild II., 40 á síðara ári Rekstrarfræðadeildar og 33 á fyrra ári, og í Frumgreinadeild 16. Um áramótin bættist einn námsmaður við í Rekstrarfræðadeild II. og einn á fyrra ár Rekstrarfræðadeildar. Vegna aðstæðna var ekki unnt að veita fleirum en 59% fullgildra umsækjenda inngöngu. Sex námsmenn hurfu frá námi á starfsárinu. Meðal námsmanna voru 55 konur eða 48,7%. Námsmenn bjuggu á heimavist, í Nemendagörðum, í orlofsbústöðum og víðar í héraðinu og í Borgarnesi. Allmargir þeirra höfðu fjölskyldur sínar með sér; nokkuð var sem endranær um að hjón eða sambýliskóp væri saman í námi, og allmörg börn námsmanna voru í leikskóla og í grunnskóla í nágrenninu. Helmingur námsmanna átti lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.



# Samvinnuháskólinn á Bifröst

1996 - 1997



 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn
 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn	 Sigrún Þórunn

1996 - 1997

Á skólahátíð, 24. maí 1997, luku 10 námsmenn B.S.-prófi í rekstrarfræðum, þriðji hópurinn sem því marki nær frá Samvinnuháskólanum. 37 námsmenn luku Samvinnuháskólaprófi í rekstrarfræðum, þar af þrír í desember 1996; 29 luku fyllilega fyrra námsári Rekstrarfræðadeildar, og tólf luku fyllilega námi Frumgreina-deildar. Frá upphafi háskólastarfs höfðu þá við lok þessa skólaárs vorið 1996 samtals 258 lokið Samvinnuháskólaprófi í rekstrarfræðum og 33 B.S.-gráðu í rekstrarfræðum. Tólf aðrir höfðu stundað nám við Rekstrarfræðadeild II., og í þeim hópi nokkrir að hluta með fjarnámssniði.

Nýir starfsmenn á árinu voru Ásmundur Þórðarson M.A. aðjúnkt, Bjarni Jónsson MBA lektor, og Vífill Karlsson cand.polit. aðjúnkt. Nýir stundakennarar voru Jón Sigurðsson Ph.D., MBA, áður lektor og rektor, og Jóna Guðný Káradóttir áður lektor. Guðrún Sigurjónsdóttir kom til hlutastarfa á skrifstofu.

Skólanefndarmenn voru þessir: Af hálfu ráðherra Óli Jón Gunnarsson bæjarstjóri og Páll Ingólfsson fjármálastjóri til vara; af hálfu Vinnuálagssambandsins Sigbrúður Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi og Sigurður Gils Björgvinsson hagfræðingur og til vara Árni Ragnar Árnason alþingismaður og Ísólfur Gylfi Pálmason alþingismaður; af hálfu skólaráðs Runólfur Ágústsson lektor og til vara Eiríkur Grímsson B.S. rekstrarfræðingur og af hálfu Nemendasambandsins Kristján Jón Eysteinnsson tæknifræðingur og til vara Helga Arngrímsdóttir rekstrarfræðingur og framkvæmdastjóri. Kristján Jón Eysteinnsson var kjörinn formaður skólanefndar og Sigbrúður Guðmundsdóttir varaformaður.

Á starfsárinu voru haldin níu starfsfræðslunámskeið fyrir alls 327 þátttakendur á fjórum stöðum í landinu. Efnisflokkar námskeiða voru sex. Við lok starfsársins höfðu samtals 12.881 þátttakandi á alls 720 einstökum námskeiðum þegið starfsfræðslu skólans frá upphafi skipulegrar starfsfræðslu árið 1977.

Meðal þróunarverkefna og breytinga á skólaárinu má nefna ný ákvæði í Reglugerð sem kveða á um frjálsa sókn námsmanna í fyrirlestra, en áður var skyldusókn í fyrirlestra samkvæmt stundatöflu. Eft var til samkeppni um nýtt merki skólans, og varð tillaga Guðmundar Bogasonar hlutskörpust. Sérstök nefnd starfsmanna og námsmanna skilaði álit um nöfn á húsum og hlutum húsa á skóla-setrinu. Gagnger endurnýjun átti sér stað á tölvubúnaði. Talsverðar umræður áttu sér sem áður stað um frumvarp að nýjum lögum um háskóla sem fram var lagt á Alþingi vorið 1997.

Gerðar voru nokkrar breytingar á ákvæðum Skipulagsskrár, m.a. um markmið.

Í apríl 1997 voru niðurstöður birtar úr úttekt Menntamálaráðuneytisins á gæðum og stöðu viðskipta- og rekstrarfræðamenntunar í landinu. Vöktu lofsyrði um Samvinnuháskólann talsverða athygli, m.a. í skrifum í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins.

Meðal annarra breytinga og framkvæmda má nefna byggingu átta íbúða í Nemendagörðum þar sem hver íbúð hefur sjö herbergi og sameiginlega bað-, salernis- og eldhúsaðstöðu hver um sig. Borgarbyggð hóf framkvæmdir við útilýsingu á Bifröst. Samið var við nýjan rekstraraðila, Fosshótel, um rekstur sumarhótelsins.

Á skólaárinu færði Vátryggingafélag Íslands hf. skólanum að gjöf þriðjung í fasteignum skólans á Bifröst, sem áður tilheyrðu Bifrastareignum á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga í sameign með Olíufélaginu hf. og Samvinnutryggingum gt. Með þessu var þeim áfanga náð að allar eignir á skólasetrinu eru orðnar eign stofnunarinnar sjálfar að fullu og öllu. Í tengslum við þessa veglegu gjöf var gerður sérstakur samningur milli Samvinnuháskólans og Vátryggingafélags Íslands hf. um fræðsluþjónustu og fundaaðstöðu.

Í júní 1997 var haldin sérstök hátíð við lok fimm ára framkvæmdaáætlunar Nemendagarða Samvinnuháskólans að viðstöddum félagsmálaráðherra og fleirum.

Í maí og júní 1997 voru haldnir sérstakir símenntunardagar á Vesturlandi með þátttöku Samvinnuháskólans, og gert átak í símenntunarmálum.

Skólahátíð með brautskráningum fór fram 24. maí 1997. Á skólahátíðinni voru nokkur ávörp flutt auk fastra liða. Þar á meðal ávarpaði formaður skólanefndar, Kristján J. Eysteinnsson, viðstadda. Opið hús var með venjubundnum hætti 3. maí.

Helstu gjafir sem skólanum bárust á starfsárinu voru bókasafn dr. Hannesar Jónssonar sendiherra sem hann afhenti á skólahátíð. Búnaðarbanki Íslands færði skólanum gjöf til kaupa á tölvustýrðum stjórnunarleik. Auk þess safnaðist sem fyrr nokkur fjárhæð til sundlaugar á skólasetrinu.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings 31. júlí 1997 var samtals um 81,6 millj. kr. og eigið fé þar af 87,3%. Niðurstöðutala rekstrarreiknings 1. ágúst 1996–31. júlí 1997 var heildartekjur 69,8 millj. kr. og varð rekstrarhagnaður um 1,7 millj. kr. Af tekjum nam ríkisframlag 65,9%, nemendagjöld 21,0% og aðrar tekjur 13,0%. Gjöld

skiptust þannig m.a. að launakostnaður nam 55,8%, húsnæðis-  
kostnaður 13,4%, afskriftir 5,2%, orka 3,1%, ferðakostnaður 6,4%,  
framlög til nemenda 1,6%, og kynning 0,7%.

Afnotagjald safns og tækja nam kr. 62.625,00, sama bæði misseri,  
fyrir námsmenn í Rekstrarfræðadeild og Frumgreinadeild, en kr.  
68.875,00, sama bæði misseri, fyrir námsmenn í Rekstrarfræðadeild  
II. Lágmarksgjald á mánuði fyrir heimavistaraðstöðu var hið sama  
bæði misseri, kr. 6.130,00.

Á fjárlögum fyrir 1997 var viðurkennd nokkur fjölgun náms-  
manna við Samvinnuháskólann, eftir margítrekaðar óskir stofnun-  
arinnar um árabíl. Fjárveiting á fjárlögum fyrir árið 1997 var kr.  
48.900.000. Enn fremur var stofnunin nú fyrsta sinni nefnd Sam-  
vinnuháskólinn í fjárlögum.

Á skólaárinu stóðu enn sem fyrr yfir viðræður við Menntamála-  
ráðuneytið um endurskoðun samnings við ráðuneytið um uppgjör  
rekstrarkostnaðar og ríkisframlag.

## 80. skólaár 1997–1998

32 námsmenn hófu nám við Rekstrarfræðadeild II. haustið 1997. Á  
síðara ári Rekstrarfræðadeildar hófu 36 nám og á fyrra ári 36, en í  
Frumgreinadeild 17. Um áramótin bættust fimm námsmenn við í  
Rekstrarfræðadeild II., þar af þrír þýskir námsmenn og var þetta  
þáttur í nýjum fjölþjóðasamskiptum skólans. Um áramótin bættist  
einnig einn við í Frumgreinadeild. Vegna aðstæðna var einungis  
unnt að veita 79% gildra umsækjenda inngöngu. Meðal náms-  
manna voru 47% konur. Sem fyrr dreifðust námsmenn á heima-  
vistir, Nemendagarða, bústaði í nágrenni skólasetursins, svo og  
Borgarnes og nærsveitir. Rúmur helmingur námsmanna átti lög-  
heimili á Suðvesturlandi. Sem fyrr voru börn námsmanna við Sam-  
vinnuháskólann verulegur hluti barnafjöldans í leikskóla og grunn-  
skóla á svæðinu.


Meðalaldur námsmanna haustið 1997 var 30 ára, í Rekstrar-  
fræðadeild II. 29,6 ár, í Rekstrarfræðadeild 28,7 ár, og í Frumgreina-  
deild 31,8 ár.

Á skólahátíð, 23. maí 1998, luku 16 námsmenn B.S.-prófi í  
rekstrarfræðum. 31 lauk Samvinnuháskólaprófi í rekstrarfræðum.  
32 luku fyllilega fyrra námsári Rekstrarfræðadeildar, og 12 luku  
fyllilega námi Frumgreinadeildar. Frá upphafi háskólastarfs höfðu  
við lok þessa skólaárs vorið 1998 samtals 289 lokið Samvinnuhá-



# Samvinnuháskólinn á Þiðfröst

1997-1998





skólaprófi í rekstrarfræðum og 49 B.S.-gráðu í rekstrarfræðum. 16 aðrir höfðu stundað nám við Rekstrarfræðadeild II. og í þeim hópi tveir að hluta með fjarnámssniði.

Nýir starfsmenn á árinu voru stundakennararnir Anh-Dao Tran M.A., Anna Guðmundsdóttir M.A., Arnar Bjarnason Ph.D., Áspór Ragnarsson sálfræðingur, Bjarni H. Ingólfsson cand. merc., Charles Fromme verkfræðingur, Einar Ólafsson MBA, Guðmundur Ólafsson cand. oecon., Hermann Nielsson B.Ed., Ketill Magnússon M.A., og Svafa Grönfeldt M.A. Sveinn Ólafsson B.A. kom til starfa við umsjón Upplýsingamiðstöðvar, og Mikkel Kjærsgaard við tölvu- umsjón. Við upphaf starfsársins tók Þorlákur Björnsson lektor við starfi aðstoðarrektors af Sigrúnu Jóhannesdóttur, en hún starfaði áfram sem stundakennari.

Skólanefndarmenn voru þessir: Af hálfu ráðherra Óli Jón Gunnarsson bæjarstjóri og Páll Ingólfsson fjármálastjóri til vara; af hálfu Vinnumálasambandsins Sigbrúður Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi og Sigurður Gils Björgvinsson hagfræðingur og til vara Árni Ragnar Árnason alþingismaður og Ísólfur Gylfi Pálmason alþingismaður; af hálfu skólaráðs Runólfur Ágústsson lektor og til vara Guðmundur Ólafsson formaður Skólafélagsins og af hálfu Nemendasambandsins Kristján Jón Eysteinnsson tæknifræðingur og til vara Helga Arngrímsdóttir rekstrarfræðingur og framkvæmdastjóri. Kristján Jón Eysteinnsson var áfram formaður skólanefndar og Sigbrúður Guðmundsdóttir varaformaður. Skólanefnd var aftur skipuð við lok starfsársins og urðu nokkrar breytingar á skipan hennar.

Í upphafi starfsársins var heiti Starfsfræðsludeildar breytt í Símenntunardeild. Á starfsárinu voru haldin 14 starfsfræðslunámsskeið fyrir alls 179 þátttakendur á sjö stöðum í landinu. Efnisflokkar námskeiða voru sjö. Við lok starfsársins höfðu þá alls 13.060 þátttakendur á samtals 734 einstökum námskeiðum þegið starfsfræðslu skólans frá upphafi skipulegrar starfsfræðslu árið 1977.

Ný lög um háskóla, nr. 136 frá 23. desember 1997, tóku gildi 1. janúar 1998. Með þeim breytist staða Samvinnuháskólans, skýrist og styrkist á flesta lund.

Mikið var unnið að ýmsum þróunarverkefnum á starfsárinu. Í upphafi starfsársins, á fundi skólanefndar 27. ágúst 1997, var reglum um einkunnastiga breytt á grundvelli niðurstöðu úttektar Menntamálaráðuneytisins á gæðum og stöðu rekstrarfræðamenntunar í landinu. Þá var einnig fellt niður ákvæði um lokaúrbótapróf.

Einingamat á námssviðum í Rekstrarfræðadeild var breytt til samræmis við ákvæði nýju laganna um háskóla. Starfshlutföll við tölvuumsjón voru tvöfölduð og samstarf haft við Bændaskólann á Hvanneyri um mönnun í þau störf.

Á vegum Fræðslu- og rannsóknaráðs var unnið sérstaklega að endurskoðun Námsvísis, að bæklingi um misserisverkefni og að undirbúningi fjarkennslu.

Netstýrikerfi skólans var endurnýjað á starfsárinu.

Gerð var Skipulagsskrá fyrir Stofnun Jónasar Jónssonar frá Hriflu sem starfrækt skyldi á vegum skólans en með sérstakri stjórn.


Samstarfssamningur við Viðskiptaskor Viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands var gerður í desember 1997. Samningurinn gerir ráð fyrir viðtæku samstarfi og gagnkvæmri viðurkenningu.

Unnið var að undirbúningi þess að breyta Nemendasambandi Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans í eiginleg hollvinasamtök stofnunarinnar.

Verulegt átak var gert í kynningarmálum. Meðal annars gaf skólinn snemmárs 1998 út veglegan myndskreyttan kynningarbækling. Námsmenn tóku þátt í kynningu í framhaldsskólum og í Háskóla Íslands. Rektor átti fundi með námsmönnum frá liðnum árum á nokkrum stöðum og nýtt merki skólans var kynnt. Unnið var sérstaklega að undirbúningi þrefalds afmælis, áttaræðisafmælis Samvinnuskólans, fertugsafmælis Nemendasambandsins og áratugarafmælis Samvinnuháskólans, sem minnst skyldi sameiginlega í ágúst 1998.

Unnið var að heildarskipulagi skólasetursins og Bifrastarlóðarinnar, og lágu tillögur arkitekts fyrir í maí 1998.

Á starfsárinu hófust kennara- og nemendaskipti Samvinnuháskólans á vegum ERASMUS-menntasamstarfs Evrópusambandsins. Höfðu samningar verið gerðir við fjóra evrópska háskóla í þessu skyni. Þrír námsmenn fóru til náms á Englandi og í Hollandi. Þrír þýskir námsmenn stunduðu nám á Bifröst. Einn kennari fór til kennslu í Þýskalandi og þýskur kennari kenndi á móti á Bifröst.



*Sigurður Albert  
Ármannsson  
félagsmálakennari og  
umsjónarfulltrúi.*

Einnig var samstarf hafið við Fullbright-stofnunina bandarísku og starfaði bandarískur kennari á Bifröst á haustmisserinu.

Stofnað var sérstakt félag við skólann, Starfsmannagarðar Samvinnuháskólans, til að byggja og reka íbúðarhúsnæði fyrir starfsmenn. Hlaut reglugerð Starfsmannagarða staðfestingu og var sótt um lán til framkvæmda. Fékkst viljrði Byggingasjóðs verkamanna um lán til fjögurra íbúða. Herbergi að norðanverðu á neðsta gangi voru tekin til hópinnuaðstöðu eftir miklar breytingar.

Framkvæmdir héldu áfram frá fyrra ári við Nemendagarða. Endurnýjuð voru herbergi á miðgangi í vistarálmu. Framkvæmdir hófust við miklar breytingar á Höfuðbóli, þar sem áður voru íbúðir í íþróttahúsi, en þar skyldi framvegis verða aðsetur Upplýsingamiðstöðvar Samvinnuháskólans, bókasafns og tövuvers.

Sérstök hátíðardagskrá var haldin 2. maí undir heitinu „Skólastarf í áttatíu ár“.

Skólahátíð með brautskráningum fór fram laugardaginn 23. maí 1998. Á skólahátíðinni voru flutt nokkur ávörp. Axel Gíslason forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. afhenti námsstyrk þeim námsmanni sem bestum árangri náði í Rekstrarfræðadeild. Auk þess ávarpaði formaður skólanefndar, Kristján J. Eysteinnsson, viðstadda. Að athöfninni lokinni gróðursettu nýbrautskráðir rekstrarfræðingar trjáplöntur í gróðurreit sunnan við skólahúsin.

Skólanum bárust á starfsárinu tölvuskjavarpar að gjöf frá nokkrum fyrirtækjum. Nemendasambandið færði skólanum málverkasafn, ýmis tæki og húsgögn að gjöf. Gamlir námsmenn gáfu einnig myndir úr skólalífínu og gamla kynningarkvikmynd. Auk þessa safnaðist sem fyrr nokkur fjárhæð til sundlaugar á skólasetrinu.

Að starfsárinu loknu, 29. ágúst 1998, var haldin sérstök afmælis-hátíð á Bifröst.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings 31. júlí 1998 var samtals um 90,6 millj. kr. og eigið fé þar af 88,5%. Niðurstöðutala rekstrarreiknings 1. ágúst 1997–31. júlí 1998 var heildartekjur 79,5 millj. kr. og varð rekstrarhagnaður um 1,4 millj. kr. Af tekjum nam ríkisframlag 64,2%, nemendagjöld 19,7% og aðrar tekjur 16,2%. Gjöld skiptust þannig m.a. að launakostnaður nam 52,6%, húsnæðiskostnaður 19,1%, afskriftir 6,2%, orkukostnaður 2,8%, ferðakostnaður 1,8%, framlög til félagsmálasjóðs nemenda 1,8%, og kynning 1,8%.

Afnotagjald safns og tækja nam kr. 65.756,00, sama bæði misseri,

fyrir námsmenn í Rekstrarfræðadeild og Frumgreinadeild, en kr. 72.319,00, sama bæði misseri, fyrir námsmenn í Rekstrarfræðadeild II. Lágmarksgjald fyrir heimavistaraðstöðu var hið sama bæði misseri, kr. 11.000,00.

Fjárveiting á fjárlögum fyrir árið 1998 var kr. 52.500.000.

### **Stutt yfirlit um skipulagsbreytingar 1990–1998.**

Á tímabilinu frá sumri 1990 til sumars 1998 höfðu þessi atriði verið endurskoðuð, breytt eða bætt við, í Skipulagsskrá fyrir Samvinnuháskólann: Markmið, skipun skólanefndar, heiti Framkvæmdaráðs og Fræðslu- og rannsóknaráðs, skipun og kjör þessara tveggja ráða, og um almenna starfsmannafundi.

Á sama tímabili höfðu þessi atriði verið endurskoðuð, breytt eða bætt við, í Reglugerð fyrir Samvinnuháskólann: Skipun dómnefndar vegna kennararáðninga; lágmarksárangur á lokaprófum í Rekstrarfræðadeild; auglýsingar starfa sem laus eru til umsóknar; framkvæmdaratriði, undanþágur og viðurlög vegna námsmannaverkefna og prófa; mat og mælistikur vegna lokaverkefna í Rekstrarfræðadeild (sem frá 1994 voru nefnd misserisverkefni); innritun námsmanna; öryggismál og brunavarnir; Nemendagarðar; tilhögun vinnudagbóka, greinargerða og annarra atriða varðandi misserisverkefni námsmanna í Rekstrarfræðadeild; skil greinargerða um misserisverkefni til fyrirtækja; skyldusókn námsmanna til viðveru við málsvarnir um misserisverkefni; tilhögun úrbótaprófa; ráðstöfun Félagsmálasjóðs til Nemendagarða; umsjón og störf við fasteignir og húsvörslu; fræðsla og skipulag Rekstrarfræðaeildar II.; heiti lokaverkefna og lokaprófa í Rekstrarfræðadeild verði misserisverkefni og misserispróf.

Enn fremur hafði ákvæðum verið breytt um inntökuskilyrði Rekstrarfræðaeildar og Frumgreinaeildar, og ákvæðum um niðurfellingu námsmannaverkefna úr mati. Sett höfðu verið ákvæði um almenna starfsmannafundi, um árlega óháða dómnefnd um rannsókn- og ráðgjafarverkefni kennara, og ákvæði um heiðursfélagi og ráðgjafa skólans. Enn má nefna breytingu á Reglugerð um sókn námsmanna í fyrirlestra samkvæmt stundatöflu, en skyldusókn hafði verið felld niður og gefin frjáls samkvæmt sérstökum ákvæðum. Þá höfðu ákvæði um sérstök lokaúrbótapróf verið felld niður.

Um mörg ofantalinna atriða höfðu verið settar sérstakar starfsreglur eða Áréttingar, ekki síst varðandi misserisverkefni; varðandi Rekstrarfræðadeild II., svo sem um tilhögun og vinnslu lokaverkefna til B.S.-gráðu, matsblöð umsjónarkennara með lokaverkefni o.fl.; tilhögun ráðningar rektors; mat á rannsókn- og ráðgjafarverkefni kennara.

Vinummat starfsþátta og reiknireglur starfshlutfalla kennara höfðu verið endurskoðaðar á þessu sama tímabili.

Enn má geta þess að settar höfðu verið sérstakar framgangsreglur kennara við Samvinnuháskólann, þ.e. um tilhögun við ákvarðanir um akademíska starfstíla, lektor, dósent og prófessor við Samvinnuháskólann. Sumarið 1997 var nafni Starfsfræðsludeildar breytt í Símenntunardeild. 1998 var stofnsett sérstök Stofnun Jónasar Jónssonar frá Hriflu í tengslum við Samvinnuháskólann. Þá hafði verið sett sérstök skipulagsskrá um Starfsmannagarða Samvinnuháskólans.

Loks má nefna að í Reglugerð höfðu verið gerðar breytingar á einkunnastiga á grundvelli niðurstaðna úr sameiginlegri úttekt á gæðum og stöðu viðskipta- og rekstrarfræðamenntunar á Íslandi 1997.

## IV. hluti

# Viðaukar, heimildir og manntöl

### Tildrög og stofnsaga Samvinnuskólans í fundargerðum Sambandsins

Ekki er úr vegi til fróðleiks að taka upp nokkrar setningar úr fundargerðum stjórnar Sambands íslenskra samvinnufélaga og aðalfunda þess frá þeim tíma er Samvinnuskólinn var stofnsettur. Á fundi 12. ágúst 1918 er, strax á eftir samþykkt um heimild til framkvæmdastjóra að „kaupa lóðarblett á hentugum stað í Reykjavík“, þ.e.a.s. lóð fyrir það sem síðar varð Sambandshúsið og aðsetur Samvinnuskólans, sett svohljóðandi bókun:

„11. Framkvæmdastjóri skýrði frá námskeiði því fyrir samvinnu-  
menn, sem haldið var í Reykjavík sl. vetur. Lagði hann eindregið til,  
að sams konar námskeið yrði haldið næsta vetur, og bar fram svo  
hljóðandi tillögu:



*Fyrsta hús skólans á  
Skólavörðustíg.*

Fundurinn felur Sambandsstjórninni, að annast um, að haldinn verði skóli (skóli)<sup>112</sup> í Reykjavík næsta vetur fyrir samvinnumenn, er standi yfir 4–5 mánuði. Heimilar hann Sambandsstjórninni allt að 2000 krónur til notkunar í þessu augnamiði, ásamt væntanlegu tillagi úr landssjóði.

Eptir litlar umræður var tillagan samþykkt í einu hljóði.“

Á fundi 29. júní 1919 er næst bókað um Samvinnuskólann:

„12. Nefnd sú, er hafði skólamálið til meðferðar lagði fram álit sitt og tillögur.

Urðu allmiklar umræður um málið, og að lokum var tillaga nefndarinnar samþykkt svo hljóðandi:

Fundurinn ályktar:

- a. Að setja á stofn tveggja ára samvinnuskóla<sup>113</sup> á næsta hausti, er standi yfir í 6 mánuði árlega.
- b. Að skólanum séu útvegaðar nauðsynlegar bækur og kennslu-áhöld.
- c. Að hver nemandi greiði 50 kr. skólagjald yfir árið.
- d. Að sambandsstjórnin sækji um ríflegan styrk til alþingis handa skólanum, er verði ekki minni en styrkur sá, er þingið veitir Verslunarskólanum.

Í sambandi við þetta mál kom fram og var samþykkt svofeld við- aukatillaga:

Fundurinn felur skólastjóra S.Í.S. að útvega deildum sambands- ins til kaups helstu erlend tímarit um samvinnumál, einkum á norðurlandamálum, og önnur rit um félagsmál og atvinnumál.“

Bókað er 2. júlí 1920:

„6. Framkvæmdastjóri skýrði lítilsháttar frá starfi samvinnuskólans síðastl. ár. Jafnframt lýsti formaður allítarlega gangi samvinnu- skólamálsins á næst síðasta alþingi. Um málið urðu svo allmiklar umræður er snerust að annari menningarstarfsemi félagsins, svo sem: tímaritinu og fyrirlestrum um samvinnumál hér og þar um landið. Að lokum var samþykkt svo feld tillaga:

Fundurinn telur mjög æskilegt, að fyrirlestrar um samvinnumál sé haldnir víða um land ef vel hæfur maður eða menn geta fengist til þess, og greiðist fé til þess úr menningarsjóði.“

<sup>112</sup> Tvítekið svo í heimild.

<sup>113</sup> Í þessum bókunum er orðið einatt án upphafsstafs.



*Sambandshúsið á fyrri árum.*

### Frásögn Jónasar

Frásögn Jónasar Jónssonar frá Hriflu af aðalfundi Sambandsins 1919 er skemmtileg: „Á aðalfundi Sambandsins í Reykjavík 1919 urðu allsnarpar deilur um það hvort rétt væri og heppilegt að Sambandið héldi uppi sérstökum skóla til að búa menn undir störf vegna samvinnufélaganna. Sótti sr. Arnór Árnason í Hvammi, sem var fulltrúi fyrir Sláturfélag Skagfirðinga, einna harðast fram gegn Samvinnuskólanum og taldi nóg í þeim efnum að hafa Verzlunarskóla Íslands þar sem kennd væru þau fræði sem menn þyrftu með við verslun hér á landi. Ingimar Eydal kvaddi sér þá hljóðs og vitnaði í ummælin í kveri Helga Hálfðanarsonar um trú Múhameðsmanna. Lýsti Ingimar Eydal með glöggum og skýrum orðum þeirri skoðun hins lúterska kirkjuhöfðingja að Múhameðstrúin væri að vísu trú á einn Guð en annars blandin margs konar skaðlegri hjátrú og villu. Taldi Ingimar Eydal líkt ástatt um lífsskoðanir kaupmannasinna frá sjónarmiði samvinnumanna eins og kennisetningar Múhameðsmanna fyrir kristið fólk. Þótti Ingimar Eydal hafa mælst vel, og hafa samvinnumenn síðan talið rök hans í fullu gildi um þetta atriði.“<sup>114</sup>

<sup>114</sup> Jónas Jónsson (ártal vantar, 1943?). *Íslenzkir samvinnumenn*. bls. 564-565. (Bundið með Odhe, Th. 1939. *Samvinnan á Íslandi*. Rvík, SÍs.



## Aðdragandi flutnings stofnunarinnar að Bifröst í fundargerðum Sambandsins

Varðandi uppbyggingu Sambandsins á Bifröst og flutning skólans þangað er nokkrar bókanir að finna:

2. júlí 1953 er bókað:

„Jónas Jónsson tók fyrstur til máls, lagði fram og reifaði eftirfarandi tillögu, sem 20 fulltrúar höfðu undirskrifað:

Aðalfundur Sambands íslenskra samvinnufélaga, haldinn í Bifröst 3.<sup>115</sup> júlí 1953, skorar á hin einstöku kaupfélög, sem eru í Sambandinu, að leggja fram fé til að reisa megi nægilega mörg svefnherbergi handa Bifröst, og beri hvert herbergi heiti þess samvinnufélags, sem lagt hefur fram stofnkostnað þess og nauðsynlegan húsbúnað.“

3. júlí 1953 er síðan bókað:

„3. Samvinnuskólinn:

Forstjóri vakti máls á því hvort ekki væri rétt að flytja samvinnuskólann héðan úr Rvík að Bifröst í Borgarfirði. Var stjórnin máli þessu mjög fylgjandi og samþykkti að stefna að því að flytja skólann. Jafnframt felur hún framkvæmdastjóra að gera athuganir á því hvaða kostnað það hefur í för með sér og hverjir möguleikar eru eða verða til að starfrækja skólann að Bifröst.“

28. júní 1954 er bókað:

„9. Fræðslumál:

Forstjóri ræddi um fyrirkomulag fræðslustarfseminnar. Taldi að árlega ætti að veita ákveðna fjárhæð til starfseminnar, gera hana að sjálfstæðri deild undir stjórn sérstaks framkvæmdastjóra og auka starfslíð í þeirri deild.“

Enn fremur er bókað á sama fundi:

„11. Samvinnuskólinn.

Forstjórinn ræddi um framtíð Samvinnuskólans og lagði fram teikningar af viðbótarhúsakynnum í Bifröst, sem ætluð eru til gistingar, en munu jafnframt geta orðið notuð fyrir skólann í framtíðinni. Stjórnin samþykkti, að skólinn skyldi fluttur að Bifröst haustið 1955, svo framarlega sem húsnæði verði þá tilbúið.“

---

<sup>115</sup> Svo, þótt bókað sé deginum áður.



Frá Bifröst.

30. júní 1954 er bókað í yfirliti um helstu byggingaframkvæmdir árið 1953:

„Lagður grunnur að gistihússálmum við Bifröst í Borgarfirði. Á sú álma, sem unnið er að 1954, einnig að verða skólahús fyrir samvinnuskólann, sem stjórn SÍS hafði ákveðið að þangað skuli fluttur haustið 1955.“

22. júní 1955 er bókað:

„Þá skýrði formaður frá því að skólastjóri Samvinnuskólans, Jónas Jónsson, hefði orðið 70 ára 1. maí s.l. og léti hann nú af störfum sem skólastjóri, en það hefur hann verið frá árinu 1919, nema 4 ár, sem hann var ráðherra, og fór hann viðurkenningarorðum um störf Jónasar og gat þess að Sambandsstjórnin hefði ákveðið honum full laun og fría íbúð til æfiloka. Samvinnuskólinn yrði fluttur í haust að Bifröst í Borgarfirði og hefði Sr. Guðmundur Sveinsson, prestur að Hvanneyri verið ráðinn skólastjóri. Væri nú að mestu lokið við smíði viðbótarbyggingar, sem gerði það kleift að færa skólann þangað. Gætu fundarmenn nú í fyrsta sinn allir fengið gistingu í hinum nýju húsakynnum, þótt enn væri ekki að fullu frá þeim gengið.“

Bókað er síðar á fundinum:

„Forstjórinn gat þess að með bættri aðstöðu fyrir Samvinnuskólann, sköpuðust auknir möguleikar til þess að reyna nýjar kennslu-

Frá Bifröst.



aðferðir í verzlunarrekstri. Í þessu sambandi bauð forstjórinn hinn nýja skólastjóra Samvinnuskólans sr. Guðmund Sveinsson velkominn í þjónustu Sambandsins.“

Enn er bókað á þessum sama fundi:

„14. Fræðslu og félagsmál:

Jónas Jónsson tók næstur til máls og lýsti að nokkru leyti starfi sínu og viðhorfi til Sambandsins og samvinnufélaganna allt frá árinu 1913, að hann byrjaði að vinna að þessum málum, en hann tók við stjórn Samvinnuskólans, þegar hann var stofnaður árið 1919. Lýsti hann starfi sínum<sup>116</sup> við skólann og fór að nokkru leyti út í önnur mál, sum viðkomandi Sambandinu og skólanum, og önnur, sem frekar mætti segja um að ætti heima á sviði stjórnmalanna. Var hann léttur í máli og skemmtilegur, og kom víða við, sérstaklega málefni fyrri ára.

Ræðu Jónasar var vel tekið af fundarmönnum.“

## Yfirlit um upphaf háskólastarfs á Bifröst

Af skjölum skólans má gera yfirlit um feril umræðna og ákvarðana sem tengdust breytingu stofnunarinnar í fagháskóla, Samvinnuháskólann. Yfirlit það sem hér fylgir er að hluta unnið úr ritgerð höfundar *Keeping Abreast of the Times. A Report of a Transformation of an Icelandic College in the Context of Educational Administration and of Instructional Methodology.*<sup>117</sup>

<sup>116</sup> Svo.

<sup>117</sup> Sjá heimildaskrá.

Upphafið verður rakið til umræðna um stofnun Framhaldsdeildar í Reykjavík á árunum fyrir 1973. Sérstakt mikilvægi í þessu hefur ráðstefna Nemendasambands Samvinnuskólans sem haldin var 6. og 7. mars 1976 í Reykjavík.

Nokkrir staksteinar sýna atburðarásina. Þessir staksteinar ná fram til hausts 1988 er fræðsla á háskólastigi hófst. Þá voru enn fram undan miklar umræður og ákvarðanir en leiðin hafði verið mörkuð.

### A. Kynning meðal forystu Sambandsins

- 9. janúar 1985 Yfirlitsbréf skólastjóra til formanns skólanefndar, til að kynna hugmyndir um framtíðarþróun skólans.
- 30. janúar 1985 Kynningarbréf skólastjóra til forstjóra og stjórnarformanns Sambands ísl. samvinnufélaga.
- 6. apríl 1986 Kynningarbréf skólastjóra til nokkurra forystumanna í samvinnuhreyfingunni.
- 9. september 1987 Bréf til forstjóra Sambandsins um kennslu á háskólastigi.

### B. Bréfaskipti við Menntamálaráðuneytið og aðrar stofnanir

- 6. apríl 1985 Almenn kynning málsins í bréfi til deildarstjóra Verkmenntadeildar Menntamálaráðuneytisins.
- 10. júní 1985 Kynning málsins í bréfi til rektors Háskóla Íslands.
- 7. júlí 1985 Sams konar bréf til deildarforseta Viðskiptadeildar Háskóla Íslands.
- 25. september 1985 Menntamálaráðuneytið lýsir með bréfi „skilningi“ á hugleiðingum skólastjóra.
- 19. nóvember 1985 Nýtt yfirlit sent deildarstjóra Menntamálaráðuneytisins.

*Frá Bifröst í byggingu.*





*Kvöldvaka.*

- 25. nóvember 1985 Enn á ný er yfirlit sent deildarstjóra með ýtarlegum gögnum og drögum að námslýsingu.
- 26. nóvember 1985 Ráðuneytið heimilar fyrir sitt leyti breytingar á stöðu Samvinnuskólans innan ramma framhaldsskólastigsins.
- 12. desember 1985 Bréf til menntamálaráðherra með ítrekun hugmynda um fræðslu á háskólastigi.
- 12. apríl 1986 Bréf til deildarstjóra ráðuneytisins.
- 26. ágúst 1987 Með bréfi skipar ráðherra skólastjóra til setu í nýstofnaðri Samstarfsnefnd um háskólastigið.
- 4. september 1987 Þakkarbréf skólastjóra.
- 22. september 1987 Ýtarlegt yfirlitsbréf til menntamálaráðherra. Í bréfinu er beiðni um heimild til fræðslu á háskólastigi formlega ítrekuð.
- 24. september 1987 Sams konar bréf til deildarstjóra Menntamálaráðuneytisins.
- 12. apríl 1988 Sams konar bréf til skrifstofustjóra ráðuneytisins, með frekari ítrekunum.
- 22. apríl 1988 Samstarfsnefnd um háskólastigið samþykkir tilmæli Samvinnuskólans.
- 27. apríl 1988 Menntamálaráðherra samþykkir fyrirhugaðar breytingar skólans, en ekki að taka þátt í kostnaði þeirra vegna.

### **C. Nokkrir fundir skólanefndar**

- 14. júní 1984 Skólastjóri gerir tillögu um stofnun Skólaráðs með fulltrúum kennara og nemenda.
- 20. október 1984 Skólastjóri leggur fram frumvarp að nýri Reglugerð.
- 29. nóvember 1984 Umræður um frumvarpið.
- 14. júní 1985 Skólastjóri gerir tillögu um umbreytingu skólans.
- 14. nóvember 1985 Skólanefnd samþykkir umbreytinguna með ýtarlegri samþykkt.

23. apríl 1986 Umræður um tilhögun og framkvæmd.  
 27. október 1986 Umræður og kynning, meðal annars á fundi með nemendum.  
 1. maí 1987 Frekari umræður, meðal annars um fræðslu á háskólastigi.  
 4. júní 1987 Umræður um nýja reglugerð.  
 11. desember 1987 Skólanefnd samþykkir tillögur skólastjóra um fræðslu á háskólastigi, tilhögun og framkvæmd.  
 10. október 1988 Frekari umræður um tilhögun og framkvæmd, kostnaðarliði og staðfestingar ráðuneytisins.  
 26. nóvember 1988 Fundur með nemendum og með starfsmönnum.

#### D. Nokkrir kennarafundir

2. febrúar 1985 Málefnið er bókað fyrsta sinni í fundargerð, en síðar má segja að það hafi verið rætt á langflestum vikulegum fundum og hafi verið að jafnaði formlegt fundarefni á þriðja hverjum fundi um árabíl.  
 30. september 1985 Almenn kynning málsins.  
 15. október 1985 Umræður.  
 3. desember 1985 Umræður um framkvæmd, kjaramál og annað slíkt.  
 4. febrúar 1986 Ýtarlegar umræður um inntökuskilyrði, námsefni og annað þess háttar.  
 4.–5. júlí 1986 Umræður og ákvarðanir um framkvæmdaratriði.  
 26. ágúst 1986 Umræður og ákvarðanir áfram.  
 3. september 1986 Umræður og ákvarðanir áfram.


*Norræn kennara-  
ráðstefna 1982.*



14. október 1986 Rætt um reynslu fyrstu vikna framkvæmdar.  
 2. febrúar 1987 Frumvarp að nýri Reglugerð kynnt og rætt um fræðslu á háskólastigi. Framhald umræðna á fundum á næstu vikum.
15. maí 1987 Yfirlitsumræður um fræðslu á háskólastigi.  
 10.–12. ágúst 1987 Frekari umræður um fræðslu á háskólastigi.  
 29. september 1987 Ný námslýsing kynnt og rædd.  
 27. október 1987 Skólastjóri kynnir hugmyndir um nýja kennslufræði.  
 3. nóvember 1987 Framkvæmdaráætlun kynnt og rædd.  
 24. nóvember 1987 Umræður áfram.  
 16. desember 1987 Ákvarðanir skólanefndar kynntar og ræddar.  
 27. janúar 1988 Umræður.  
 16. febrúar 1988 Umræður.  
 7. mars 1988 Framkvæmdaratriði skýrð og rædd nákvæmlega.  
 29. apríl 1988 Umræður um staðfestingu ráðherra og um framkvæmdaratriði og tilhögun.  
 3. maí 1988 Umræður áfram.  
 10.–11. ágúst 1988 Framkvæmdaratriði rædd og ákvörðuð.  
 16. ágúst 1988 Umræður og ákvarðanir áfram.  
 23. ágúst 1988 Umræður og ákvarðanir áfram.  
 30. ágúst 1988 Umræður og ákvarðanir áfram.

## E. Feril-yfirlit

1. Upplýsingaleit og samanburður við aðrar stofnanir hérlendis sem erlendis vegna breyttra aðstæðna og þarfa.
2. Skilgreiningar á aðstæðum, þörfum, vandamálum, hættum.
3. Nánari útfærslur einstakra þátta, meðal annars vegna nauðsynlegs innra samhengis.
4. Kynning til samstarfsmanna, samskiptaaðilja, til þeirra sem ráða ákvörðunum og yfirvalda.
5. Frumákvæðanir um markmið og mælistikur.
6. Ýtarlegar umræður með samstarfsmönnum.
7. Smám saman myndast drög að frumvörpum og tillögum.
8. Umræður í ákvörðunarstofnunum um frumvörp og tillögur.
9. Grundvallarákvarðanir teknar.
10. Leitað staðfestingar og heimilda yfirvalda.
11. Umræður um frekari útfærslur, tilhögun og framkvæmdaratriði.
12. Mótaðar tillögur um nánari atriði, tilhögun og framkvæmd, áréttingar.
13. Ákvarðanir um einstök atriði teknar.
14. Framkvæmd hefst.
15. Umræður og ákvarðanir um fyrstu reynslu, leiðréttingar og tilfærslur, áréttingar.
16. Framkvæmd, með stöðugu endurmati, heldur áfram.



*Bifröst 1997.  
(Mynd: Jón K.  
Snorrason.)*

## Ákvarðanaferill í undirbúningi nýrrar háskóladeildar með B.S.-gráðu

Það varð fljótt ljóst við undirbúning umbreytingar Samvinnuskólans í Samvinnuháskólann að þess yrði óskað að staða fagháskólans nýja yrði rækilega skýrð og skilgreind andspænis alþjóðlegum lærdómsgráðum, svo sem B.A.- eða B.S.-prófum, kandidateisprófum og öðrum slíkum. Jafnt átti þetta við um skilgreiningu skólastigs, inn-tökukrafna, námsefnis og námskrafna, en ekki síður varðaði þetta stöðu brautskráðra námsmanna, jafnt þeirra er halda vildu beint frá skólanum til starfa í atvinnulífinu sem hinna er kysu að sækja til frekara framhaldsnáms.

Nokkurra kosta var vöð. Eftir fyrirmyndum norsku héraðsháskólanna og ýmissa sérskóla og fagháskóla í Evrópu og vestan hafs var þess kostur að stefna að stuttri hagnýtri námsbraut, til dæmis tveggja vetra á háskólastigi, er umfram allt yrði miðuð við leið námsmanna beint til starfa, jafnvel þótt einhver þröskuldur yrði þá á leið hinna sem kysu frekara framhaldsnám. Þessi leið hafði verið valin af hálfu Tækniskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Tölvuháskóla Verzlunarskóla Íslands. Af hálfu Menntamálaráðuneytisins var einnig lögð áhersla á að þessi leið yrði valin í Samvinnuháskól-anum, ef menn ætluðu sér á annað borð að stefna upp á háskóla-stigið.

Annar kostur var sá að halda starfinu áfram og stefna að því að lengja námsbrautina til alþjóðlegrar prófgráðu, sem þá var metin að loknu þriggja vetra háskólanámi miðuð við íslenska skólakerfið, hvort sem nánari ákvarðanir hnigju að engilsaxneskum gráðutitli,



B.A.-gráðu, B.S.-gráðu eða B.B.A.-gráðu, eða skandinavískum titli, kandidatsgráðu.

Það er utan við umræðuefni þessa rits að skýra og meta ákvarðanaferil íslenskra stjórnvalda í þessu máli, en ljóst er að framan af lagði Menntamálaráðuneytið alla áherslu á mótun og þróun stuttra hagnýtra og verktengdra námsbrauta sem yrðu ekki lengri en tvö námsár á háskólastigi, stefndu námsmönnum umfram allt beint til starfa en gerðu takmarkað ráð fyrir frekara námi þeirra. Gerði ráðuneytið í þessu ráð fyrir námsgráðu er að mestu samsvaraði dönsku gráðunni „HA“, norsku gráðunni „højskolekandidat“ og bresku gráðunni „Higher National Diploma“ svo að samsvaranir séu nefndar.

Þegar komið er fram til ársins 1993 virðist stefnubreyting hafa orðið. Þá virðist það viðhorf hafa orðið ofan á af hálfu stjórnvalda að miða frekar við þrjú námsár á háskólastigi og alþjóðlega samræmingu með bakkaláreat- eða kandidats-gráðu. Þróun námsbrauta í Háskólanum á Akureyri og í Tækniskóla Íslands var í samræmi við þetta. Og viðbrögð stjórnvalda við málaleitunum Samvinnuháskólans reyndust einnig mjög í samræmi við ofar skráð yfirlit. Hér fer á eftir örstutt yfirlit helstu áfanganna í mótun hugmynda og ákvörðunum um þá viðbót við Rekstrarfræðadeild Samvinnuháskólans sem hlaut nafnið Rekstrarfræðadeild II. en hafði í undirbúningnum yfirleitt vinnuheitid „ný framhaldsdeild“.

- 1987 Um sumarið er fundur nýs formanns skólanefndar og skólastjóra um framtíð skólans. Skólastjóri leggur fram fyrstu hugmyndir um framhaldsnám er veiti B.S.-gráðu og geti komið til framkvæmda 1994–1995.
- 1988 Skólastjóri kynnir hugmyndina í afmælisriti *Hermesar* sem út var gefið á sjöttu ára afmæli skólans.
- 1990 Um vorið og sumarið er unnið að þróunaráætlun Samvinnuháskólans til næstu fimm ára. Þar er gert ráð fyrir upphafi starfa við nýja Framhaldsdeild haustið 1994.
- Um haustið er þróunaráætlunin kynnt og rædd á fundi skólanefndar.
- 1991 Vésteinn Benediktsson rektor gerir grein fyrir þróunaráætluninni í Árbók NSS XII. bindi og vikur meðal annars að hugmyndum um nýja Framhaldsdeild.
- Í nóvember og desember leggur Jón Sigurðsson fv. rektor fram yfirlit um tillögu að reglugerðarákvæðum og nánari útfærslum.
- 1993 26. febrúar samþykkir skólanefnd að leita opinberrar heimildar.
- 22. mars er Menntamálaráðuneytinu skrifað og þess formlega farið á leit að heimilað verði að bæta einu námsári við námsbraut skólans og brautskrá námsmenn með B.S.-gráðu.

- 23. apríl sendir Menntamálaráðuneytið málið áfram til Samstarfsnefndar um háskólastigið er veita skyldi umsögn um það.
- Í maí og júní eru umræður á kennarafundum um endurskoðaða þróunaráætlun og þá meðal annars safnað saman hugmyndum og ábendingum um nýja Framhaldsdeild.
- Í júlímánuði tekur Jón Sigurðsson fv. rektor að sér að leiða undirbúningsstarfið og á viðræður á ný við fulltrúa Menntamálaráðuneytisins.
- Í ágúst, september og október er fjallað um málið á kennarafundum og milli funda. Málið er rætt rækilega á fimm fundum.
- 27. september samþykkir kennarafundur tillögu um reglugerðar-ákvæði.
- 5. október fjallar skólanefnd um tillöguna.
- 20. október samþykkir skólanefnd reglugerðarákvæði um málið.
- Í september, október og nóvember er rætt áfram um málið á kennarafundum og á milli funda. Rækilega er fjallað um málið á níu fundum. Nú er fjallað um áréttingar og framkvæmd reglugerðarákvæða, um námsvísi og námslýsingu í einstökum atriðum, um leiðbeiningar og reglur um lokaverkefni námsmanna, um útfærslur, grunn stundatöflu, starfshlutföll og kostnaðaratriði.
- 3. desember afgreiðir kennarafundur formlega heildartillögur um málið, með útfærslum og nánari ákvæðum. Tekið er fram að um fyrstu afgreiðslu er að ræða en öll gögn málsins skal senda ráðgjöfum og skólanefndarmönnum til umsagnar.
- Í desember eru málgögn send ráðgjöfum til umsagnar og athugasemda.
- 1994 Í janúar er tekið á móti ábendingum og athugasemdum ráðgjafa sem flestar eru skriflegar en nokkur atriði flutt símleiðis.
- Í janúar og febrúar eru umræður á kennarafundum og milli funda um álit ráðgjafa og önnur atriði sem upp koma. Alls er fjallað rækilega um málið á sex fundum. Nú eru öll atriði þess tekin til rækilegrar endurskoðunar í ljósi ábendinga og nánari íhugunar.
- 21. febrúar afgreiðir kennarafundur á ný heildarsamþykkt um málið. Nú er gerð tillaga til skólanefndar um að heiti Framhaldsdeildarinnar verði Rekstrarfræðadeild II. og að gengið verði til fullrar framkvæmdar haustið 1994. Í heildarsamþykktinni eru breytingar á Reglugerð, Áréttingar um ákvæði Reglugerðar, eyðublað Námsáætlunar námsmanns, Námsvísir með röðun námssviða, Námslýsing einstakra námssviða, Reglur og leiðbeiningar um lokaverkefni námsmanna, Grunnur stundatöflu miðaður við námsstundir hvers námsmanns, Tilhögunaratriði um skiptingu námsstunda, námshópa og fræðsluáðferða ásamt starfsmati í einstökum atriðum, og Kostnaðarmat vegna Rekstrarfræðadeilda II. með rækilegum útreikningum og mati starfshlutfalla.
- Á fyrsta skeiði ársins eru viðræður margsinnis við fulltrúa Menntamálaráðuneytisins um allt málið og við alþingismenn, einnig um fjárveitingar og annað í þessu efni.

- 3. mars gerir skólanefnd nýja samþykkt um málið, meðal annars um nýtt nafn á deildina samkvæmt nýrri samþykkt kennarafundar. Á þessum fundi er fjallað almennt um öll málgögn og samþykkt að stefna að fullri framkvæmd haustið 1994 en undirbúningur verði hafinn tafarlaust.
  - 20. apríl á Vésteinn Benediktsson rektor fund í Menntamálaráðuneytinu með skrifstofustjóra þess og deildarstjóra. Þar leggur hann einnig fram formlega ósk um akademískt gæðamat á starfsemi skólans.
  - 2. maí staðfestir Menntamálaráðuneytið samþykki sitt og viðurkenningu, ásamt fyrirvara um kostnaðarauka og um að gæðamat verði gert innan þriggja ára.
  - Í maí hefst formleg kynning málsins og móttaka umsókna. Bréf er sent brautskráðum rekstrarfræðingum til kynningar. Umræður hefjast á kennarafundum um undirbúning verkaskiptingar og kennsluáætlana.
  - Störf hefjast í ágúst er sumarleyfum lýkur og kennsla hefist um haustið 29. ágúst 1994.
- 1995 Á vormisseri 1995 var á kennarafundum sérstaklega fjallað um margvísleg framkvæmdaratriði varðandi lokaverkefni og tilhögun þeirra, svo og um leiðbeiningar og önnur störf umsjónarkennara við lokaverkefni.
- Í apríl og maí 1995 var fjallað um samskipti við prófdómara vegna lokaverkefna, svo og um endanlega hönnun prófskírteinis.
  - Síðsumars var haldinn sérstakur fundur með prófdómara til samamburðar og ályktana.

### Feril-yfirlit

1. Frumdrög, fyrsta hugmyndasöfnun, upplýsingaöflun, umræður, kynning málsins.
2. Yfirlit, útlínur, samskipti við stjórnvöld.
3. Reglugerðarákvæði.
4. Áréttingar, starfsreglur.
5. Námsvísir, Námslýsing, Leiðbeiningar og reglur um lokaverkefni, eyðublað námsáætlunar.
6. Grunnur stundatöflu, Tilhögunaratriði, Starfshlutföll og kostnaðarmat.
7. Fengið álit, ábendingar og athugasemdir ráðgjafa.
8. Umræður, endurskoðun.
9. Framkvæmdaratriði, kostnaðaratriði.
10. Endanlegar afgreiðslur, samskipti við stjórnvöld og ákvarðanir þeirra.
11. Kynning.
12. Gengið til framkvæmdar, móttaka námsumsókna, verkaskipting, undirbúningur kennsluáætlana og stundatöflu.
13. Framkvæmd.
14. Endurmat, breytingar og þróun.

## Fjárveitingar úr ríkissjóði

Upplýsingar úr fjárlögum og ríkisreikningi sýna þróun ríkisframlags á umliðnum árum. Athuga ber að áætlun um sértekjur á fjárlögum kemur til frádráttar af fjárveitingunni. Mismunur fjárlaga og ríkisreiknings á hverju ári sýnir einkum áhrif verðbólgu sem bætt hafa verið, til dæmis í launagreiðslum, og hins vegar birtist sum árin í þessum mismun uppgjör kostnaðar frá fyrri tímabilum. Í eftirfarandi töflu eru ekki upplýsingar um sérstaka fjárveitingu sem skólinn naut um árabíl til félagsmálanámskeiða.

Fram eftir níunda áratugnum hélt framlag ríkissjóðs nokkuð í við almenna verðbólgu. Upphæðir á fjárlögum hvers árs fylgdu almennum breytingum. Samanburður breytinga framfærsluvísitölu á árunum 1990–1991 við breytingar framlags á ríkisreikningi á sama tíma leiðir hins vegar í ljós að ríkisframlag til Samvinnuháskólans dróst á þessum tíma verulega aftur úr að raungildi, en ríkisreikningur er gerður upp að jafnaði rúmu ári eftir á. Á sama tíma hafði skólinn misst af öllum fjárhagslegum stuðningi samvinnuhreyfingarinnar og gekkst undir viðtækar umbyltingar.

Eftirfarandi töflur byggjast á upplýsingum úr *Hagtíðindum*, riti Þjóðhagsstofnunar um þjóðarþúskapinn, auk fjárlaga og ríkisreiknings. Upphæðir eru í þúsundum króna.<sup>118</sup>

Ár	Ríkisreikningur			D Sérskólar <sup>119</sup> f.f. ári	E Vísitala neysluverðs f.f. ári	F f. '81	F / C
	A þús. kr.	B f.f. ári	C f. '81				
1995	39.700	109,7	1.323,3		101,7	1.422,8	107,5
1994	36.200	102,3	1.206,7	100,2	101,5	1.399,0	115,9
1993	35.383	101,0	1.179,4	104,0	104,1	1.378,3	116,7
1992	35.034	107,0	1.167,8	97,2	103,8	1.324,0	113,4
1991	32.735	104,9	1.091,2	110,3	106,8	1.275,5	116,9
1990	31.200	104,0	1.040,0	96,7	114,8	1.194,7	114,9
1989	30.000	120,6	1.000,0	122,2	121,1	1.040,4	104,0
1988	24.882	116,5	829,4	123,9	125,4	858,9	103,6
1987	21.354	134,2	711,8	139,0	118,7	684,8	96,2
1986	15.911	126,7	530,4	139,3	121,3	576,8	108,8
1985	12.563	120,8	418,8		132,5	475,5	113,5
1984	10.400	125,2	346,7		129,1	358,9	103,5
1983	8.307	175,1	276,9		184,2	278,2	100,5
1982	4.744	158,1	158,1		151,0	151,0	95,5
1981	3.000						

Ár	Fjárlög þús. kr.	Sértekjur á fjárlögum	Ríkis- reikningur	% ársbreyting vísitölu neysluverðs
1998	54.300	1.800		
1997	50.700	1.800		1,8
1996	44.400	1.800		2,3
1995	39.200	1.800	39.700	1,7
1994	36.200	1.800	36.200	1,5
1993	35.700	1.800	35.383	4,1
1992	33.200	1.500	35.034	3,8
1991	32.270	1.380	32.735	6,8
1990	30.203	1.480	31.200	14,8
1989	25.983	1.140	30.000	21,1
1988	22.141	2.620	24.882	25,4
1987	16.802	2.525	21.354	18,7
1986	14.147	1.663	15.911	21,3
1985	10.329	1.033	12.563	32,5
1984	8.228	833	10.400	29,1
1983	5.218	135	8.307	84,2
1982	3.368	90	4.744	51,0
1981	2.427	0	3.000	50,9
1980	149.771	0	211.347	58,5
1979	101.399			45,5
1978	58.945			44,1
1977	44.259			30,5
1976	12.671			32,3
1975	8.854			49,0
1974	5.200			43,0
1973	4.000			22,2
1972	2.600			10,4
1971	1.710			6,4
1970	1.710			13,1

Af upplýsingum úr fjárlögum frá fyrri árum má nefna: 1961 370.000  
1951 – 29.000

<sup>118</sup> F.f. ári: fyrra ár 100. F.'81: 100 árið 1981.

<sup>119</sup> Þ.e. stofnanir sem Samvinnuskólinn / Samvinnuháskólinn var flokkaður með í ríkisreikningi.

## Heimildir um Samvinnuskólann og Samvinnuháskólann

Frumheimildir um Samvinnuskólann og Samvinnuháskólann eru auðvitað margvíslegar. Meðal slíkra heimilda ber að nefna fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra samvinnufélaga og nokkrar fundargerðir aðalfunda Sambandsins. Enn fremur ber að nefna fundargerðir kennarafunda sem til eru frá upphafi starfa á Bifröst árið 1955. Þá er að geta fundargerða skólanefndar allt frá stofnun hennar 1977 og fundargerða skólaráðs á Bifröst frá upphafi þess 1984 og deildarráðs Framhaldsdeildar í Reykjavík sem haldnar voru meðan það starfaði, á árunum 1984 til 1989.

Fundargerðabækur skólans, bréfabækur og ýmis önnur frumgögn eru til og varðveittar á Skjalasafni Samvinnuháskólans á Bifröst, en það var skipulagt í sérstakri geymslu árið 1991. Voru þá ýmis gögn skólans einnig tekin af Skjalasafni Sambandsins og flutt upp að Bifröst. Skjalasafnið á Bifröst tekur að vonum ekki til skólans fram til 1955 og reyndar er talsvert af gögnum sem skólann varða fram á áttunda áratuginn varðveitt í skjalasafni Sambandsins í Reykjavík. Verður með öðrum orðum að telja að skjalasafnið á Bifröst geymi einkum heimildir um tímabilið frá miðjum áttunda áratugnum. Að auki er auðvitað mikið af skjalgögnum, einkum frá nýliðnum tíma, í vörslu á skrifstofum skólans.

Skipulagsheimildir skólans eru frumheimildir í sérstökum flokki. Má þar nefna lög um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi sem tóku gildi 1. janúar 1977 en þar er meðal annars kveðið á um fjárveitingar til skólans úr ríkissjóði og um heimild til skólans til að láta fræðslu sína og alla starfsemi þróast áfram eftir aðstæðum og kröfum á hverjum tíma. Þetta síðast nefnda ákvæði laganna var opinber og lagaleg forsenda þeirra umbyltinga sem orðið hafa á skipulagi og starfsháttum á undanförunum áratug. Þessum ákvæðum var ekki breytt þegar sett voru lög um framhaldsskóla árið 1988. Í nýjum lögum um framhaldsskóla 1996 eru sérstök ákvæði um Samvinnuskólann felld niður en almenn heimild um rekstur framhaldsskóla á vegum annarra en ríkisins tekin upp í staðinn. Í undirbúningi laganna var hins vegar fjallað um skólann og þróun hans og sérstöðu í greinargerð. Þegar hér er komið sögu hafa og verið sett lög um háskólastigið sem m.a. taka til Samvinnuháskólans með almennum heimildarákvæðum.<sup>120</sup> Auk ofarnefndra laga

<sup>120</sup> Samvinnuháskólinn fékk tækifæri til að gera athugasemdir við frumvörpin um

ber að nefna fjárlög íslenska ríkisins fyrir hvert ár og ríkisreikninginn.

Skipulagsskrá fyrir Samvinnuháskólann liggur öðrum núverandi skipulagsheimildum til grundvallar en hana staðfesti dómsmálaráðherra 31. janúar 1990 á grundvelli laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Skólanefnd samþykkti 16. mars 1990 Reglugerð fyrir Samvinnuháskólann á grundvelli skipulagsskrárinnar. Skipulagsskrá hefur verið breytt síðan, varðandi skipun skólanefndar og varðandi Framkvæmdaráð og Fræðslu- og rannsóknaráð, og allnokkrar breytingar hafa verið gerðar á einstökum atriðum Reglugerðar, auk þess að við hafa bæst heilir kaflar: Nemendagarðar og Rekstrarfræðadeild II.

Með skipulagsskránni og nýrri reglugerð gerbreyttist öll staða og skipan stofnunarinnar. Á grundvelli þessara skjala voru Áréttingar og ýmsar aðrar starfsreglur síðan gerðar eða endurskoðaðar af hálfu rektors eða samþykktar á kennarafundum eftir atvikum. Öll eldri skipulagsskjöl voru endurskoðuð og endurnýjuð miðað við nýja stöðu skólans, og má meðal þeirra gagna sem nauðsynleg reyndust vegna sérstöðu skólans nefna þessi skjöl: Almenn ráðningarkjör samstarfsmanna; „Samstarfssamningur“ sem er ráðningarsamningur starfsmanna, „Starfslýsingar“; „Samningur um afnot leiguhúsnæðis og afnotagjöld“ sem er yfirlit um ráðstöfun alls starfsmannahúsnæðis á skólasetrinu; „Um rannsóknarverkefni“ sem er yfirlit yfir starfsmat og fleira varðandi rannsóknarvinnu kennara, en þessar reglur voru endurskoðaðar snemma 1994 með „Áréttingu um rannsóknar- og ráðgjafarverkefni kennara við Samvinnuháskólann“; „Reiknigrunnur stundatöflu“ sem er yfirlit um starfsmat varðandi kennslustörf, verkaskiptingu og önnur störf kennara; „Um kjaramál kennara“ sem er yfirlit yfir launamál og hliðsjón til samninga háskólakennara við aðra háskóla í landinu; „Reiknigrunnur vegna verkefnavinnu“ sem er starfsmat vegna vinnu kennara við nemendaverkefni, yfirllestur, leiðréttingar og námsmat; „Samningur um launalaust leyfi“; „Umgengnireglur í tölvustofu“; og „Reglur um afnot bókasafns“. Þá hafa verið unnar sérstakar skriflegar reglur um ýmis framkvæmdaratriði, eins og svo nefnd „25 ára regla“ varðandi inngöngu í Frumgreinadeild, og regl-

---

framhaldsskólastigið og háskólastigið. Sjá lög nr. 80 um framhaldsskóla frá 11. júní 1996, og lög nr. 136 um háskóla frá 23. desember 1997.

ur varðandi tilhögun málsvarna um misserisverkefni í Rekstrarfræðadeild, reglur um fundarstjórn og fundarsköp málsvarna, ýtarlegur bæklingur um gerð og frágang greinargerða um misserisverkefni, og sérstök eyðublöð fyrir kennara við námsmat um misserisverkefni. Enn má nefna frá árinu 1994 áréttingu um Rekstrarfræðadeild II. ásamt sérstökum starfsreglum varðandi lokaverkefni námsmanna til B.S.-prófs úr deildinni, og loks sérstaka samþykkt skólanefndar 1994 um Reglur um ráðningu rektors. Ýmsum atriðum í ofarskráðum skipulagsheimildum hefur verið breytt við endurskoðun eftir því sem atvik hafa leitt þörf í ljós.

Sérstöðu meðal skipulagsheimilda hafa samþykktir kennarafunda og skólanefndar um stefnumið og þróunarverkefni til dæmis frá 1989 og 1991 og enn fremur „Stefna Samvinnuháskólans á Bifröst“ frá 1994.

Óhjákvæmilegt var að reglugerð og áréttingar yrðu næsta miklir bálkar þar sem skólanum var ætlað að hafa öll helstu einkenni háskólastofnana, gæta réttlætis, skilvirkni og ábyrgðar, fylgja þekktum og breytanlegum ópersónulegum starfsreglum og lúta lýðræðislega teknum ákvörðunum skólanefndar, skólaráðs, síðar Framkvæmdaráðs, og kennarafundar, síðar Fræðslu- og rannsóknaráðs. Þetta var einnig nauðsynlegt til að treysta sérstöðu og sjálfstæði stofnunarinnar gagnvart yfirvöldum.

Önnur vinnugögn sem hafa mikið upplýsingagildi um þróun skólans eru kennsluáætlanir þær sem hver kennari leggur fram um hvert námssvið í upphafi misseris og endurskoðaðar kennslulýsingar sem hver kennari gerir við lok misserisins. Gögn um samþætt vikulöng hópverkefni eru varðveitt. Auk þess eru loka- og misserispróf, úrbótapróf og greinargerðir um misserisverkefni nemenda að sjálfsögðu mikilvægar heimildir, svo og upplýsingar í Nemendamati hvers misseris. Árlega eru Námsvísir skólans og Námslýsing einnig endurskoðuð til að tryggja þróun og gæðastjórnun í starfinu. Þessi gögn eru varðveitt í skólanum.

Eldri skipulagsheimildir eru meðal annars Reglugerð um Samvinnuskólann frá árinu 1937 en hún var í gildi um a.m.k. áratugar skeið í skólanum í Reykjavík. Árið 1972 var gefinn út sérstakur bæklingur með reglum skólans, kennslufræði og námsvísi, en síðan var aftur sett ný formleg Reglugerð um Samvinnuskólann árið 1987 sem var í gildi um fárra ára skeið.

Lengi framan af var árleg starfsskýrsla birt í *Tímariti kaupfélagsanna* og síðar í *Samvinnunni*. Um nokkurt árabil var ekki birt eig-



inleg ársskýrsla heldur fremur stuttir yfirlitsþættir og fréttabættir. Starfsskýrslur voru síðan sérprentaðar frá og með skólaárinu 1945. Á tuttugu ára afmæli skólans birtust sérstakar yfirlitsgreinar í *Samvinnunni* eftir Guðlaug Rósinkranz yfirkennara. Afmælisriti á þrjátíu ára afmæli skólans, sem út kom 1951 og geymir upplýsingar fram til 1950, var meðal annars ætlað að veita upplýsingar sem þá þótti á skorta fram til þess tíma, en í því eru nokkrar merkar yfirlitsgreinar, kennara- og nemendatal. Starfsskýrslur voru ekki gerðar fyrir tvö síðustu starfsárin í Reykjavík, 1953–1955, fyrr en 1983. Starfsskýrslur hafa verið gerðar að mestu leyti jafnóðum fyrir hvert starfsár Bifrastarskólans, frá 1955. Lengi vel voru þær prentaðar og mjög vandaðar að útliti, en frá 1975 hefur sá háttur verið á hafður að skýrslurnar hafa verið fjölfaldaðar í skólanum. Yfirleitt hefur það verið reglan að skólastjóri, og síðar rektor, hefur verið höfundur starfsskýrslu og einnig með nokkrum nánustu samstarfsmönnum. Þá má geta þess að nemendur stóðu fyrir myndarlegri afmælisútgáfu skólablaðsins *Vefarans* 1968 með athygliverðum greinum, kennaratali og embættismannatali nemenda, en sambærileg afmælisútgáfa *Vefarans* kom einnig út 1978. Og Nemendasamband Samvinnuskólans hafði forgöngu um sérstaka afmælisútgáfu af tímaritinu *Hermesi* 1988 vegna sjötíu ára afmælis skólans og þrjátíu ára afmælis Nemendasambandsins. Enn má geta þess frábæra framtaks Nemendasambandsins sem birtist í Árbókum þess.

Lengst af voru eignir Samvinnuskólans einfaldlega taldar til eigna Sambandsins og færðar með sama hætti til bókar. Frá 1981 var hins vegar tekinn sá háttur upp að færa árlega nákvæma skrá yfir eignir og muni, listaverk, bækur, kennsluáhöld og félagstækki á Bifröst og einnig í Framhaldsdeild syðra. Var þessi eignaskrá síðan endurskoðuð ár frá ári. Meðal annarra heimilda má nefna bókhalddsgögn Sambands íslenskra samvinnufélaga en skólinn var, svo sem oftlega hefur komið fram, lengst af rekinn sem deild innan þess, að minnsta kosti fjárhagslega. Í nokkrum árlegum starfsskýrslum eru nokkrar upplýsingar birtar um fjárhagsleg efni. Þá eru fjárlög íslenska ríkisins og ríkisreikningur vitanlega heimild um fjárveitingar ríkisins til skólans.

Um langt árabíl gaf skólinn árlega út Handbók Samvinnuskólans með hagnýtum upplýsingum fyrir nemendur. Í Handbókum skólans eru afskaplega miklar upplýsingar um innviðu starfsins, námið, reglur, heimavist, mötuneyti og annað sem máli skiptir. Í heimilda-

tali eru nefndar þær útgáfur Handbóka sem einkum hafa verið notaðar við þessa ritmið. Í stað Handbóka hefur Samvinnuháskólinn gefið út fjölfaldað kynningarhefti árlega með sambærilegu efni, „Rekstrarfræði – Kynning“ og sams konar varðandi Frumgreinaeild og frá 1995 varðandi Rekstrarfræðadeild II. Upplýsingar af svipuðum toga veita síðan fjölmargar útgáfur nemendanna sjálfra sem árlega hafa gefið nokkur rit og blöð út, bæði skemmtirit til heimanotkunar og einnig viðameiri útgáfur blaða og tímarita sem meðal annars var ætlað að berast út fyrir veggi skólans, til kynningar, til fjáröflunar o.fl. Má nefna *Vefarann* sem var meðal annars ætlað að kynningar- og fjáröflunarhlutverk, svo og *Þefarann* sem gegndi algerlega „innri heimilisþörfum“, félagslífi, smásögum úr skólalífínu, skopi o.fl. eins og nafnið getur borið með sér. Á Bifröst hefur árlega verið gefið út blaðið *Ecce Homo* sem hefur að geyma skopmyndir af nemendum og kennurum, oftast gert með snilldarhöndum og skopskyni Harðar Haraldssonar kennara og síðar lektors við Samvinnuháskólann. Loks má nefna fundargerðabækur Skólafélagsins, Kaupfélagsins, Mötuneytisins, Ferðaklúbbs og margvíslegra annarra samtaka nemendanna í árunna rás.<sup>121</sup>

Nemendasamband Samvinnuskólans hefur verið mjög athafnasamt á útgáfusviði. Hafa Árbækur þess vakið mikla og verðskuldaða athygli en í þeim er bæði fjöldi stuttra ritgerða um skólann og sögu hans en ekki síður skiptir máli að bækurnar birta nemendatal með margvíslegum upplýsingum, myndum o.s.frv. Þá hefur Nemendasambandið einnig gefið út mjög merkilegt menningarrit sem er tímaritið *Hermes*, sérstök afmælisrit o.fl.

Í Tímariti kaupfélaganna og í *Samvinnunni* hefur birst fjöldi greina og ritgerða, fréttapáttar og yfirlitspáttar sem snerta skólann. Þá hefur, þegar á allt er litið, birst fjöldi blaða- og tímaritsgreina um skólann á öðrum vettvangi og er minnst af því tekið til athugunar í þessu riti. Skólastjórar, rektorar og aðrir starfsmenn skólans eða nemendur hafa skrifað talsvert af því efni. Ef til vill má segja að sérstöðu hafi tvær prófritgerðir sem höfundur þessa rits skrifaði og fjallar önnur um framhaldsskólabyltinguna á Íslandi sem auðvitað markaði Samvinnuskólanum aðstæður og hlutverk en hin beinlín-

---

<sup>121</sup> Í þessu riti hafa fundargerðir Skólafélagsins ekki verið notaðar, fyrir utan þær sem birtar eru í Árbókum NSS.

is um umbreytingu Samvinnuskólans í Samvinnuháskólann, og er talsvert stuðst við þær í þessu riti sem vonlegt er.

Margir fyrri nemendur skólans hafa ritað endurminningar sínar og getið þar tímans sem þeir áttu í skólanum. Ekki hefur við gerð þessa rits verið gerð skipuleg heildstæð athugun á þessu efni. Sérstöðu hafa rit sem snerta Jónas Jónsson frá Hriflu og skólastjóra- og kennarastarf hans, en einnig fjallar hann sjálfur víða beint og óbeint um skólann í ritsafni sínu, *Komandi árum*. Enn má nefna endurminningar Guðlaugs Rósinkranz, sr. Sveins Víkings o.fl. o.fl.

Í þessu ófullkomna yfirliti má loks nefna rit um sögu samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi en í þeim er að jafnaði kafli um fræðslumálastörfin á vegum hennar. Í því efni er einatt örðugt að greina á milli þess sem fjallar um skólann sjálfan í þrengri merkingu og hins sem snertir fræðslu- og félagsmál í víðara skilningi. Til gamans má og geta þess að meðal þeirra sem ort hafa kvæði sem tengjast Bifröst eru skáldin Guðmundur Böðvarsson, Guðmundur Ingi Kristjánsson, Halldór Helgason og séra Sigurður Einarsson frá Holti. Einnig ber að nefna „Bifrastarkveðju“ í ljóðum sem flutt var 1. maí 1993 frá árganginum 1963 og Jón Kristjánsson alþingismaður orti. Þá má alls ekki gleyma „Hreðavatnsvalsinum“ vinsæla.

Í því heimildatali sem hér fer á eftir er reynt að halda sig við Samvinnuskólann og Samvinnuháskólann sem mest. Rétt er að ítreka að annars vegar er reynt að takmarka val rita og greina við það sem snertir Samvinnuskólann og Samvinnuháskólann að minnsta kosti óbeint á einn eða annan hátt, en hins vegar er ekki tilraun gerð til þess að tína til allt það persónulega minningaefni o.þ.h. sem birst hefur og lýtur að einhverju leyti að skólanum á einhvern hátt og ekki hefur heldur verið leitað til ótengdra heimilda svo sem bóka, dagblaða eða tímarita annarra en þeirra sem beinlínis hafa tengst samvinnuhreyfingunni og skólanum. Hins vegar fljóta með einstaka heimildir sem segja má að tengist skólastarfinu sjálfu aðeins óbeint, en lúta þá frekar að einhverjum mjög skyldum þætti, einstaklingi sem máli skiptir, þróun fræðslustarfsemi samvinnumannanna, sögu Bifrastarsetursins o.s.frv.

Í þessu heimildatali er einnig reynt að veita nokkurt yfirlit um þær kennslubækur og námshefti sem samin hafa verið á vegum skólans til nota við kennsluna. Einnig er getið um þau rannsóknaverkefni sem kennarar hafa unnið að þann skamma tíma sem Samvinnuháskólinn hefur starfað en slík starfsemi er að sjálfsögðu þáttur í starfsemi hans.

Skylt er að taka fram að ekki er gerð tilraun til að geta í þessu heimildatali um þær heimildir sem getur að finna á rafrænu formi í tölvukerfum. Um það verður að vísa til netfangs og veffangs Samvinnuháskólans.



## Fundargerðir, hefti, skýrslur, lög, reglur o.þ.h.

*Alþingistíðindi*, árleg útgáfa, Reykjavík.

*Áréttingar um ákvæði reglugerðar og ýmsar skólareglur, í gildi 31.12.1990*. 1990. Bifröst, Svhs.

*Ársskýrsla Bókasafns Samvinnuháskólans 1992–1993*. 1993. Bifröst, Svhs.<sup>122</sup>

*Ársskýrsla 1987–1988*. 1988. Bifröst, Svhs. Bókasafn.

*Ársskýrsla 1988–1989*. 1989. Bifröst, Svhs. Bókasafn.

*Ársskýrsla 1989–1990*. 1990. Bifröst, Svhs. Bókasafn.

